# Rokkið byrjaði ekki með Elvis

The Virgin Tongues spilar í Reykjavík

VIÐTAL 50



MÓTORHJÓLAHÁTÍÐ Í FLÓRÍDA

FERÐALÖG Í MIÐJU BLAÐSINS





Mín Barnaborg
ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

25. apríl 2009 — 98. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


HELGARVIÐTAL 26



Óskar Páll Sveinsson Eurovisionfari háði baráttu við Bakkus

STJÓRNMÁL 16

Uppgjör við pyntingastefnu Bandaríkjastjórnar

FÓBÍUR 30



Fælni við fólk og fugla

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG





Sólgos
sænska metsölubókin

„Margbrotið samsæri, óviðjafnanleg frásagnargáfa"
Independent




**LITLIR KASSAR Á TJARNARBAKKA** Gunnar Þ. Guðjónsson, næturvörður í Ráðhúsi Reykjavíkur, var upptekinn við kosningaundirbúning þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit þar við í gærkvöldi. Kjörstaðir eru opnir frá klukkan 9 til 22 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sögulegar kosningar á umbrotatímum

**Íslendingar kjósa til Alþingis í dag í annað skiptið á tveimur árum. Aldrei hafa fleiri verið á kjörskrá. Bláu kjörklefatjöldin í Reykjavík víkja fyrir gráum.**

**KOSNINGAR** Stjórnmálafræðingarnir Gunnar Helgi Kristinsson og Einar Mar Þórðarson telja alþingiskosningarnar sem fram fara í dag um margt sögulegar.

Skoðanakannanir Fréttablaðsins og Capacent Gallup voru mjög samhljóða í gær. Samkvæmt báðum nær stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar meirihluta. Gunnar Helgi telur að það verði spennandi að sjá hvort sú verði raunin, því menn geri ráð fyrir að hún sitji áfram. „Það er ekki oft sem Íslendingar eiga þess kost að kjósa stjórn. Hún hefur verið að flökta frá um 52 og yfir 60 prósent og það er spurning hvort hún heldur því. Það bendir allt til þess, en maður veit það ekki fyrr en á reynir," segir Gunnar.

Einar Mar segir útlit fyrir að fylgi Sjálfstæðisflokksins verði í sögulegu lágmarki. Spurning sé hvort einhverjir sem sagst hafa ætlað að skila auðu skili sér í heimahagann. „Reynslan sýnir þó að kannanir sem birtast nokkra daga fyrir kosningar fara mjög nærri útkomunni."

Búast má við önnum á kjörstöðum um land allt í dag. Aldrei hafa fleiri verið á kjörskrárstofni fyrir kosningar, en þeir eru 227.896 talsins. Alls ganga 9.393 að kjörborðinu í fyrsta sinn, en kjósendur með lögheimili erlendis eru 9.924. Oddvitar átján framboðslista af 42 hafa lögheimili í öðru kjördæmi en þeir bjóða sig fram í og geta því ekki kosið sjálfa sig.

wKormákur Geirharðsson, talsmaður Félags kráareigenda, segir kosningarnar í ár frábrugðnar öðrum að því leyti að hann hafi aldrei heyrt fólk tala jafn mikið um stjórnmál á barnum.

Kjörklefatjöldin sem skýla kjósendum í Reykjavík í ár verða ekki blá að lit heldur gráleit, segir Gunnar Eydal, staðgengill skrifstofustjóra hjá borginni. Borgarstjórnarkosningarnar 2006 voru kærðar á þeim forsendum að blá tjöldin minntu á ákveðinn stjórnmálaflokk.

Sjá síður 2, 4, 6, 8 og 12

Utankjörfundarkosningar:

## Rúm 12 þúsund hafa kosið

**KOSNINGAR** Fjöldi atkvæða sem greidd höfðu verið utan kjörstaða var 12.359 þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til Bergþóru Sigmundsdóttur kjörstjóra klukkan rúmlega átta í gærkvöld. Þá var aðsóknin heldur að detta niður eftir annasaman dag. „Í þessari viku eru fleiri búnir að kjósa en í vikunni fyrir síðustu kosningar fyrir tveimur árum," segir Bergþóra.

Kosningin fer fram í Laugardalshöllinni en í dag, kjördag, geta kjósendur utan höfuðborgarsvæðisins greitt atkvæði sitt þar. **- jse**

Löggæsla á kjördag:

## Kjósa í sparifötum fyrir vestan

**LÖGREGLA Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði, segir kosningadag afar rólegan hjá lögreglunni á Vestfjörðum. „Hér er þetta þannig að menn dressa sig upp, fara svo að kjósa en ræða síðan málin með spekingslegum svip. Það þarf lítið að skipta sér af fólki."**

**Geir Jón Þórisson lögreglumaður segir að löggæsla í miðbæ Reykjavíkur verði með hefðbundnum hætti. Fleiri verði líklega á ferli, en kosninganætur hafi yfirleitt gengið ljómandi vel. Sjálfstæðismenn gripu til þess ráðs að hafa öryggisvörð á kosningaskrifstofu sinni í Austurstræti á þriðjudaginn. „Við ákváðum að fá hann eftir atburðina með málninguna og skyrið," segir Helga Thors kosningastjóri. „Það reyndi svo sem ekki á hann þannig að við sáum ekki frekari ástæðu til hafa hann. En það er stundum fjör hérna, við höfum fengið hústökufólk til okkar en þetta hefur allt farið vel fram."**

**- jse, kóp / sjá síðu 4**


Loforð til 1. maí.
X-Q
Quiznos Sub
-fjölskyldumatsölustaður-
Nýbýlavegi 32
Fjölskyldutilboð
matur fyrir 4 með gosi
1999- kr.
Rennibraut og Boltaland



SKÓLAHREYSTI
Áfram Skólahreysti!
Munið keppnina í kvöld á RÚV kl. 18
MJÓLKURSAMSALAN
– AÐALSTYRKTARAÐILI SKÓLAHREYSTI

**SPURNING DAGSINS**



*Sölvi, er enginn hægðarleikur að vera í framboði?*

„Er þetta ekki allt spurning um hægðir og lægðir?"

Sölvi Fannar Viðarsson lumaði á heilræðum fyrir frambjóðendur til Alþingis í Fréttablaðinu í gær. Hann mælti meðal annars með því að borða grófa fæðu og kornmeti, því hann reiknar með að enginn vilji vera með hægðatregðu á kjördag.

Margir af efstu mönnum á lista búa ekki í kjördæminu sem þeir bjóða sig fram í:

# Átján oddvitar geta ekki kosið sjálfa sig

**KOSNINGAR** Í kosningunum í dag eru fjölmargir í framboði sem ekki geta kosið sjálfa sig. Helgast það af því að þeir hafa lögheimili í öðru kjördæmi en þeir eru í framboði í.

Á þetta við um oddvita átján framboðslista af 42.

Allir oddvitar Framsóknarflokksins eru á lista í því kjördæmi sem þeir búa í en það á aðeins við um einn oddvita Lýðræðishreyfingarinnar. Þessi staða er uppi hjá þremur oddvitum Borgarahreyfingarinnar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og tveimur hjá Sjálfstæðisflokknum og Frjálslynda flokknum.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



STURLA JÓNSSON

Meðal þeirra sem ekki geta kosið sjálfa sig eru Árni Páll Árnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Atli Gíslason, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Karl V. Matthíasson, Sturla Jónsson og Ástþór Magnússon.

Nokkuð er um liðið síðan lögum var breytt á þann veg að fólk gæti boðið sig fram í öðru kjördæmi en það hefur lögheimili í. **- bþs**

Ísland liður í mettapi í Japan:

# Kolsvart ár í bókum Nomura

**VIÐSKIPTI Nomura Holdings, umsvifamesta fjármálafyrirtæki Japans, tapaði 709,4 milljörðum jena, jafnvirði 950 milljarða íslenskra króna, í fyrra.**

**Hrun á fjármálamörkuðum og kaup á þrotabúi bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers í Asíu, Evrópu og Mið-Austurlöndum skömmu eftir þrot bankans í september brenndu gat í bækur fyrirtækisins.**

**Hrun íslensku bankanna kemur sömuleiðis við sögu í þessu svarta ári Nomura en fyrirtækið sat á svokölluðum samúræjabréfum, skuldabréfum sem þeir gáfu út í jenum.** **- jab**

Óvænt eftirspurn eftir klassík:

# Bangsímon uppseldur

**BÆKUR „Bókin um Bangsímon er uppseld en kemur aftur í haust," segir Svala Þormóðsdóttir útgáfustjóri hjá Eddu útgáfu.**



BANGSÍMON Í VIÐHAFNARÚTGÁFU

**Bókin sem gefin var út fyrir jólin í nýrri þýðingu og viðhafnarútgáfu hefur verið uppseld hjá útgefanda síðan í febrúar og er nú einnig ófáanleg í bókabúðum. Mikið hefur verið spurt um bókina undanfarið en þýðandinn, Guðmundur Andri Thorsson, hlaut barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar fyrir bestu þýddu barnabókina á dögunum. „Við reiknuðum ekki með svona mikilli eftirspurn," segir Svala en bókin var gefin út í um tvö þúsund eintökum.**

**Þegar nýtt upplag kemur í haust mun ný þýðing af öðru bindi um bangsann góða og vini hans einnig koma út.** **- sbt**





**KOSIÐ** Ekki er sama hvernig merkt er á kjörseðlana þegar í kjörklefann er komið. Kjörseðill telst ógildur sé merkt við fleiri en einn lista, og dugir að strika yfir einstakling á lista til að kjósandi teljist hafa merkt við viðkomandi lista.

# Algengast að merkt sé við tvo á kjörseðli

**Fjölmargir ógildir kjörseðlar rata í kjörkassana í hverjum kosningum. Sumir eyðileggja kjörseðlana með því að skrifa vísur eða texta á þá. Aðrir merkja við einn lista en strika yfir frambjóðanda á öðrum lista, sem ógildir alltaf atkvæðið.**

**KOSNINGAR** Alltaf er talsvert um ógilda kjörseðla í hverjum kosningum. Algengast er að merkt sé við einn lista en einstaklingur strikaður út af einhverjum öðrum lista, sem ógildir atkvæðið, segir Sveinn Sveinsson, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Til að atkvæðaseðill teljist gildur má ekki eiga á nokkurn hátt við lista annan en þann sem kjósandinn hyggst greiða atkvæði sitt.

Sveinn segir í raun duga að strika út eitt nafn á lista til að sá listi teljist hafa fengið atkvæði kjósandans, jafnvel þó sá kjósandi krossi ekki við listabókstafinn. Þess vegna teljist atkvæðaseðlar þar sem merkt er við einn lista en strikað út af öðrum alltaf ógildir, þar sem ómögulegt sé að segja til um hvorn listann viðkomandi kjósandi ætlaði sér að kjósa.

Kjósendur mega þó alltaf merkja við sinn lista, strika menn út af þeim lista, eða breyta röð þeirra með tölustöfum.

Alltaf er eitthvað um að kjósendur ógildi kjörseðla sína með því að krota á þá, eða skrifa á spássíuna. Sumir ganga svo langt að skrifa vísur á kjörseðilinn.

Í slíkum tilvikum verður yfirkjörstjórn að líta svo á að búið sé að auðkenna kjörseðilinn, í raun merkja hann ákveðnum kjósanda. Þar sem slíkt er með öllu óheimilt telst slíkur kjörseðill ógildur, segir Sveinn.

Geri kjósendur mistök í kjörklefanum, eða iðrist þess að hafa párað stöku á kjörseðilinn, geta þeir fengið nýjan kjörseðil afhentan. Þá má að sjálfsögðu ekki stinga þeim fyrri í kjörkassann, heldur skal hann afhentur fulltrúum kjörstjórnar. **brjann@frettabladid.is**



**GAMALL KJÖRKLEFI** Rúnar Þór Þórarinsson benti á að misræmi væri í því að hylja græn útgönguljós og rauða depla á kjörstað, en leyfa flennistór blá kjörklefatjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Brugðist við kæru:

# Engin blá kjörklefatjöld í ár

**STJÓRNMÁL** Blá kjörklefatjöld munu ekki skýla kjósendum í Reykjavíkurborg í ár, segir Gunnar Eydal, staðgengill skrifstofustjóra hjá borginni. Þau verði þess í stað gráleit.

Byrjað var að skipta út tjöldunum árið 2007, eftir að hönnuðurinn Rúnar Þór Þórarinsson kærði borgarstjórnarkosningarnar 2006 á þeim forsendum að tjöldin minntu á ákveðinn stjórnmálaflokk. Á sama tíma væri mikið lagt upp úr því að hylja aðra liti, svo sem græn útgönguljós og rauða depla á glerrennihurðum.

Rúnar krafðist þess að kosningarnar yrðu ógiltar, en kærunni var vísað frá. Ábendingin var þó tekin til álita, og virðist sem farið hafi verið eftir henni í einu og öllu.

Ekki er þó víst um örlög kjörklefatjaldanna umdeildu, því einhver þeirra munu hafa verið lánuð til nágrannasveitarfélaganna árið 2007. **- kóþ**

Maður um þrítugt:

# Beit lögreglumann í lærið

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið ákærður fyrir að bíta lögreglumann og þar með að brjóta gegn valdstjórninni.

Bitvargurinn var í fangaklefa lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu í Reykjavík þegar hann lét til skarar skríða. Hann beit lögreglumanninn, sem var við skyldustörf, í lærið.

Ríkissaksóknari krefst þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. **- jss**

**LÖGREGLUMÁL**

## Eldur í sumarbústað

Eldur kom upp í sumarbústað við Miðengi í Grímsnesi um klukkan hálf þrjú í gær. Bústaðurinn var mannlaus en skemmdist mikið. Slökkvistarf tók um tvær klukkustundir. Grunur leikur á að um íkveikju hafi verið að ræða.


KOSNINGAKAFFI
**Vinstri græna** í Tryggvagötu 11.
Opið frá kl. 10 - 18. Kaffihlaðborð frá kl. 14 - 18.
Allir velkomnir!
VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar
www.vg.is


Viðskiptaráðherra og Fjármálaeftirlitið ósammála formanni Framsóknarflokksins:

# Segja nýtt hrun ekki blasa við

**STJÓRNMÁL** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra kveðst algerlega ósammála þeirri niðurstöðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, að hrun blasi við íslenska efnahagskerfinu.

„Niðurstaðan er sú að matið á íslensku bönkunum og stöðu íslenskra fyrirtækja er það að hér sé að hefjast fullkomið kerfishrun. Allsherjarhrun íslensks efnahagslífs," segir Sigmundur Davíð á netsíðu sinni á fimmtudag og vísar í úttekt endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte og matsfyrirtækisins Oliver Wyman á verðmæti eigna bankanna.

Gylfi segist ekki hafa séð það minnisblað sem Sigmundur Davíð vísi í og kannist ekki heldur við tölur sem hann nefnir. „Það hefur ekkert komið inn á mitt borð sem bendir til þess að afraksturinn út úr þrotabúum gömlu bankanna verði eitthvað miklu minni en ráð var fyrir gert. Það liggur náttúrulega fyrir að það varð gífurlegt tjón, upp á mörg þúsund milljarða, þegar bankarnir hrundu síðastliðið haust en það hefur ekkert gerst síðan þá sem bendir til þess að menn hafi verið alltof bjartsýnir í kjölfarið. Ef eitthvað er þá er myndin aðeins að skýrast og hún er ekki þannig að tjónið sé miklu meira en ráð var fyrir gert," segir Gylfi sem telur útkomuna í heild verða svipaða og áður var talið.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON** Formaður Framsóknarflokksins telur nýtt hrun vofa yfir Íslandi.

**GYLFI MAGNÚSSON** Viðskiptaráðherra segir tjónið eftir bankahrunið verða svipað og áður var talið.

Þá sagði Fjármálaeftirlitið í svari til fjölmiðla í gær að staðhæfingar Sigmundar Davíðs stæðust ekki. Í samtali við Vísi sagði hann hins vegar að stjórnvöld héldu upplýsingum um málið leyndum. **- gar**



Kringlan
Opið til 18
Sulla, skvetta, ausa og busla,
allt sem þarf til að valda smá usla.
Mán til mið 10–18.30, fim og fös 10–19, lau 10–18, sun 13–17 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 24.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,68 | 130,30 |
| Sterlingspund | 189,67 | 190,59 |
| Evra | 171,78 | 172,74 |
| Dönsk króna | 23,057 | 23,191 |
| Norsk króna | 19,743 | 19,859 |
| Sænsk króna | 15,799 | 15,891 |
| Japanskt jen | 1,3383 | 1,3461 |
| SDR | 194,07 | 195,23 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

210,881

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skemmtanalíf og áfengisneysla heldur meiri á kosninganótt en venjulega:

# Sumir syrgja á meðan aðrir fagna

**KOSNINGAR** Á kosninganótt má búast við heldur meiri ölvun á landinu en venjulega. Það þýðir þó ekki endilega meiri annir hjá lögreglu. Leigubílstjórar mega búast við nægri vinnu, en flestir kjósendur sækja samkvæmi eða halda sig heima fyrri hluta kvölds.

„Oft á tíðum kemur það svo seint og sauðdrukkið til okkar og við strjúkum þeim og annaðhvort fögnum eða syrgjum, eftir því sem við á. Það koma ekki allir glaðir út úr svona kvöldi,“ segir Kormákur Geirharðsson, talsmaður Félags kráareigenda.

Hann segir kosningarnar í ár skera sig úr, því hann hafi aldrei heyrt fólk tala jafn mikið um pólitík á barnum. Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að fyrir síðustu kosningar hafi selst 32 prósent fleiri lítrar en venjulega. Þó beri að taka þeirri tölu varlega, því það kvöld var einnig Eurovision-keppni.



**ER HANN INNI?** Margir munu líklega sækja kosningavökur í kvöld og nótt. Um fjögurhundruð leigubílar verða á vaktinni. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

„En þetta eru helgar þar sem maður getur átt von á ívið meiri sölu,“ segir hún. Helgi Jónsson á Bifreiðastöð Reykjavíkur segir að framboð leigubíla verði svipað á kosninganótt og venjulega, eitthvað um hundrað bílar hjá þeim og líklega um 250 hjá Hreyfli. Alls verði um fjögur hundruð bílar á vakt í borginni. Geir Jón Þórisson lögreglumaður segir að löggæsla verði hefðbundin. Fleiri verði líklega á ferli, en kosninganætur hafi yfirleitt gengið ljómandi vel. **- kóþ**



**BYR** Svo gæti farið að öll greiðslumiðlun Sparisjóðabankans færist yfir til Byrs á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byr skoðar sparisjóðaeignir:

## Vilja greiðslumiðlunina

**VIÐSKIPTI** „Það er sátt um að halda greiðslumiðluninni innan sparisjóðakerfisins,“ segir Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs.

Sparisjóðurinn Byr á í viðræðum um kaup á greiðslumiðlunarkerfi Sparisjóðabankans (áður Icebank). Ragnar segir málinu kunna að ljúka á næstu dögum.

Sparisjóðabankinn sá um greiðslumiðlun sparisjóðanna áður en Fjármálaráðuneytið greip inn í rekstur hans fyrir rúmum mánuði. . **- jab**

Tegund í útrýmingarhættu:

## Hvalverndarar slösuðu sléttbak

**BANDARÍKIN Skip frá bandarísku Sjávar- og loftslagsstofnuninni (NOAA) sigldi nýverið á sléttbak er það var á siglingu utan við Massachusett-ríki í Bandaríkjunum. Hluti af sporði hvalsins skarst af þegar hann fór í skrúfuna, samkvæmt Portland Press Herald.**

**Sléttbakur er í mikilli útrýmingarhættu, og er talið að í stofninum séu aðeins 300 til 400 dýr.**

**Tegundin er svifasein og var því veidd mikið áður en veiðar voru bannaðar, segir Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur Hafrannsóknastofnunar. Helsta þekkta dánarorsök sléttbaks er árekstur við skip.** **- bj**

# Kannanir samhljóma um meginlínurnar

**Skoðanakannanir Fréttablaðsins og Capacent Gallup voru mjög samhljóma í gær og spá meirihlutafylgi Samfylkingar og Vinstri grænna. Báðar kannanir sýna einnig versta afhroð Sjálfstæðisflokksins frá stofnun flokksins.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Lítill munur er á síðustu skoðanakönnunum Fréttablaðsins og Capacent Gallup sem birtar voru í gær.

Helsti munurinn er sá að Fréttablaðið spáir Samfylkingu 21 þingmanni, en Capacent Gallup gerir ráð fyrir 20 þingmönnum. Þá gerir Capacent Gallup ráð fyrir 17 þingmönnum Vinstri grænna, en Fréttablaðið spáir 16. Báðum ber saman um að Sjálfstæðisflokkurinn fái 15 þingmenn, Framsóknarflokkurinn sjö og Borgarahreyfingin fjóra.

Ef kannanir þessa tveggja aðila fyrir síðustu kosningar eru skoðaðar kemur í ljós að Capacent Gallup var nær úrslitum kosninganna 2007 en könnun Fréttablaðsins. Sérstaklega ofmat Fréttablaðið, meira en Gallup, stöðu Sjálfstæðisflokksins. Þá vanmat Fréttablaðið meira en Gallup stöðu Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins. Hins vegar hafa verið gerðar breytingar á aðferðafræði Fréttablaðsins, síðan þá sem miða að því að draga úr ofmati á fylgi Sjálfstæðisflokksins.

Bæði Fréttablaðið og Capacent vanmátu stöðu Framsóknarflokksins, Frjálslynda flokksins og Samfylkingar. Könnun Capacent Gallup sýndi að úrslit allra þriggja flokkanna yrðu um prósentustigi undir því sem varð í kosningunum. Fréttablaðið var hins vegar um tveimur prósentustigum frá úrslitum kosninga, utan Framsóknarflokks sem var vanmetið um 2,6 prósentustig..

Báðir aðilar ofmátu hins vegar Sjálfstæðisflokkinn og Vinstri græna. Fréttablaðið ofmat stöðu Sjálfstæðisflokksins um tæp sex prósentustig en eins og fyrr segir hafa verið gerðar breytingar til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Fréttablaðið ofmat Vinstri græn um tæp tvö prósentustig. Capacent Gallup ofmat Sjálfstæðisflokkinn um 2,3 prósentustig og Vinstri græn um tæp tvö prósentustig.

Miðað við hve margir fyrrum kjósendur Sjálfstæðisflokksins segjast nú ætla að skila auðu eða ekki mæta á kjörstað getur þó verið að Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki ofmetinn að þessu sinni.

**svanborg@frettabladid.is**






**VIÐBRÖGÐ** Sorg ríkti hjá þeim sem misstu ástvini í árásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tvær sjálfsvígsárásir í Írak:

## Sextíu manns lágu í valnum

**ÍRAK, AP Sjálfsvígsárásum hefur fjölgað töluvert í Írak síðustu vikur og mánuði. Í gær lágu sextíu manns í valnum eftir að tveir menn sprengdu sig í loft upp nánast á sama tíma við helgidóm sjía-múslima í Bagdad. Daginn áður höfðu tvær sjálfsvígsárásir, önnur í Bagdad og hin skammt fyrir norðan borgina, samtals kostað nærri 90 manns lífið.**

**Þrettán slíkar árásir á þessu ári hafa alls kostað nærri 350 manns lífið. Fimm þessara þrettán árása voru gerðar í mars og fjórar það sem af er apríl.** **- gb**

Íslendingar í Danmörku:

## Nýir kjörseðlar sendir til Árósa

**STJÓRNMÁL** Íslendingar sem þurftu frá að hverfa þegar þeir ætluðu að greiða atkvæði í alþingiskosningum á ræðismannsskrifstofu Íslands í Árósum á fimmtudag fengu nýtt tækifæri til að kjósa í gær. Þá höfðu nýir kjörseðlar verið sendir frá sendiráðinu í Kaupmannahöfn til Árósa. Á vef Íslendingafélagsins í Árósum sagði að gert væri ráð fyrir að kjörseðlarnir bærust um hádegisbil í gær og því ætti fólk að geta nýtt kosningarétt sinn. Fram kom hjá mbl.is að íslenski sendiráðspresturinn myndi síðan sjá um að koma atkvæðaseðlum landa sinna í tæka tíð heim. **- gar**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**KOSNINGAVEÐRIÐ**

Vel horfir með veður í dag. Vindur verður hægur af norðri og sunnanlands má búast við björtu veðri framan af en síðan þykknar smám saman upp. Hiti á suðurhluta landsins verður á bilinu 5-10 stig. Norðvestan til verður úrkomulítið en norðaustan til má búast við snjókomu eða slyddu í fyrstu en úrkomulitlu veðri þegar líður á daginn. Austan til gæti dropað fyrir hádegi. Hiti við frostmark nyrðra.




**Á MORGUN** 5-13 m/s

**MÁNUDAGUR** 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Amsterdam | 16° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 16° |
| Eindhoven | 17° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 17° |
| New York | 29° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 18° |
| París | 15° |
| Róm | 21° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Valið er skýrt

Hverjum treystir þú til að byggja upp atvinnulífið og berjast gegn atvinnuleysi?

**Við viljum:**

» Lækka afborganir af húsnæðislánum um helming.
» Skapa 20.000 störf á kjörtímabilinu.
» Skynsamlega og nútímalega nýtingu á auðlindum landsins.
» Skattaafslátt til nýsköpunar.

**Lausnirnar liggja hjá fólkinu í landinu, í öflugu atvinnulífi og réttlátu samfélagi. Það er okkar leið.**



GÖNGUM HREINT TIL VERKS
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

XD

**KJÖRKASSINN**



*Fékkst þú sumargjöf?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 13,5% |
| NEI | 86,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú á leiðinni til útlanda í sumar?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is VÍSIR

DeCode selur bandarísku líftæknifyrirtæki rétt á notkun þriggja erfðaprófa:

# Bréfin ruku upp um 390 prósent

**VIÐSKIPTI** „Þetta er afskaplega góður samningur og jafngildir því að erfðaprófin eru komin í hillu í mjög stórri búð,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri deCode en fyrirtækið hefur selt bandaríska líftæknifyrirtækinu Celera rétt á notkun á þremur erfðaprófum sem meta líkurnar á áhættuþáttum á borð við hjartasjúkdóma og sykursýki.

Kári segir samninginn skipta miklu fyrir fjárhagslega endurskipulagningu deCode sem staðið hefur yfir frá í fyrra. Celera greiðir við undirritun og fær deCode hlutdeild af framtíðartekjum vegna þessa.



**KÁRI STEFÁNSSON** Forstjóri deCode spáir því að á næstu árum muni einstaklingar nýta erfðapróf til að hanna eigin lífsstíl og draga úr líkum á erfðafræðilegum sjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kári reiknar með að fleiri samningar sem þessi eigi eftir að líta dagsins ljós á næstunni. „Innan fimm til tíu ára munu margir vilja eiga einstakan erfðafræðilegan prófíl til að hanna fyrir sig lífsstíl og draga úr líkum á að fá sjúkdóma sem þeir hafa tilhneigingu til að fá,“ segir hann.

Fjárfestar tóku fréttunum afar vel en gengi bréfa í fyrirtækinu rauk úr sextán sentum á hlut á miðvikudag í 78 sent í fyrstu viðskiptum gærdagsins. Fyrir ári stóðu þau í um 1,6 dölum á hlut

Gjaldeyrishöftin sem samþykkt voru á Alþingi undir lok síðasta árs hamla því að einungis þeir sem áttu hlutabréf eða fjáreignir erlendis áður en höftin tóku gildi geta keypt hlutabréf deCode. - jab

Samstarfssamningur gerður:

# Orkusetur á varnarsvæðinu

**MENNTAMÁL Undirritaður hefur verið samstarfssamningur um uppbyggingu rannsóknarseturs í orkuvísindum á gamla varnarsvæðinu sem hlotið hefur nafnið Ásbrú.**

**Þar á að stunda rannsóknir á sviði orkuvísinda, einkum á sviði jarðvarma og annarrar endurnýjanlegrar orku og innlendrar orkuframleiðslu. Setrið verður nýtt sem kennsluaðstaða í orkuvísindum fyrir ýmsa skóla.**

**Að verkefninu standa Háskóli Íslands, Keilir, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, HS Veitur og HS Orka.** - sh

Kvarta til umboðsmanns:

# Segja úthlutanir ólögmætar

**STJÓRNSÝSLA** „Við erum nokkuð vongóð um að þessi kvörtun muni bera árangur.,“ segir Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Hvalaskoðunar Reykjavík ehf. Rannveig, og Hörður Sigurbjarnarson, framkvæmdastjóri Norðursiglingar ehf., hafa sent kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um að láta ákvörðun forvera síns um úthlutun veiðiheimilda á hval í sumar standa.

Í kvörtuninni segir að upphafleg ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar hafi verið ólögmæt, og eins þær ákvarðanir um leyfisveitingar sem teknar voru í kjölfarið. Kvörtun hvalaskoðunarfyrirtækjanna beinist þó fyrst og fremst að þeirri ákvörðun Steingríms J. Sigfússonar að láta úthlutun veiðiheimildanna standa. - kg

Lífeyrissjóðir um Landspítala:

# Boltinn er hjá ríkisstjórninni

**HEILBRIGÐISMÁL Helstu stjórnendur Landspítalans hittu forsvarsmenn stærstu lífeyrissjóða landsins á þriðjudag og kynntu fyrir þeim tillögur norskra ráðgjafa um að flytja alla starfsemi spítalans úr Fossvogi í nýbyggingar og endurgert húsnæði við Hringbrautina á næstu árum.**

**Hrafn Magnússon, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að lífeyrissjóðirnir hafi tekið erindi Landspítalans vel en ekkert hafi komið fram um þátt lífeyrissjóðanna, hvort eða hvernig þeir kæmu að verkinu. „Menn vilja halda áfram að skoða þessa hugmynd og ræða málin,“ segir Hrafn, „en boltinn er hjá ríkisstjórninni.“**

**Talið er að framkvæmdir við Landspítala eigi að geta skapað 600 störf.** - ghs



**DANSAÐ AF SIGURGLEÐI** Jacob Zuma, leiðtogi ANC og forsetaefni, tekur sporið með tónlistarfólki fyrir utan höfuðstöðvar flokksins í Jóhannesarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Bráðabirgðaúrslit í S-Afríku**

Í þingkosningunum í Suður-Afríku sem fram fóru á miðvikudag vann Afríska þjóðarráðið, ANC, fjórða kosningasigur sinn í röð síðan aðskilnaðarstefnan var afnumin. Þar með er ljóst að hinn umdeildi leiðtogi ANC, Jacob Zuma, verður næsti forseti landsins.




# Afríska þjóðarráðið vann í fjórða skipti

**Afríska þjóðarráðið, sem hefur ráðið lögum og lofum í stjórnmálum Suður-Afríku frá því aðskilnaðarstefnan féll, var við það að ná markmiði sínu um að halda 2/3 hluta meirihluta á þingi er bráðabirgðaúrslit þingkosninga voru birt í**

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Afríska þjóðarráðið (ANC), sem gnæft hefur yfir suður-afrísk stjórnmál allt frá falli aðskilnaðarstefnunnar fyrir hálfum öðrum áratug, vann fjórða stórsigur sinn í röð í þingkosningum sem fram fóru í landinu á miðvikudag. Þetta kom í ljós þegar bráðabirgðaúrslit voru birt í gær.

Útlit var þó fyrir að ANC tapaði meirihlutanum á fylkisþingi Vestur-Höfða, þar sem aðalvínræktar- og ferðamennskusvæði landsins er að finna. Þetta fylgishrun má rekja til andstöðu við ANC meðal kjósenda af blönduðum kynþætti þar um slóðir; þeir skynja ANC sem flokk svartra sem mismuni fólki af öðrum kynþáttum.

Samkvæmt bráðabirgðaúrslitum þegar 14,5 milljónir eða um 80 prósent greiddra atkvæða höfðu verið talin, hafði ANC fengið 66,91 prósent. Þjóðþingið kýs forseta lýðveldisins, sem tryggir hinum umdeilda leiðtoga Þjóðarráðsins, Jacob Zuma, kjör í embættið, en það á að fara fram í maí.

Lýðræðisbandalagið, sem að uppistöðu til er flokkur hvítra, styrkir lítið eitt stöðu sína frá síðustu kosningum og fær nú 15,62 prósent atkvæða. Klofningsframboð úr ANC (Congress of the People) fær 7,53 prósent. Aðrir flokkar koma ekki þingmönnum að.

Úrslitin sýna að Lýðræðisbandalagið fær hreinan meirihluta í Vestur-Höfðafylki. Flokkurinn hefur lagt sig fram um að höfða til íbúa í héraðinu af blönduðum uppruna, en fólk sem flokkast í þann þjóðfélagshóp er um helmingur íbúa fylkisins. Svartir eru um þrjátíu prósent og hvítir um átján prósent. Þessi hlutföll eru gerólík meðaltalinu í Suður-Afríku allri, þar sem svartir eru um áttatíu prósent íbúanna og hvítir og kynblendingar um níu prósent hvor hópur.

Í síðustu kosningum árið 2004 fékk ANC 69,69 prósent atkvæða. Fylgi undir því er almennt álitið skilaboð frá kjósendum um að þeir vilji setja flokknum einhver valdmörk. Með því að fá minnst tvo þriðju hluta þingsæta er flokkurinn í aðstöðu til að koma öllum stjórnarfrumvörpum í gegnum þingið, þar á meðal jafnvel róttækustu breytingum á fjárlögum, án þess að stjórnarandstaða fái nokkuð að gert. Tveggja þriðju hluta meirihluti gefur líka vald til að ákveða breytingar á stjórnarskránni.

audunn@frettabladid.is

Tveir hópar fólks hafa boðað andóf á kjörstöðum:

# Hyggjast borða kjörseðlana

**KOSNINGAR** Hópur fólks hefur tekið sig saman og mun stunda atkvæðaandóf í kosningunum í dag. Það felst í því að taka sér góðan tíma í kjörklefanum til að ákveða hvernig atkvæðisréttinum verður beitt. Annar hópur hyggur á kjörseðlaát þannig að seðlarnir skili sér ekki í kjörkassann.

„Já, ég ætla að gefa mér góðan tíma til að velja hvað ég mun kjósa, eins og ég hef rétt til,“ segir Þorvaldur Óttar Guðlaugsson, sem hefur verið í forsvari fyrir atkvæðaandófinu. „Hvað það verður lengi verður bara að koma í ljós og eins hvort ég verð beittur einhverjum órétti.“

Þorvaldur hvetur þá sem verða beittir ofbeldi eða neitað um að skila atkvæði sínu í lok þófs, sé það í einhverju því ástandi sem fulltrúar á staðnum telji ekki boðlegt, til að snúa sér til kjörstjórnar. Þá sé rétt að vísa fulltrúum stjórnmálaflokkanna út úr kjördeildum.



**KOSNINGAR** Þessi kjósandi tilheyrir ekki þeirri hreyfingu sem ákveðið hefur að snæða kjörseðla sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að lögreglan hafi heyrt af atkvæðaandófinu. Þetta stangist á við lög um kosningar. Skýr fyrirmæli séu um hvernig kosningar eigi að fara fram og ef menn bregði út af því verði tekið á því.

Annar hópur hyggur á kjörseðlaát sem andóf við skorti á lýðræði. Það felst, eins og nafnið ber glögglega með sér, í því að borða kjörseðilinn í stað þess að skila honum. Óvíst er hvort, eða hvernig, lögreglan mun taka á því. - kóp

Golfferð

Real de Faula
Villaitana á Spáni

6. – 13. maí
Fararstjóri: Björn Eysteinsson

Verð á mann í tvíbýli:
132.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt fyrir golfsettið í flug, gisting á Hótel Villaitana í 7 nætur með hálfu fæði, 6 golfhringir og íslensk fararstjórn.



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Nýtum atkvæðin okkar!

íslenskur ríkisborgari




Kæru landsmenn

Í dag verður kosið um framtíðina.

Þessar kosningar eru þær mikilvægustu í sögu lýðveldisins. Þær munu hafa áhrif á hvernig samfélag við mótum til framtíðar.

Framsóknarflokkurinn hefur lausnirnar sem þarf. Lausnir sem snúast um að auka lýðræði og réttlæti, tryggja hag heimila og fyrirtækja í landinu, standa vörð um íslenska velferðarkerfið, og byggja upp betra Ísland – fyrir okkur öll.

**Ég bið um stuðning þinn. Hvert atkvæði skiptir máli.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

FRAMSÓKN

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða lið leika til úrslita á Íslandsmótinu í handknattleik karla?*

2 *Við hvaða ár er fyrirhugað að byggja hesthúsabyggð?*

3 *Hver verður aðalstjarna menningarhátíðarinnar Now í Kanada í maí.*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

227.896 eru á kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningarnar í dag:

# 9.398 fá að kjósa í fyrsta sinn

**KOSNINGAR** Í takt við fjölgun þjóðarinnar hafa aldrei jafn margir verið á kjörskrárstofni fyrir kosningar og nú.

Alls eru 227.896 á kjörskrárstofni en sú tala segir ekki til um endanlegan fjölda kosningabærra manna. Tekið verður tillit til látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang að kosningunum afstöðnum.

Í kosningunum 2007 voru 221.330 á kjörskrá. Neyttu þá 83,6 prósent atkvæðisréttar síns. Í kosningunum 2003 voru 211.304 á kjörskrá og kosningaþátttakan 87,7%.

9.398 fá nú að kjósa í fyrsta sinn en kosningabærir eru þeir sem náð hafa átján ára aldri á kjördegi.



**KOSIÐ** Rúmlega 227 þúsund fá að kjósa í kosningunum í dag. Myndin var tekin við kosningarnar 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjósendur með lögheimili erlendis eru 9.924.

Af einstökum kjördæmum eru flestir kjósendur í Suðvesturkjördæmi en fæstir í Norðvesturkjördæmi. Er munurinn næstum 40 þúsund manns en aðeins er þremur þingmönnum fleira í Suðvesturkjördæmi.

Af einstökum sveitarfélögum eru fæstir á kjörskrá í Árneshreppi, 42. Hefur fjölgað um einn frá kosningunum 2007. 44 eru á kjörskrá í Skorradalshreppi og 50 í Helgafellssveit. Flestir eru á kjörskrá í Reykjavík, alls 87.532. Sem kunnugt er skiptist höfuðborgin í tvö kjördæmi. - bþs

Auðir seðlar að leikslokum:

# Tíundi hver skili auðu

**STJÓRNMÁL** Tíu til fimmtán prósent kjósenda munu skila auðu ef marka má skoðanakannanir síðustu vikna. Í kosningunum árið 2003 skiluðu 1,01 prósent auðum seðli. Það árið voru 0,19 prósent seðla ógildir.

Ekki er fastbundið hvenær kjörnefndir greina frá auðum seðlum, en venjan mun vera að telja auða seðla í blálokin. Yfirkjörstjórn syðra kjördæmis Reykjavíkur býst við að tilkynna um auða seðla í síðasta lagi á þriðja tímanum, gangi talning að óskum. Gert er ráð fyrir að fyrstu tölur berist upp úr klukkan tíu. - kóþ

Varaformaður bankaráðs:

# Ekki hugmynd um styrkina

**STJÓRNMÁL** Kjartan Gunnarsson, þáverandi varaformaður bankaráðs Landsbankans, segist ekki hafa hugmynd um hvaða stjórnmálamenn voru styrktir af bankanum árið 2006. Hann segist heldur ekki vita hversu margir frambjóðendur voru styrktir eða hve mikið var veitt í heildina.



**KJARTAN GUNNARSSON**

Ekki náðist í Bjarna Ármannsson, þáverandi forstjóra Glitnis, en heimildir í hans herbúðum fullyrða að Glitnir hafi alls ekki styrkt einstaka stjórnmálamenn árið 2006, einungis stjórnmálaflokkana sjálfa.

Ekki náðist í þáverandi forsvarsmenn Kaupþings. - kóþ

Tóbakssala til unglinga:

# Gátu oftast keypt tóbak

**HAFNARFJÖRÐUR Tveir fimmtán ára unglingar gátu keypt tóbak hjá tólf sölustöðum af tuttugu, eða í sextíu prósentum tilfella, í könnun sem forvarnanefnd Hafnarfjarðar stóð fyrir fyrr í mánuðinum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá forvarnanefndinni.**

**Unglingarnir fóru, í fylgd með starfsmönnum Gamla bókasafnsins, á alla sölustaði tóbaks í Hafnarfirði utan vínveitingastaða. Forvarnanefndin harmar niðurstöðu rannsóknarinnar og hvetur söluaðila tóbaks í Hafnarfirði til að virða lög.**

**Búast má við að þeir staðir sem selja börnum tóbak fái áminningu eða verði sviptir tóbakssöluleyfi.** - kg

# Vernd uppljóstrara og nektardans bíður

**Uppljóstrarar úr fjármálalífinu njóta ekki verndar og nektardans er enn heimill fáist til hans undanþága. Frumvörp um breytingar þar á voru meðal þeirra sem ekki voru samþykkt fyrir þinglok. Eignaumsýslufélag ríkisins var aldrei stofnað.**

**ALÞINGI** Fjórtán lagafrumvörp voru afgreidd frá Alþingi á þremur síðustu dögum þingsins. Nokkur mál sem þótti brýn fengu hins vegar ekki afgreiðslu og eru ýmist farin út af borðinu í bili eða bíða þess að vera lögð fram aftur á næsta þingi.

Fyrst ber að nefna frumvarpið um breytingar á stjórnarskránni, sem Sjálfstæðisflokknum tókst að koma í veg fyrir með málþófi. Stjórnarskrárbreytingar þurfa samþykki tveggja kjörinna þinga og því má ekki búast við öðru slíku frumvarpi fyrr en þegar líða tekur að næstu kosningum. Önnur mál hafa fallið í skuggann af stjórnarskrármálinu.

Meðal þeirra er frumvarp fjármálaráðherra um endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, eða svokallað eignaumsýslufélag ríkisins. Félaginu var ætlað að taka yfir rekstur fyrirtækja á barmi gjaldþrots sem þjóðin má ekki án vera og endurskipuleggja þau. Stjórnarliðar álitu frumvarpið eitt það mikilvægasta sem fyrir þinginu lá.

Frumvarpið mætti hins vegar andstöðu meirihluta sjálfstæðis- og framsóknarmanna sem tókst að stöðva framgang þess að sinni.

Frumvarp viðskiptaráðherra um ýmsar breytingar á lögum um fjármálamarkaðinn varð ekki heldur að lögum. Í breytingartillögum fólst að Fjármálaeftirlitið og ákæruvald mættu falla frá hugsanlegri refsingu gegn þeim sem fyrstir upplýsa um afbrot tengd bankahruninu. Uppljóstrarar njóta því engrar slíkrar verndar enn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lögðust allir umsagnaraðilar þvert gegn frumvarpinu í þáverandi mynd, töldu á því mikil vanhöld og að það byði ýmissi hættu heim. Ekki væri tækt að ákvörðunarvald um niðurfellingu sektar eða ákæru lægi eingöngu hjá þessum stofnunum. Þverpólitísk sátt varð um að setja málið í salt. Ekki er útilokað að endurunnið frumvarp líti dagsins ljós á næsta þingi.

Og fleiri mál mætti nefna:

Frumvarp Lúðvíks Bergvinssonar um persónukjör dagaði uppi í allsherjarnefnd vegna ágreinings.

Bann við kaupum á vændi var lögfest á síðasta degi þings en annað áhersluatriði úr mansalsáætlun félagsmálaráðherra, blátt bann við nektardansi, ekki. Frumvarp Sivjar Friðleifsdóttur þess efnis var ekki afgreitt. Sjálfstæðismenn voru málinu andvígir og ekki þótti hættandi á að taka mál til síðustu umræðu þegar svo skammt lifði af þingi.



**Á SÍÐUSTU METRUNUM** Umræður um stjórnarskrármálið tóku tímann sinn. Tíma sem eflaust hefði verið hægt að nýta til að ljúka öðrum brýnum málum. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Sama ástæða liggur að baki því að þingsályktunartillaga sjálfstæðismanna um svokallað „íslenskt ákvæði" í Kyoto-bókuninni var ekki afgreidd þrátt fyrir að þeir hafi lagt á hana mikla áherslu. Vinstri græn voru ályktuninni andvíg.

Að síðustu má nefna að málefni listaverka bankanna liggja enn óbætt hjá garði, þrátt fyrir tvær þingsályktunartillögur og frumvarp Kristins H. Gunnarssonar um að færa þau í ríkiseign.

stigur@frettabladid.is



**FJÁRLÖGIN KYNNT** Alistair Darling þykir hafa verið of bjartsýnn þegar hann sagði breskt efnahagslíf líklega dragast saman um 3,5 prósent á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn djúp kreppa í Bretlandi:

# Óvissa um nýbirta hagspá

**EFNAHAGSMÁL Breska hagkerfið dróst saman um 1,9 prósent á fyrsta fjórungi ársins, samkvæmt gögnum bresku hagstofunnar. Niðurstaðan er 0,4 prósentustigum svartari en spáð var. Til samanburðar nam samdrátturinn 1,6 prósentum á síðasta fjórðungi í fyrra.**

**Þetta er þriðji fjórðungurinn sem samdráttar gætir í Bretlandi. Breska ríkisútvarpið (BBC) segir ljóst að landið glími enn við djúpa efnahagslægð. Harla óvíst sé hvort spá Alistair Darlings fjármálaráðherra frá á miðvikudag, um 3,5 prósenta efnahagssamdrátt á árinu, muni ganga eftir.** - jab

Norskt fraktskip:

# Laust úr haldi sjóræningja

**NOREGUR** Bjørn Vågeng, skipstjóri norska fraktskipsins Bow Asir sem var hertekið af sjóræningjum fyrir utan strönd Sómalíu fyrir mánuði, segist hafa átt gott samstarf við foringja sjóræningjanna. Þeir hafi leyft áhöfninni að halda áfram með daglega vinnu, að sögn Dagbladet.

Vågeng segir að áhöfnin sé mjög þrekuð eftir að hafa verið í haldi sjóræningjanna í tæpan mánuði en reyni að jafna sig á næstu dögum. - ghs


FREYJA

regngalli



VATNSHELT

Verð jakki: 4.800 kr.
Verð buxur: 3.800 kr.

Endingargóðir gallar með endurskynsmerkjum að framan og aftan auk hettu sem smellist af.

RÁN LIGHT

regnfatnaður



Verð jakki: 7.500 kr.
Verð buxur: 4.900 kr.

Léttur vindheldur og vatnsfráhrindandi fatnaður sem hentar fjölbreyttu veðurfari. Hægt er að smella hettunni af.

FRIGG

hálfrennd peysa



TEYGJAST Á FJÓRA VEGU

Verð peysa: 7.500 kr.

Þunn flíspeysa með renndu hálsmáli. Teygist á fjóra vegu og hentar vel innanundir regnfatnað.

Samfylkingin

# Tækifærið er núna!

**Í dag er kosið um lausnir og framtíðarsýn fyrir þjóð í erfiðri stöðu.**

Baráttan gegn bráðavandanum er í fullum gangi og við höfum náð mikilvægum árangri á skömmum tíma.

Ég heiti því að berjast áfram af krafti. Ég vil byggja réttlátt samfélag þar sem öflugt frjálst atvinnulíf, ábyrg efnahagsstefna og traust velferðarþjónusta fara hönd í hönd.

Þetta markmið knýr á um að við hefjum viðræður við Evrópusambandið um aðild strax eftir kosningar og leggjum niðurstöðuna í dóm kjósenda allra fyrst. Tækifærið er núna!

**Það eru mörg mikilvæg verkefni fram undan. Þinn stuðningur skiptir öllu máli!**



www.xs.is

XS

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1968

**Aðalfundur Félags rafeindavirkja**

Aðalfundur Félags rafeindavirkja verður haldinn miðvikudaginn 29.apríl 2009 kl. 17:30 að Stórhöfða 31, gengið inn að neðanverðu.

**Dagskrá:**

Stafir lífeyrissjóður, kynning á stöðu sjóðsins
Venjuleg aðalfundarsörf.
Kosning fulltrúa á ársfund Stafa.
Önnur mál

Kveðja
Stjórnin

www.where.is/frv/

Félagið þitt

FÉLAG ÍSLENZKRA SÍMAMANNA

**Aðalfundur**
**Félags íslenzkra Símamanna**

Verður haldinn fimmtudaginn 30.apríl kl. 18:15 á Stórhöfða 31. húsi Rafiðnaðarsambandsins, gengið inn að neðanverðu.

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundarsörf.
Önnur mál

*Félagsmenn eru hvattir til að mæta.*
*Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.*

Stjórn Félags íslenzkra Símamanna

www.simamenn.is

Icesave umræður við Breta í samræðum á milli ráðamanna þjóðarinnar:

# Atburðarásin var ævintýraleg

**UTANRÍKISMÁL** „Sú mynd sem maður fékk út frá þeim gögnum og umræðu í nefndinni sem okkur voru kynnt sýnir ævintýralegri atburðarás en ég átti von á varðandi bankahrunið almennt,“ segir Siv Friðleifsdóttir. Á fundi utanríkismálanefndar í gær voru kynnt gögn um samskipti íslenskra og erlendra ráðamanna 3. til 6. október í fyrra. Um er að ræða tvö símtöl forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, við breska ráðherra.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Siv segir að gögnin hafi gefið athyglisverðar upplýsingar og ekki síst umræðan sem skapaðist á fundinum. Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, mætti á fundinn og Siv segir að menn hafi rætt hreinskilnislega um málið. Nefndarmenn eru hins vegar bundnir trúnaði.

„Ég tel eðlilegt að forsætisráðherra íhugi að opinbera þessi gögn. Ég tel æskilegt að þjóðin fái upplýsingar um þá atburðarás sem varð í kringum bankahrunið.“

Árni Þór Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir að gögnin varpi ekki ljósi á málið í heild sinni; púsla verði saman gögnum úr fleiri áttum. Hann telur að á þessum tímapunkti hafi ekki verið unnt að koma Icesave í breska lögsögu. **- kóp**



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Gögnin sem voru kynnt á fundinum voru athyglisverð að sögn Sivjar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HAGUR LÁGLAUNAFÓLKS BATNAR** Nefnd leggur til að komið verði á fót kerfi barnatrygginga þannig að öllum barnafjölskyldum verði tryggð ákveðin fjárhæð til lágmarksframfærslu. Barnatryggingarnar yrðu tekjutengdar og myndu skerðast hjá fólki með tekjur yfir meðalráðstöfunartekjum. Hagur atvinnulausra og láglaunafólks myndi batna en öryrkjar yrðu fyrir skerðingu.

# Vilja bæta öryrkjum skerðingu í nýju kerfi

**Lagt er til að taka upp barnatryggingar sem tryggi foreldrum 40 þúsund króna greiðslu fyrir hvert barn. Öryrkjar einir yrðu fyrir skerðingu. Þeir myndu missa 6.000 krónur á mánuði. „Verður að bæta þeim það upp,“ segir nefndarmaður.**

**FJÖLSKYLDUMÁL** Nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerð mælir með því nýju kerfi barnatrygginga sem komi í stað barnabóta, mæðra- og feðralauna, barnalífeyris og viðbótar við atvinnuleysisbætur vegna barna. Árlegur kostnaður er talinn 14 milljarðar og á nýja kerfið ekki að auka útgjöld ríkisins.

Miðað er við að öllum barnafjölskyldum verði tryggð ákveðin fjárhæð til lágmarksframfærslu. Barnatryggingar yrðu tekjutengdar og myndu skerðast hjá fólki með tekjur umfram meðalráðstöfunartekjur. Hagur tekjulágra hópa, sérstaklega atvinnulausra og láglaunafólks, myndi batna og kerfið nýtast barnmörgum fjölskyldum.

Barnatryggingarnar myndu tryggja öllum foreldrum upp að ákveðnum lágtekjumörkum 40 þúsund króna greiðslu fyrir hvert barn. Skerðingarmörkin yrðu 146 þúsund krónur hjá einstæðum foreldrum og 252 þúsund hjá hjónum miðað við tekjur fyrir skatt.

Eini hópurinn sem yrði fyrir skerðingu í þessu nýja kerfi er öryrkjar. Björk Vilhelmsdóttir, einn nefndarmanna, segir að öryrki fengi 42.200 fyrir eitt barn samkvæmt gamla kerfinu en 35.851 samkvæmt tillögunum.

„Öryrki væri að lækka um 6.000 krónur á mánuði. Við vitum að þetta er hópur sem er ekki vel settur þannig að við leggjum til að þessum hópi verði bætt þetta sérstaklega með hækkun sjálfs örorkulífeyrisins,“ segir Björk.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ÖBÍ, er ekki sátt við að öryrkjar verði fyrir skerðingu. Hún telur að ganga verði frá því fyrirfram með hvaða hætti og hvenær þeim verði bætt skerðingin

„Nefnd er að endurskoða almannatryggingakerfið og við teljum mjög eðlilegt að hún skoði þennan þátt. Öryrkjar eru eini viðkvæmi hópurinn sem fær einhverja lækkun samkvæmt þessum tillögum og það verður bara að bæta þeim það upp,“ segir Björk Vilhelmsdóttir.

Í tillögum nefndarinnar er einnig gert ráð fyrir að dómurum verði veitt heimild til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá barns gegn vilja annars foreldrisins. Þá verði maki í nýrri sambúð að sækja um forsjá í stað þess að fá hana sjálfkrafa, foreldrar beri almennt kostnað af umgengni og að forsjárlausir foreldrar hafi sama aðgang að skriflegum upplýsingum um barn sitt og forsjárforeldrar.

**ghs@frettabladid.is**

**Fundur með félagsmönnum VM í smíðagreinum**




Dularfullt mál í Noregi:

## Barnið hvarf úr líkkistunni

**NOREGUR Ulf Morten Aune, landsliðsþjálfari á skíðum í Noregi, og sambýliskona hans Maria uppgötvuðu að barnið þeirra var horfið úr kistunni þegar þau ætluðu að hafa stutta kveðjustund fyrir sjálfa útförina.**

**Lögregla hefur rannsakað málið í tæpa viku. Í ljós hefur komið að herbergið þar sem kistan með barninu var geymd var ólæst, að sögn Dagbladet. Óskað hefur verið eftir vísbendingum frá almenningi. Drengurinn fæddist fyrir mánuði en lést fljótlega eftir fæðinguna. - ghs**

# NORRÆNT VELFERÐARSAMFÉLAG

Í kosningunum í dag veljum við nýja framtíð fyrir Ísland. Við Vinstri græn höfum boðið upp á skýran valkost í stað þeirrar hugmyndafræði sem beið skipbrot síðastliðið haust. Okkar framtíðarsýn er *norrænt velferðarsamfélag*. Í því felst að forgangsraða í þágu velferðar fjölskyldna og einstaklinga líkt og best hefur tekist til á hinum Norðurlöndunum. Þessari stefnu höfum við fylgt í þá 80 daga sem eru liðnir síðan Vinstri græn tóku sæti í ríkisstjórn og endurreisn íslensks samfélags hófst. Þessari norrænu velferðarstefnu viljum við fá tækifæri til að koma í verk strax á morgun.

Nú leggjum við okkur öll undir og óskum eftir þínum stuðningi.

Steingrímur J. Sigfússon,
formaður VG

Katrín Jakobsdóttir,
varaformaður VG

**VINSTRI GRÆN**
–vegur til framtíðar
www.vg.is





Samfylkingin

# Baráttugleði um allt land

Bjartsýni og barátta sameina jafnaðarmenn um allt land í dag. Tryggjum Samfylkingunni þann styrk sem þarf til að innsigla það að Jóhanna verði áfram forsætisráðherra.
Stöndum saman og gleðjumst saman!





| | Kosningakaffi | Akstur á kjörstað í síma | Kosningavaka |
|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | Þróttarheimilinu, Laugardal kl. 13–18 | 571 0776/618 8145 | Grand hótel frá kl. 21 |
| **Suðvesturkjördæmi** | | | |
| Kópavogur | Hamraborg 11 kl. 10–22 | 571 0144 | Grand hótel frá kl. 21 |
| Garðabær | Garðabergi kl. 14–18 | 618 9386 | Grand hótel frá kl. 21 |
| Hafnarfjörður | Strandgötu 43 kl. 9–22 | 618 4194/618 4196 | Grand hótel frá kl. 21 |
| Mosfellsbær | Þverholti 3 kl. 9–20 | 618 3346 | Grand hótel frá kl. 21 |
| **Norðvesturkjördæmi** | | | |
| Akranes | Sal Félags eldri borgara, Kirkjubraut | 431 1250 | Safnasvæðinu frá kl. 20 |
| Borgarnes | Gamla mjólkursamlaginu | 897 3316 | Landnámssetrinu |
| Grundarfjörður | Hamrahlíð 5 | 848 2339 | Hamrahlíð 5 |
| Hellissandur | Hótel Hellissandi | 848 2339 | Hótel Hellissandi |
| Hvammstangi | Félagsmiðstöðinni Höfðabraut 1 | 893 4378 | Félagsmiðstöðinni |
| Blönduós | Þverbraut 1 | 893 4331 | Þverbraut 1 |
| Sauðárkrókur | Ströndinni, Sæmundargötu 7a | 453 5200 | Ströndinni |
| Patreksfjörður | Krókshúsi við Strandgötu | 867 1638 | Krókshúsi kl. 22 |
| Ísafjörður | Edinborgarhúsinu | 867 3919 | Langa Manga kl. 20 |
| **Norðausturkjördæmi** | | | |
| Akureyri | Kaffi Akureyri kl. 13–17 | 461 3230/462 3192 | Lárusarhúsi frá kl. 21 |
| Dalvík | Bárubúð kl. 10–18 | 862 8877 | Bárubúð |
| Ólafsfjörður | Húsi eldri borgara kl. 14–16 | 840 9330 | Húsi eldri borgara frá kl. 21 |
| Siglufjörður | Aðalgötu 7 kl. 14.30–17.30 | 467 1208 | Aðalgötu 7 frá kl. 22 |
| Húsavík | Stóragarði 11 kl. 11–18 | 618 5381 | |
| Þórshöfn | Íþróttamiðstöðinni kl. 14–17 | | |
| Vopnafjörður | Austurborg frá kl. 10 | 861 4256/894 4530 | |
| Egilsstaðir | Kjallara Hótel Héraðs frá kl. 11 | 899 7725/860 3519 | Kjallara Hótel Héraðs |
| Seyðisfjörður | Hótel Snæfelli frá kl. 13 | 895 1136/849 3381 | Hótel Snæfelli |
| Reyðarfjörður | Gamla Landsbankahúsinu kl. 14–19 | 891 6677 | |
| Djúpivogur | Miðhúsi kl. 10-20 | 895 9951/849 3439 | |
| **Suðurkjördæmi** | | | |
| Höfn | Litlubrú 1, Miðbæ | 618 8396 | Litlubrú 1 |
| Vestmannaeyjar | Alþýðuhúsinu frá kl. 14 | 481 1845/856 2812 | Skólavegi 4 |
| Selfoss | Tryggvaskála | 482 1508/899 1267 | Tryggvaskála |
| Hveragerði | Reykjamörk 1 | 481 3808/616 6570 | Reykjamörk 1 |
| Grindavík | Verkalýðshúsinu Víkurbraut 46 | 663 7786 | Verkalýðshúsinu |
| Reykjanesbær | Bolafæti 1 | 534 9718/698 3301 | Bolafæti 1 |

**Upplýsingar vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í síma 414 2209/895 1904**

Vinna og velferð

xS

Samfylkingin | sími 414 2200 | www.xs.is


Tvær bandarískar blaðakonur:

# Fyrir rétt í Norður-Kóreu

**NORÐUR-KÓREA, AP** Tveir bandarískir blaðamenn, sem handteknir voru í Norður-Kóreu 17. mars, verða sóttir til saka fyrir afbrot, samkvæmt tilkynningu frá þarlendum stjórnvöldum.

Blaðakonurnar Laura Ling og Euna Lee voru handteknar þegar þær fóru yfir landamærin til Norður-Kóreu frá Kína, þar sem þær voru að vinna að fréttum um flóttamenn frá Norður-Kóreu. Þær voru sakaðar um „óvinveitta starfsemi“ gagnvart Norður-Kóreu, auk þess að fara ólöglega inn í landið. Þær starfa fyrir sjónvarpsstöðina Current TV, sem stofnuð var af Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna. - gb



**MÓTMÆLI Í SUÐUR-KÓREU** Myndir af blaðakonunum tveimur á mótmælaspjöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**KOSNINGAR** Landsmenn ganga að kjörborðinu í dag. Stjórnmálafræðingar segja að spennandi verði að sjá hvort stjórnin nái meirihluta..

# Búast við sögulegum kosningum

**Stjórnmálafræðingar segja kosningarnar um margt sögulegar. Landsmönnum bjóðist að kjósa um stjórn um langa hríð og útlit sé fyrir sögulegt lágmark Sjálfstæðisflokksins. Ýmislegt geti breyst.**

**STJÓRNMÁL** Gunnar Helgi Kristinsson segir spennuþættina vera nokkra í kosningunum. Spurning sé hve fylgistapið verði mikið hjá Sjálfstæðisflokknum. „Hann hefur verið að rúlla í kringum 23 prósent í könnunum sem þýðir að þá er rúmlega þriðjungur af fylgi hans farinn. Annars vita menn ekki hvort mælingar á flokknum eru réttar. Ákveðinni aðferðafræði er beitt við kannanir sem hefur yfirleitt skilað könnunum sem eru tiltölulega nálægt úrslitum. En það er spurning hvort þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað hafi áhrif á þetta.“

Gunnar segir að þótt stjórnin virðist hafa meirihluta sé það ekki öruggt. „Annar spennuþáttur er hvort stjórnin nær meirihluta, því menn gera ráð fyrir að hún sitji áfram. Það er ekki oft sem Íslendingar eiga þess kost að kjósa stjórn. Hún hefur verið að flökta frá um 52 og yfir 60 prósent og það er spurning hvort hún heldur því. Það bendir allt til þess, en maður veit það ekki fyrr en á reynir.“

Borgarahreyfingin er nýtt framboð og Gunnar Helgi segir ferska vinda fylgja henni, hún hafi ekki stefnu í öllum málum, leggi áherslu á frelsi frambjóðenda og andúð við flokksræði. Yfirgnæfandi líkur séu á að hún nái inn manni.

Gunnar segir að Frjálslyndir virðist týndir og tröllum gefnir og komist ekki inn á þing. „Hvað Framsókn varðar þá hafa þeir dólað í þetta 11 til 12 prósentum og það er líklegt að hún muni ná því. Flokkurinn hefur hins vegar stundum verið vanmetinn í könnunum.“


EINAR MAR ÞÓRÐARSON


GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Einar Mar Þórðarson segir útlit fyrir að fylgi Sjálfstæðisflokks verði í sögulegu lágmarki. Hann gæti lyft sér eitthvað frá könnunum, en ólíklegt sé að það verði verulegt. Spurning sé hvort einhverjir sem sagst hafa ætlað að skila auðu skili sér í heimahagann. „Reynslan sýnir þó að kannanir sem birtast nokkra daga fyrir kosningar fara mjög nærri útkomunni.“

Einar segir merkilegt í stjórnmálasögulegu tilliti að menn gangi nánast bundnir til kosninga. „Ef úrslit verða í takt við kannanir undanfarna daga og vikur þá koma vinstri flokkarnir til með að hafa hreinan meirihluta í fyrsta skipti síðan fjórflokkurinn varð til.“

Einar telur að Framsóknarflokkurinn verði á svipuðu róli og kannanir sýna og Frjálslyndir komi ekki manni að. kolbeinn@frettabladid.is

Fólskuleg árás í Kristjaníu:

## Handsprengju varpað að fólki

**DANMÖRK** Handsprengju var varpað að fimm ungmennum þar sem þau sátu fyrir utan veitingastað í Kristjaníu í Kaupmannahöfn í fyrrakvöld.

Einn fimmmenninganna, sem varð fyrir árásinni, missti hluta af kjálkanum en hin fjögur særðust minna. Sprengjan skildi eftir gíg í malarplaninu þar sem hún sprakk.

Að sögn lögreglunnar er líklegast að þessi fólskulega árás sé liður í gengjastríði fíkniefnasölumanna. Tilgangurinn hafi verið að fæla þá frá Kristjaníu sem þangað leituðu í slíkum erindagjörðum. - aa



**STJÓRNARHERMENN** Stjórnarherinn hefur þjarmað að skæruliðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin á Srí Lanka:

## Þúsundir borgara hafa látist

**SRÍ LANKA, AP** **Sameinuðu þjóðirnar fullyrða að nærri 6.500 almennir borgarar hafi fallið í átökum stjórnarhersins og tamíla undanfarna þrjá mánuði.**

**Indverska stjórnin krefst þess að strax verði samið um vopnahlé. Stjórnarherinn á Srí Lanka segist þó ótrauður ætla að halda áfram með sókn sína gegn uppreisnarsveitum tamíla. Frá því á mánudag hafa meira en hundrað þúsund manns flúið frá svæði, þar sem uppreisnarsveitirnar eru innikróaðar. Sameinuðu þjóðirnar hafa miklar áhyggjur af ástandinu á þessu svæði.** - gb

Ekki gerð refsing:

## Fangi með fíkniefni

**DÓMSMÁL** Fanga, sem tekinn var með nokkur grömm af hassi á Litla-Hrauni í júlí á síðasta ári, var ekki gerð sérstök refsing vegna málsins í Héraðsdómi Suðurlands. Fangaverðir fundu efnið í klefa fangans, er játaði sök fyrir dómi.

Maðurinn hefur hlotið marga dóma fyrir ýmis brot. Í febrúar var hann dæmdur í átján mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir skjalafals og fleira. Refsingin var ákvörðuð sem hegningarauki. Hassvarslan átti sér stað fyrir þann dóm. Að mati Héraðsdóms Suðurlands hefði hassmálið ekki verið til refsiþyngingar hefði það verið dæmt með skjalafalsinu. - jss


mpm.is

MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT



Kynningarfundur um
MEISTARANÁM
Í VERKEFNASTJÓRNUN

Þriðjudaginn 28. apríl kl. 17:00 í Námunni, sal Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimsþekktir kennarar.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

MEÐAL NÁMSEFNIS
- Stefnumótun og sóknaráætlun
- Verkefnaleiðtoginn: Sjálfsskilningur, þroski og þróun
- Raunhæft verkefni: Undirbúningur, framkvæmd og lúkning
- Verkefnaleiðtoginn: Siðfræði verkefnastjórnunar
- Upplýsingar og upplýsingatækni í verkefnum
- Samningar í verkefnum: Samningagerð, deilu- og áfallastjórnun
- Arðsemi og fjármögnun verkefna
- Verkefnateymi og aflfræði hópa

ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI
- B.A./B.S./B.Ed. eða sambærilegt
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg

Umsóknarfrestur er til 15. maí

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ
IÐNAÐARVERKFRÆÐI-, VÉLAVERKFRÆÐI- OG TÖLVUNARFRÆÐIDEILD



LYFJA
– Lifið heil

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 45828 04/09



15% afsláttur+
VOLTAREN 11,6 mg/g Gel, 100 g.



15% afsláttur+
NICOTINELL tyggjó, Classic og Fruit.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út apríl 2009

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Aðalgötu 21, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 895 4408 og 895 4478.

**BLÖNDUÓS**
Húsnæði Húnakaupa, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 891 9425 og 857 8853.

**HOFSÓS**
Hátúni 7, kosningakaffi kl. 14-17.

**LAUGABAKKI**
Bakka, kosningakaffi kl. 12-18.
Akstur og upplýsingar í síma 893 8553.

**VARMAHLÍÐ**
Furulundi 4, kosningakaffi frá kl. 14.

**ÍSAFJÖRÐUR**
Aðalstræti 24, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 456 3090 og 699 6183.

**PATREKSFJÖRÐUR**
Zero, Eyrargötu, kosningakaffi kl. 12-18.
Akstur og upplýsingar í síma 861 1427.

**STYKKISHÓLMUR**
Verkalýðshúsinu, kosningakaffi kl. 13-19.
Akstur og upplýsingar í síma 898 0548.

**GRUNDARFJÖRÐUR**
Borgarbraut 1a, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 867 0640.

**ÓLAFSVÍK**
Ólafsbraut 19, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 895 1438.

**BORGARNES**
Brákarbraut 8, kosningakaffi kl. 14-17.
Akstur og upplýsingar í síma 860 7611.

**AKRANES**
Stillholti 16-18, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 848 2307.




## REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR OG SUÐUR

**REYKJAVÍK**
Kosningamiðstöð Tryggvagötu 11, opið kl. 10-18, kaffihlaðborð kl. 14-18.
Upplýsingar um kjörskrá og utankjörfund í síma 840 6868.
Akstur á kjörstað, sími 552 8872 og 867 8542.
Aðrar upplýsingar í síma 510 8080.
Kosningavaka VG verður á Kaffi Reykjavík (Resturant Reykjavík) frá kl. 21 og fram á nótt!

**Ung Vinstri Græn**
Suðurgötu 3, kosningakaffi kl. 13-18.

## SUÐVESTURKJÖRDÆMI (KRAGINN)

**MOSFELLSBÆR**
Háholti 22, kosningakaffi kl. 11-18.
Akstur og upplýsingar í síma 564 0990.

**KÓPAVOGUR**
Hamraborg 1-3, kosningakaffi kl. 9-19.
Akstur og upplýsingar í síma 564 0990.

**GARÐABÆR**
Garðatorgi, kosningakaffi kl.12-17.
Akstur og upplýsingar í síma 564 0990.

**HAFNARFJÖRÐUR**
Hótel Víking, Strandgötu, kosningakaffi kl. 11-18.
Akstur á kjördag, sími 564 0990.

**REYKJANESBÆR**
Hafnargötu 36a, kosningakaffi frá kl. 10 og fram á nótt!
Akstur og upplýsingar í síma 840 6865.

**HVERAGERÐI**
Laufskógum 23, kosningakaffi kl. 10-22.
Akstur og upplýsingar í síma 772 1933.
Kosningakaffi á kjördag kl.10-22.

**SELFOSS**
Selinu við Engjasel, kosningakaffi kl. 10-18.
Akstur og upplýsingar í síma 840 6876.
Kosningavaka hefst kl. 21.

**HELLA**
Brenna, kosningakaffi kl. 12-18.
Akstur og upplýsingar í síma 896 9539.

**SIGLUFJÖRÐUR**
Hús Slysavarnarfélagsins, kosningakaffi kl. 14-17.
Akstur og upplýsingar í síma 467 1802, 844 5819 og 898 0270.

**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Strandgötu 7, kosningakaffi kl. 12-22.
Akstur og upplýsingar í síma 693 7193 og 864 0898.

**DALVÍK**
Hafnarbraut 7, kosningakaffi frá kl. 13.
Akstur og upplýsingar í síma 661 7517 og 846 3490.

**AKUREYRI**
Geislagötu 7, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 462 3463.

**HÚSAVÍK**
Hvalasafninu, kosningakaffi kl. 10-18.
Kosningavaka kl. 22-00.30.
Akstur og upplýsingar í síma 863 6605 og 864 0759.

**VOPNAFJÖRÐUR**
Handverkshúsinu, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 695 2018.

**EGILSSTAÐIR**
Kaupvangi 5, kosningakaffi frá kl. 10.
Akstur og upplýsingar í síma 861 9077.
Kosningavaka kl. 22-00.30.

**SEYÐISFJÖRÐUR**
Norðurgötu 6, kosningakaffi frá kl. 14.
Akstur og upplýsingar í síma 472 1740.

**NESKAUPSTAÐUR**
Hús Slysavarnarfélagsins, kosningakaffi frá kl. 14.
Akstur og upplýsingar í síma 869 1539.

**DJÚPIVOGUR**
Hammersminni 1, kosningakaffi frá kl. 14.
Akstur og upplýsingar í síma 899 5899.




**HÖFN**
Víkurbraut 2, kosningakaffi kl. 10-22.
Akstur og upplýsingar í síma 840 6866.
eftir það verður kosningavaka á Víkinni fram á nótt!

**VESTMANNAEYJAR**
Skólavegi 13, morgunkaffi og meðlæti á kjördag frá kl. 9.
Kosningakaffi kl. 14.30 og fram eftir degi.
Kosningavaka kl. 21 og fram á nótt!
Akstur og upplýsingar í síma 517 9672.

## Gleðilegan kjördag!

Hér á opnunni finnur þú allar upplýsingar um kosningaskrifstofur Vinstri grænna víðsvegar um landið, þar sem boðið er upp á kosningakaffi og akstur á kjörstað. Allar nánari upplýsingar á vg.is.

VINSTRI GRÆN
– vegur til framtíðar
www.vg.is

FRÉTTASKÝRING: Pyntingar á föngum Bandaríkjahers

# Uppgjör við pyntingastefnu

**Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur lagt á borðið helstu staðreyndir um meðferð leyniþjónustunnar CIA á föngum Bandaríkjahers. Kröfur um lögsókn á hendur þeim sem bera ábyrgðina verða háværari. Liðsmenn fyrri stjórnar Bandaríkjanna segja þetta barnaskap sem geri óvinum Bandaríkjanna auðveldara fyrir. Guðsteinn Bjarnason hefur fylgst með umræðunni vestra.**

Við stundum ekki pyntingar,“ var jafnan viðkvæðið hjá George W. Bush Bandaríkjaforseta þegar talið barst að ásökunum um pyntingar á föngum í vörslu Bandaríkjahers.

Smám saman hefur þó komið í ljós að fátt er á bak við þessa yfirlýsingu annað en orðhengilsháttur. Bandaríkjastjórn lagði mikla vinnu í að finna út hvernig pynta mætti fanga til sagna án þess að meðferðin á þeim félli undir þau ákvæði bandarískra laga og alþjóðlegra samninga þar sem bann er lagt við pyntingum.

Minnisblöð úr ráðuneyti

Nú rétt fyrir páska birti dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna, samkvæmt ákvörðun Baracks Obama forseta, fjögur minnisblöð lögfræðinga ráðuneytisins um lögfræðileg álitamál varðandi yfirheyrslur fanga, sem handteknir voru í tengslum við hið svokallaða stríð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkastarfsemi í heiminum.

Í minnisblöðunum, sem send voru til leyniþjónustunnar CIA árin 2002 og 2005, má finna nokkuð nákvæmar lýsingar á þeim yfirheyrsluaðferðum sem dómsmálaráðuneytið telur óhætt að beita fangana án þess að starfsmenn leyniþjónustunnar, sem stjórnuðu yfirheyrslunum, þurfi að teljast brotlegir.

Í yfirlýsingu sem dómsmálaráðuneytið sendi frá sér í tilefni af birtingu minnisblaðanna er tekið fram að ráðuneytið líti ekki lengur svo á að þessi minnisblöð endurspegli afstöðu þess.



**FANGI BANDARÍKJAHERS** Auk hinna alræmdu vatnspyntinga voru barsmíðar, hótanir og niðurlægingar hluti af yfirheyrsluaðferðum leyniþjónustu Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

### Skýrsla Rauða krossins

Skömmu áður en minnisblöðin komu fyrir almennings sjónir hafði tímaritið New York Review of Books birt á vefsíðu sinni skýrslu Alþjóða Rauða krossins, sem samin var í febrúar 2007 eftir að fulltrúar Rauða krossins höfðu rætt ítarlega við fjórtán fanga í Guantanamo-búðunum á Kúbu.

Þessi skýrsla átti að fara leynt og hafa talsmenn Rauða krossins harðlega gagnrýnt birtingu hennar, því hún geti orðið til þess að starfsmenn Rauða krossins eigi erfiðara með að fá stjórnvöld til að fallast á heimsóknir þeirra til fanga.

### Aðferðirnar

Í skýrslu Rauða krossins er sömuleiðis að finna býsna nákvæmar lýsingar á þeirri meðferð sem fangarnir þurftu að þola af hálfu starfsmanna leyniþjónustunnar.

Þar er það staðfest, sem áður var reyndar að mestu orðið ljóst, að fangarnir höfðu mátt þola barsmíðar, niðurlægingu, hótanir og hvers kyns harðræði – fyrir utan að hafa verið í algerri einangrun mánuðum og jafnvel árum saman, þar sem þeir sáu hvorki dagsljós né nokkurn mann annan en kvalara sína.

Þeim hafi auk þess verið haldið vakandi með hávaða og ljósagangi sólarhringum saman, látnir dveljast naktir í ísköldum klefum og sumir þurft að standa dögum saman í sársaukafullri álagsstöðu, með hendur í keðjum fyrir ofan höfuð. Einn var látinn dúsa langtímum saman í litlum kassa þar sem ómögulegt var að rétta úr sér.

Þrír þeirra máttu þola svonefndar vatnspyntingar, sem fólgnar eru í því að klútur er lagður ofan á andlit þeirra og síðan er vatni hellt yfir klútinn þannig að þeir ná ekki andanum.

### Lagakrókar

Í minnisblöðum dómsmálaráðuneytisins er að finna tilraunir lögfræðinga ráðuneytisins til að réttlæta þessa meðferð á föngunum, eða öllu heldur tilraunir þeirra til að tryggja að einungis séu notaðar yfirheyrsluaðferðir sem ekki falla undir þann þrönga skilning sem bandarísk stjórnvöld kusu að leggja í alþjóðlegt bann við pyntingum.

George W. Bush Bandaríkjaforseti viðurkenndi fyrst haustið 2006 að starfsmenn leyniþjónustunnar hefðu beitt fangana „harkalegum yfirheyrsluaðferðum“, eins og hann kaus að orða það. Þessu skýrði hann frá í sérstöku ávarpi, sem flutt var þegar hann upplýsti að fjórtán fangar hefðu verið fluttir til Guantanamo á Kúbu.

Bush viðurkenndi við þetta sama tækifæri að þessir fjórtán fangar hefðu verið með leynd hafðir í haldi í fangelsum á vegum Bandaríkjanna í öðrum heimshlutum, og þeir hefðu sömuleiðis verið fluttir með leynd til Guantanamo.

### Mikilvægir fangar

Þessir fjórtán fangar eru þeir sömu og starfsmenn Rauða krossins ræddu við og sögðu frá í fyrrnefndri skýrslu.

Bush hélt því fram að þessir fjórtán fangar væru afar mikilvægir, því þeir hefðu gegnt lykilhlutverki í starfsemi hryðjuverkasamtaka gegn Bandaríkjunum auk þess sem þessar „harkalegu yfirheyrsluaðferðir“ urðu til þess að þeir gáfu mikilvægar upplýsingar um starfsemi hryðjuverkasamtakanna.



**HLEKKIR** Þessi járn í gólfi biðu fanganna í yfirheyrsluherbergi í Guantanamo-búðunum á Kúbu. NORDICPHOTOS/AFP

### Barnaskapur

Eftir að minnisblöð dómsmálaráðuneytisins voru birt sagði Michael V. Hayden, fyrrverandi yfirmaður CIA, að birtingin væri barnaskapur af hálfu Obama. Óvinir Bandaríkjanna hlytu að græða á því að vita hve langt fangaverðir mættu ganga í yfirheyrslum. Dick Cheney, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, segir einnig birtingu minnisblaðanna mistök, en hvetur CIA til að birta önnur minnisblöð, þar sem fram kemur að harkalegu aðferðirnar hafi skilað ótvíræðum árangri.

Obama svaraði því til að það ætti einmitt að vera keppikefli Bandaríkjanna að framfylgja eigin hugsjónum, og þar með neita sér um að pynta óvini sína, jafnvel þótt það gerði starf leyniþjónustunnar erfiðara en ella.

### Lögsóknir

Sem stendur virðast deilur innan Bandaríkjanna í tengslum við birtingu minnisblaðanna einkum standa um tvennt.

Annars vegar er þess krafist að þeir sem beri ábyrgð á pyntingunum verði látnir svara til saka, og er þá að minnsta kosti átt við bæði starfsmenn leyniþjónustunnar, sem stóðu að framkvæmd yfirheyrslnanna, og lögfræðinga dómsmálaráðuneytisins, sem sömdu minnisblöðin til réttlætingar þessari iðju.

Hins vegar eru deilurnar farnar að snúast um það, hvort árangur af harkalegum yfirheyrsluaðferðum af þessu tagi réttlæti beitingu þeirra.

### Obama í vanda

Við birtingu minnisblaðanna fullyrti Barack Obama að starfsmenn leyniþjónustunnar, sem sáu um yfirheyrslurnar, þyrftu ekki að óttast málssókn vegna hugsanlegra lögbrota sem þeir hefðu framið.

Í vikunni dró hann aðeins í land og sagði hugsanlegt að rannsóknarnefnd á vegum þingsins færi ofan í málið. Þegar lengra leið á vikuna ítrekaði hann þó fyrri afstöðu sína og náði samkomulagi við meirihluta demókrata á þingi, sem þó höfðu krafist slíkrar rannsóknar, um að ekkert yrði af rannsókn.



**GEORGE W. BUSH** Haustið 2006 skýrði Bandaríkjaforseti í fyrsta sinn frá harkalegum yfirheyrsluaðferðum leyniþjónustunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Málið tilheyrði fortíðinni en nú þyrfti að horfa fram á veginn.

### Umdeildur árangur

Varðandi hinn mikilvæga árangur sem harka í yfirheyrslum á að skila birtist í dagblaðinu New York Times grein eftir Ali Soufan, fyrrverandi starfsmann alríkislögreglunnar FBI, þar sem hann segir þennan árangur stórlega ýktan, og raunar alls engan.

Sjálfur tók hann þátt í að yfirheyra suma af föngunum fjórtán sem fyrr eru nefndir, áður en leyniþjónustan CIA tók alfarið við þeim yfirheyrslum og beitti sínum harkalegu aðferðum.

Soufan fullyrðir að þær upplýsingar sem menn stæri sig af að hafa fengið út úr föngunum með þessum umdeildu aðferðum hafi í raun verið fengnar áður en byrjað var að beita þeim, sem sagt með hefðbundnum yfirheyrsluaðferðum þar sem föngunum var sýnd full virðing.

„Það var rétt ákvörðun að birta þessi minnisblöð, við þurfum að draga sannleikann fram í dagsljósið,“ skrifar Soufan.

Einhvers konar uppgjör virðist að minnsta kosti vera hafið.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

FRAMBJÓÐENDUR...

...er búið að gleyma okkur?

- Eru útlendingar rétthærri en Íslendingar ?
- Innistæður Íslendinga voru ekki tryggðar. Hvenær á að leiðrétta það?
- Voru 11.000 eldri borgarar á meðal innistæðueigenda í peningabréfum bankanna?
- Af hverju eigum við Íslendingar að spara og leggja fyrir ef við getum aftur átt á hættu að 30-40% sparnaðar okkar sé þurrkaður út með einu pennastriki, einni ákvörðun stjórnvalda ?
- 15.000 aðilar krefjast upplýsinga, sanngjarnrar málsmeðferðar og réttlætis!
- Málið er hluti af bráðavanda heimila á Íslandi og þolir enga bið.

R RETTLÆTI.IS www.rettlaeti.is

LAMBAKJOT.IS



„Það er frábært tilfinning
þegar stemmningin myndast á tungunni.
Ég mæli með því.“

# GRILLBRAGÐ
*sumarsins*



## Grillað lambalæri með jógúrtkryddlegi

Lambalæri, án lykilbeins og sagað eftir endilöngu (langsagað).

Veltið lambinu upp úr kryddleginum og geymið í kæli í 2 - 12 klst. Strjúkið megnið af kryddleginum af kjötinu og grillið á meðalheitu grilli í 25 - 30 mín. Snúið kjötinu reglulega.

### Jógúrtkryddlögur:

2 dl jógúrt, hreint • 2 hvítlauksgeirar, pressaðir • 2 msk engiferrót, smátt söxuð • 3 msk sítrónusafi
1 tsk kummin • 1 tsk kóríanderfræ, steytt • 1/2 tsk kardimommur, steyttar • 1/2 tsk salt
3 msk mynta, smátt söxuð. Setjið allt í skál og blandið vel saman.

Berið lambalærið fram með grilluðu grænmeti og bökuðum kartöflum.

25 - 30 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

*Lambakjöt*
NÁTTÚRULEGA EINFALT

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Erfið og óvinsæl verkefni framundan:

## Enginn tími til að fagna

JÓN KALDAL SKRIFAR

Allar kannanir benda til þess að kosningarnar í dag verði í meira lagi sögulegar. Í fyrsta lagi hefur ekki gerst áður í lýðveldistímanum að tveir flokkar vinstra megin við miðju, Samfylking og Vinstri grænt framboð, eigi mögulega þess kost að mynda tveggja flokka meirihlutaríkisstjórn. Í öðru lagi eru líkur á að Sjálfstæðisflokkurinn fái sína slökustu útkomu frá stofnun flokksins. Í þriðja lagi stefnir í að nýtt framboð, Borgarahreyfingin, nái fulltrúum inn á þing og loks virðist sem Frjálslyndi flokkurinn verði þurrkaður út.

Ef spár ganga eftir verða sem sagt töluverð umskipti á landslagi stjórnmálanna. Þó ekki minni en við er að búast eftir efnahagshrunið í haust.

Erfið staða Sjálfstæðisflokksins er skiljanleg. Hann geldur fyrir að vera, umfram aðra flokka, arkitekt bankakerfis sem þurrkaðist út þegar kreppti að á heimsvísu. Í okkar næstu nágrannalöndum er fjármálalífið laskað af völdum kreppunnar en ekki hrunið. Á þessu er mikill munur.

Tilvistarkreppa Sjálfstæðisflokksins hefur verið öllum sýnileg í aðdraganda kosninganna. Hann náði aldrei takti í kosningabaráttu sinni. Var þjakaður af innanflokksátökum og óánægju í eigin röðum: „Hvernig á flokkurinn að vera trúverðugur í gagnrýni sinni á skattahækkanir og eyðslugleði vinstri stjórnar þegar hann er sjálfur búinn að hækka skatta og útgjöld?“ spurðu til dæmis pistlahöfundar á hinu hægrisinnaða vefriti Andríki.

Kosningabarátta ríkisstjórnarflokkanna flaug svo sem ekki með himinskautum heldur. Samfylkingin og Vinstri græn njóta þess fyrst og fremst í þessum kosningum að vera tiltölulega laus við að hafa komið að landsstjórninni undanfarna tæpa tvo áratugi.

Þessir flokkar fá ærið tilefni til fagnaðarláta ef það sem kemur upp úr kjörkössunum í nótt verður í takt við skoðanakannanir undanfarna daga.

Sá fögnuður getur hins vegar ekki staðið lengi.

Minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur notið ákveðins svigrúms meðal þjóðarinnar. Var það annars vegar tilkomið vegna þeirra aðstæðna, sem voru þegar hún tók við, og hins vegar þar sem það lá fyrir að þingstyrkur hennar bauð ekki upp á mjög afgerandi framgöngu.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur fékk því ákveðna hveitibrauðsdaga þrátt fyrir allt. Kosningarnar í dag binda enda á þá.

Hinn beiski kaleikur sigurvegara þessara kosninga er að þeirra bíða skelfing þungbær verkefni. Það þarf að taka óvinsælar ákvarðanir, það verður að ganga hratt til verks og það verður erfitt að komast hjá því að gera ýmis mistök í endurreisnarstarfinu.

Við ríkjandi aðstæður, þar sem hagkerfið er á hliðinni og stór hluti athafnalífsins í fanginu á hinu opinbera, er nánast óumflýjanlegt annað en að eitthvað fari úrskeiðis. Þrek ríkisstjórnarinnar til að takast á við mistök sín og umdeild mál mun ráða úrslitum um hversu farsæl og langlíf hún verður.

Þær stóru ákvarðanir sem eru fram undan geta aldrei orðið öllum að skapi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Á kjördag

Íslendingar ganga til kosninga í dag. Kannanir benda til að enn eigi margir eftir að gera upp hug sinn um hvaða flokk þeir ætla að kjósa. Hér eru nokkur ráð um hvað sé hægt að gera áður en gengið er inn í kjörklefann. Borðaðu staðgóðan morgunverð. Það hefur aldrei gefist vel að greiða atkvæði á fastandi maga. Farðu í sund. Taktu púlsinn á þjóðmálaumræðunni í pottunum. Klæddu þig í þitt fínasta púss. Kjördagur er sparidagur.



### Enn óviss?

Sértu enn óviss eftir pottaumræðurnar skaltu hlýða á vikulokin á Rás 1, þar sem jafnan eru samankomnir helstu hugsuðir þjóðarinnar. Lestu dagblöðin, eða óháð vefrit á borð við AMX eða Smuguna og sjáðu upp á hvaða sjónarmiðum þau brydda.

### Vituð þér enn eða hvað?

Hafir þú enn ekki komist að niðurstöðu, farðu þá í heimsókn á kosningastofur flokkanna, drekktu kaffi með frambjóðendum og spurðu þá spjörunum úr. Sé enginn nógu sannfærandi má ef til vill taka afstöðu út frá því hver bauð upp á besta kaffið og með því. Sértu enn óákveðinn búðu þá til pappírsgogg og notaðu til að komast að niðurstöðu. Það er vissulega þrautalending – en lending samt.



bergsteinn@frettabladid.is

# Stríðið um vatnið



JEFFREY SACHS

Í DAG | Vatnsskortur

Ófáar deilur hafa orðið vegna vatnsskorts. Átökin frá Tjad til Darfúr í Súdan, til Ogadeneyðimerkurinnar í Eþíópíu, til Sómalíu og sjóránanna þar, og yfir til Jemens, Íraks, Pakistans og Afganistans liggur flæmi þurrlendis þar sem vatnsskortur hefur leitt til uppskerubrests, dauða kvikfénaðar, mikillar örbirgðar og örvilnunar.

Öfgahópar á borð við talibana eygja ótal sóknarfæri í samfélögum sem búa við slíkar aðstæður. Stjórnvöld glata umboði sínu því þau geta ekki séð mannfjöldanum fyrir nauðþurftum á borð við vatn, stöðuga uppskeru og fóður fyrir búfénaðinn sem fólkið reiðir sig á til að komast af.

Stjórnmálamenn, embættismenn og herforingjar í stríðshrjáðum löndum bregðast við þessum hörmungum á svipaðan hátt og hverjum öðrum skærum; senda herinn á vettvang, setja stjórnmálahreyfingar á laggirnar, berjast við stríðsherra eða reyna að kljást við öfgatrú.

### Upptök vandans

En slík viðbrögð taka ekki á hinum undirliggjandi vanda, það er að bæta úr vatns- og matarskorti og draga úr örbirgð fólks. Afleiðingin er sú að Bandaríkin og Evrópa eyða oftar en ekki tugum, jafnvel hundruðum milljarða dollara í að senda hermenn og sprengjuflugvélar til að kveða niður uppreisnir hér og þar um heiminn, en verja ekki einum tíunda, eða einum hundraðasta, af þeirri upphæð í að bregðast við hinum raunverulega vanda sem felst í vatnsskorti og vanþróun.

Vatnsvandinn á ekki eftir að gufa upp. Hann á þvert á móti eftir að ágerast þar til alþjóðasamfélagið bregst við. Röð nýlegra rannsókna hefur leitt í ljós hversu viðkvæmt vatnsjafnvægið er í mörgum fátækum og óstöðugum ríkjum. UNESCO – menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna – gaf nýlega út skýrslu um vatn og áhrif þess á heimsbyggðina, Alþjóðabankinn gaf út merkilega rannsókn um vatnsbúskap í Indlandi og Pakistan, og bandaríska Asíustofnunin gaf út yfirlit um vatnsskort í Asíu.

Þessar skýrslur segja svipaða sögu. Vatnsbirgðir sæta mikilli og sívaxandi ágengni víða um heim, sérstaklega á þurrari svæðum jarðar. Auknn vatnsskortur endurspeglar íbúafjölgun í borgum, uppurið grunnvatn, úrgang og mengun, og hin feikilega umfangsmiklu og alvarlegu áhrif af loftslagsbreytingum af mannavöldum. Afleiðingarnar eru skelfilegar: þurrkar og hungursneyð, fólk glatar lífsviðurværi sínu, sjúkdóma sem smitast í vatni breiðast út, nauðungarflutningar verða og jafnvel stríð. Grípa þarf til margháttaðra hagnýtra lausna, til dæmis betri vatnsumsjónar, betri tækni til að auka skilvirkni vatnsnotkunar og nýrra fjárfestinga sem ríkisstjórnir, einkageirinn og frjáls félagasamtök þurfa að taka höndum saman að ráðast í.

### Hagstæðar og skilvirkar lausnir

Ég hef séð slíkar lausnir í Þúsaldarþorpunum í sveitum Afríku, verkefni sem ég og starfssystkin mín réðumst í í samvinnu við fátæk þorp, ríkisstjórnir og fyrirtæki til að finna hagnýtar lausnir á mikilli örbirgð til sveita. Í Senegal gaf pípuframleiðandinn JM Eagle til dæmis meira en 100 kílómetra vatnsleiðslu, sem gerði fátækum samfélögum kleift að taka höndum saman við vatnsveitu ríkisins og færa þúsundum manna hreint vatn. Verkefnið hefur reynst svo hagstætt og sjálfbært að JM Eagle hefur ásamt öðrum fyrirtækjum ákveðið að ráðast í svipuð verkefni víðar í Afríku.

> *Vatnsvandinn á ekki eftir að gufa upp. Hann á þvert á móti eftir að ágerast þar til alþjóðasamfélagið bregst við. Röð nýlegra rannsókna hefur leitt í ljós hversu viðkvæmt vatnsjafnvægið er í mörgum fátækum og óstöðugum ríkjum.*

En vatnsskortur mun breiðast út í framtíðinni, bæði meðal fátækra og ríkra ríkja. Bandaríkjastjórn studdaði til dæmis að mikilli íbúafjölgun í þurrari ríkjum í suðvesturhluta landsins á undanförnum áratugum, þrátt fyrir yfirvofandi vatnsskort sem loftslagsbreytingar munu líklega auka til muna. Ástralir glíma líka við alvarlega þurrka á sínum helstu landbúnaðarsvæðum. Landsvæði við Miðjarðarhaf, þar á meðal í Suður-Evrópu og Norður-Afríku, mun líklega verða fyrir barðinu á alvarlegum þurrkum vegna loftslagsbreytinga.

### Fjölþætt vandamál

Eðli vatnskreppunnar verður hins vegar fjölbreytt og álagspunktarnir ólíkir eftir svæðum. Í Pakistan, sem er þurrt land fyrir, á til dæmis snaraukinn íbúafjöldi eftir að gera erfitt fyrir – íbúafjöldi fer úr 42 milljónum árið 1950 upp í 184 milljónir árið 2010 en íbúum gæti fjölgað upp í allt að 335 milljónir árið 2050 samkvæmt spám Sameinuðu þjóðanna. Það sem verra er: pakistanskir bændur eru þegar farnir að treysta á grunnvatn sem hefur verið dælt úr jörðu í of miklu magni. Þá er líklegt að jöklar Himalajafjalla, sem hingað til hafa séð ám og ósum Pakistan fyrir vatni, verði bráðnaðir árið 2050 vegna loftslagsbreytinga.

Lausnirnar á vandanum verða að vera á öllum stigum; það þarf að finna lausn fyrir hvert samfélag (samanber vatnsleiðslurnar í Senegal), meðfram árbökkum (jafnvel þvert á landamæri) og á heimsvísu til að sporna við verstu afleiðingunum af völdum loftlagsbreytinga. Varanlegar lausnir krefjast samstarfs milli ríkisstjórna, einkageirans og frjálsra félagasamtaka, sem erfitt getur verið að semja um og hafa umsjón með, þar sem aðilar í þessum ólíku geirum hafa oft litla reynslu af samvinnu hver við annan og vantreysta jafnvel hver öðrum.

### Sameinar sundraðan heim

Fæstar ríkisstjórnir eru nægilega vel búnar til að bregðast við alvarlegum vatnsskorti. Ráðuneyti sem hafa vatnsmál á sinni könnu eru yfirleitt mönnuð verkfræðingum og almennum embættismönnum. Varanlegar lausnir á yfirvofandi vatnsskorti krefjast hins vegar víðtækrar þekkingar á loftslagsmálum, vistfræði, landbúnaði, lýðfræði, verkfræði, hagfræði, stjórnmálum og staðháttum. Erindrekar stjórnvalda þurfa líka að geta unnið með heimamönnum, einkageiranum, alþjóðlegum samtökum og hugsanlegum velgjörðaraðilum.

Næsta skref ætti að vera að stefna saman forystumönnum á sviðum vísinda, stjórnmála og viðskiptalífs í löndum sem deila sams konar vandamálum í sambandi við vatnsskort – til dæmis Súdan, Pakistan, Bandaríkjunum, Ástralíu, Spáni og Mexíkó – til að leggja höfuðið í bleyti um mögulegar lausnir. Á slíkri samkomu myndu menn deila upplýsingum sem gætu mögulega bjargað mannslífum og heilu hagkerfunum. Það myndi líka undirstrika almenn sannindi: vandamálin sem lúta að sjálfbærri þróun eiga að sameina heim sem er sundraður af tekjum, trúarbrögðum og landafræði.

*Höfundur er hagfræðiprófessor og forstjóri Earth Institute við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate, 2008. (Millifyrirsagnir eru Fréttablaðsins.)*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# FJÖLGUM STÖRFUM með skynsamlegri nýtingu auðlinda

## Vinstri grænir og Samfylkingin eru ekki sammála um:

**DREKASVÆÐIÐ**
Heildarfjölgun starfa: 1000*

**HVALVEIÐAR**
Heildarfjölgun starfa: 400*

**STÆKKUN Í STRAUMSVÍK**
Heildarfjölgun starfa: 1200*

**HELGUVÍK**
Heildarfjölgun starfa: 600*

**ÁLVER Á BAKKA**
Heildarfjölgun starfa: 1500*

**KÍSILFLÖGUVERKSMIÐJA Í ÞORLÁKSHÖFN**
Heildarfjölgun starfa: 1400*

~~1000 STÖRF~~
Drekasvæðið




Við viljum nýta auðlindir og fjölga störfum

**ÁHUGAFÓLK UM ENDURREISN ÍSLANDS**

*Bein og afleidd störf

# Í upphafi skyldi endirinn skoða

**UMRÆÐAN**
Sigurður Oddsson skrifar um Orkuveitu Reykjavíkur


SIGURÐUR ODDSSON

Um daginn sagði Fréttablaðið frá því, að í mars hefðu þrír fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur (OR) farið til Japan að ræða við Mitsubishi um frestun á afhendingu 5 vélasamstæða, vegna tafa Norðuráls í Helguvík. Óskað var eftir frestun um 9 til 20 mánuði á afgreiðslu véla, sem átti að afgreiða á árunum 2010 til 2011. Fyrir tæpu ári kostuðu vélarnar 14 miljarða, sem í dag er hátt í 30 miljarða.

Það sem vakti mesta athygli mína í fréttinni var að „ekki er óskað eftir breytingum á greiðsluáætluninni, sem kveðið er á um í upphaflega samningnum“. Það segir að fjárhagsstaða OR sé það góð að hún getur beðið eftir álverinu á annað ár og greitt af vélunum á meðan, eins og ekkert hafi í skorist. Ég veit ekki um neinn annan, sem ekki hefur viljað og þurft að taka framleiðsluvélar í notkun um leið og helst áður en hann hefði greitt eða tekið lán fyrir þeim.

Það er vissulega ánægjulegt að Orkuveitan okkar sé ekki á flæðiskeri stödd. Spurningin er. Höfum við efni á að bíða? Er eftir svo miklu að slægjast í álinu að hægt sé að bíða í á annað ár? Ég held ekki. Líklegast selur OR rafmagn til álvera á lægra verði en Landsvirkjun (LV). Það fæ ég út frá yfirlýsingu forstjóra LV fyrir nokkrum árum, þegar hann vildi virkja við Þjórsárver. Hann sagði að fengist ekki hækkað vatnsyfirborð í fyrirhugaðri stíflu, þá hefði Norðurál ekki efni á að kaupa orkuna af LV. Varmaorkuverin komu þá og buðu rafmagnið á verði, sem Norðurál treystri sér til að greiða.

Þegar litið er til baka þá hafa álverin alltaf sagt okkur áður en framkvæmdir hófust, hvað þau séu tilbúin að greiða fyrir orkuna. Í Þjórsárveradæminu var LV greinilega búin að semja á kostnaðarverði miðað við hærra yfirborð í stíflu og hafði ekkert svigrúm til verðlækkunar miðað við lægra yfirborð. Kannski sem betur fer. Þannig var líka búið að semja um verð til Alcoa löngu áður en framkvæmdir hófust við Kárahnjúka. Hefðu framkvæmdir hafist aðeins seinna, þegar „góðærið“ stóð sem hæst, er ekki víst að við ættum Landvirkjun í dag. Það liggur í því að söluverð orku er tengt heimsmarkaðsverði á áli. Það hefði getað verið hrunið, þegar virkjunin komst í gagnið og orkusalan e.t.v. ekki staðið undir kostnaði við Kárahnjúka. Í þannig stöðu er líklegt að Alcoa og/eða Rio Tinto hlypu undir bagga og yfirtækju skuldaklafa LV.

Ég hefi velt fyrir mér, hvað þjóðin fær fyrir Norðurál í Helguvík. Miðað við að það taki 4-5 ár að byggja álverið fá um 2.000 manns vinnu í 4-5 ár við byggingu orkuvers + álvers. Að þeim tíma liðnum fá um 500 manns vinnu í álverinu. Ég geri ráð fyrir að mannvirki til orkuöflunar kosti 100 milljarða eða meir. Miðað við það borgum við fyrir hvert starf í nýju álveri um 200 milljón krónur eða meir! Mikið svakalega skyldi ég skaffa mörgum sinnum fleiri en þrjú störf fengi ég 600 millur til ráðstöfunar. Gjaldeyrissparandi og gjaldeyrisskapandi störf. Greiðslur til OR fyrir Helguvíkurraforkuna fara 100% næstu áratugina í að greiða niður lán vegna orkuversins.

Skyldi ekki vera þjóðhagslega hagkvæmara að fjárfesta í t.d. gagnaverum eða í fullvinnslu sjávarafurða og ferðaþjónustu?

Nú gefst OR gullið tækifæri að kanna, hvað annað en sala til álvera sé í boði fyrir orkuna. Núverandi orkumálastjóri ætti að byrja strax að undirbúa jarðveginn. Óska eftir tilboðum í þau MW, sem við getum afhent á árunum 2012-2014. Útboðslýsing ætti að taka mið af því, sem best kemur íslensku þjóðinni. Taka skýrt fram að við viljum alveg eins fá nokkrar minni verksmiðjur en eina stóra og að græn framleiðsla, sem þarf marga starfsmenn, hafi meira vægi en framleiðsla, sem skaffar hlutfallslega fáum vinnu og krefst undanþágu frá Kyotosamningnum.

*Höfundur er verkfræðingur.*

# Í dag ertu frjáls

**UMRÆÐAN**
Jón Líndal skrifar um alþingiskosningar


JÓN LÍNDAL

Í dag getur þú valið frelsi úr kreppu og höftum. Komist til áhrifa á Alþingi Íslendinga. Lýðræðishreyfingin er eina stjórnmálahreyfingin sem mun gefa þér málfrelsi og ákvarðanafrelsi í beinu og milliliðalausu lýðræði á Alþingi.

Í dag getur þú fengið frelsi undan ánauð flokksræðis. Gefið mútuþægum pólitíkusum langt nef. Veittu þeim ærlega refsingu með því að eiga þína eigin rödd og þitt eigið atkvæði á Alþingi.

Í dag skrifum við Íslandssöguna. Þetta er dagurinn sem þjóðin getur gert sögulegar lýðræðisumbætur og rekið spillinguna á dyr.

xP Lýðræðishreyfingin er eini raunhæfi kosturinn ef þú vilt byggja nýtt Ísland. Enginn annar býður þér að virkja þitt atkvæði á Alþingi. Þú þarft ekki að afsala þér atkvæðisrétti næstu fjögur árin. Í Lýðræðishreyfingunni áttu þína rödd og þitt atkvæði á Alþingi sem þú getur nýtt þér hvenær sem þú vilt.

Við ætlum að sækja þýfið, þau hundruð milljarða sem útrásarvíkingarnir stálu af þjóðinni og nota öll tiltæk ráð til að ná lögum yfir spilltu grísina. Við munum beita hryðjuverkalögum eins og Bretar gerðu gegn Landsbankanum þannig að öll sund lokist hjá spilltum útrásarvíkingum erlendis og þeir verði nauðbeygðir að koma heim og skila peningunum.

Við munum markaðssetja Ísland sem land tækifæranna um allan heim og byggja upp nýja atvinnuvegi, nýja skattstofna og tekjur. Við munum semja við eigendur jöklabréfanna og fá þeim umbreytt í langtíma fjárfestingarsjóð atvinnulífsins til að fá erlendu fjárfestana með í að byggja upp nýtt Ísland og losa þannig þrýsting af krónunni.

Við munum hagræða í stjórnkerfinu og ríkisreksrinum án skattahækkana. Við munum ekki leggja aukna skatta á aðþrengd heimili. Með víðtækri atvinnuuppbyggingu stækkum við kökuna og náum í nýja skattstofna.

Við ætlum ekki á þing fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem hefur bannað núverandi ríkisstjórn að gera það sem mestu skiptir, að lækka vextina. Við ætlum á þing til að vinna að hag fyrirtækja og fólksins í landinu.

Við viljum stöðva hrunið og tryggja störfin sem enn eru eftir í landinu, ásamt því að skapa ný störf og hjálpa heimilum út úr vandanum sem þegar er við að eiga.

Við munum fá hingað færustu hagfræðinga heims til að aðstoða okkur við að umbreyta íslensku bönkunum úr sveitasparisjóðum í öflugar alþjóðlegar fjármálastofnanir. Þannig færum við súrefni í allt efnahagslífið, lækkum vexti og styrkjum gjaldmiðilinn.

Merktu xP á kjörseðilinn, það er eina raunhæfa lausnin úr kreppunni.

*Höfundur er frambjóðandi Lýðræðishreyfingarinnar.*

# Hver ber ábyrgð á bankahruninu?

**UMRÆÐAN**
Ólöf Nordal skrifar um bankahrunið


ÓLÖF NORDAL

Þegar horft er til þess að ástæða þess að boðað var til alþingiskosninganna nk. laugardag, tveimur árum fyrr en hefðbundið kjörtímabil átti að renna út og bankahrunið sl. haust hefur verið ótrúlega lítið fjallað um raunverulegar orsakir þessa hruns.

Glöggt er gests augað, segir í málshættinum. Fyrir nokkrum vikum skilaði finnskur bankasérfræðingur, Kaarlo Jännäri, fyrrverandi forstjóri finnska fjármálaeftirlitsins, sem ríkisstjórn Geirs H. Haarde hafði fengið til þess að leggja mat á lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur, en matið er hluti af samkomulagi stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sérfræðingurinn var einkum beðinn um að meta regluverk varðandi lausafjárstýringu, lán til tengdra aðila, stórar stöðutökur, krosseignarhald og loks mat á hæfi eigenda og stjórnenda.

Í skýrslu Kaarlo Jännäri, sem birt var 30. mars sl., telur hann að hrun íslenska bankakerfisins megi rekja til fjölda þátta sem hægt væri að lýsa – eins og gert var í Noregi þegar bankakreppan þar í landi var metin – sem blöndu af slæmum bankarekstri, rangri efnahagsstefnu og óheppni þar sem alþjóðlega fjármálakreppan hafi í raun gert endanlega út um íslenska bankakerfið.

Það hefði mátt búast við því að þessi greining og þau atriði sem fjallað er um í skýrslu finnska sérfræðingsins hefðu orðið fyrirferðarmikil í kosningabaráttunni. Nei, það er eins og menn hafi sammælst um að þegja þessa skýrslu í hel, alla vega forystumenn vinstri stjórnarinnar og Framsóknarflokksins.

Það er reyndar ekki undarlegt í ljósi þess sem finnski sérfræðingurinn segir um aðdraganda bankahrunsins!

Hann tiltekur þrjú atriði sem meginástæðu bankahrunsins:

Í fyrsta lagi afdrifarík mistök af hálfu stjórnenda bankanna sjálfra sem hafi farið út á braut afar áhættusamra viðskipta sem síðan reyndust loftbólur. Þetta þýðir á mannamáli að stjórnendur bankanna beri meginábyrgðina á bankahruninu. Ekki stjórnvöld. Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart enda í samræmi við bæði fyrri bankakreppur í öðrum löndum og það sem hefur verið að gerast í löndunum í kringum okkur að undanförnu.

Um hvað snýst umræðan hér heima? Nei, það er varla minnst á ábyrgð eigenda bankanna heldur er reynt að skella allri skuldinni á tiltekinn flokk, í þessu tilviki á Sjálfstæðisflokkinn einan allra flokka. Þetta er auðvitað fjarstæða enda þarf ekki annað en skoða hverjir eru í forsvari fyrir þá auðjöfra sem settu íslenka bankakerfið á hliðina til þess að sjá að þeir eru fæstir í stuðningsmannahópi Sjálfstæðisflokksins. Alla vega ekki Jóhannes í Bónus sem birti heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu fyrir síðustu kosningar þar sem hann hvatti landsmenn til að kjósa ekki Sjálfstæðisflokkinn. Eða son hans, Jón Ásgeir, sem varla þarf að hafa fleiri orð um.

Í öðru lagi nefnir finnski sérfræðingurinn ákveðin hagstjórnarmistök sem einkum hafi falist í því að aðgerðir Íbúðalánasjóðs, í kjölfar hækkunar lánshlutfallsins upp í 90% árið 2004 fyrir atbeina Framsóknarflokksins sem leiddu til innkomu bankanna á íbúðalánamarkaðinn í miklu ríkari mæli en áður, hafi unnið gegn hagstjórnaraðgerðum Seðlabankans sem miðuðu að því að draga úr þenslu í efnahagslífinu. Sömuleiðis telur hann að Fjármálaeftirlitið hafi ekki haft nægilega öflugar lagaheimildir til að hamla gegn útþenslu bankakerfisins.

Í þriðja lagi nefnir hann hina alþjóðlegu fjármálakreppu sem örlagavald í bankahruninu. Hann telur að ef ekki hefði komið til hinnar algjöru frystingar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í kjölfar gjaldþrots bandaríska fjármálarisans, Lehman´s Brothers, um miðjan september sl., hefði íslenska bankakerfið hugsanlega getað lifað af.

Það vekur óneitanlega athygli, alla vega óháðra álitsgjafa, að finnski fjármálasérfræðingurinn nefnir Sjálfstæðisflokkinn hvergi á nafn sem sökudólg í bankahruninu. Ólíkt því sem sjálfskipaðir sérfræðingar og svokallaðir álitsgjafar þjóðarinnar hafa gert. Sem reyndar, við nánari skoðun, tilheyra annaðhvort Samfylkingunni eða Vinstri grænum, eða hvoru tveggja.

Staðreyndin er nefnilega sú að bankakreppan stafaði af óábyrgri hegðan stjórnenda bankanna og óeðlilega mikilli og óafsakanlegri áhættu- og græðgissókn þeirra. Það er þessi hegðan sem kom íslenska bankakerfinu á hausinn og það er þessi hegðan sem við þurfum að borga fyrir á næstu árum. Vonandi sjá þeir sem voru mestu gerendurnir í þessum hildarleik að sér í tæka tíð þannig að reikningurinn lendi ekki allur á íslenskum skattborgurum.

En það krefst sjálfstæðrar og óháðrar umfjöllunar íslenskra fjölmiðla! Hvenær skyldi það gerast?

*Höfundur er alþingismaður.*

# Af launaþróun og skattpíningu

**UMRÆÐAN**
Karólína Einarsdóttir skrifar um launaþróun


KARÓLÍNA EINARSDÓTTIR

Það voru sláandi fréttir sem birtust í fjölmiðlum landsins í vikunni af rannsókn af launaþróun landsmanna á þeim tíma sem Sjálfstæðisflokkurinn réð hér landi og láði. Niðurstöðurnar sýna að þeir sem hæst höfðu launin í upphafi tímabilsins hafa hækkað átjánfalt í launum á meðan lægstu launin hafa aðeins hækkað um rúman þriðjung. Þessar niðurstöður eru í besta falli ólíðandi en um leið sýna þær svart á hvítu fyrir hvaða stétt samfélagsins Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að vinna.

**Dulbúin skattpíning**

En það er ekki nóg með að Sjálfstæðisflokkurinn hafi skapað þetta óeðlilega launaumhverfi í sinni valdatíð heldur afnam hann hátekjuskatt með öllu. Með þeim aðgerðum vann hann enn frekar að launamisréttinu. En það var ekki það eina sem gerðist, með afnámi hátekjuskatts varð ríkissjóður af tekjum og vinna þurfti upp það tekjutap. Mörgum má vera ljóst að það var gert með aukinni gjaldheimtu og álögum hvort sem um var að ræða í almannaþjónustu eða annars staðar. Færri gera sér þó grein fyrir að þetta hefur komið verst niður á þeim sem lágar hafa tekjurnar sem þurfa nú að fara að greiða meira af lágum launum sínum fyrir nauðsynlega þjónustu. Aukin gjaldtaka og álögur er náttúrlega ekkert annað en dulbúin skattlagning. Það má því færa rök fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi blákalt lagt á lágtekjuskatt í sinni valdatíð, þar sem lágtekjufólk borgar hlutfallslega miklu meira en hálaunafólk af tekjum sínum fyrir þjónustu á vegum ríkisins.

**Leiðrétting á launamisrétti**

Vinstri græn hafa einn flokka komið með raunhæfar hugmyndir um aðgerðir til að brúa þá miklu gjá sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir sig. Þau hafa sýnt fram á að réttlátast sé að fara blandaða leið, þ.e. með auknum tekjum í ríkissjóð, t.d. í formi hátekjuskatts, og með niðurskurði í ríkisrekstrinum. Á þann hátt er hægt að vernda þau þúsundir starfa sem annars myndu tapast ef eingöngu yrði farið í niðurskurð eða „hagræðingu“ eins og Sjálfstæðisflokkurinn boðar. En hátekjuskattur er ekki eingöngu leið til að verja störf hjá hinu opinbera heldur er hann ein þeirra leiða sem getur spornað við þessari óheillaþróun í launamálum og leiðrétt það mikla launamisrétti sem hefur fengið að viðgangast í okkar samfélagi.

Veljum réttlátt samfélag, veljum Vinstri græn.

*Höfundur skipar 9. sæti á lista VG í Kraganum.*



# Sumarlitirnir komnir




# Hver er þinn litur?



**Sjá nánar á www.betrabak.is**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18  Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK


Fjölskylduh

# átíð í dag!!!

## Í dag milli kl. 12 og 17 heldur Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, opinn dag og jafnframt verður haldin Handverks- og frístundahátíð Reykjanesbæjar.

Líf og fjör verður um alla Ásbrú sem er nafn á uppbyggingu þeirri sem hefur átt sér stað á fyrrum varnarsvæði Nató á Keflavíkurflugvelli.

Keilir verður með lifandi kynningar á Háskólabrú, Háskólastoðum, mekatróník tæknifræði, orkutæknifræði, flugfreyju/-þjónanámi, flugnámi, flugumferðarstjórn, frumkvöðlanámi og ÍAK einkaþjálfara- og íþróttaþjálfaranámi.

Kadeco kynnir Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, og verkefni sem unnið er að á svæðinu.

Komdu og kynntu þér fjölbreytt námsframboð, glæsilega íþróttaaðstöðu og rúmgóðar íbúðir.

## Fjör fyrir alla fjölskylduna!

Tómstundatorgið býður hressum gestum að prófa línuskautahöllina og risastóra innileikvöllinn. Hoppukastali, pylsur, svali og andlitsmálun fyrir krakkana. Frítt verður í strætó um alla Ásbrú svo gestir geta ferðast milli skemmtiatriða og kynninga.

## Handverks- og frístundahátíð Reykjanesbæjar

List- og handverksfólk verður með sýningar- og sölubása, tómstundahópar kynna starfsemi sína, Virkjun kynnir verkefnið “hugmyndir vantar fólk”, kórar og söngsveitir taka lagið og margt fleira svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

**Kynnið ykkur dagskrána á Keilir.net**



ÁSBRÚ

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs




# Dýrmætur mannauður

**UMRÆÐAN**
Birna Kristín Svavarsdóttir


BIRNA KRISTÍN SVAVARSDÓTTIR

Ég hef ákveðið að bjóða fram mína krafta og tekið fimmta sæti á lista framsóknarmanna í Reykjavík norður. Ég hef alla mína starfsævi unnið við hjúkrun, stjórnun og umönnun aldraðra.

Heilbrigðismál eru mér því mjög hugleikin og við framsóknarmenn viljum tryggja öllum landsmönnum möguleika á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á.

Ég legg mikla áherslu á að vernda og styrkja aðgengi einstaklinga að grunnþjónustunni. Almenningur þarf að hafa gott aðgengi að heilsugæslunni, það verður að leggja höfuðáherslu á heilsuvernd og forvarnastarf því þetta skilar sér margfalt til baka til þjóðfélagsins. Ég vil standa vörð um trygga þjónustu fyrir aldraða og sjúka.

Til að þetta sé hægt þá þarf að forgangsraða og í því samhengi að líta til nágrannalanda okkar eins og t.d. Norðurlandanna og skoða með hvaða hætti málin hafa verið leyst þar. Heilsugæslan á að sjálfsögðu að vera fyrsti valkostur sjúklinga. Skoða þarf enn frekar lyfjanotkun og reyna að stýra henni á sem ódýrastan hátt. Aukin samvinna við hin Norðurlöndin er áhugaverður kostur í þessu sambandi. Sama á við um aðrar rekstrarvörur í heilbrigðisgeiranum. Ég tel að stefna skuli að byggingu hátækni-háskólasjúkrahúss sé þess nokkur kostur og skoða vandlega færar leiðir.

Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn eru dýrmætur mannauður sem vinnur við þröng skilyrði og mikið álag alla daga og mikilvægt að missa ekki þetta vel menntaða fólk úr landi. Hlúum að þeim.

*Höfundur er hjúkrunarforstjóri Eirar hjúkrunarheimilis.*

# Kvótakerfið

**UMRÆÐAN**
Lilja Skaftadóttir skrifar um kvótakerfið


LILJA SKAFTADÓTTIR

Hvernig stendur á því að frambjóðendur stjórnmálaflokkanna fara enn ríðandi um héruð lofandi því að afnema kvótakerfið eða sníða af því agnúa? Þessi hringferð hefur staðið yfir frá því kvótakerfið var sett á en þó sérstaklega eftir að leyfilegt varð að framselja veiðiheimildir árið 1990. Óánægjan með kvótakerfið er viðvarandi og vonbrigðin með árangurinn einnig. Hvernig má það vera að kerfi sem almennt var álitið óréttlátt og skila litlum árangri náði að festa sig svo kirfilega í sessi á Íslandi?

Svar Borgarahreyfingarinnar liggur fyrir: Svo óvinsælt og ósanngjarnt kerfi hefði aldrei komist á ef almenningur úti um byggðir landsins hefði haft meira um brýnustu hagsmunamál sín að segja. Til dæmis ef almenningur hefði haft meira um það að segja hvaða fulltrúar hans völdust á Alþingi. Til dæmis ef tiltekið hlutfall almennings hefði getað knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál. Af þessum sökum setur Borgarahreyfingin fram kröfur um persónukjör, stjórnlagaþing og þjóðaratkvæðagreiðslur. Það eru mjúku málin sem hin svokölluðu hörðu mál velta á þegar upp er staðið.

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna sveik loforð sitt um persónukjör eins og að drekka vatn. Borgarahreyfingunni er aftur á móti dauðans alvara með lýðræðiskröfum sínum. Borgarahreyfingin vinnur að því að almenningur á Íslandi geti borið hönd fyrir höfuð sér og varið hagsmuni sína og réttindi. Ef rétt reynist að kvótinn sé að meira eða minna leyti kominn aftur í hendur ríkisins, þá er það brýnna en nokkru sinni.

Viltu enn eina hringferð með gömlu flokkunum? Breyttu heldur til 25. apríl. Settu X við O.

*Höfundur er frambjóðandi Borgarahreyfingarinnar í Norðvesturkjördæmi.*


# Virðisaukinn endurgreiddur

Nú færðu allan virðisaukaskattinn endurgreiddan af greiddum vinnulaunum við framkvæmdir við íbúðarhúsnæði eða sumarbústað, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða eldra húsnæði sem þarfnast viðhalds eða viðbóta. Endurgreiðslan verður í boði til 1. janúar 2011.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is/vsk.**



SI Samtök iðnaðarins - www.si.is


# Ríkisstjórn á réttri leið

**UMRÆÐAN**
Stefán Ólafsson skrifar um ríkisstjórnina


STEFÁN ÓLAFSSON

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur náð miklum árangri á stuttum tíma, þrátt fyrir að vera í minnihuta á þingi. Flokkarnir starfa augljóslega vel saman. Stjórnin hefur náð tökum á hinu erfiða ástandi, gert nauðsynlegar breytingar í lykilstofnunum, komið uppgjörsmálum vegna hrunsins í trausta farvegi og náð þeim árangri við útfærslu endurreisnaráætlunar AGS að nú hillir undir að bankarnir fari að geta starfað eðlilega fyrir atvinnulíf og heimili. Margvísleg mildandi úrræði fyrir heimili og fyrirtæki hafa verið innleidd þrátt fyrir þröngan fjárhag. Fleiri úrræði munu þurfa að fylgja. Fólk finnur að málin eru að fara í rétta átt.

Samfylkingin og Vinstri grænir eiga það sameiginlegt að aðhyllast lýðræðislega jafnaðarstefnu og norræna velferðarsamfélagið. Það er mikilvægasti grunnur samstarfs þeirra til lengri tíma. Það voru einmitt sambærilegir stjórnmálaflokkar, jafnaðarmenn og aðrir vinstri menn, sem byggðu upp skandinavísku velferðarríkin á löngum stjórnartíma. Þeirra eru farsælustu samfélög jarðarinnar, sem koma best út úr öllum alþjóðlegum samanburði á lífskjörum almennings, samfélagsgæðum, samkeppnishæfni atvinnulífs og nýsköpun. Þangað eigum við Íslendingar nú að leita fyrirmynda í því sem best hefur tekist hjá frændum okkar og vinum. Í staðinn eigum við að hverfa frá hinni bandarísku öfgafrjálshyggju sem innleidd var hér í vaxandi mæli frá 1995.

Stefnan í Evrópumálum greinir stjórnarflokkana hins vegar að. Samfylking leggur ríka áherslu á aðildarumsókn strax, sem borin verði svo undir þjóðina. V-G eru andvíg aðild, en hafa þó sagt að þau vilji leyfa þjóðinni að ráða. Það er allt sem þarf. Þess vegna verður að sækja um aðild til að fá upp á borð hvaða skilyrði bjóðast svo þjóðin geti tekið afstöðu til þeirra. Sjálfur tel ég miklar líkur á að þjóðin felli jafnvel góðan aðildarsamning. Ef svo fer þarf nýja leið, því krónan hefur brugðist okkur. Þessi mál þarf að útkljá án tafar.

Mikilvægast er að núverandi stjórnarflokkar starfi vel áfram með traustan meirihluta, sem þarf til að taka erfiðar ákvarðanir á endurreisnartímanum. Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon eru trygging almennings fyrir því að heiðarleika, vinnusemi og sanngirni verður gætt í því sem framundan er.

*Höfundur er prófessor.*


512 50 50 Auglýsingasími




– Mest lesið

# Skotheld tilboð




**acer**

**Acer Extensa 5230**
- 2.0Ghz Intel Celeron M 575 Centrino með 1MB flýtiminni
- 1GB DDR2 667MHz 200pin
- 160GB SATA hljóðlátur 5400RPM
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- Innbyggt þráðlaust 802.11bgn netkort með loftneti í skjá
- 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
- Windows Vista Home Basic

**69.999**

DVD myndin Transporter 3 með Jason Statham fylgir öllum fartölvum í BT

**FYLGIR**

## Myndavél




**OLYMPUS**

**Olympus FE 45**
- 10.0 megapixlar
- 2.5" LCD skjár
- 3x optical zoom
- 100-1600
- Dual image stabilization
- Advanced face detection
- Notar AA battery

**19.999**

**100 framköllaðar MYNDIR FYLGJA**

## Fartölva



**TOSHIBA**

P300-1DA
- Intel Pentium Dual-Core T3200 2.0GHz
- 3 GB DDR 800 MHz
- 250GB SATA 5400rpm diskur
- 17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
- 256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
- 1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
- Windows Vista Home Premium

**149.999**




**TOSHIBA**

**Toshiba Satellite Pro L300-1DT**
- Örgjörvi : Intel Pentium Dual Core T3400 2.16 GHz
- Minni : 2GB DDR2 667MHz
- Harður diskur : 160GB 5400RPM
- Geisladrif : DVD SuperMulti DL
- Skjár : 15.4" WXGA TruBrite
- Skjákort : Mobile Intel Series 4
- Þráðlaust netkort : 54Mbps 802.11 a/b/g
- Stýrikerfi : Windows Vista Home Basic
- Sérstakir eiginleikar : 0.3 MP Vefmyndavél




**89.999**

**FYLGIR**

BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

# Tvöfaldur sigur fyrir mig

Athygli vakti þegar úrslit voru kunngerð sjónvarpssal í Eurovision-keppninni hér heima að lagahöfundurinn sjálfur var víðsfjarri. **Óskar Páll Sveinsson** horfði ekki einu sinni á keppnina í sjónvarpinu því þar sem hann var eru símar og sjónvörp bönnuð. Óskar Páll sagði *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* frá baráttu við Bakkus og Moskvuævintýri sem fram undan er.

Óskar Páll dvaldi á Vogi laugardagskvöldið sem Eurovision-keppnin fór fram. Á Vogi eru sjónvörp ekki í boði og hann segist hafa verið mátulega afslappaður þetta kvöld. Eftir keppnina hringdi hann í bróður sinn og fékk að vita að lagið hefði verið valið til að keppa fyrir Íslands hönd í Eurovision-keppninni í Moskvu. Hann segir að ekki frekar en aðrir sjúkdómar sem fólk þarf að kljást við sé það feiminismál fyrir hann að segja frá því að hann hafi verið í áfengismeðferð. Sjúkdómurinn alkóhólismi sé sú veiki sem hann þurfi að berjast við í lífinu.

**Hóf meðferðina eftir forkeppnina**

„Ég hef verið mjög meðvitaður um minn sjúkdóm, allt frá því að ég var um tvítugt. Ég er með þetta miður skemmtilega gen, sem gerir það að verkum að heilinn í mér bregst öðruvísi við áfengi en heilinn í venjulegu fólki. Í stað þess að verða hress og skemmtilegur verð ég leiðinlegur og vil helst ekki hætta drykkjunni. Sem betur fer er til mjög einföld leið til að halda þessum sjúkdóm niðri – einfaldlega að drekka ekki,“ segir Óskar Páll. Hann kom af Staðarfelli úr mánaðarmeðferð fyrir um tveimur vikum og segir sér sjaldan hafa liðið jafn vel. Hann hóf meðferðina eftir forkeppni Eurovision, þegar lagið Is it True? var komið í úrslit. Hann fékk bakslagið hins vegar um áramótin og segir að það hafi aldrei verið spurning fyrir sig að leita sér lækninga strax.

**Bransinn ekki skemmt fyrir**

Óskar Páll er einn okkar fremsti tónlistarupptökustjóri og hefur unnið með helstu kanónum Íslands í fjölda ára; Bubba, Sálinni, Mannakornum, KK, Ellenu Kristjáns og fleirum. Hann bjó líka í Bretlandi í tíu ár og var þar, eins og frægt er orðið, með sjö ára samning sem lagahöfundur við Sony. Þar vann hann tónlist með ekki smærri nöfnum en Robbie Williams, Simon Cowell, Depeche Mode og fleirum. Bransinn hefur ekkert gert það erfiðara fyrir hann að halda sig fjarri áfenginu? „Nei, það þekkist ekki í dag, sérstaklega ekki á mínu sviði þar sem nær öll vinnan fer fram í stúdíóinu. Þannig að þar var aldrei neinn þrýstingur.“

**Hætti fyrst að drekka um tvítugt**

Óskar segir sína lukku í lífinu, annað en margra alkóhólista, vera þá að hafa getað haldið sig fjarri áfengi mestan part ævinnar. „Um tvítugt var mér orðið ljóst að ég gæti einfaldlega ekki drukkið. Og upp úr tvítugu drakk ég ekkert í einhver sjö til átta ár. Ég hef haft sterkan vilja hvað þetta varðar og verið mjög meðvitaður um að ég get einfaldlega ekki, hef ekki líkamlega getu, til að drekka. Ég fór ekki í meðferð um tvítugt heldur ákvað að hætta sjálfur. Ég var svo óvirkur að mestu leyti eftir það en tók almennilega til í mínum málum fyrir um fimm árum og hætti þá alveg að drekka. Nema hvað að þarna um áramótin féll ég og þá var ekkert annað að gera en að taka strax á því.“ Óskar Páll segir að eitt skipti í drykkju eftir að hafa farið í meðferð sé nóg til að vera fallinn. „Það er mikil sjálfsblekking þegar alkóhólistar telja sér trú um að þeir geti höndlað „smá drykkju“ – léttvín eða bjór stöku sinnum. Ef þú þjáist af þessum sjúkdómi þarftu að lifa með honum og gera þér grein fyrir að áfengið getur tekið völdin ef þú snertir á því. Mér nægðu tvö skipti eftir áramót þar sem ég drakk til að vita að ég þyrfti að fara í meðferð.“



> Það er mikil sjálfsblekking þegar alkóhólistar telja sér trú um að þeir geti höndlað „smá drykkju“ – léttvín eða bjór stöku sinnum. Ef þú þjáist af þessum sjúkdómi þarftu að lifa með honum og gera þér grein fyrir að áfengið getur tekið völdin ef þú snertir á því.

**VISSI AÐ HANN YRÐI STRAX AÐ TAKA Á SÍNUM MÁLUM** Óskar Páll Sveinsson segir að það hafi nægt honum að drekka tvisvar sinnum til að skrá sig í stífa áfengismeðferð. Hann stundi ekki sjálfsblekkingar hvað alkóhólismann varðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Hnýtir síðustu lausu endana**

Óskar Páll segir það vera mikil forréttindi að geta gengið að meðferðarpakkanum hjá SÁÁ. Í flestum öðrum löndum í heiminum þurfirðu að vera milljarðamæringur til að komast í svona dvöl sem þeir bjóði upp á. „Ég hugsa að það séu ekki margir sem átta sig á því hvað við erum heppin að hafa þetta batterí hér til staðar. Ráðgjafarnir eru þarna hver öðrum betri og starfsemin öll frábær. Íslendingar eru hins vegar almennt frekar fordómalitlir þegar kemur að alkóhólisma og ég hugsa að það sé mikið til starfsemi SÁÁ að þakka. Við erum mjög meðvituð um að þetta er sjúkdómur. Að ákveðnar heilastöðvar hjá mér fúnkera öðruvísi en hjá öðru fólki. Með nýrri tækni er hægt að ná myndum af þessum stöðvum og hvernig þær virka.“ Eftir að Óskar kom í bæinn tók við mikil vinna við að undirbúa ferðina út. Það hefur verið í mörg horn að líta. „Á meðan ég dvaldi á Staðarfelli var mikið af góðu fólki búið að vinna gríðarlega góða vinnu eins og til að mynda María Björk, umboðskona Jóhönnu Guðrúnar. Það hefur verið afar gott að hafa hana með í þessum pakka. Nú er verið að hnýta síðustu lausu endana.“

**Áður sigrað í Eurovision**

Óskar Páll er ekki að fara út með Eurovision-lag í fyrsta skipti því hann hljóðblandaði og tók upp sigurlag Noregs árið 1995 og fór út til Svíþjóðar með Stjórninni á sínum tíma. Hann segir það hafa verið mikla gulrót að fara inn í keppnina vitandi það að komast kannski til Rússlands. Lagið sjálft var hins vegar aldrei samið með Eurovision í huga.

„Þegar við unnum keppnina með norska laginu urðum við satt best að segja mjög hissa. Við héldum eiginlega að við yrðum í neðsta sæti því lagið var ekkert „Eurovison-legt“ og sent inn að beiðni norska sjónvarpsins sem var óánægt með þau lög sem send voru inn. Is it True? er ekki heldur í takt við Eurovision-formúluna og á því kannski bara líka góða möguleika, það er mun melódískara en lögin sem yfirleitt keppa.“ Is it True? er samið af Óskari á Bretlandsárum hans fyrir söngkonuna Tinatin Japaridze sem bjó þá úti í London. Hann, Tina og Christopher Neil sömdu lagið saman en Óskar segir að hann hafi þó komið meira nálægt laginu og þau textanum. „Þetta var partur af minni vinnu fyrir Sony, að semja fyrir plötuna hennar Tinu. Síðan dróst að hún gæfi út plötuna og á meðan breyttist tónlistarstíll hennar nokkuð þannig að þetta lag var á lausu núna þegar auglýst var eftir lögum í forkeppnina.“

**Hefðu fáar söngkonur getað sungið Is it True?**

Óskar Páll fékk grænt ljós á að nota lagið og næsta skref var því að finna flytjanda. „Ég var lengi að velta því fyrir mér hver gæti sungið lagið því það krefst þess að þú hafir mikla og sterka rödd og komist hátt upp. Það hefðu alls ekki margir getað sungið lagið og í raun bara örfáar söngkonur sem ráða við það.“ Óskar Páll segir að Jóhanna Guðrún hafi strax komið upp í hugann. „Ég talaði við hana og hún var strax til í þetta og ég var í skýjunum með það. Ég hafði fylgst með henni í gegnum tíðina og einu sinni unnið með henni og vissi hvað hún gat. Hún hefur hæfileika á heimsmælikvarða og er ein af þeim söngkonum sem er jafngóð á sviði og í stúdíói. Mér fannst í raun ótrúlegt að enginn annar hefði beðið hana að syngja og prísaði mig bara sælan.“

**Húð á fæti og bændanábýlið í Kjós**

Óskar Páll er með stúdíó á heimili sínu hann býr í sveitasælu í Kjósinni eins og maðurinn sem hann hefur unnið einar tíu plötur með – Bubbi Morthens og bróðir hans Tolli. Samfélagið í Kjósinni samanstendur af um tíu heilsárshúsum við vatnið, þar sem Óskar Páll býr ásamt unnustu sinni, Ölmu Guðmundsdóttur, og svo nokkrum bóndabýlum í kring. Hann segir sambýlið við bændurna frábært og segir það toppinn á tilverunni að geta rennt fyrir silung í kvöldmatinn eins og hann gerði í gærkvöldi. Þó er bara um 35 mínútna akstur í bæinn. „Við höfum fengið mjólkurvörur og kjöt frá bændunum en þetta er afskaplega vinalegt samfélag og þegar við vorum að flytjast hingað voru allir boðnir og búnir að koma og hjálpa til. Þegar kom svo að því að okkur langaði í nautshúð á stofugólfið var farið með bóndanum á Meðalfelli og hjörðin skoðuð. Síðan völdum við okkur húð á fæti.“ Óskar Páll tekur fram að til stóð að fækka í nautgripahópnum. „Ég sótti húðina svo alblóðuga á Selfoss og kom henni í sútun á mínar æskuslóðir á Sauðárkróki. Og nú er hún á stofugólfinu blessunin.“



**FARA ÚT Í NÆSTU VIKU** Það styttist í að Óskar Páll og Jóhanna Guðrún leggi í hann til Moskvu. Óskar Páll hefur fylgst með söng Jóhönnu Guðrúnar frá því að hún var 14 ára og segir að fáar íslenskar söngkonur hafi komið til greina fyrir lagið.

## ➜ FERILLINN Á HUNDAVAÐI

Óskar Páll hóf feril sinn sem upptökumaður hjá útvarpinu og vann þar frá því hann var um tvítugt. Þar fékk hann grunninn í upptökutækni. Hann hafði lengi átt þann draum að vinna í stúdíóum, alveg síðan hann var krakki og fékk störf í hinum og þessum stúdíóum úti í bæ og lærði af Didda fiðlu, Gunnari Smára og fleiri góðum mönnum. Fljótlega upp úr því fékk hann það verkefni að taka upp heila plötu með Mannakornum og eftir það, en sú plata gekk mjög vel, var nóg að gera. Óskar byrjaði ungur að vinna með Bubba Morthens og þar sem skortur var á hljóðupptökumönnum í tónlistargeiranum hætti Óskar Páll hjá útvarpinu og sneri sér alfarið að stúdíóvinnu. Óskar Páll starfaði meðal annars í Bretlandi í tíu ár og vann þar með mönnum eins og Robbie Williams, Simon Cowell, Peter Gabriel, Seal, Depeche Mode hljómsveitinni og fleirum. Sem upptökustjóri náði hann tvisvar sinnum toppsæti breska vinsældalistans fyrst með S Club 7, Never had a dream come true og síðan með Will Young og laginu Anything is possible, fyrrnefnda lagið náði einnig inn á topp tíu listann í Bandaríkjunum. Í dag rekur Óskar Páll eigið hljóðupptökufyrirtæki: Draumur í Kjós, og vinnur þar með listamönnum, innlendum og erlendum.


www.ellingsen.is
KVEIKJUM
undir grillunum
Verð
54.900 kr.
4.575 kr.
léttgr. í 12 mán.
ELLINGSEN, 2 brennara
Stálgljái, 2 pör af grillhönskum og yfirbreiðsla fylgja.
Grillflötur 450x467 mm.
2 steypujárnsbrennarar, 24.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neistakveikja.
Verð 54.900 kr.
Léttgreiðslur 4.575 kr. í 12 mán.
ELLINGSEN, 3 brennara
Stálgljái, 2 pör af grillhönskum og yfirbreiðsla fylgja.
Grillflötur 633x467 mm.
3 steypujárnsbrennarar, 36.000 BTU. 1 innrauður bakbrennari, 12.000 BTU. Hliðarbrennari með loki, 12.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neistakveikja.
Verð 84.900 kr.
Léttgreiðslur 7.075 kr. í 12 mán.
COLEMAN SELECT, 3 brennara
Hliðarbrennari, 2 pör af grillhönskum og stálgljái fylgja.
Grillflötur 720x445 mm.
3 brennarar úr ryðfríu stáli, 11,4 kW. Lok með postulínsemeleringu, hitamælir, 1000 cm2 hitagrind, 2 hliðarborð og skápar.
Verð 74.900 kr.
Léttgreiðslur 6.241 kr. í 12 mán.
ELLINGSEN, 4 brennara
Stálgljái, 2 pör af grillhönskum og yfirbreiðsla fylgja.
Grillflötur 780x467 mm.
4 steypujárnsbrennarar, 48.000 BTU. 1 innrauður bakbrennari, 12.000 BTU. Hliðarbrennari með loki, 12.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neistakveikja.
Verð 94.900 kr.
Léttgreiðslur 7.908 kr. í 12 mán.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

## Ráðhúsið

### Kjörsvæði 1 norður



**1. kjördeild**
Aðalstræti
Amtmannsstígur
Austurstræti
Ánanaust
Ásvallagata
Bakkastígur
Baldursgata
Bankastræti
Barónsstígur
Bárugata
Bergstaðastræti 3-51

**2. kjördeild**
Bergstaðastræti 52-86
Bergþórugata
Bjargarstígur
Bjarkargata
Bjarnarstígur
Blómvallagata
Bókhlöðustígur
Bragagata
Brattagata
Brávallagata
Brekkustígur
Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
Egilsgata
Eiríksgata
Fischersund
Fjólugata
Fjölnisvegur

**3. kjördeild**
Frakkastígur
Framnesvegur 1-54
Framnesvegur 56-56a
Framnesvegur 58-58b
Freyjugata
Garðastræti
Grettisgata 2-86
Grjótagata
Grundarstígur
Haðarstígur

**4. kjördeild**
Hallveigarstígur
Hávallagata
Hellusund
Hofsvallagata 1-23
Holtsgata
Hólatorg
Hólavallagata
Hrannarstígur
Hringbraut sléttar tölur
Hverfisgata

**5. kjördeild**
Ingólfsstræti
Kárastígur
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Klapparstígur
Laufásvegur
Laugavegur 5-100
Leifsgata

**6. kjördeild**
Lindargata
Ljósvallagata
Lokastígur
Lækjargata
Marargata
Miðstræti
Mímisvegur
Mjóstræti
Mýrargata
Njarðargata
Njálsgata 1-87
Norðurstígur
Nýlendugata

**7. kjördeild**
Nönnugata
Óðinsgata
Pósthússtræti
Ránargata
Seljavegur
Sjafnargata
Skálholtsstígur
Skothúsvegur
Skólastræti
Skólavörðustígur
Skúlagata 10-46

**8. kjördeild**
Smáragata
Smiðjustígur
Snorrabraut sléttar tölur
Sóleyjargata
Sólvallagata
Spítalastígur
Stýrimannastígur
Suðurgata 3-37
Tjarnargata
Tryggvagata
Túngata
Týsgata

**9. kjördeild**
Unnarstígur
Urðarstígur
Vatnsstígur
Vegamótastígur
Veghúsastígur
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Vitastígur
Þingholtsstræti
Þorfinnsgata
Þórsgata
Ægisgata
Öldugata

**10. kjördeild**
Þeir sem eru fæddir 16.-31. hvers mánaðar og eru:
Búsettir erlendis
Óstaðsettir í hús
Sendiráðsstarfsmenn

## Kjarvalsstaðir

### Kjörsvæði 2 norður



**1. kjördeild**
Auðarstræti
Ásholt
Bolholt
Bollagata
Borgartún
Bólstaðarhlíð
Brautarholt
Einholt
Flókagata

**2. kjördeild**
Grettisgata 90-98
Guðrúnargata
Gunnarsbraut
Háteigsvegur
Hátún
Hjálmholt
Hrefnugata
Höfðatún

**3. kjördeild**
Karlagata
Kjartansgata
Langahlíð
Laugavegur 103-178
Mánagata
Mánatún
Meðalholt
Miðtún
Mjölnisholt
Njálsgata 90-112
Nóatún

**4. kjördeild**
Rauðarárstígur
Samtún
Skaftahlíð
Skarphéðinsgata
Skeggjagata
Skipholt
Skúlagata 52-80

**5. kjördeild**
Snorrabraut oddatölur
Sóltún
Stakkholt
Stangarholt
Stórholt
Stúfholt
Úthlíð
Vatnsholt
Vífilsgata
Þverholt

## Laugardalshöll

### Kjörsvæði 3 norður



**1. kjördeild**
Austurbrún
Álfheimar
Álftamýri 2-32

**2. kjördeild**
Álftamýri 33-75
Ármúli
Ásvegur
Barðavogur
Brekkulækur
Brúnavegur
Bugðulækur
Dalbraut
Dragavegur
Drekavogur
Dugguvogur
Dyngjuvegur
Efstasund 2-72

**3. kjördeild**
Efstasund 73-100
Eikjuvogur
Engjateigur
Fellsmúli
Ferjuvogur
Glaðheimar
Gnoðarvogur
Goðheimar
Grensásvegur 14
Gullteigur

**4. kjördeild**
Háaleitisbraut
Hjallavegur
Hlunnavogur

**5. kjördeild**
Hofteigur
Hólmasund
Hólsvegur
Hraunteigur
Hrísateigur
Jökulgrunn
Kambsvegur
Karfavogur
Kirkjusandur
Kirkjuteigur
Kleifarvegur
Kleppsvegur 2-14

**6. kjördeild**
Kleppsvegur 16-144
Kleppsvegur Hrafnista
Kleppsvegur Kleppur
Kleppur starfsmannahús

**7. kjördeild**
Langholtsvegur
Laugalækur
Laugarásvegur
Laugarnestangi

# Kjörstaðir í Reykjavík

# við alþingiskosningar 25. apríl 2009

# Hvar kýst þú?

## Hagaskóli

### Kjörsvæði 1 suður



**1. kjördeild**
Aflagrandi
Aragata
Arnargata
Álagrandi
Bauganes
Baugatangi
Bárugrandi
Birkimelur
Boðagrandi
Dunhagi
Eggertsgata 2-8

**2. kjördeild**
Eggertsgata 10-34
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálkagata
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Fornhagi
Fossagata
Framnesvegur 55 og 57
Framnesvegur 59-68

**3. kjördeild**
Frostaskjól
Gnitanes
Góugata
Granaskjól
Grandavegur
Grenimelur
Grímshagi
Hagamelur 2-35

**4. kjördeild**
Hagamelur 36-53
Hjarðarhagi
Hofsvallagata 49-62
Hringbraut oddatölur
Hörpugata
Kaplaskjólsvegur

**5. kjördeild**
Keilugrandi
Kvisthagi
Lágholtsvegur
Lynghagi
Meistaravellir
Melhagi
Neshagi
Nesvegur
Oddagata
Rekagrandi

**6. kjördeild**
Reykjavíkurvegur
Reynimelur
Seilugrandi
Skeljagrandi
Skeljanes
Skeljatangi
Skerplugata
Skildinganes
Skildingatangi
Smyrilsvegur
Starhagi
Suðurgata 100-121

**7. kjördeild**
Sörlaskjól
Tómasarhagi
Víðimelur
Þjórsárgata
Þormóðsstaðavegur
Þorragata
Þrastargata
Ægisíða
Öldugrandi

**8. kjördeild**
Þeir sem eru fæddir 1.-15. hvers mánaðar og eru:
Búsettir erlendis
Óstaðsettir í hús
Sendiráðsstarfsmenn

## Hlíðaskóli

### Kjörsvæði 2 suður



**1. kjördeild**
Barmahlíð
Beykihlíð
Birkihlíð
Blönduhlíð
Bogahlíð
Drápuhlíð 1-33

**2. kjördeild**
Drápuhlíð 34-48
Engihlíð
Eskihlíð
Grænahlíð
Hamrahlíð
Háahlíð
Hörgshlíð
Lerkihlíð
Mávahlíð 1-31

**3. kjördeild**
Mávahlíð 32-48
Miklabraut
Mjóahlíð
Reykjahlíð
Reynihlíð
Stakkahlíð
Stigahlíð
Suðurhlíð
Vesturhlíð
Víðihlíð

**Ath. að nú er kosið í austurhluta Hlíðaskóla.**

## Ölduselsskóli

### Kjörsvæði 4 suður



**1. kjördeild**
Akrasel
Árskógar
Bakkasel
Bláskógar
Brekkusel
Dalsel
Dynskógar
Engjasel 1-83

**2. kjördeild**
Engjasel 84-87
Fífusel
Fjarðarsel
Fljótasel
Flúðasel
Giljasel
Gljúfrasel
Grjótasel
Grófarsel
Hagasel

**3. kjördeild**
Hálsasel
Heiðarsel
Hjallasel
Hléskógar
Hnjúkasel
Holtasel
Hólmasel
Hryggjarsel
Hæðarsel
Jakasel
Jórusel
Jöklasel
Kaldasel
Kambasel 1-48

**4. kjördeild**
Kambasel 49-85
Kleifarsel
Klyfjasel
Kögursel
Lambasel
Látrasel
Lindarsel
Ljárskógar
Lækjarsel
Melsel
Mýrarsel
Rangársel
Raufarsel
Réttarsel
Seljabraut
Síðusel
Skagasel
Skógarsel

**5. kjördeild**
Skriðusel
Staðarsel
Stafnasel
Stallasel
Stapasel
Steinasel
Stekkjarsel
Stíflusel
Strandasel
Strýtusel
Stuðlasel
Teigasel
Tindasel
Tjarnarsel
Tungusel
Vaðlasel
Vaglasel
Vatnasel
Vogasel
Ystasel
Þingasel
Þjóttusel
Þrándarsel
Þúfusel
Þverársel

## Breiðagerðisskóli

### Kjörsvæði 3 suður



**1. kjördeild**
Aðalland
Akraland
Akurgerði
Austurgerði
Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði
Básendi
Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Borgargerði
Brautarland
Breiðagerði

**2. kjördeild**
Brekkugerði
Brúnaland
Búðagerði
Búland
Bústaðablettur
Bústaðavegur
Byggðarendi
Dalaland
Efstaland
Efstaleiti
Espigerði
Fossvogsvegur
Garðsendi
Gautland

**3. kjördeild**
Geitland
Giljaland
Goðaland
Grensásvegur 24-60
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði
Heiðargerði
Helluland
Hjallaland

**4. kjördeild**
Hlíðargerði
Hlyngerði
Hólmgarður
Hulduland
Hvammsgerði
Hvassaleiti

**5. kjördeild**
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland
Kjalarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kringlan
Kúrland
Kvistaland
Langagerði
Láland
Litlagerði
Ljósaland

**6. kjördeild**
Hæðargarður
Logaland
Markarvegur
Markland
Melgerði
Miðleiti
Mosgerði
Neðstaleiti
Ofanleiti

**7. kjördeild**
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Seljugerði
Skálagerði
Skógargerði
Sléttuvegur
Snæland
Sogavegur 16-128

**8. kjördeild**
Sogavegur 129-224
Sogavegur Melbær
Sogavegur Vonarland
Steinagerði
Stjörnugróf
Stóragerði
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Viðjugerði
Vogaland
Furugerði

**8. kjördeild**
Laugarnesvegur
Laugateigur
Ljósheimar

**9. kjördeild**
Mörkin
Njörvasund
Norðurbrún
Nökkvavogur
Otrateigur
Rauðalækur
Reykjavegur
Safamýri 11-34

**10. kjördeild**
Safamýri 35-95
Selvogsgrunn
Sigluvogur
Sigtún
Silfurteigur
Síðumúli
Skeiðarvogur
Skipasund 1-68

**11. kjördeild**
Skipasund 69-92
Snekkjuvogur
Sólheimar
Sporðagrunn
Starmýri
Suðurlandsbraut 16
Suðurlandsbraut Álfabrekka
Sundlaugavegur
Sunnuvegur
Súðarvogur
Sæviðarsund
Vesturbrún

## Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

**Kjörsvæði 4 norður**



**1. kjördeild**
Austurfold
Baughús
Básbryggja
Bláhamrar
Dalhús
Dverghamrar
Dyrhamrar
Fannafold 1-157

**2. kjördeild**
Fannafold 158-251
Frostafold
Funafold
Funahöfði
Garðhús

**3. kjördeild**
Geithamrar
Gerðhamrar
Grundarhús
Hesthamrar
Hlaðhamrar
Hlíðarhús
Hverafold
Höfðabakki
Jöklafold
Krosshamrar

**4. kjördeild**
Leiðhamrar
Logafold
Miðhús
Naustabryggja

**5. kjördeild**
Neshamrar
Rauðhamrar
Reykjafold
Salthamrar
Sporhamrar
Stakkhamrar
Suðurhús
Svarthamrar
Sveighús
Vallarhús
Vegghamrar
Veghús
Vesturfold
Vesturhús
Vesturlandsbraut Keldur

## Borgaskóli

**Kjörsvæði 5 norður**



**1. kjördeild**
Álfaborgir
Bakkastaðir
Barðastaðir
Berjarimi
Breiðavík 1-16

**2. kjördeild**
Breiðavík 17-89
Brúnastaðir
Dísaborgir
Dofraborgir
Dvergaborgir
Fífurimi
Flétturimi

**3. kjördeild**
Fróðengi
Garðsstaðir
Gautavík
Goðaborgir
Grasarimi
Gufunesvegur
Gullengi
Hamravík
Hrísrimi

**4. kjördeild**
Hulduborgir
Hvannarimi
Jötnaborgir
Klukkurimi
Laufengi
Laufrimi
Ljósavík

**5. kjördeild**
Lyngrimi
Mosarimi
Mururimi
Reyrengi
Rósarimi
Smárarimi
Sóleyjarimi 1-23

**6. kjördeild**
Sóleyjarimi 33-123
Stararimi
Starengi
Tröllaborgir
Vallengi
Vesturlandsbraut Korpúlfsstaðir
Viðarrimi
Vættaborgir
Æsuborgir

## Ingunnarskóli

**Kjörsvæði 6 norður**



**1. kjördeild**
Andrésbrunnur
Biskupsgata
Freyjubrunnur
Friggjarbrunnur
Gefjunarbrunnur
Grænlandsleið
Gvendargeisli oddatölur
Jónsgeisli
Kapellustígur
Katrínarlind
Klausturstígur

**2. kjördeild**
Kristnibraut oddatölur
Lofnarbrunnur
Marteinslaug
Sifjarbrunnur
Sjafnarbrunnur
Urðarbrunnur
Úlfarsbraut
Úlfarsfellsvegur
Vesturlandsbraut Engi
Vesturlandsbraut Fífilbrekka
Vesturlandsbraut Lambhagi
Vesturlandsbraut Lundur
Vesturlandsbraut Mæri
Vesturlandsbraut Stekkur
Vesturlandsbraut Tjarnarengi
Vesturlbr. Úlfarsfell 1 og 3
Vesturlandsbraut Víðimýri
Þórðarsveigur

## Klébergsskóli

**Kjörsvæði 7 norður**



**1. kjördeild**
Álfsnes og önnur bæjarnöfn
Búagrund
Esjugrund
Furugrund
Helgugrund
Hofsbraut
Jörfagrund
Víkurgrund




# Reykjavíkurkjördæmi norður

# Reykjavíkurkjördæmi suður

## Íþróttamiðstöðin Austurbergi

**Kjörsvæði 5 suður**



**1. kjördeild**
Arahólar
Asparfell
Austurberg
Álftahólar
Blikahólar
Blöndubakki

**2. kjördeild**
Brúnastekkur
Depluhólar
Dúfnahólar
Dvergabakki
Erluhólar
Eyjabakki
Fannarfell
Ferjubakki
Fornistekkur
Fremristekkur
Fýlshólar
Gaukshólar
Geitastekkur
Gilsárstekkur
Grýtubakki 2-12

**3. kjördeild**
Grýtubakki 14-32
Gyðufell
Hamraberg
Haukshólar
Háberg
Heiðnaberg
Hjaltabakki
Hólaberg
Hólastekkur
Hrafnhólar
Hraunberg
Iðufell
Írabakki 2-24

**4. kjördeild**
Írabakki 26-34
Jórufell
Jörfabakki
Keilufell
Klapparberg
Köngsbakki
Kríuhólar
Krummahólar 1-8

**5. kjördeild**
Krummahólar 9-59
Kötlufell
Lambastekkur
Lágaberg
Leirubakki
Lundahólar
Maríubakki
Máshólar
Möðrufell
Neðstaberg
Norðurfell
Núpabakki
Nönnufell
Orrahólar
Ósabakki
Prestbakki

**6. kjördeild**
Réttarbakki
Rituhólar
Rjúpufell
Skriðustekkur
Smyrilshólar
Spóahólar
Staðarbakki
Starrahólar
Stelkshólar
Suðurhólar
Súluhólar
Torfufell 1-32

**7. kjördeild**
Torfufell 33-50
Trönuhólar
Tungubakki
Ugluhólar
Unufell
Urðarbakki
Urðarstekkur
Valshólar
Vatnsveituvegur
Vesturberg 1-94

**8. kjördeild**
Vesturberg 95-199
Vesturhólar
Víkurbakki
Völvufell
Yrsufell
Þangbakki
Þórufell
Þrastarhólar
Æsufell

## Ingunnarskóli

**Kjörsvæði 7 suður**



**3. kjördeild**
Gvendargeisli sléttar tölur
Kirkjustétt
Kristnibraut sléttar tölur
Laxalón
Maríubaugur

**4. kjördeild**
Ólafsgeisli
Prestastígur
Vesturlbr. Grafarholt
Þorláksgeisli

## Árbæjarskóli

**Kjörsvæði 6 suður**



**1. kjördeild**
Álakvísl
Árbæjarblettur
Árkvörn
Birtingakvísl
Bjallavað
Bleikjukvísl
Brautarás
Brekkubær
Brúarás
Bröndukvísl
Búðavað
Deildarás
Dísarás
Eyktarás

**2. kjördeild**
Fagribær
Ferjuvað
Fiskakvísl
Fjarðarás
Glæsibær
Grundarás
Hábær
Heiðarás
Heiðarbær
Helluvað
Hestavað
Hlaðbær
Hólavað
Hólmvað
Hraunbær 1-13

**3. kjördeild**
Hraunbær 14-110

**4. kjördeild**
Hraunbær 111-198
Kambavað
Klapparás
Kleifarás
Kólguvað
Krókavað
Laxakvísl
Lindarvað
Lækjarás

**5. kjördeild**
Lækjarvað
Malarás
Melbær
Móvað
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rafstöðvarvegur
Rauðavað
Rauðás
Reiðvað
Reyðarkvísl
Reykás 1-25

**6. kjördeild**
Reykás 26-49
Rofabær
Sandavað
Seiðakvísl
Selásblettur
Selásbraut
Selvað
Silungakvísl
Sílakvísl
Skógarás
Stangarhylur
Suðurás
Suðurlandsbraut Hella
Suðurlandsbraut Hólmur
Suðurlandsbraut Litlaland
Suðurlandsbraut Reykhólar
Suðurlandsbraut Sólnes
Suðurlandsbraut Tungufell
Urriðakvísl

**7. kjördeild**
Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Víkurás
Vorsabær
Ystibær
Þingás
Þingvað
Þverás
Þykkvibær

## Kjörskráin er á vefnum:

Hægt er að slá inn kennitölu eða nafn og heimilisfang á **www.reykjavik.is** og fá upplýsingar um kjörstað og kjördeild.

# Athugaðu þetta:

- **Kjósendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum.**
- Kjörfundur hefst laugardaginn 25. apríl kl. 09.00 og lýkur kl. 22.00.
- Kjörskrá vegna alþingiskosninga í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is.
- Á kjördegi eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi norður veittar í síma 411-4915 og í Reykjavíkurkjördæmi suður í síma 411-4925.
- Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður mun á kjördegi hafa aðsetur sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur, en yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður í Hagaskóla.
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum.

Skrifstofa borgarstjórnar

# Fælni við fólk og fugla

Einhvers staðar þarna úti er til fólk sem fær svitakast ef það sér slökkviliðsmann. Aðrir geta aldrei látið fara vel um sig í baðkeri því þeir eru með baðkersfælni. Sturta verður að duga þeim. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við nokkrar konur sem haldnar eru ofsafengnum ótta. Þess ber að geta að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fengust karlmenn ekki til að deila með blaðamanni fóbíum sínum, einhverra hluta vegna.

## HRÆÐIST MANNÞRÖNG EFTIR SPRENGJUHÓTUN Í JERÚSALEM

**Lára Björg Björnsdóttir skrifstofustjóri - MANNÞRÖNGSFÓBÍA**

Mannþröng. Það er nóg fyrir mig að sjá hóp af fólki úr fjarlægð til að ég fái líkamleg einkenni eins og hraðan hjartslátt, hellu fyrir eyrun, doða í lappirnar og svima. Ég fer ekki í bæinn á 17. júní eða á Þorláksmessu ótilneydd. Börn á háhesti með snuddusleikjó og helíumblöðrur eru fyrir mér allt annað en litlir sólskinsgeislar. Frekar yfirvofandi ógn.

Tilhugsunin um leikhús í hitakófi veldur mér útbrotum af stressi og kvíða. Þetta á sér þó allt mjög „eðlilegar“ skýringar. Ég var einu sinni stödd í Jerúsalem á torgi sem var fullt af fólki þegar sprengjuhótun barst. Skyndilega byrjuðu allir að hlaupa og hermenn fylltu torgið gólandi á okkur og veifandi kylfum. Á því sekúndubroti hélt ég auðvitað að þeir væru þangað komnir til að myrða mig og fleiri túrista. Systir mín var með mér og hálfdró mig í gegnum þvöguna og við földum okkur svo í húsasundi. Mér verður flökurt bara við að rifja þetta upp. Það kann að þykja dálítið andfélagslegt að segja nei við miðbænum á 17. júní og leikhúsferðum og ég hef oft verið sökuð um það. Þetta snýst þó ekki um það. Ég vil bara að fólk haldi sig í hæfilegri fjarlægð frá mér og mínum svo við deyjum ekki úr kremju. En það er samt nóg fyrir mig að sitja inni á Kaffitári á fjörugum laugardagsmorgni til að ég líti til beggja hliða og reikni út stystu flóttaleiðina.





**FÓBÍAN BYRJAÐI 1995** Á menntaskólaárum sínum fór Lára Björg Björnsdóttir í kórferð með kór Menntaskólans við Hamrahlíð til Ísrael. Mannþröngsfælnin byrjaði þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BYRJAÐI AÐ HRÆÐAST FÆÐINGAR Í MENNTASKÓLA** Ásdís Halldórsdóttir einkaþjálfari sá myndband um fæðingar í menntaskóla og fékk ofsahræðslukast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## MEÐ SÁLFRÆÐILEGT VOTTORÐ UPP Á KEISARASKURÐ

**Ásdís Halldórsdóttir einkaþjálfari - FÆÐINGARFÆLNI**



„Í fyrsta skipti sem ég fann fyrir ofsafenginni fæðingarhræðslu var ég í líffræðitíma í Menntaskólanum við Sund. Mér hafði að vísu alltaf fundist fæðingar ógeðfelldar og verið svolítið hrædd við tilhugsunina um að ef til vill myndi ég þurfa að ganga í gegnum eina slíka. Í þessum líffræðitíma var hins vegar sýnt myndband um fæðingu og á meðan allir í bekknum eru voða spenntir finn ég hvernig ég byrja öll að svitna. Öndunin verður mjög stutt og ég er allt í einu stödd í svitakófi og næ varla andanum þangað til ég hleyp út, grenjandi nánast, og er í einhverju sjokki og stend varla í lappirnar. Vinkona mín kom að mér inni á klósetti þar sem ég sat á gólfinu og reyndi að róa mig. Þarna áttaði ég mig á því að þetta var eitthvað meira en venjuleg hræðsla. Og satt best að segja hef ég öðru hvoru orðið mjög reið út í forlögin fyrir að dæma okkur konur til að þjást í marga sólarhringa við að koma börnunum út. Eftir þetta gat ég ekki einu sinni horft á sjónvarpsþætti þar sem einhver var að fæða börn og slökkti á tækinu. Þegar ég uppgötvaði svo að ég var ólétt sagði ég við ljósmóðurina mína að þótt ég sé ólétt þá sé ekki möguleiki á að ég muni geta fætt barnið. Hún hló bara og hélt að þetta væru einhverjar tiktúrur í mér. Enda var ég líkamlega fullkominn kandídat í góða fæðingu – var á þessum tíma að kenna meðgöngujóga en andlega var þetta bara ekki hægt. Ég fór í fimm viðtöl uppi á Landspítala og til sálfræðings og á endanum var ljóst að ég var með það alvarlega fæðingarfælni að ég var látin fara í keisaraskurð með sálfræðilegt vottorð.

## LÍÐUR ILLA ÞEGAR ÉG HJÓLA YFIR TJARNARBRÚNA

**Dögg Hjaltalín, eigandi bókabúðarinnar Skuldar - FUGLAFÆLNI**

Ég man ekki eftir mér öðruvísi en með fuglafóbíu. Og ég býst við því að þetta hafi byrjað um leið og ég fór í fyrsta skipti út í náttúruna. Fóbían var fyrst um sinn einungis gagnvart kríum en ég hef alltaf verið mjög hrædd við þær og finnst eiginlega allt of mikið af þeim á landinu. Mér líður líka ekki vel þegar ég er stödd erlendis og dúfur eru á vappi í kringum mann á torgum, eins og að vera umkringdur fljúgandi rottum. Ég hleyp í burtu ef fuglar koma og fljúga nálægt. Ég fór eitt sinn í sólarlandaferð og hótelið var á ströndinni og það var mikið vesen því ég var sífellt að hlaupa inn. Á endanum var einn þjónninn kominn í það að reyna að flæma fuglana burtu. Hér á Íslandi er mér mjög illa við brúna sem liggur yfir Tjörnina og ég fæ hroll ef ég fer þar yfir. Tjörnin og Flatey eru mín hugmynd um hinar hugsanlegu verstu aðstæður. Þar sem ég forðast alla fugla verður fóbían auðvitað alltaf meiri og meiri þar sem ég er aldrei innan um þá. Það fyndna í þessu er reyndar að við fjölskyldan vorum að sækja um leyfi fyrir hænum. Ég mun hins vegar ekki koma nálægt þeim og það mun því lenda á öðrum fjölskyldumeðlimum að sjá um þær.



**FUGLAFÓBÍA SEM ÁGERIST** Dögg Hjaltalín er með fuglafóbíu sem hún segir ágerast með árunum enda forðist hún allar mögulegar aðstæður þar sem fuglar geta birst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## PANTA MÉR SÆTI Í FLUGVÉLINNI ÞAR SEM LÍKLEGAST ER AÐ LIFA

### Guðný Þórarinsdóttir prentsmiður - FLUGHRÆÐSLA

„Ég tók þátt í rannsókn þar sem rannsakaður var ættgengur kvíði. Ég var greind með kvíða og ég veit um marga í fjölskyldunni sem eru með svipaðar fóbíur og ég. Frændi minn bjó alltaf um sig í björgunarbátunum á Gullfossi þegar hann sigldi á milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur hér áður fyrr. Flughræðsla er ein algengasta tegundin af fælni og hjá mér byrjaði hún fyrir alvöru í flugi til Amsterdam árið 1983. Við lentum í þrumum og eldingum, það var eins og vélin kæmist ekki yfir veðrið, og vélin bókstaflega dansaði í óveðrinu. Það var slökkt á öllum ljósum, flugfreyjan datt í gangveginum, náföl, og settist síðan og spennti beltin. Eina ljósið var eldglæringarnar fyrir utan og það heyrðist ekkert í flugstjóranum fyrr en allt var afstaðið um hálftíma síðar. Mér var ekki skemmt og síðan hef ég verið hrædd við að upplifa eitthvað svipað og mjög illa við ef tilkynnt er að ókyrrð sé fram undan. Ætlaði mörgum árum seinna að rifja upp þetta flug þegar ég hitti fólk sem var líka í vélinni, það yppti bara öxlum og mundu ekki neitt sérstaklega eftir þessu flugi! Ég hef alltaf haldið að allir um borð séu jafn flughræddir, og ég horfi alltaf samúðarfull allt í kringum mig.

Ég hef lagt ýmislegt á mig til að komast hjá flugi og fékk fjölskylduna í þrígang til að taka frekar Norrænu til útlanda í frí undir því yfirskini „að það væri miklu skemmtilegra“. Innanlands keyri ég frekar þótt leiðin sé löng og hafði ekki flogið innanlands síðan 1983 þar til nýlega að ég flaug til Akureyrar.

Ég er orðin sérfræðingur í flugvélategundum og veit allt um öll stærstu flugslys sögunnar. Búin að lesa mér til um hvar maður á að sitja þar sem bestu líkurnar eru á að lifa af flugslys og panta það ef það er laust. Ég hef nú samt ekki látið þetta hindra mig í að fara til útlanda þótt það hafi oft tekið mikið á. Tilfinningin að ganga um borð er eins og það sé verið að leiða mann á höggstokkinn, feigðarmerki í hverju skúmaskoti, og flugtakið finnst mér allra verst. Ákvað svo að taka á þessu, fór til sálfræðings og í fyrra fór ég á námskeið í hugrænni atferlismeðferð sem gerði mér mjög gott. Búin að fljúga fimm sinnum síðan og finn mikinn mun. Ég tek pappírana með mér og sit og les æfingar, anda rétt og fer yfir hugsanaskekkjurnar sem reyna að trana sér fram. Núna muldra ég til dæmis þegar það er ókyrrð: Turbulans er góður, turbulans er góður!“



**SÉRFRÆÐINGUR Í FLUGSLYSUM** Guðný Þórarinsdóttir prentsmiður segist vera orðinn sérfræðingur í öryggi flugvéla og flugslysum. Hún tók á kvíðanum af fullum þunga fyrir um ári síðan með ágætum árangri.



## ➜ AF ALLS KYNS FÓBÍUM

Fælni eða fóbía er kvíðaröskun sem lýsir sér í mikilli hræðslu við tiltekið fyrirbæri. Oftast gera þolendur sér grein fyrir að um órökrétta hræðslu er að ræða. Einkennin eru sviti, ör hjartsláttur og svimi. Fólk upplifir jafnvel að það sé að deyja. Leggja þyrfti nokkrar síður undir allar þær fóbíur sem fyrirfinnast í heiminum. Talið er að flestar tegundir af fóbíum megi rekja til barnæsku. Engin ein skýring liggur að baki fóbíum. Telja má upp þessar sem heldur óvenjulegar:

- Þokufælni - hræðsla við þoku
- Betlarafælni - hræðsla við betlara eða götufólk.
- Snertifælni - viðkomandi hræðist það að aðrir snerti sig.
- Litafælni - Þá er fólk oftast hrætt við einhvern ákveðinn lit, svo sem fjólubláan.
- Smáhlutafælni - mikil hræðsla við litla hluti.
- Málmfælni - fólk hræðist málm. Einnig er hægt að vera með glerfælni og fleiri fóbíur fyrir efnum svo sem pappír.
- Áttufælni - Þá ertu hræddur við formið sem tölustafurinn átta myndar eða tölustafinn sjálfan.
- Skeggfælni - hræðsla við skegg
- Bananafælni - hræðsla við banana. Einnig er hægt að vera sjúklega hræddur við alls kyns grænmeti og ávexti.


# Auður seðill er ógildur

## Útstrikun er skýr skilaboð sem hefur raunveruleg áhrif

**Hún er líka afar einföld:**

X Y

**Listi Þingframboðsins**

~~Ari Arason~~
Björg Bjargardóttir
Daníel Daníelsson
~~Gunnlaugur Gunnlaugsson~~
~~Ingi Ingason~~
Jóna Jónsdóttir
Karl Karlsson
Magnús Magnússon
Ólafur Ólafsson
Páll Pálsson
Ragna Ragnarsdóttir
Sveinn Sveinsson
Torfhildur Torfadóttir
Una Unadóttir
Viðar Viðarsson
Þórður Þórarinsson

SÝNISHORN

Fái Y listinn 4 menn kjörna, þurfa aðeins 11,2 % kjósenda hans að strika yfir nafn Ara Arasonar svo hann falli niður um sæti.

**Sendum skýr skilaboð. Útstrikanir hafa áhrif.**

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er auður seðill ógildur.

Andríki
www.andriki.is



**Á KJÖRSTAÐ** Frú Erna Finnsdóttir og Geir Hallgrímsson alþingismaður skila atkvæði sínu í kassann árið 1978.

# Nostalgía á kosningadag

Við höfum víst gengið að kjörkössum áður. Og því ekki úr vegi að halda á vit gamalla kosningadaga og kíkja til að mynda í sjónvarpssal árið 1978 á 30 ára gamla kosningavöku. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* tók fram albúmið.



**FYRSTA KOSNINGASJÓNVARPIÐ** Menn að störfum við fyrsta kosningasjónvarpið í júní árið 1967.



**SÍÐUSTU MÍNÚTURNAR ÁRIÐ 1978** Lögreglan og starfsmaður kjörstjórnar standa á tröppum Austurbæjarskóla og telja niður í að kjörfundi ljúki.



**KOSIÐ Á SJÚKRAHÚSUM** Árið 1991 var gengið til kosninga á fallegum vordegi og fengu þeir sem rúmliggjandi voru hjálp við að kjósa eins og endranær. Guðmundur Jónsson, eldri borgari, fær hér aðstoð frá fulltrúa sýslumanns hinn 20. apríl.



**ALLT Á HVOLFI Á KOSNINGASKRIFSTOFUNNI** Árið 1967 á kosningaskrifstofu hér í bæ. Glös, kaffibollar og gosflöskur um allt á síðustu metrum baráttunnar.



**ATKVÆÐUM HELLT ÚR KJÖRKASSA** Starfs
úr kjörkassa árið 1979.

2009

# MÍN BARNABORG

ICELANDAIR



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

## Ævintýrasumar sem aldrei gleymist

# UPPLIFUN FYRIR BÖRN

í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada

## Ævintýratilboð

# 55% BARNA-AFSLÁTTUR

til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu

Litakeppni fyrir krakka

# TAKTU ÞÁTT!

Þú getur unnið flugferð fyrir tvo

GEYMIÐ BLAÐIÐ

VILDARBARNAFERÐ

# Gunnar Þorbjörn Gunnarsson í Orlando

vildarbörn

*Guðríður Steindórsdóttir*





Gunnar Þorbjörn fékk úthlutað ferðastyrk hjá Vildarbörnum vorið 2007 og 25. september lögðum við í hann til **Orlando** með allan nauðsynlegan viðbúnað. Við fengum með okkur aðstoðarmann, Hafstein, uppkominn bróður, sem reyndist mjög góð hugmynd þegar ferðast er með þrjá fjöruga stráka með ólíkar þarfir. Taskan mín var full af læknisvottorðum, sérfæði og lyfjum og kollurinn fullur af vangaveltum um hvernig gengi að koma þessu í gegn um tollinn og hvernig ætti að taka á óvæntum uppákomum.

En lífið er sífellt að koma manni ánægjulega á óvart. Flugið gekk með ágætum og maturinn var hinn besti svo töluvert var eftir af nestinu þegar við lentum. Við komuna sáum við hve snjallt var að lenda að kvöldi og í myrkri. Viðbrigðin vegna hitans hefðu verið mun meiri ef sólin hefði verið á lofti. Við fengum afhentan **ljómandi góðan sjö manna bíl** með nægu plássi fyrir hjólastól og farangur og lögðum svo traust okkar á leiðsögutölvuna í bílnum til að koma okkur á áfangastað enda algjörlega áttavillt. Og ef frá eru talin smávægileg frávik vegna vankunnáttu gekk það ljómandi.

Húsið sem við fengum í útjaðri Kissimmee var **stórt og rúmgott í vöktuðu hverfi**. Fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi, stórt hol, stofa og borðstofa og með innbyggðum bílskúr sem reyndist algjörlega nauðsynlegt. Það var mjög lítil umferð og við sáum aðeins fólk í tveim öðrum húsum. Baka til var sundlaug og hún og veröndin þakin neti. Við fengum samt bæði froska og eðlur í heimsókn og skemmtum okkur yfir írafárinu í þeim þegar við komum út.

Eftir hvíld fyrsta daginn var farið í heimsókn í **Disney World**. Við ákváðum að fara í **Magic Kingdom** sem var ævintýralegt. Það var ótrúlegt að fylgjast með drengjunum og eiginlega vorum við fullorðna fólkið ekki síður bergnumið yfir því sem í boði var. Gunnar Þorbjörn fékk hreinlega VIP þjónustu hvar sem komið var og alls staðar voru til aukaleiðir fyrir hjólastólinn þar sem allt virtist ófært. Þegar að **rússíbönunum** kom vorum við foreldrarnir fegin aðstoðarmanninum og sátum hjá, ásamt Gunnari Þorbirni og hvíldum okkur í skugganum. En Gunnar Þorbjörn átti sínar bestu stundir þegar við loks komum að **hringekjunni** og fékk hann að fara þrjár umferðir í röð, hlæjandi og skríkjandi svo að fólkið umhverfis hann smitaðist og brosunum fjölgaði. Það voru þreyttir og ánægðir bræður sem fylgdust með flugeldasýningunni í lok dagsins.



Við tókum næsta dag rólega, **busluðum í lauginni** og kíktum smávegis í búðir en svo var Bush Garden í Tampa næstur á dagskrá. Ekki var síðri þjónustan þar og aðgengið. Gunnar Þorbjörn fékk frítt og var aðstoðarmaður með honum og hinum strákunum var boðinn pakki fyrir Bush Garden og Sea World á hálfvirði. Þarna vorum við bíræfnari og Gunnar Þorbjörn fór í **vatnsrússíbana** og fleiri tæki með dyggri aðstoð Hafsteins. Hann naut þess til fullnustu. Til að króna allt fengum við svo miða fyrir aukadag í garðinum við brottför.

Eftir annan hvíldardag var svo farið í **Sea World**. Enn fengu Gunnar Þorbjörn og fylgdarmaður frítt inn. Hér verður ekki lýst öllu því sem fyrir augu bar eða hughrifunum. Það er of stórkostlegt. En sennilega eiga **höfrungarnir** vinninginn. Þjálfarinn fékk þá til að teygja sig upp úr lauginni og smella blautum kossi á Gunnar Þorbjörn sem óhræddur teygði sig á móti, okkur hinum til mikillar furðu. Við erum líka enn að vinna úr því að hafa klappað **„sköttu"**, svolítið óraunverulegt en samt staðreynd. Gunnar Þorbjörn skemmti sér líka konunglega yfir öskrunum í þeim sem voru í rússíbananum. Og enn fengum við miða fyrir aukadag í garðinum.

Næsta dag var ferðinni heitið í Gatorland og sennilega skipa **krókódílar** annan sess hjá okkur eftir það. En mesta athygli vöktu þó hjá drengjunum fósturdýr garðsins, heimilislaus og jafnvel sködduð **„gæludýr"** sem skotið hefur verið yfir skjólshúsi. Þau vildu óðfús láta klappa sér og fá gott í munninn. Þarna var líka verið að taka „Ace Ventura" kvikmynd á meðan við vorum á ferðinni og var fylgst með því góða stund.

Margt við þessa ferð til Orlando kom okkur á óvart og ekki síst Gunnar Þorbjörn. **Hann blómstraði í ferðinni**. Hitinn átti mjög vel við hann og spelkur og spangir fengu frí megintímann af dvölinni þar. Hann virtist mjög ánægður og lét það í ljós. Hann tók þátt í leikjunum og fór í tækin í görðunum og varð síður en svo meint af. Slæmt heilsufar, sem við höfðum áhyggjur af, var hreinlega gleymt.

Og við erum reynslunni ríkari. Ef við eigum einhvern tímann eftir að fara í svona frí aftur vitum við hverju má búast við og áreiðanlegt að það verður aftur farið á heitan stað því það var ótrúlegt að sjá hve góð áhrif það hafði á Gunnar Þorbjörn.

Kærar þakkir til þeirra sem styðja Vildarbörn, Gunnar Þorbjörn og fjölskylda, Akureyri.

## 10 VILDARBÖRN Á LEIÐ Í DRAUMAFERÐINA MEÐ FJÖLSKYLDU SINNI




Sumardaginn fyrsta var í tólfta sinn úthlutað styrkjum úr sjóðnum Vildarbörn, styrktarsjóði Icelandair og viðskiptavina félagsins. Markmið sjóðsins er að gefa langveikum börnum og börnum sem búa við sérstakar aðstæður tækifæri til þess að fara í draumferð sem þau ættu annars ekki kost á.
Nú hafa 250 fjölskyldur notið stuðnings frá sjóðnum frá stofnun hans.

Að þessu sinni hlutu 10 börn og fjölskyldur þeirra styrk úr sjóðnum. Í styrknum felst skemmtiferð fyrir barnið og fjölskyldu þess, og er allur kostnaður greiddur – flug, gisting, dagpeningar og aðgangseyrir að sérstökum viðburði sem barnið óskar sér. Við síðustu úthlutanir hafa mörg barnanna valið að fara til Flórída og heimsækja Disneyland.

Sjóðurinn Vildarbörn er fjármagnaður með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi með beinu fjárframlagi Icelandair. Í öðru lagi með frjálsum framlögum félaga í Vildarklúbbi Icelandair sem geta gefið af vildarpunktum sínum. Í þriðja lagi er sjóðurinn fjármagnaður með söfnun afgangsmyntar um borð í flugvélum Icelandair.

Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggist á hugmyndum og starfi Peggy Helgason, sem hefur um árabil unnið sem sjálfboðaliði á barnadeildum sjúkrahúsa í Reykjavík og stutt fjölskyldur fjölda veikra barna með ýmsum hætti. Hún er nú í stjórn Vildarbarna Icelandair. Verndari sjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og formaður stjórnar hans er Sigurður Helgason, fyrrum forstjóri félagsins. Landsbankinn er fjárgæsluaðili sjóðsins.

**Nánari upplýsingar um sjóðinn eru á www.vildarborn.is**

## SAFNAHEIMUR FYRIR BÖRNIN

Við fyrstu sýn gæti mörgu foreldri virst sem fátt sé í boði fyrir börn í stórborgum en þegar betur er að gáð er það hreint ótrúlega margt sem hægt er að gera börnum til skemmtunar. Þar kemur margt fleira til álita en skemmtigarðar með leiktækjum og dýragarðar sem eru oftast það fyrsta sem foreldrum dettur í hug þegar ferðast er með börn til útlanda. Á vefnum er að finna aragrúa upplýsinga um það sem er í boði fyrir börn í borgum sem Icelandair flýgur til og við ráðleggjum fólki eindregið að kynna sér þar hvað hægt er að gera fyrir börn á öllum aldri. Til að gefa hugmynd um möguleikana má til dæmis nefna söfn fyrir börn, söfn sem höfða ekki síður til barna en fullorðinna eða söfn með sérstökum deildum sem ætlað er að höfða til barna.

**BANDARÍKIN**
Ef við byrjum á nokkrum áfangastöðum Icelandair í Bandaríkjunum má benda á náttúru- og menningarsafnið í Seattle, Burke Museum of Natural History and Culture. Í Boston er hið víðfræga Children's Museum og í Cambridge hinum megin við Charles River er vísindasafnið Museum of Science. Tvö söfn í St. Paul, systurborg Minnespolis hinum megin við Mississippifljót, eru heillandi heimur fyrir börn, Minnesota Children's Museum og Science Museum of Minnesota. Stóru söfnin í New York eru svo ekki síður heillandi heimur fyrir fólk á barnsaldri en fullorðna. Þar má sérstaklega nefna sem dæmi American Museum of Natural History og ýmsar deildir í Metropolitan Museum og Art.

**EVRÓPA**
**Danmörk, Holland, Frakkland**
Þegar við beinum sjónum okkar til Evrópu má fyrst nefna að í Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn er sérstök deild, sem ætlað er að höfða til barna, en stálpuð börn hafa einnig ánægju af að skoða sumar aðrar deildir á safninu. Í Amsterdam þykir stálpuðum börnum einnig áhrifamikið að koma í Hús Önnu Frank, ekki síst ef þau hafa lesið dagbókina hennar. Í Tropenmuseum í Amsterdam er svo sérstakt barnasafn, Tropenmuseum Junior, og vísindasafnið í Amsterdam, NEMO, er staður sem heillar börn á grunnskólaaldri. Annað vísindasafn, sem yngsta kynslóðin getur haft mikla ánægju af að heimsækja er í París, Cité des Sciences et de L'industrie í La Villette. Í París er einnig skemmtilegt vaxmyndasafn, Le musée Grévin des Grands Boulevards, þar sem fjölskyldan getur átt skemmtilegar stundir saman.

**EVRÓPA – Þýskaland og Mílanó**
Af barnasöfnum á áfangastöðum Icelandair í Þýskalandi má nefna t.d. Jugendmuseum Schoneberg í Berlín og Barnasafnið í Mannfræðisafninu (Ethnologischen Museum) í sömu borg. Í Frankfurt kemur vel til greina að líta inn í Barnasafnið í Sögusafni borgarinnar (Kindermuseum des Historisches Museums) og í München er skemmtilegt safn, ætlað börnum og ungmennum, Kinder und Jungendmuseum München. Jafnvel í viðskipta- og hátískuborginni Mílanó á Ítalíu er hugsað vel um börnin og þeim boðið í sitt sérstaka safn, MUBA - Museo dei Bambini.



**EVRÓPA – London**
Ef við bregðum okkur að lokum yfir Ermasund til London þá er óhætt að fullyrða að barnafjölskylda getur átt marga skemmtilega daga saman á Thamesbökkum. Börn á grunnskólalaldri hafa gaman af að skoða Náttúrusögusafnið, Natural History Museum, svo að dæmi sé nefnt, og Vísindasafnið, Museum of Science, og strákarnir fá örugglega eitthvað út úr því að skoða 160 flugvélar í The Royal Air Force Museum. Stálpuð börn njóta þess einnig með eilítið óttablandinni ánægju að skoða múmíur í British Museum og síðan má létta sér lundina með því að líta inn í teiknimyndasafnið, The Cartoon Museum, í grennd við Breska safnið, eða bregða sér á leikbrúðu- og leikfangasafnið Pollock's Toy Museum. Vaxmyndasafn Maddömu Tussaud er svo veröld sem gagntekur börn á öllum aldri.



# MÍN NEW YORK

*Snorri Páll Gunnarsson, 14 ára*

### Rockefeller Center
Það er ótrúlega skemmtilegt að skauta eða fylgjast með fólkinu á skautasvellinu yfir veturinn. Jólastemmingin í Rockefeller Center minnir á Austurvöll í desember.

### Times Square
Þótt mannfjöldinn geti verið rosalegur, er andrúmsloftið á Times Square magnað, sérstaklega í neonljósunum á kvöldin. Það er allt þar – búðir, veitingastaðir, leikhús og söfn.



Ég er fæddur í Reykjavík, en bjó fyrstu þrjú árin í New York. Eftir að hafa búið í Belgíu, á Indlandi og á Íslandi í samanlagt tíu ár er ég aftur kominn til New York þar sem mér finnst skemmtilegast að vera.

### Central Park
Ég reyni að fara um hverja helgi út að ganga með þýska fjárhundinn okkar, Elvis, í Central Park. Þar er líka hægt að sparka fótbolta í grasinu á sumrin. Eitt af því sem mér finnst annars mest gaman í New York er að ganga um og skoða mannlífið með vinum mínum, til dæmis í Greenwich Village, Soho og South Street Seaport.

### Söfn og kvikmyndahús
Það eru söfn og kvikmyndahús út um allt í New York. Museum of Natural History var í miklu uppáhaldi hjá mér áður, sérstaklega risaeðlusafnið. Svo er alltaf hægt að fara í Metropolitan Museum of Art. Mér finnst þó Madame Tussaud vaxmyndasafnið best.





## Veitingastaðir
Það eru óteljandi veitinga- og skyndibitastaðir í borginni og þess vegna getur verið erfitt að velja. **Johnny Rockets** er minn uppáhaldshamborgarastaður. Besti kínverski staðurinn er **Shun Lee Palace** og svo eru margir góðir indverskir staðir.





VILDARBARNAFERÐ

*Katrín Ruth Þorgeirsdóttir*

# DRAUMAFERÐ
## Ingólfs Más Bjarnasonar

vildarbörn

Í apríl 2008 fengum við fjölskyldan þær gleðifréttir að sonur okkar, Ingólfur Már, hefði fengið ferðastyrk hjá Vildarbörnum Icelandair. Þegar við vorum búin að átta okkur á að þetta væri ekki draumur og við værum í raun og veru að fara í draumaferð, settumst við niður með syni okkar og spurðum hvert hann vildi fara. Við sýndum honum hina og þessa staði og varð Orlando í Florida fyrir valinu, eins og hjá svo mörgum öðrum.

### Svo kom að stóra deginum í janúar núna eftir áramótin

Sá dagur var stór, í orðsins fyllstu merkingu, því að þetta var í fyrsta skipti sem Ingólfur, systur hans tvær og móðir hans, fóru út fyrir Íslandsstrendur og í fyrsta skipti sem þau stigu upp í flugvél. Vegna þessa byrjaði ævintýraförin strax á Keflavíkurflugvelli, brottfararmegin. Ingólfur var örlítið smeykur í flugtaki, þegar hann fann þrýstinginn, en það lagaðist fljótt. Hann og systur hans voru dekruð í kaf af flugfreyjunum og var alveg yndislegt að hafa svona góða þjónustu um borð. Afþreyingarkerfið í flugvélinni var líka alveg magnað og börnin sko ekki lengi að fikra sig áfram í því.

Börnin voru ansi þreytt þegar þau stigu út úr vélinni á Sanford-flugvelli. Þar fengum við þennan flotta bílaleigubíl sem var svo stór og rúmgóður að það var feiknamikið pláss fyrir alla. Þessi bíll átti eftir að reynast okkur vel þessa viku.

### Draumarnir byrjuðu strax að rætast

Á hótelinu beið okkar stór og rúmgóð íbúð þar sem okkur átti eftir að líða vel. Fyrsti dagurinn var tekinn snemma og byrjuðum við hann með amerískum morgunverði á Dunkin' Donuts. Þaðan var haldið í Downtown Disney. Sá staður var ævintýraveröld í augum okkar, risastórt svæði tileinkað Disney. Þar vörðum við löngum tíma og margir draumar byrjuðu strax rætast. Næstu daga notuðum við fjölskyldan í hitt og þetta, t.d. í skoðunarferðir um Orlando og nágrenni, búðarferðir og skemmtiferðir í tvo skemmtigarða, Universal Studios og Gatorland. Sá síðastnefndi stóð uppúr og mæli ég eindregið með honum. Þar voru – eins og nafnið gefur til kynna – krókódílar, og mikið af þeim, um 1.800 stykki. Við fengum mynd af okkur með lifandi krókódíl og kyrkislöngu. Þetta fannst öllum rosalega gaman.

Ingólfi og systrum hans fannst þó ekki síðra í Universal. Mikil upplifun hjá Ingólfi og systrum hans að hitta Simpson, Shrek og Donkey, Woody Woodpecker, Jimmy Neutron og fleiri skemmtilegar fígúrur. Þar fóru Ingólfur og systur hans í fyrsta skipti í rússíbana.

### Slökkvistöð og falleg strönd

Einn daginn, sem við vorum á rúntinum, „duttum“ við inní bæ sem er ekki langt frá Orlando og heitir New Smyrna Beach. Þar stoppuðum við á einni slökkvistöðinni. Það var eitt af því sem Ingólf dreymdi um, að gera eins og pabbi hans. Pabbi Ingólfs er nefnilega slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður. Okkur var ekkert smá vel tekið á slökkvistöðinni og fékk fjölskyldan sýningartúr um stöðina, börnin fengu slökkviliðshjálma og fleira dót og einnig var tekinn fjöldinn allur af myndum. Ofsalega skemmtileg stund.

Önnur ósk rættist líka í þessum sama bæ, að komast á alvöru strönd. Þarna var þessi svakalega fallega strönd sem náði svo langt sem augað eygði. Sandurinn og sjórinn voru draumi líkust. Við tókum smá sýnishorn af sandinum með okkur heim og einnig týndum við fallegar skeljar og kuðunga sem við geymum í minningaboxinu.

### Ævintýraför á enda

Ferðin til Orlando var yndislegur tími fyrir Ingólf og alla fjölskylduna. Ég held ég geti fullyrt að allir hafi notið sín. Margir draumar rættust, litlir sem stórir.

Við settum peninga í umslög Vildarbarna á leiðinni út og heim til að bæta í sjóðinn svo að fleiri börn og fjölskyldur þeirra fengju að fara í svona ævintýraför eins og við. Þetta er magnað framtak og við verðum ævinlega þakklát Icelandair og öllum öðrum sem styðja Vildarbörn fyrir að hafa veitt okkur þetta tækifæri.







# Salíbunur og sólskinsbros

*Frægir skemmtigarðar í Evrópu*



Alton Towers er að líkindum frægasti skemmtigarður Breta, frábær staður í enskri sveit með öllum gerðum af hraðrennibrautum og leiktækjum, rússíbönum og hraplyftum og hverju einu sem spennufíklar hafa ómælda ánægju af. Garðurinn er í Staffordshire, í um klukkustundar akstur frá Manchester. Þarna er hægt að verja heilum ógleymanlegum degi.



Efteling er frægasti og vinsælasti skemmtigarðurinn í Hollandi. Þar hafa börn og fullorðnir horfið inn í heim ævintýra og leikja síðan árið 1952 og garðurinn laðar enn til sín tugþúsundir barna og fullorðinna á hverjum degi. Efteling er um 90 km suður af Amsterdam. Margir fullyrða að enginn skemmtigarður í Evrópu sé jafntöfrandi og Efteling. Börn gleyma aldrei heimsókn þangað.

Port Aventura er glæsilegur skemmtigarður um 90 km fyrir sunnan Barcelona á Spáni. Garðurinn var opnaður árið 1995 og þykir mikið ævintýri fyrir börn á öllum aldri að bregða sér þangað inn. Rétt hjá Port Aventura er vatnsleikjagarðurinn Caribe Aquatic Park.

Europa-Park er í grennd við bæinn Rust í sunnanverðu Þýskalandi, í um 45 mín. akstur frá Karlsruhe/Baden-Baden, nærri landamærum Sviss og Frakklands. Þarna eru 100 leiktæki og þeirra á meðal stærsti rússíbani í Evrópu, Silfurstjarnan, þar sem vagnarnir komast í 72 metra hæð frá jörð og ná tæplega 130 km hraða. Margir segja að þetta sé einhver æðislegasti skemmtigarður í Evrópu. Getur verið á ferðaáætlun barnafjölskyldna sem ætla að taka fug og bíl til Frankfurt eða München.



Gardaland er stærsti skemmtigarðurinn á Ítalíu. Hann er við Gardavatn, u.þ.b. 150 km austur af Mílanó. Margir lýsa honum sem eins konar Disneylandi með ekta, ítölsku yfirbragði. Garðurinn er töfraveröld, hlaðin spennu og ævintýrum.

Tívolí í Kaumannahöfn er einn elsti skemmtigarðurinn í Evrópu og skipar virðingarsess á meðal þeirra. Þeir sem hafa bílaleigubíl til umráða og vilja gleðja börnin svo um munar aka svo vestur til Jótlands og verja sumardegi í Legoland í Billund. Rétt er að benda á, fyrir þá sem fara til London, að rétt hjá Windsor, skammt vestur af London, er Legoland Windsor, ekki síðri ævintýra-veröld fyrir börnin en Legoland í Billund.



Disneyland Paris er vafalaust fjölsóttasti skemmtigarðurinn í Evrópu. Þetta er ævintýra- og leikjaheimur í anda Disneygarðanna í Bandaríkjunum og mikil upplifun fyrir börnin. Garðurinn er rúmlega 30 km austur af París og einfaldast að gera ráð fyrir að ferðast þangað með lest ef fólk ætlar á eigin vegum. Svo mikið er að sjá og upplifa að er ekki úr vegi að gera ráð fyrir að gista a.m.k. eina nótt á einhverjum af hinun fjölmörgu gististöðum í garðinum eða í grennd við hann. Þarna er ævinlega mikill mannfjöldi og eins og annars staðar í fjölsóttum skemmtigörðum má þurfa að gera ráð fyrir að verja löngum tíma í biðröðum við leiktækin.

ferðalög
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]
APRÍL 2009



**Fjallgöngur í þýsku Ölpunum** Margrét Árnadóttir jógakennari með spennandi ferðir í sumar BLS. 2



**Töfrar og túrkísblátt haf**
Tyrkland er vinsælasti áfangastaður Íslendinga í sumar
BLS. 6



# OLÍA & SVITI Á STRÖNDINNI

Allt frá árinu 1937 hefur Daytona Bike Week verið haldin á Daytona-ströndinni. Ljósmyndarinn Spessi fangaði stemninguna sem myndast þegar um 500 þúsund manns með mótorhjól hittast í sumarhitanum á Flórída.

Ætli það hafi ekki verið þessi harði sandur, heitir vetrardagar og fyrsti mótorhjólakappaksturinn á ströndinni, sem gerði Daytona-strönd að staðnum þar sem Bike Week er haldið ár hvert. Bike Week er búin að vera hefð síðan 24. janúar 1937, út af Daytona 200 kappakstrinum.

Heimamenn kölluðu kappaksturinn „Handlebar Derby“. Árið 1942 var Daytona 200 flautað af út af heimsstyrjöldinni síðari. Mótshaldarinn AMA (American Motorcycle Association) gaf út þá yfirlýsingu að lok kappakstursins væri vegna varnarmálum Bandaríkjanna og að það væri ekki verið að eyða stálinu sem fór í stríðið til að búa til varahluti fyrir mótorhjól eða eyða bensíni og brenna gúmmíi í einhverjum leikaraskap. Mótorhjólamenn heldu samt áfram að koma í þetta árlega óopinbera partí og kölluðu Bike Week. Í dag stendur Bikeweek yfir í 10 daga og í þennan 67.000 manna bæ koma um 300.000–500.000 manns. Í dag fer ekkert mikið fyrir Daytona 200-kappakstrinum heldur snýst þetta aðallega um lífsstílinn sem fylgir mótorhjólum.

FRAMHALD Á BLS. 4

Föndur og gjafavara
FÖNDRA
Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16
GLEÐILEGT SUMAR
Ný sending af Bucilla




# MIÐBAUGUR

ÞAÐ HEITASTA Í ...
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

## Á FERÐ MEÐ BARNASKARANN

Skipulagning á sumarfríi er fastur passi á þessum árstíma og eflaust margir sem fyrir löngu hafa lokið þeirri vinnu. Ég er eins og alltaf full fyrirheita um flakk um landið og með ýmsar hugmyndir að skemmtilegum útilegum, fjallgöngum og ferðalögum á framandi slóðir, innanlands aðallega.

Ágætis byrjun á ferðum sumarsins hefur undanfarin ár hjá mér verið helgarferð vinahópsins. Sú hefð komst á eftir að fjölskyldufólki tók að fjölga í hópnum og heldur tók að draga úr partíhaldi um helgar og samverustundum fækkaði þar með.

Við höfum farið á ýmsar slóðir, norður á Strandir, í Fljótshlíðina, vestur á Mýrar. Þar sem farið hefur verið að vori hafa tjaldferðir ekki verið í spilinu en þess í stað hefur verið reynt að hafa uppi á húsum sem henta hópnum. Þarfirnar hafa hins vegar tekið örum breytingum í samræmi við breytingar á hópnum. Örfá börn voru nefnilega með í för í fyrstu en eftir því sem fertugsaldurinn hefur færst nær þá hefur börnunum fjölgað gríðarlega og nú þarf stórhýsi til að allir komist vel fyrir.



En þessi ferðahefð er sannarlega góð. Það er gaman fyrir bæjarbörnin stór sem smá að skottast um í sveitinni og fyrir utan gæðatíma sem gömlu vinirnir ná í svona ferð þá nær maður líka að kynnast börnum vina sinna sem er stórkostlegt.

Þessar ferðir og reyndar mínar eigin fjölskylduferðir hafa orðið til þess að ég hef tekið eftir því að ábendingar um góða áfangastaði fyrir barnafólk eru af skornum skammti, oft gæti maður þegið fleiri hugmyndir að góðum ferðamöguleikum fyrir fjölskylduna og ekki síður, að áhugaverðum hlutum til að skoða í nágrenni áfangastaðanna. Hvort sem um er að ræða fjörur sem gaman er að skoða, léttar gönguleiðir eða skemmtilega leikvelli. Það vantar hreinlega fjölbreytilegri ferðabækur til að nota innanlands.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Spessi, frá Daytona Bike Week í Flórída-
**Pennar** Júlía Margrét Alexandersdóttir
**Auglýsingar** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@frettabladid.is




# FJALLGÖNGUR Á HVERJUM DEGI Í ÖLPUNUM

*Margrét Árnadóttir* býður upp á vikudvöl í Ölpunum þar sem hægt er að ganga á fjöll upp á hvern einasta dag. Gulrótin er sú að setjast niður uppi á toppi og fá sér kalt að drekka.

Í Ölpunum eru konfektmolar á hverju strái í formi stórfenglegra fjalla sem auðvelt og skemmtilegt er að ganga á. Margrét Árnadóttir, leiðsögumaður og jógakennari, býður upp á vikuferð í Ölpunum í ágúst með fjallgöngum á hverjum degi.

Margrét hefur stundað fjallgöngur í fjöllum erlendis í fimmtán ár. Hún býður upp á vikuferð 18.-25. ágúst. Gist verður á fjögurra stjörnu hóteli með tilheyrandi lúxus í bænum Oberstdorf í Suður-Þýskalandi og farið í dagsgöngur um nágrennið.

„Ég fór í svona ferð í fyrra og þetta var svo dásamlegt að fleiri verða bara að fá að njóta þess. Fjöllin þarna eru svo falleg og þetta er svo yndislegur staður, bærinn og nágrenni hans, að eftir svona vikuferð hefur maður allur endurnýjast," segir hún.

Margrét fór með 29 manna hóp í fyrra og ákvað að bjóða upp á þetta aftur. „Þegar ég kom í þennan bæ í fyrra og sá fjöllin fannst mér þetta eins og ég væri að opna konfektkassa. Maður sér alla molana og þurfti að velja konfektmola fyrir fólk sem ég vissi ekkert hvernig smekk hefði. Ég var að skipuleggja ferðina út í bláinn í fyrra og er því reynslunni ríkari nú," segir hún.

Mjög breiður hópur getur komið með í ferðina og tekið þátt í fjallgöngunum. Hún segist hafa fararstjóra sér til aðstoðar þannig að hægt sé að taka tillit til sem flestra. Dagsferðirnar séu mög mismunandi en til dæmis sé hægt að fara í kláf upp í 2.000 metra hæð. Gulrótin sé kannski sú að uppi á toppi sé hægt að setjast á kaffihús og fá sér kalt að drekka, skoða útsýnið og labba svo niður aftur.

„Það er mikið af kláfum og við förum til dæmis í strætó upp og svo löbbum við upp um fjöllin. Þetta eru breytilegar ferðir. Og ef einhver vill ekki labba með okkur einhvern daginn getur hann verið á hótelinu, í bænum eða í léttari göngum þarna í kring. Þó að fólk sé ekki duglegt í göngu þá getur það fengið heilmikið út úr svona ferð."

Útsýnið af fjöllunum í Ölpunum er dásamlegt, hægt að ganga upp og niður fjöll, um dali og gil. Aðstaðan á hótelinu er mjög góð, margrétta veisluborð á hverju kvöldi og 700 fermetra líkamsrækt. Margrét er jógakennari og býður upp á teygjur eftir göngur og jafnvel jóga ef áhugi er á.

Sjá nánari upplýsingar á Express Ferðir, www.expressferdir.is.



**Konfektkassi** „Þegar ég kom í þennan bæ í fyrra og sá fjöllin fannst mér eins og ég væri að opna konfektkassa," segir Margrét Árnadóttir, leiðsögumaður og jógakennari, um fjöllin við bæinn Oberstdorf í Suður-Þýskalandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
➔ flugfelag.is
Netið
Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**



## ÍSLANDSKYNNING Á MEÐAN BEÐIÐ ER

ÞAÐ ERU KANNSKI EKKI MARGIR SEM HAFA GEFIÐ ÞVÍ GAUM EN Í SUÐURBYGGINGU FLUGSTÖÐVAR LEIFS EIRÍKSSONAR GEFST FARÞEGUM SEM ERU AÐ FARA AF LANDI BROTT KOSTUR Á ÞVÍ AÐ KÍKJA Á ÓTRÚLEGA FALLEGA KYNNINGARMYND UM ÍSLAND. FRAMLEIÐANDI MYNDARINNAR ER FYRIRTÆKIÐ GAGARÍN EN ÞAÐ VAR KVIKMYNDATÖKUMAÐURINN KARL ÓSKARSSON SEM FESTI LANDIÐ Á FILMU OG HILMAR ÖRN HILMARSSON SAMDI TÓNLISTINA. SVÆÐIÐ ÞAR SEM MYNDIN ER SÝND ER HUGSAÐ SEM LANDKYNNINGARSVÆÐI Í FLUGSTÖÐINNI EN ÞAÐ ER EINKUM ÆTLAÐ FARÞEGUM SEM ERU AÐ FERÐAST TIL LANDA UTAN SCHENGEN-SVÆÐISINS. ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON ER HÖNNUÐUR SÝNINGARINNAR.




## Grand Cettia
**ALLT INNIFALIÐ!**
til kl. 23 á kvöldin; máltíðir, innlendir drykkir með mat, drykkir að degi eða kvöldi og skemmtidagskrá.
**Bókaðu núna á urvalutsyn.is**

Fiton/SÍA



## Forum Residence
★★★★
Brottför 3. júlí

Glæsilegt íbúðahótel, á góðum stað við aðalgötuna í Marmaris. Íbúðirnar eru bjartar og rúmgóðar og henta þeim sem vilja hafa nóg pláss í fríinu. Ströndin er í göngufæri og stutt er í alla þjónustu eins og verslanir og veitingastaði.

VERÐDÆMI
**84.960 kr.**
á mann miðað við 2 með 2 börn í viku.
2 fullorðnir 110.120 kr.



## Grand Cettia
★★★★
Brottför 3. júlí
*Allt innifalið!*

Fallegt fjölskylduhótel með bæði herbergi og íbúðir. Allt innifalið til kl. 23 á kvöldin; máltíðir, innlendir drykkir með mat, drykkir að degi eða kvöldi og skemmtidagskrá.

VERÐDÆMI
**104.280 kr.**
á mann miðað við 2 með 2 börn í viku
með öllu inniföldu.
2 fullorðnir í herb. með morgunverði 122.440 kr.

Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Tyrkland er einstakt land sem er yndislegt heim að sækja og Marmaris er perla sem slegið hefur í gegn hjá Íslendingum. Veitingastaðir eru þekktir fyrir fjölbreytni og ferskleika. Gestrisni heimamanna er rómuð og verðlag er sérlega hagstætt.

ÚRVAL·ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

MasterCard VISA Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000**
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.









**Main Street** Main Sreet er þar sem mesta fjörið er. Alveg pakkað af hjólum og fólki sem er þarna til að sýna sig og sjá aðra. Þarna fór fram uppboð á mótorhjólum en aðalatriðið var svokölluð bikini-keppni þar sem stúlkan skipti meira máli en flíkin sjálf. Hermennirnir voru að sjálfsögðu dómararnir í keppninni og fíluðu sig vel í starfinu.

**Swap meet** Ég var búinn að heyra um „swapmeet“-ið, að það væri eitthvað sem ég yrði að kíkja á. Swapmeet-ið er aðeins fyir utan bæinn og er haldið á tjaldstæði og lítur út eins og hjólhýsagarður. Þarna kemur fólk og býr meðan á hátíðinni stendur og setur upp alls kyns sölutjöld, aðallega með mótorhjólapörtum. Ég spallaði við einn gaurinn sem heitir Shelby og sagði hann mér að hann og fleiri væru búnir að koma þarna á Bike Week í mörg ár.



LAGERSALA Lín Design

Úrval rúmteppa, púða, dúka, rúmfatnaðar ásamt ýmsu öðru. Sýniseintök og lítillega útlitsgallaðar vörur með allt að 80% afslætti. Lagersalan er í Malarhöfða 8, í brekkunni fyrir aftan Ingvar Helgason.

Opið laugardag & sunnudag 10 – 16.

*Aðeins þessa einu helgi.*

Lín DESIGN

www.lindesign.is/lagersala

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is



**Iron Horse Saloon** Iron Horse er mjög vinsæll staður í sirka 10 mílna fjarlægð frá Daytona. Þarna sá ég Wall of Death. Systkin léku sér að því að keyra í hringi eftir lóðréttum veggnum. Stelpan var ekki eldri en 16 og keyrði gamalt Triumph og strákurinn 25 ára gamalt Indian hjól. Systkinin tóku síðan eitt stönt saman, hann á gókart-bíl og hún á Triumph. Ég spjallaði við hann eftir stöntið og sagði hann mér að pabbi hans væri búinn að reka Wall of Death í rúmlega fjóra áratugi. Hann byrjaði sjálfur að æfa þegar hann var 12 ára.



### ÁRSTÍÐASKIPTI

Park Avenue-hótelið og veitingahúsið á Manhattan-eyju tekur allsherjar breytingum við árstíðaskipti bæði hvað útlit og matseðil varðar. BLS. 3




### ÓVENJULEG HÖNNUN

Ýmsir hönnuðir hafa gert tímann að viðfangsefni í sköpun sinni. Þá hafa nokkrir farið heldur óvenjulegar leiðir til að gera honum skil. BLS. 4



### VERÐLAUNAVERK

Niðurstöður úr samkeppni um nytjahlut með vísunum í verk Errós liggja fyrir. Minnistafla, kjöthamar og ávaxtaskál lentu í efstu sætum. BLS. 4



# heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 25. APRÍL 2009




# FORSKOT Á SÆLUNA

**Með ýmsum hlutum, græjum og áhöldum er hægt að hafa það gott á svölunum eða pallinum þótt svalt sé í veðri.** BLS. 2





ÚRSLITIN VERÐA SKÝR MEÐ PHILIPS

**Philips 42PFL3403**
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, 24000:1 skerpu, LCD WXGA Active Matrix TFT, HD-READY (720p/1080i), Crystal Clear III og Progressive Scan, Digital Crystal Clear ofl.

TILBOÐ 199.995
FULLT VERÐ 239.995

**Philips 42PFL5603D**
42" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALD með full HD 1080, 1920x1080 punkta upplausn, 30.000:1 skerpu, Progressive Scan, stafr. DVBT móttakara ofl.

TILBOÐ 249.995
FULLT VERÐ 279.995




Heimilistæki ht.is

EYRARVEGI 21 SELFOSSI SÍMI 480 3700 - GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK SÍMI 464 1600 - GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI SÍMI 460 3380 - SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK SÍMI 569 1500



Forsíðumynd: NordicPhotos/Getty **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.












NORDICPHOTOS/GETTY

**Með réttu hlutunum má skapa sannkallaða paradís á svölunum og veröndinni þótt svalt sé í veðri.**

# Notalegheit á svölunum

Leita má ýmissa leiða til að nýta svalir og palla betur allan ársins hring. Hægt er að verða sér úti um alls konar hluti til að halda á sér hita og gera dvölina á svölunum sem þægilegasta.

**1. Stólar** eru nauðsynlegir á svalirnar. Þessi Julia-tekkstóll frá Landmann fæst í Grillbúðinni og er klappstóll með örmum.

**2. Ryðfrír gashitari** með stillanlegum hatti og emaleruðum botni. Fæst í Grillbúðinni, Hlíðarsmára 13. Einnig er hægt að panta hann í gegnum netverslunina www.grillbudin.is.

**3. Borð frá Somerset** sem má stækka. Tekk og ryðfrítt stál. Fæst í Grillbúðinni.

**4. Legubekkur** Gott er að láta fara vel um sig á Julialegubekk úr tekki frá Landmann. Fæst í Grillbúðinni.

**5. Teppi** Hjá Rammagerðinni er úrval teppa úr íslenskri ull. Einnig er gaman að heimsækja Álafoss í Mosfellsbæ en þar vantar ekki ullarvörur ýmiss konar.

**6. Sambyggt kolagrill og eldstæði** sem nota má bæði kol og eldivið í. Fáanlegt í verslun inni Grillbúðin.









**DRAUGASETRIÐ** á Stokkseyri er opið allar helgar frá klukkan 14 til 18. Setrið, sem er á þriðju hæð í Lista og menningarverstöðinni, er þúsund fermetra völundarhús þar sem fræðast má um hina ýmsu drauga. Gestir fá í hendur geislaspilara með 24 draugasögum áður en haldið er inn í setrið. Tveir og tveir halda saman inn í óvissuna. www.draugasetrid.is



Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447




friendtex

ÚTSALA

Opið í dag frá 11:00-16:00

Nú 2 fyrir 1
af öllum buxum
&
Allar peysur
2 fyrir 1

Lokað á laugardögum í maí.

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík,
sími 568 2870 - www.friendtex.is




„Það er alltaf gott og gaman að vera til á kosningadegi," segir Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur og rithöfundur, sem ætlar að hafa það gott með eiginkonunni á afmælisdaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Alltaf gott og gaman að vera til á kosningadegi

**Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur á Akranesi, á afmæli í dag, þegar stór hluti þjóðar gengur til kosninga. Hann ætlar ekki að gera sér sérstakan dagamun en hlakkar þó til að fylgjast með kosningasjónvarpinu.**

„Ég reikna nú ekki með neinum veisluhöldum. Það er ekki nema Bryndís, eiginkona mín, eldi eitthvað sérstaklega gott að borða. Annars býr hún nú alltaf til góðan mat," segir Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur á Akranesi, sem fagnar 49. aldursárinu í dag en er ekki með nein sérstök plön í tilefni dagsins.

Eðvarð vill enda ekki kannast við að vera mikið afmælisbarn í sér, að minnsta kosti ekki meira en almennt gengur og gerist. Þó hafi honum sem drengur þótt alveg yndislegt að eiga afmæli á vorin, þegar skólaárið var farið að síga á seinni hlutann og sumarið skammt undan. „Annars finnst mér mjög gott að nota afmælisdaginn til að þakka fyrir það sem maður á og hefur. Staldra aðeins við, líta í baksýnisspegilinn og svo fram á við," segir hann.

Inntur eftir því hvort einhverjir afmælisdagar standi upp úr, segist Eðvarð minnast sérstaklega ferðar sem fjölskyldan hafi á sínum tíma farið til Flórída. „Mér fannst ósköp notalegt að sitja í flugvél á leið vestur um haf. Þar er dásamlegt að vera eins og allir vita sem þangað hafa komið," rifjar hann upp og kveður Flórída lengi vel hafa verið vinsælan áningarstað hjá fjölskyldunni. Nú þegar börnin séu vaxin úr grasi hafi skemmtigarðarnir hins vegar glatað töfrum sínum. „Hugsanlega breytist það þegar barnabörnin fara að koma í heiminn," bætir hann glettnislega við.

Þó er ekki hægt að segja að afmælisdagur Eðvarðs sé tíðindalaus, því stór hluti þjóðarinnar gengur til kosninga í dag. Skyldi afmælisbarnið vera búið að gera upp við sig hvern á að kjósa? „Já. Ég ætla að kjósa þann flokk sem ég treysti best til að leiða okkur út úr þessum vanda," segir hann án þess þó að vilja ljóstra upp hver verði fyrir valinu. Talið berst þá að ástandinu, en Eðvarð er ekki í neinum vafa um að íslenska þjóðin eigi eftir að komast úr þeim ógöngum sem hún hefur ratað í. „Það er erfitt þegar dimmir í lífi fólks, en þá er líka mikilvægt að sjá sól handan hæðar. Þjóðin er dugleg og við munum komast út úr þessum vanda."

Annars ætlar sóknarpresturinn ekki að vaka lengi yfir kosningasjónvarpinu þótt hann hlakki til að fylgjast aðeins með framvindu mála. Það samræmist ekki þeim reglufasta lífsstíl sem prestur með stórt prestakall verður að tileinka sér segir hann. „Svo næ ég kannski að sofa út á morgun, nema eitthvað komi upp á, en þá verður gert messuhlé eftir örtröðina um páskana."

*roald@frettabladid.is*


Albir

3. júní

frá kr. 89.900

- með fullu fæði




*Aðeins örfá herbergi í boði!*

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á síðustu sætunum í júní til Albir á Costa Blanca. Albir er notalegur bær rétt við Benidorm þar sem frábært era ð njóta lífsins í sumarfríinu. Bjóðum ótrúlegt sértilboð á gistingu á Hotel Rober Palas sem er gott þriggja stjörnu hótel sem býður góðan aðbúnað og frábæra staðsetningu í Albir. Stutt er að fara á ströndina og í miðbæinn. Við hótelið er sundlaug, bar, sólbaðsaðstaða, veitingastaði, setustofa, líkamsræktaraðstaða, billiard, sauna, diskótek, internetaðgengi fyrir gesti o.fl.. Á Hotel Rober Palas eru 82 herbergi sem eru smekklega innréttuð og með loftkælingu, gervihnattasjónvarpi, síma, öryggishólfi og baðherbergi. Fullt fæði er innifalið í gistingu, þ.e. morgun-, hádegis- og kvöldverður.

Verð kr. 89.900 – vikuferð með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Rober Palas *** í 7 nætur með hálfu fæði.
Verð m.v. 2 fullorðna og 1 barn kr. 92.900. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 99.900. Sértilboð 3. júní.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



## Sandvíkur-Skrudda Páls Lýðssonar
## -gamansögur úr Árnesþingi

Páll heitinn Lýðsson, bóndi og sagnfræðingur í Litlu-Sandvík, safnaði árum saman gamansögum af mönnum og málefnum sem tengjast á einn eða annan hátt Árnessýslu. Sigurður Kristinn Hermundarson, ritstjóri í Reykjavík og kunningi Páls, hafði fyrir ári síðan fært það í tal við hann, að gaman væri að sjá þetta efni á bók og var ákveðið að svo yrði. En enginn ræður sínum næturstað, eins þar stendur. Páll lést í umferðarslysi nokkrum dögum síðar, 8. apríl 2008. Engu að síður var áfram haldið og tók sonur hans, Lýður Pálsson, sagnfræðingur og forstöðumaður Byggðasafns Árnesinga, að sér að búa handritið til prentunar og naut við það aðstoðar áðurnefnds Sigurðar.
Í Sandvíkur-Skruddu kennir margra grasa. Þar er fjallað um sýslumennina, bændurna, prestana, alþingismennina, handverksmennina og auðvitað hó

Bókaútgáfan Hólar mun gefa bókina út í júní næstkomandi, en í henni verður að finna *Tabula memorialis*. Þar geta áskrifendur að ritinu vottað Páli heitnum Lýðssyni virðingu sína (nöfn áskrifenda munu birtast þar, nema annars sé óskað), en **verð bókarinnar verður kr. 4.000- og er sendingagjald innifalið. Hægt er að gerast áskrifandi í s. 587-2619 og í netfanginu holar@simnet.is**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"

**FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN** er ávallt vinsæll viðkomustaður fjölskyldna um helgar. Opið er í garðinum frá 10 til 17. Börn yngri en fjögurra ára, öryrkjar og ellilífeyrisþegar fá frítt inn. www.mu.is




...allar stærðir af dekkjum
DEKKJA VERKSTÆÐI
NOTUÐ DEKK
ÓDÝR DEKKJASKIPTI
VAKA
...á verði fyrir þig!
Eldshöfða 6 / Sími 567 6700
hjalp@vakahf.is / www.vakahf.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

LAGER HREINSUN
vegna flutninga
á Smiðjuvegi 11 (gul gata) Kópavogi
Opnunartími
föstudag 11-18 - laugardag 11-18 - sunnudag 13-18
Skór á alla fjölskylduna
FRÁBÆR VERÐ!
xena
Gabor
grisport
Light Step
Smiðjuvegi 11 (gul gata) Kópavogi.

KOLAPORTIÐ
Kolaportið er OPIÐ laugardaga og sunnudaga
frá kl. 11⁰⁰-17⁰⁰
Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is




Vigdís hlakkar ekkert smá til að sjá allar sýningarnar fyrir austan.

# Þetta verður dúndur

**Leiklistin verður óspart iðkuð á Egilsstöðum um helgina er þrettán leikhópar ungs fólks úr fjórðungnum sýna tuttugu og átta sýningar. Leikritin eru þrjú en í mismunandi útfærslum.**

„Þetta er litla, stóra barnið mitt," segir Vigdís Jakobsdóttir, fræðslustjóri Þjóðleikhússins, hlæjandi þegar hún er beðin að lýsa leikhátíðinni Þjóðleik á Egilsstöðum. „Þrjú leikrit, þrettán hópar ungmenna með fjórtán uppsetningar því einn hópurinn, Lopi á Hornafirði, er með tvö verk. Allar sýningarnar eru svo tvíteknar enda verða nokkrar í gangi í einu."

Vigdís segir unnið eftir módeli frá Bretlandi. „Þetta er frábær leið til að virkja ungt fólk, tengjast landsbyggðinni og miðla af fagþekkingu sem til er í Þjóðleikhúsinu. Svo er þetta í fyrsta skipti sem verk eru keypt af leikskáldum þjóðarinnar fyrir 13 til 20 ára flytjendur. Valin voru þrjú skáld, Bjarni Jónsson, Sigtryggur Magnason og Þórdís Elva Bachmann og hvert þeirra samdi eitt leikrit. Allt verk í styttri kantinum eða frá 35 uppí 55 mínútur í flutningi – hæfilega stórir skammtar en efnistök hjá hópunum ofsalega ólík.

Það verður algert dúndur fyrir krakkana að fá að sýna það sem þau hafa verið að æfa og sjá svo annan hóp taka sama verk allt öðrum tökum. Ég vonast líka til að almenningur geri sér ferð til að fylgjast með. Sýningarnar verða í gamla sláturhúsinu á Egilsstöðum og Valaskjálf og það er rosa góð stemning í kringum þennan viðburð."

*gun@frettabladid.is*

# Skrímsli og sól í Vatnsmýrinni

**Tvær sýningar fatlaðra listamanna verða opnaðar í Norræna húsinu í dag. Verkin eru ólík og innblásin af bæði náttúru og yfirnáttúru.**


Á sýningunni Fabulous Monsters hitta áhorfendur fyrir yndisleg skrímsli í litríku umhverfi.

Sýningarnar Fabulous Monsters og Sólarupprás í Vatnsmýrinni verða opnaðar í Norræna húsinu í dag, en þær eru hluti af dagskrá listahátíðarinnar List án landamæra sem hófst á fimmtudag.

Hinn danski Karavana hópur stendur að baki Fabulous Monsters en hann samanstendur af fötluðum leikurum, tónlistar- og myndlistarmönnum. Hópurinn hefur starfað saman í fimmtán ár og hefur frá stofnun verið virkur þátttakandi í menningarlífi Danmerkur og skapað fjölmörg leikrit, tónverk og listaverk. Á sýningunni hitta áhorfendur fyrir yndisleg skrímsli og skordýr í litríku umhverfi.

Sólarupprás í Vatnsmýrinni er svo sýning listamanna frá Sólheimum. Innblástur þeirra kemur víða að, eða allt frá náttúrunni til innstu kima sálarinnar. Á sýningunni gefur að líta verk sem eru unnin úr jafn ólíkum efnum og þæfðri ull, leir, tré, vatnslitum og olíupastel. Báðar sýningarnar standa til 17. maí. *- ve*


Listamenn frá Sólheimum sýna fjölbreytt verk sem eru unnin úr jafn ólíkum efnum og þæfðri ull, leir og tré.


Kór Jóns Vídalíns er fullur af verðandi stórsöngvurum að mati kórstjórans, Maríu Magnúsdóttur. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fönkskotin gospeltónlist

**Golspelkór Jóns Vídalíns heldur tónleika í hátíðarsal Fjölbrautaskólans í Garðabæ annað kvöld.**

„Þetta er fullur kór af einsöngvurum og verðandi stórsöngvurum," segir María Magnúsdóttir, kórstjóri kórs Jóns Vídalíns, sem heldur gospeltónleika annað kvöld. Hún er ekki spör á hrósið þegar kemur að hæfileikum söngvaranna í kórnum.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Fjölbrautaskólans í Garðabæ og Vídalínskirkju. Kórinn skipa um 25 ungar manneskjur, á aldrinum 16 til 24 ára. Flestar þeirra eru nemendur við Fjölbrautaskólann en jafnframt nokkrar frá Kópavogi og Hafnarfirði. Með þeim koma fram þeir Ómar Guðjónsson gítarleikari, Óskar Einarsson píanóleikari, Jóhann Ásmundsson bassaleikari og Brynjólfur Snorrason trommari. Þá verður sérstakur gestur með kórnum, Daníel Þór Bjarnason rappari.

Tónleikarnir fara fram í hátíðarsal Fjölbrautaskólans í Garðabæ og hefjast klukkan átta. Aðgangseyrir eru þúsund krónur en fimm hundruð fyrir börn yngri en tólf ára og nemendur í FG. *- hhs*

## Móttökuritari 75% starf !

Læknahúsið ehf. Domus Medica, Egilsgötu 3, 101 Rvk. óskar eftir að ráða móttökuritara í tímabundið starf frá byrjun maí til 15. september.
Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf sem felst m.a. í símsvörun, skráningu pantana og móttöku sjúklinga.

Tölvukunnátta og hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg. Starfshlutfall er 75%.

**Umsókn óskast send fyrir 30. apríl.**
**Upplýsingar veitir Hanna Lára**
**í síma 563-1063 / 862-2642.**

## STÖRF Í BOÐI

Tölvulistinn vill ráða öflugt fólk í eftirfarandi störf

### HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Sölufulltrúi í verslun *Fullt starf og hlutastarf*
Tæknimaður á verkstæði *Fullt starf*

### AKUREYRI

Verslunarstjóri *Fullt starf*

Við leitum að fólki sem býr yfir eftirfarandi eiginleikum

- Brennandi áhuga og mikla þekkingu á tölvum og tækni
- Ríkri þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði og áræðni
- Sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- Reynslu af sambærilegum störfum

Frekari upplýsingar ásamt umsóknareyðublaði má finna á vef okkar www.tl.is

TÖLVULISTINN TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9 S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34 S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

N1

# STÖÐVARSTJÓRI N1 HAFNARFIRÐI

**N1 óskar eftir að ráða stöðvarstjóra** til að annast daglegan rekstur og stjórnun þjónustustöðvar **N1 í Hafnarfirði**.

**Helstu verkefni:**

- Daglegur rekstur
- Verkstjórn og eftirlit
- Starfsmannamál
- Innkaup og samskipti við birgja
- Birgðastýring og kostnaðareftirlit
- Önnur verkefni á stöðinni

**Hæfniskröfur:**

- Haldgóð menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði verslunar og stjórnunar
- Rekstrarþekking
- Almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Leiðtogahæfni og samskiptalipurð
- Jákvætt viðhorf og atorkusemi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ómar Jóhannsson, rekstrarstjóri þjónustustöðva, í síma **440 1021.**
Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: **atvinna@N1.is eða á www.N1.is fyrir 3. maí n.k.**




N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

**SÍMI 440 1000**
**WWW.N1.IS**



## *Viltu vera í okkar liði?*

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 10 þúsund einstaklingar í 40 löndum sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

### *Krefjandi starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi*

Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum. Medis er með starfsemi í 8 löndum og rúmlega 70 starfsmenn. Á meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu. Hjá Medis er stefnt að því að vera fyrst á markað með ný samheitalyf um leið og einkaleyfi falla úr gildi.

MEDIS

### *Deildarstjóri - Finance & Administration*

Deildarstjóri ber ábyrgð á fjármálum Medis og að starfsmannahald deildarinnar sé í samræmi við stefnu félagsins hverju sinni. Meðal helstu verkefna eru mánaðarleg fjárhagsuppgjör, áætlanagerð, markmiðasetning, kostnaðaraðhald, reikningagerð, innheimtur viðskiptakrafna, skrifstofuhald, fjárhagslegar greiningar og skýrslugerð til stjórnenda. Deildarstjórinn er í miklum samskiptum við starfsmenn Medis og fjármáladeildir Actavis Group bæði hérlendis og erlendis.

Háskólapróf í viðskiptafræði, helst á sviði endurskoðunar eða fjármála, er skilyrði sem og marktæk reynsla af fjármálastjórnun og haldgóð stjórnunarreynsla. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á bókhaldi, bókhalds- og uppgjörskerfum. Við leitum að einstaklingi sem er skipulagður, metnaðarfullur og með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Jafnframt er gerð krafa um mjög góða enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli.

Nánari upplýsingar veitir **Erla Hrönn Diðriksdóttir**, edidriksdottir@actavis.com
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **3. maí nk**.

Medis Reykjavíkurvegur 78 220 Hafnarfirði s 550 3200 f 550 3201 @ medis@medis.is w www.medis.is

actavis
creating value in pharmaceuticals

# Lögfræðingar við Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar að ráða tvo öfluga lögfræðinga til starfa vegna tímabundinna verkefna. Gerður verður ráðningasamningur til eins árs með möguleika á framlengingu.

**Verkefni 1**
Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra upplýsingasviðs. Helstu verkefni eru á sviði gjaldeyrismála og felur í sér eftirlit með framkvæmd laga og reglna um gjaldeyrismál, túlkun þeirra, afgreiðsla fyrirspurna, undanþágubeiðna, samskipti við fjármálafyrirtæki, Fjármálaeftirlitið, viðskiptaráðuneytið og aðra aðila er málin varða. Starfið felur einnig í sér önnur tilfallandi lögfræðileg úrlausnarefni.

**Verkefni 2**
Starfið heyrir undir aðallögfræðing bankans. Helstu verkefni að halda utan um kröfur og tryggingar og gæta réttar Seðlabankans og ríkissjóðs gagnvart innlendum og erlendum fjármálastofnunum. Starfið felur í sér samskipti við ráðuneyti, innlendar og erlendar fjármálastofnanir auk alþjóðlegra stofnana. Starfið felur einnig í sér önnur tilfallandi lögfræðileg úrlausnarefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Víðtæk þekking og starfsreynsla á fjármagnsmarkaði æskileg
- Góð íslensku og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum og aðlögunarhæfni

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem allra fyrst.

**Nánari upplýsingar veitir Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur, í síma 569 9624. Umsóknum skal skilað fyrir 30. apríl 2009 til rekstrarsviðs Seðlabanka Íslands.**



# Vélvirkjar
## óskast í sumarafleysingar
### hjá Norðuráli á Grundartanga

**Hvaða kröfur gerum við?**
- Sveinspróf í viðkomandi iðngrein eða að umsækjandi sé kominn vel á veg með iðnnám
- Áhugi, góð samskiptahæfni og geta til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir

**Hvað veitum við?**
Við bjóðum þér traust og gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefnin eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á búnaði Norðuráls, með aukinni áherslu á fyrirbyggjandi viðhald.

**Nánari upplýsingar veita:**
Einar F. Björnsson, viðhaldsstjóri og Fjalar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri viðhaldssviðs, í síma 430 1000.

**Hvernig sækir þú um?**
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 8. maí n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordual.is eða póstlagt umsóknina merkta: Vélvirkjar - Sumarafleysingar.

**Trúnaður**
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

**Jafnrétti**
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

## LUNDABÓL

Á leikskólanum Lundabóli eru eftirfarandi störf laus til umsóknar:
- Deildarstjóri
- Sérkennslustjóri

**Umsóknarfrestur er til 11. maí 2009**

Upplýsingar um störfin eru á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið




## ÁLFASÖLUFÓLK!

**20. árlega álfasala SÁÁ fer fram 21. - 24. maí nk.**

Okkur vantar 17 sölustjóra fyrir höfuðborgarsvæðið og hóp duglegs sölufólks sem er tilbúið að leggja okkur lið við sölu á álfinum þessa daga – einn dag eða fleiri.

Ungu fólki, sem glímir við áfengis- og vímuefnavanda, fjölgar sífellt. Góður árangur af álfasölunni skiptir því meira máli nú en nokkru sinni fyrr til að geta tryggt áframhaldandi starf í þágu þessa fólks og fjölskyldna þeirra.

## Góð sölulaun!

Skráning í símum 530 7600 og 824 7644

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

**Grunnskóli Hornafjarðar
470 8400**

## Laus kennsla við Grunnskóla Hornafjarðar

**veturinn 2009 -2010**

- umsjónarkennsla á unglingastigi
- stærðfræðikennsla á unglingastigi
- enskukennsla á unglingastigi
- sérkennsla
- heimilisfræðikennsla
- myndmenntarkennsla
- textílkennsla
- íþróttakennsla

Í boði er niðurgreitt húsnæði og flutningsstyrkur

Launakjör samkvæmt kjarasamningi KÍ og LS.

Umsóknum um kennarastöður skal skilað skriflega til skólastjórnenda fyrir 1. maí n.k. með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendur.

Nánari upplýsingar veita skólastjórarnir Þorvaldur Viktorsson og Þórgunnur Torfadóttir í síma 470 8400 - tjv@hornafjordur.is - thorgunnur@hornafjordur.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



# GLEÐILEGT SUMAR!

Capacent Ráðningar óska umsækjendum og fyrirtækjum gleðilegs sumars. Frá áramótum höfum við ráðið rúmlega hundrað einstaklinga í störf af ýmsum toga. Hér eru nokkur dæmi.

- **JÓHANNA MÁSDÓTTIR**
  **SÉRFRÆÐINGUR HJÁ ACTAVIS GROUP - MEDIS**
  „Ég fór í viðtal hjá Capacent vegna starfs hjá Medis. Viðtalið var mjög nákvæmt þannig að ég kom öllu til skila. Eftirfylgnin frábær, mér leið eins og ég væri eini umsækjandinn. Mjög persónulegt og fagmannlegt."

- **ZOHRA SEMAR**
  **VERKFRÆÐINGUR HJÁ FIRST INTERACTIVE Í NOREGI**
  „My new job fits my qualification. Capacent gave me the opportunity to get my dream job and to make the turn point in my life."

- **SIGURÐUR PÁLL HARÐARSON**
  **FRAMKVÆMDASTJÓRI**
  „Minnistæð og góð kynni af starfsfólki Capacent og faglegum starfsháttum bæði hvað varðar viðtöl og upplýsingagjöf."

- **HRAFNHILDUR GÍSLADÓTTIR**
  **MARKAÐSFULLTRÚI HJÁ ÁSBIRNI ÓLAFSSYNI**
  „Ég skráði mig hjá Capacent Ráðningum og var í framhaldinu ráðin sem markaðsfulltrúi. Ég var ánægð með ráðningarferlið og þá persónulegu þjónustu sem mér var veitt."

- **ELÍSABET S. ARNDAL**
  **SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSTEYMI ALCOA FJARÐAÁL**
  „Ég er mjög ánægð með þá þjónustu sem ég fékk hjá Capacent þegar ég var í atvinnuleit. Hún skilaði sér í spennandi atvinnutækifæri hjá stóru og áhugaverðu fyrirtæki með alþjóðatengsl. Það hefur líka gefið mér tækifæri til að prófa að búa annars staðar á landinu en á höfuðborgarsvæðinu, en það hafði ég ekki gert áður."

- **ÍRIS MAGNÚSDÓTTIR**
  **VIÐSKIPTASTJÓRI Á FYRIRTÆKJASVIÐI JÁ**
  „Ég lagði inn atvinnuumsókn á vef Capacent og var boðuð í viðtal skömmu síðar vegna starfs viðskiptastjóra hjá Já. Mjög vel var tekið á móti mér og fagmannlega að öllu staðið og ég fann greinilegan vilja ráðgjafa fyrir að aðstoða mig að finna starf við mitt hæfi. Í dag er ég sátt, hjá traustu og öflugu fyrirtæki og með frábært samstarfsfólk. Ég þakka kærlega fyrir aðstoðina og mæli eindregið með Capacent sem ráðningarþjónustu."

- **STEFÁN ÞÓR STEINSEN**
  **SÖLUSTJÓRI HJÁ FJÖREFLI**
  „Í samskiptum mínum við Capacent var fagmennskan í fyrirrúmi allan tímann, allt frá fyrsta símtali til síðasta viðtals."

- **HELGA VALFELLS**
  **AÐSTOÐARMAÐUR VIÐSKIPTARÁÐHERRA**
  „Það er gott að vita að Capacent er vettvangur þar sem fagmennska er höfð í fyrirrúmi."

- **HARALDUR INGVARSSON**
  **ARKITEKT**
  „Starfsfólk Capacent hefur þægilegt viðmót, var gott í öllum samskiptum, upplýsingagjöf skýr og öllum spurningum sem upp komu var svarað af kostgæfni. Fyrir mitt leyti var ég mjög ánægður með Capacent og get hiklaust mælt með þeim."

- **SIGRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
  **SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRMÁLATEYMI ALCOA FJARÐAÁL**
  „Ráðgjafar Capacent komu með fjölmargar hugmyndir af störfum til að sækja um, jafnvel störf og/eða staði sem mér hefði ekki dottið í hug að sækjast eftir án þess að einhver hefði bent mér á möguleikann. Fyrir þeirra aðkomu er ég nú að kynnast áður óþekktum heimi í atvinnu og búsetu. Kærar þakkir fyrir persónulega og góða þjónustu."

*Sumarkveðja frá starfsfólki Capacent Ráðninga*

capacent
RÁÐNINGAR

jsó Járnsmiðja Óðins ehf.



jsó Járnsmiðja Óðins ehf.

# Járnsmiður/málmiðnaðarmaður

Fyrirtækið Járnsmiðja Óðins ehf

**Leitar að** járnsmiðum, eingöngu lærður iðnaðarmaður í vélvirkjun, rennismíði eða sambærilegu kemur til greina, skilyrði er að hann tali íslensku og reyki ekki
**Starfið** felst í fjölbreyttri nýsmíði og uppsetningum. Sjá heimasíðu fyrirtækisins www.jso.is.
***Áhersla*** er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, létta lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni.
**Starfsaðstaða** er góð, allur tækjabúnaður er góður og nýlegur.
Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsókn sendist á jso@jso.is, einnig er á heimasíðu atvinnuumsóknarbeiðni

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## HEIMAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR HEIMAHJÚKRUN

**Hjúkrunarfræðingar - hjúkrunarfræðinemar**
**Sjúkraliðar - sjúkraliðanemar**

Heimahjúkrun leitar eftir hjúkrunarfræðingum - hjúkrunarfræðinemum, sjúkraliðum - sjúkraliðanemum til afleysinga sumarið 2009. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf í maí eða eftir nánara samkomulagi. Æskileg er ráðning í fullt starf en hlutastörf koma til greina.

Lausar eru fastar stöður hjúkrunarfræðinga á kvöldvöktum - hlutastörf. Afleysingarstaða umsjónarhjúkrunarfræðings til eins árs laus sem fyrst.
Heimaþjónusta Reykjavíkur - heimahjúkrun er til húsa að Álfabakka 16 í Reykjavík. Heimahjúkrun sinnir sólarhringsþjónustu fyrir íbúa Reykjavíkur og Seltjarnarness.
Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri reynslu og hæfileikum til að geta unnið sjálfstætt ásamt lipurð í mannlegum samskiptum. Viðkomandi fær bíl til afnota á vinnutíma.

**Helstu verkefni:**
Umönnun og hjúkrun einstaklinga í heimahúsi.

Launakjör hjúkrunarfræðinga eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Launakjör sjúkraliða eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkraliðafélags Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Magnúsdóttir, forstöðumaður heimahjúkrunar, hjá Heimaþjónustu Reykjavíkur í síma 411-9600, netfang: thordis.magnusdottir@reykjavik.is

**Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og leyfisbréfi.**
**Sækja skal um starf á www.reykjavik.is - sumarstörf hjá Reykjavíkurborg.**
**Reykjavík 24. apríl 2009.**

Heimaþjónusta Reykjavíkur - heimahjúkrun
Álfabakka 16
109 Reykjavík
Sími 411-9600

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

N1

# MATREIÐSLUMAÐUR N1 STAÐARSKÁLA

**N1 óskar eftir að ráða matreiðslumann** til starfa **í Staðarskála**.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með eldhúsi
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af svipuðum störfum eða menntun sem nýtist í starfi
- Snyrtimennska
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Samskiptalipurð
- Jákvætt viðhorf og atorkusemi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ómar Jóhannsson, rekstrarstjóri þjónustustöðva, í síma **440 1021.**
Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: **atvinna@N1.is eða www.N1.is fyrir 3. maí n.k.**




N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

# Afgreiðslustarf

Álafoss Mosfellsbæ vill ráða lífsglaða manneskju til starfa í verslun sína í Mosfellsbæ í sumar. Vinnutími er frá 09-18 alla virka daga og tilfallandi helgarvinna. Æskilegt væri að hún hafi kunnáttu í prjónaskap og einhverja tungumálakunnáttu.

**Umsóknir sendast á addi@alafoss.is fyrir 01.mai.**



## Viltu lifandi vinnustað?
**Þá sækir þú um hjá Sixt rent a car**

**Þjónustustjóri í Reykjavík**
**Starfssvið:** Umsjón með móttöku viðskiptavina í Reykjavík. Bókanir á bílaleigubílum og eftirfylgni með bílaleigusamningum. Vinnsla reikninga og önnur skrifstofustörf.

**Skilyrði:** Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Enskukunnátta skilyrði og þýskukunnátta er mikill kostur. Góð tölvukunnátta skilyrði. Hentar vel fyrir þá sem hafa reynslu úr ferðaþjónustu *(t.d. hóteli, ferðaskrifstofu eða flugfélagi)*. Jákvætt viðmót, sjálfsöryggi auk ríkrar þjónustulundar og hæfni í mannlegum samskiptum eru skilyrði.

**Afgreiðslustjóri / vaktstjóri í Keflavík**
**Starfssvið:** Umsjón með móttöku viðskiptavina í Keflavík við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Umsjón með bílaflota og afhending bílaleigubíla.

**Skilyrði:** Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Enskukunnátta skilyrði og þýskukunnátta er mikill kostur. Góð tölvukunnátta skilyrði. Hentar vel fyrir þá sem hafa reynslu úr ferðaþjónustu *(t.d. hóteli, ferðaskrifstofu eða flugfélagi)*. Jákvætt viðmót, sjálfsöryggi auk ríkrar þjónustulundar og hæfni í mannlegum samskiptum eru skilyrði.

**Vaktmaður / þjónustufulltrúi í Keflavík**
**Starfssvið:** Ferjun bíla og viðskiptavina til og frá Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þrif á bílaleigubílum og önnur tilfallandi verkefni.

**Skilyrði:** Snyrtimennska, drifkraftur, jákvætt viðmót og rík þjónustulund eru skilyrði. Enskukunnátta er einnig skilyrði. Fólk á öllum aldri hvatt til að sækja um.

**Umsóknir berist til Sixt, Tangarhöfða 8, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfang sixt@sixt.is fyrir mánudaginn 1. maí. Nánari upplýsingar í síma 577 6050.**



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 31 þriðjudaginn 28. apríl kl. 17:00.

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafis.is/fsr eða í síma 580 5252**

## Snyrtifræðingur

Óskum eftir snyrtifræðing til starfa.
**Nánari upplýsingar má óska eftir á netfangið: box@frett.is merkt "snyrtifræðingur".**

## NAGLAFRÆÐINGUR ÓSKAST

Naglastofan sculpture er með laust pláss fyrir naglafræðing sem hefur áhuga á að leiga aðstöðu. Mjög flott og góð aðstaða.

**Nánari upplýsingar á nailshop@btnet.Is**

maður lifandi

### Maður lifandi óskar eftir aðstoðar matreiðslumanni í fullt starf.

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af eldhússtörfum, búa yfir miklum metnaði og geta unnið sjálfstætt.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf strax.

**Umsókn sendist á steinn@madurlifandi.is**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Öldutúnsskóli

Lausar eru kennarastöður í náttúrufræði og dönsku á unglingastigi við Öldutúnsskóla. Umsækjendur með sérmenntun og kennslureynslu í þessum greinum ganga fyrir öðrum umsækjendum.

Allar upplýsingar gefa skólastjórnendur, Erla Guðjónsdóttir og Valdimar Víðisson í síma 555 1546/664 5896/664 5898.
Umsóknarfrestur er til og með 2. maí.
Sjá einnig heimasíðu skólans www.oldutunsskoli.is

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*


**Auglýsingasími**

**512 5050**




– Mest lesið


## VIÐ ERUM FULL AF FJÖRI

Bílabúð Benna



PORSCHE

Traust bílaumboð óskar eftir góðu fólki í eftirfarandi störf:

☐ **Tæknimaður á þjónustuverkstæði**
Leitað er að bifvélavirkja. Starfið felur í sér bilanagreiningu, viðgerðir á bifreiðum. Kostur er ef viðkomandi hefur góða þekkingu á rafmagns- og tölvubúnaði bifreiða.




☐ **Starfsmaður í verslun**
Helstu verkefni eru sérpantanir á varahlutum frá Ameríku. Einnig þarf viðkomandi að geta sinnt sölu á aukahlutum, varahlutum og fleiru.

CHEVROLET

Leitað er að samviskusömum og þjónustulunduðum einstaklingum.



**Umsóknir berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfang benni@benni.is fyrir mánudaginn 4. maí.**

**Nánari upplýsingar í síma 590 2000.**

SSANGYONG

TOYO TIRES

Bílabúð Benna ehf er 30 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins. Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða. Bílabúð Benna ehf er umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SsangYong.

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000 - www.benni.is - benni@benni

# Forritari

## óskast við Reiknistofnun Háskóla Íslands

Reiknistofnun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða forritara fyrir innri vef Háskólans sem gengur undir nafninu „UGLA". Reiknistofnun sér um alla hugbúnaðargerð skólans. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín. Hugbúnaðarumhverfið er Windows, Unix, Linux og MacOSX.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi með reynslu af forritun í PHP eða sambærilegu máli. Þekkingu og reynslu af skjölun forrita og verkferla er nauðsyn. Reynsla af Linux, Apache og gagnagrunnsforritun er kostur. Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun er áskilin. Lögð er áhersla á hæfileika í mannlegum samskiptum og hópstarfi ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Góð íslensku- og enskukunnátta er kostur.

Sjá nánar: **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/is/skolinn/laus_storf**

Nánari upplýsingar: Ragnar Stefán Ragnarsson, deildarstjóri Hugbúnaðarþróunar í síma 525 4221, netfang ragnarst@hi.is.

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA 094567

**www.starfatorg.is** og **www.hi.is/is/skolinn/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar
www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Útboð

LANDSNET

### Útboð NE2-65
### Nesjavellir – Geitháls, 132 kV jarðstrengur, jarðvinna og lagning

## Eftirlit

**Landsnet óskar eftir tilboðum í eftirlit með útboðsverkinu:**

**NE2-01**
**Nesjavellir – Geitháls, 132 kV jarðstrengur, jarðvinna og lagning**

**samkvæmt útboðsgögnum NE2-65.**

Verkið felst í eftirliti með framkvæmdum við útboðsverkið NE2-01. Innifalið í NE2-01 er jarðvinna (gröftur, fleygun, söndun og fylling) og lagning á 132 kV jarðstreng og ljósleiðara frá orkuveri OR á Nesjavöllum að tengivirki Landsnets á Geithálsi auk yfirborðsfrágangs.

Lagningu og tengingu strengs skal lokið 1. nóvember 2009 en verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2010.

Útboðsgögn verða afhent í móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 28. apríl n.k.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, þriðjudaginn 12. maí 2009 fyrir kl. 14:00 þar sem nöfn bjóðenda verða lesin upp að viðstöddum fulltrúum þeirra bjóðenda sem þess óska.

Mat á tilboðum verður byggt á hæfi bjóðenda og tilboðsverði.
Að loknu mati á hæfi bjóðenda verða verðtilboð opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Faxaflóahafnir sf / Associated Icelandic Ports — Reykjavík, Grundartangi, Akranes, Borgarnes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

**Katanesvegur, Grundartanga**
**Götur og lagnir, 2. áfangi**

Verkið felst í endurgerð á hluta af Katanesvegi, Grundartanga, ásamt því að leggja fráveitulagnir. Verklok eru 15. september 2009.

Helstu magntölur eru:
Gröftur..........................21.000 m³
Fylling..........................19.000 m³
Malbik...........................4.500 m²
Fráveitulagnir...................260 m
Ídráttarpípur.....................390 m

Útboðsgögn verða seld á **skrifstofu Mannvits** að Laugavegi 178, 105 Reykjavík og að Garðabraut 2A, 300 Akranesi, frá og með þriðjudeginum 28. apríl á 5.000kr hvert eintak.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu Faxaflóahafna, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, **þriðjudaginn 12. maí 2008 kl. 11.00.**

MANNVIT VERKFRÆÐISTOFA

## Til sölu

# Til sölu

**Til sölu að hluta eða að öllu leiti verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.Vélakostur þess eru tvær beltavélar önnur er 35 tonna og hin 3,3 tonn og eru þær báðar með brotfleyg og 16 tonna hjólavél með rodortilt. Tveit bílar fylgja VW Transsprorter og Ford 350 . Með fyrirtækinu fylgir verksamningur hjá opinberum aðila**

**Upplýsingar eru gefnar í síma 8990214.**

# Áhugavert starf í Blómavali



## Blómaskreytir

Óskum eftir blómaskreyti í verslun okkar í Skútuvogi

**Ábyrgðarsvið**
Blómaskreytingar
Ráðgjöf, þjónusta og sala til viðskiptavina
Innkaup
Utanumhald um blómaskreytingardeild

**Hæfniskröfur**
Blómaskreytir
Þjónustulund, áhugi og metnaður
Reynsla af stjórnun æskileg
Reynsla af verslun og þjónustu æskileg

**Í boði er**
Skemmtilegt og fjölbreytt starf
Vinnutími 10-17 virka daga og annan hvern laugardag 10-17

Umsóknir berist fyrir föstudaginn 5.maí til starfsmannastjóra, Elínar Hlífar Helgadóttur elinh@husa.is Húsasmiðjan, Holtagörðum, 104 Reykjavík. Umsóknareyðublöð má einnig nálgast á skrifstofu okkar að Holtagörðum og inn á vefsíðunni www.husa.is.
Öllum umsóknum svarað.



Húsasmiðjan/Blómaval er eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Blómval er starfrækt á 8 stöðum um land allt og Húsasmiðjuverslanir eru samtals 25.

Hjá Húsasmiðjunni/Blómval starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi og rekum sérstakan skóla, Húsasmiðjuskólannn, þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Í Húsasmiðjunni/Blómval er starfandi öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, sér um útleigu sumarhúsa fyrir starfsfólk auk þess sem fyrirtækið og starfsmannafélag veita starfsfólki styrk til heilsuræktar.

blómaval heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

HÚSASMIÐJAN

## Tilkynningar

### Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í **málmiðngreinum** og **netagerð, gull- og silfursmíði, söðlasmíði** og **skósmíði, húsgagnasmíði, dúklögnum** og **veggfóðrun** verða haldin í maí - júní ef næg þátttaka fæst.

Sveinspróf í **hársnyrtiiðn, snyrtifræði, klæðskurði** og **kjólasaumi, bifvélavirkjun, bifreiðasmíði** og **bílamálun** verða haldin í maí - júní. Sjá dagsetningar á www.idan.is.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. maí.**

Sveinspróf í **vélvirkjun** og **ljósmyndun** verða haldin í október.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. júní.**

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2009.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður, er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, www.idan.is og á skrifstofunni.

IÐAN - fræðslusetur,
Skúlatúni 2, 105 Reykjavík,
sími: 590 6400, bréfsími: 590 6401,
netfang: idan@idan.is

IÐAN fræðslusetur

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Innritun fatlaðra nemenda í framhaldsskóla 2009

Ákveðið hefur verið að innritun fatlaðra nemenda, sem óska eftir skólavist á starfsbrautum framhaldsskóla, fari fram fyrr en innritun almennt í framhaldsskóla. Þetta er gert til þess að skólarnir fái meira svigrúm til að vinna úr umsóknum og undirbúa komu viðkomandi nemenda. Umsóknir um skólavist á starfsbrautum skulu hafa borist viðkomandi framhaldsskóla fyrir 15. maí nk.
Upplýsingar um starfsbrautir er að finna á heimasíðum framhaldsskóla og hjá náms- og starfsráðgjöfum og forsvarsmönnum starfsbrauta. Einnig má finna upplýsingar í vefritinu Nám að loknum grunnskóla sem aðgengilegt er á vef menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á eyðublöðum sem skólinn lætur þeim í té. Á umsóknareyðublaði skal einnig tilgreindur annar skóli til vara. Formleg svör um skólavist berast í júnímánuði.

Menntamálaráðuneyti, 22. apríl 2009.
menntamálaráðuneyti.is

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

**Ökukennsla. Akstursmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Húsgögn & Heimilistæki Skeifunni 9 auglýsir. Tökum í umboðssölu öll húsgögn og heimilistæki. Opið frá 13-18. s. 564 3300.

## Dýrahald



3 svartir Labrador rakkar til sölu, ættb. færðir hjá H.R.F.Í. Tilb. til afh. 1.júní. Uppl. í S. 822 0383 & 822 2118 einnig á www.labbapabbi.dyraland.is



**www.hundaheimur.is**
Snyrtiborð með gálga, tvær stærðir og vinsælu járnbúrin komin aftur - Áfram frábær verð. Hundaheimur Mosfellsbæ



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 894 0735.

**Óskum eftir hundi**
Fjölskylda óskar eftir stórum hundi, helst tík. Ekki mikið blönduð og ekki mikið eldri en 3-4 ára. Erum með gott rólegt heimili. Uppl. í s. 615 2702.

Rough Collie hvolpur með ættbók HRFÍ til sölu. Uppl. www.naeturcollie.com/4535004

**Papilon hvolpar til sölu**
Af þessari yndislegu tegund, heilsufarsskoðaðir og ættbókarfærðir hjá HRFÍ. Uppl. í s. 663 2828 og á www.aiminghigh.is

Sætir kassavanir kettlingar fást gefins á góð heimili. S. 893 2309.

Shar-pei hvolpar til sölu. Eru með HRFÍ ættbækur. Uppl. í s. 865 3937.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting, tjaldsvæði, salur f. hópa. www.borgarvirki.com info@borgarvirki.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LMH.IS**
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

Búseturéttaríbúðir - Leiguíbúðir
Sími: 520 5788 - Veffang: www.buseti.is
BÚSETI
Öryggi til frambúðar, frelsi þegar þér hentar

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

leiguíbúðir

**Til leigu**
Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis. Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibúdir.is

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Lögqild leigumiðlun
Vinsælasta leigumiðlun landsins*
Sími 615 4422

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga /**

**Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

PARFTU AÐ LEIGJA?
Vantar eignir á skrá
Öflug leigumiðlun.
húsaleiga.is

Björt og skemmtileg 2ja herb 60fm útsýnisíbúð á 4h í Vesturb. 107 R. Verð 90þ. á mán. (hússj. og hiti innif.) + úttekt við afhendingu og skil, bankaáb, REYKLAUS, laus strax. S. 692 9531.

4 herb. íbúð á Völlunum Hfj. til leigu frá 1 maí til 1 sept. 115 þús. á mán. Uppl. s.847 3029

4-5 Herb, 103fm íbúð í Skipholti. 11 tölvutenglar víðsvegar í íbúð fyrir ljósleiðara eða adsl. Vestursvalir, með eða án húsgagna. 138 þús 696-3692

Ný og glæsileg 3 herb, 108 fm íbúð til leigu í Vindakór Kópavogi. Áhugasamir hafi samband í síma 691 2938. Leigan er til langtíma.

FALLEG,NÝUPPGERÐ 4.HERB. ÍBÚÐ Í 101. Íbúðin er á aðalhæð í glæsilegu uppgerðu húsi. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Upplýs.í síma 699-4913

Ti leigu nýleg 100 fm 3ja herb. íbúð með bílageymslu og lyftu í Mosfellsbæ frá 15 mai. Uppl. gefur Böðvar í s. 660 6690 eða bmarkan@simnet.is

Snyrtileg og vel skipulögð stúdióíbúð í hverfi 104. Uppl. í síma 862 6679 & 824 3040.

Til leigu 3-4 herb. 90 fm íbúð á Ásbraut í Kópavogi uppl. í síma 8237846

Til sölu 3ja til 4ra herb. íbúð á Völlunum í Hafnarfirði tilbúin án gólfefna að hluta. Áhvílandi íbúðalánasjóðslán. Er til í að taka ferðabíl upp í kaupverðið að hluta. Upp.l í síma 8922221

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Stapahraun 2 Hfj. Kitchen, washer, dryer and free internet. Furniture if needed. Tel 893 6060.

Er með litla íbúð í smáíbúðahverfinu til leigu. Uppl. í s. 893 3504.

Skemmtileg Íbúð Laugaveg. 3herb. 78 fm verð 115 þús. allt innifalið. S. 822 0311.

Til leigu 3 herb 95 fm íbúð í Álfkonuhvarfi í kópavogi.S: 898-2811.

Til leigu herb. m. eldhúsi, baðherbergi þvottavél, þurrkar. Í herb. rúm, fataskápur, ísskápur, adsl, tv tengi. S. 693 4848.

3 herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi til leigu í Seljahverfi Breiðholti. Langtímaleiga. Reglusemi áskilin. Laus strax. 90þ. á mán.Uppl. í s. 664 8363.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Kaupmannahöfn**
Herb. f. einn til leigu á Amager með húsgögnum. Laus 1 maí. Uppl. í s. 0045 2820 2880 & 0045 4333 6072.

43.fm íbúð til leigu í hverfi 104. Rafmagn og hiti innifalið.Verð 60.000. Uppl í síma 8686493

Pokoje do wynajecia na Breiðholt. Po wiecej info Wieslawa Ksiazko tel . 6622579

Yndisleg 2h. risíbúð í 108 til langtíma leigu frá 01.06, 65m2 og garður. Leigist með eða án húsgögnum í 2-3 ár. Leiga 80.000 + hiti og rafmagn. Sími 696 0173

Glæsileg ca. 65fm 2 herb. íbúð til leigu í Grb. Sérinng. Sérbílast. Húsleigubætur. V. 90þ. S. 699 0701.

Til leigu ný og glæsileg 3ja herb. 120 fm íbúð í Hafnarfirði. Þvottav., uppþvottavél og ameriskur ískápur. Stæði í bílag. Uppl. í síma 692 6016 & 698 2098

Herb. til leigu í póstnr. 105, miðbæ Rvk. Uppl. í síma 895 0482.

2ja herb. íbúð í Hraunbæ R.vík til leigu. Sérinng. 3.hæð. Laus. S.898 3420

Rúml. 20fm stúdióíbúð til leigu. Lauganesvegur 38. Leiguv. 45þ. á mán. rafm. og hiti innif. S. 699 5552.

4ra herb. 114fm nýlegt raðhús í Hraunbæ R.vík til leigu. Laust strax. S.898 3420

Til leigu nú þegar herb. á svæði 109 með aðgang að snyrtingu og sturtu. Uppl. í s. 867 8515

Til sölu lítið bílaverkstæði í Kóapvogi sem er í leiguhúsnæði. Koni bílalyfta 3,2 t, gastæki, suða, verkfæraskápur, o.fl. smádót. Verð 1.5 milljónir S. 861 3790.

3herb. nýl. íb. 110R. Parketi á öllu & flísalagt bað. Þvottah. í íbúð. St. í bílag. Stór geymsla. Langtímal. S. 660 2624.

Falleg og vel staðsett 2ja herb. 72fm íbúð í Gbr. Laus 1.maí. Leiga 89þ. Uppl. í s. 772 5157

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð til að leigja. 50.000 kr. á mánuði. Skilvísi, reglusemi og góðri umgengni heitið. Sími. 856 4714

Ung kvk leitar að íbúð í Rvk. (helst 101) Greiðslug. 70þ. á mán. Reglusemi og skilv. gr. heitið. S. 661 2535.

4ra manna fjölsk. óskar eftir íbúð í Seljahverfi sem fyrst. Uppl. í s. 659 9596

Reglusamur 29 ára einstæður faðir óskar eftir 2-3HB íbúð á Höfuðborgarsvæðinu strax. Góðri umgengni og skilvirkum greiðslum heitið. Greiðslugeta 70þús. S. 7725344

Óskum eftir íbúð í 101 eða 107! Pabbi og 11 ára strákur í Melaskóla vantar 2-3 herb. íbúð. Reyklaus. Öruggar tekjur/greiðslur. Helst Langtímaleiga. 85.000 S. 865 1110 gislith66@gmail.com

Óska eftir 2 herb. íbúð í Rvk. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 698 9499

Kona óskar eftir 2ja herb. íbúð. Uppl. í . s. 821 6932 & 587 6023

Óska eftir stúdíóíbúð í Rvk. greiðslg. 50þ. Og 2 herb. íbúð í Rvk. greiðslug. 80þ. S. 616 1782.

Óska eftir húsnæði á Reykjavíkursvæðinu í skiptum fyrir 5 herb. raðhúsaíbúð með stórum bílskúr í Keflavík. Leiguskipti eða kaupskipti koma til greina. Uppl. í síma 8605460

Par með hund óskar eftir 4 herb. íbúð/sérbýli í Hfj. eða Gbæ. Hafið samband í s. 869-5336.

## Sumarbústaðir



Tilboð óskast i tæplega 20 m2 vandað timburhús. Sjá nánar á www.skot-sfs.is

45fm sumarbústaður til sölu í Húsfelli. V. 9,8 m. Uppl. í s. 895 2490 & 821 4577.

## Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

**Lækkað verð!**
Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Til afhendingar strax. 950 kr. + vsk. per fm.

S. 577 4747 eða á hogni@hofdabilar.is

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Óska eftir geymsluhúsnæði á Akureyri fyrir meðalstóra búslóð í sumar. S. 659 1057.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

Afslöppun í Hveragerði. íbúðir í Hveragerði, internet,sjónvarp,heitur pottur www.frumskogar.is

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Snyrtifræðingur / Naglafræðingur**
**óskast til starfa.**
**Upplýsingar í s. 895 9824.**

**Iðnnemar óskast**
**Veitingahúsið Silfur á Hótel Borg getur bætt við sig nemum í framreiðslu og matreiðslu. Leitum eftir kraftmiklu og skemmtilegu fólki. Reynsla er kostur en alls ekki skilyrði. Upplýsingar hjá Veroniku í síma 578-2008 eða 892-1735 milli kl. 14.00 - 16.00. Einnig getur þú sent tölvupóst á netfangið info@silfur.is**

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Noregur - Hellur**
Óskum eftir vönum verkstjóra til að sjá um Hellulagningadeild. Uppl. á www.boreteknikk.no / Dóri s. 0047-97-57-40-09. Kristján s. 693 7700. post@boreteknikk.no

Ísl hjón á Englandi óska e stúlku, >19, t.a gæta 1 og 3 ára drengja. DrMatthildur@msn.com

Óska eftir manneskju til að kenna ísl. manni um fimmtugt ensku nokkra tíma í viku eftir samkomulagi. Uppl. um reynslu og launa óskir sendist á enskukennsla@visir.is

Verkefni. Erum að leita að fólki yfir 30 ára til að kynna mjög áhugaverða og auðseljanlega vöru. uppl. í s. 6625599

Hársmiðjan í Kópavogi óskar eftir Hársnyrtisveini í fullt- eða hlutastarf. Uppl. í Síma 822-9905

Vantar vana pappalagningamenn. Uppl. í s. 896 4947.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

2 men looking for light carpenter job. S. 857 9937 & 843 5018.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**47 ára kona**
vill kynnast karlmanni, 50-65 ára, með tilbreytingu og vinskap í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8503.



**Exhibitionism**
Sexychat.is hyggst m.a. verða vettvangur þeirra íslendinga sem hafa gaman af að sýna sig og/eða aðhyllast mildari 'exhibitionisma' (e. exhibitionism). Þar kemur bronsáskrift til sögunnar en bronsáskrift fylgir læst albúm þar sem bronsáskrifendur geta birt ögn djarfari myndir sínar öðrum bronsáskrifendum til ánægju og yndisauka. (Hafa ber þó í huga að „ögn djarfari" mynd er ekki það sama og „klúr" eða „klámfengin" mynd.)Bronsáskrifendum er frjálst að birta myndir af andliti sínu í prófíl sínum en þess þarf ekki. Líttu við hjá Sexychat.is og kynntu þér vef í mótun.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**Kona. Leitar þú tilbreytingar?**
Konur sem leita tilbreytingar nota Rauða Torgið Stefnumót. Áhugasamir karlmenn þekkja Rauða Torgið og fylgjast vel með og viðbrögðin láta ekki á sér standa. Kona, auglýstu frítt í síma 555-4321.

## Tilkynningar

**Salka kvennakór frá Dalvík**
**heldur vortónleika í Tónlistarskólanum á Akureyri, Hvannavöllum 14 (Gamla Linduhúsinu) sunnudaginn 26. apríl kl. 20:00. Aðgangseyrir er kr. 1000* frítt er fyrir börn yngri en 12 ára.**
**Stjórnandi kórsins er Margot Kiis**

**Vonumst til að sjá sem flesta!**

## Skemmtanir

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166

**Í kvöld spilar**
# Hermann Ingi
*Catalina*
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Frítt inn.

**Hádegismatur alla virka daga**
**Sérréttaseðill – Smáréttaseðill**
**Allar veitingar á vægu verði.**
**Hamborgaratilboð !**
**Útleigusalur**
**Boltatilboð**

**Boltinn í beinni!**


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


Vor.


Sumar.


Haust.


Vetur.

# Árstíðaskipti verða á matseðli og í matsal

Hótelið og veitingahúsið Park Avenue á Manhattan-eyju í New York breytir um svip fjórum sinnum á ári. Fjórar árstíðir endurspeglast í ólíkum matseðlum auk þess sem matsalnum er breytt algerlega með glæsilegri hönnun sem endurspeglar sumar, haust, vetur eða vor.

Veitingastaðurinn var valinn einn af tíu bestu nýju veitingastöðum New York-borgar árið 2007 af dagblaðinu The New York Times.

Nýlega breyttist Park Avenue Winter úr hvítri og næstum kaldri hönnun í Park Avenue Spring þar sem vor er í lofti. Það tók aðeins tvo sólarhringa að umbreyta veitingastaðnum. Innblásturinn var sóttur í klassískan enskan garð með villtum gróðri. Djúpur, grænn litur og veggþil úr látúni ramma inn salinn. Stór blómaker eru fyllt með framandi fjólubláum blómgróðri. Kokkurinn, Craig Koketsu, breytti matseðlinum sem nú skartar nútímalegum en klassískum réttum. Þá hefur eftirréttakokkur staðarins hannað hina kræsilegustu eftirrétti þar sem ferskir ávextir vorsins eru í fyrirrúmi.

Sjá www.parkavenyc.com




BRÚNÁS innréttingar

Sama verð um allt land

Brúnás–innréttingar eru íslensk hönnun og íslensk framleiðsla, framleiddar af trésmíðaverkstæði Miðás hf. á Egilsstöðum. Þær eru hannaðar af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni innanhússhönnuðum sem reka saman Go Form design studio í Reykjavík.

Í sýningarsal og verslun Brúnás-innréttinga, Ármúla 17a í Reykjavík, býðst viðskiptavinum fagleg þjónusta og ráðgjöf innanhússhönnuða við val á Brúnás–innréttingum. Sýningarsalur er svo einnig á Egilsstöðum að Miðási 9, í sömu byggingu og framleiðslan fer fram í. Þar er einnig að finna aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Miðás 9, 700 Egilsstaðir, sími: 470 1600, fax: 471 1074
Ármúli 17a, 108 Reykjavík, sími: 588 9933, fax: 588 9940



Lánamöguleikar vegna sérþarfa:
- Hámarksupphæð 8 milljónir
- Fastir vextir án uppgreiðsluákvæðis
- Lántökugjald 0,5% af lánsupphæðinni

- 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði
- 90% af viðbótar- og endurbótakostnaði

Aukalán vegna sérþarfa

Þeir sem hafa skerta starfsorku, eru fatlaðir eða hreyfihamlaðir geta fengið aukalán til að gera breytingar á íbúðarhúsnæði eða til að kaupa eða byggja húsnæði vegna sérþarfa sinna. Lánið kemur til viðbótar 20 milljóna króna hámarksláni Íbúðalánasjóðs eða öðrum fasteignaveðlánum að hámarki 20 milljónum. Einnig er heimilt að veita aukalán til forsvarsmanna þeirra sem sem búa við sérþarfir.

*Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs www.ils.is, ils@ils.is eða í síma 569 6900 og 800 6969.*

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður






**TÍMINN FLÝGUR** Tíminn er mælistika allra breytinga sem verða. Hann er huglægur, eitthvað sem mannfólkið hefur búið til í gegnum aldirnar og nýtt sem tæki. Til að mæla hann hafa verið búnar til dagatöl, klukkur og úr. Hönnuðir hafa haft tímann að viðfangsefni í gegnum tíðina. Hér eru klukkur og úr sem eru afrakstur frjórra huga.



## heimili



# Laxness á minnistöflu

Teikning myndlistarmannsins Errós af rithöfundinum Halldóri Laxness varð Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur innblástur í hönnun minnistöflu sem væntanleg er í verslanir í maí.

Minnistaflan var tillaga Ingibjargar Hönnu í verðlaunasamkeppni Kraums, Listasafns Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöðvar Íslands um nytjahlut sem sóttur væri til verka myndlistarmannsins Errós.

Hugmynd Ingibjargar var valin sú besta úr hópi 35 tillagna. Auk Ingibjargar Hönnu hlutu tveir hönnuðir viðurkenningu. Óðinn Bolli Björgvinsson fyrir kjöthamar og Anna Leoniak fyrir ávaxtaskál. Framleiðsla á þeirra verkum er einnig hafin, auk nokkurra annarra tillagna sem komu fram í samkeppninni.

Stefnt er að því að nytjahlutirnir verði allir tilbúnir fyrir afmælisdag Errós, hinn 28. maí. Þann dag verður opnuð sýning í Listasafni Reykjavíkur í tilefni af því að tuttugu ár eru frá því Erró gaf Reykvíkingum safn listaverka sinna.

Hlutirnir verða til sölu í verslun Kraums í Aðalstræti 10 og í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu að Tryggavötu 17.

## hönnun



**USB SEM STÆKKAR OG MINNKAR** Minniskubbur þessi fitnar og stækkar eftir því sem meiru er hlaðið inn á hann. Ef eytt er út af honum aftur mjókkar hann að sama skapi. Hönnuðurinn er rússneskur og heitir Dima Komissarov. Sjá www.plusminus.ru.





SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Höfum opnað **nýtt apótek**

í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2





AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek er nýtt apótek sem leitast við að bjóða hagstæð verð og framúrskarandi þjónustu.

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



**Panhead Billy** Ég sat og reykti vindil fyrir utan Starbucks þegar rosa flottur mótorhjólagaur á vel notuðum Panhead Springer kom akandi. Ég heilsa manninum og fer að spjalla við hann. Maðurinn heitir Billy Burrows og gengur undir nafninu Panhead Billy. Við drukkum kaffi og ég spurði hann hvort ég mætti taka viðtal og fá mynd af honum. Hann sagði: „Let´s take a ride“. Við hjóluðum út með ströndinni og stoppuðum hjá bensínstöð sem hafði ekki verið í notkun í langan tíma. Billy sagði mér að hann væri búinn að vera á vegum úti í 13 ár. Hann skildi við konuna fyrir 13 árum og er búinn að vera á Panhead-hjólinu síðan. Hann er með allt sem hann þarf á hjólinu og sefur alltaf undir berum himni nema kannski þegar er mikil rigning og kalt. Og ef hann er blankur, fær hann sér vinnu í smá tíma og heldur svo aftur út á veginn.





# MENNING, STRANDIR OG NÁTTÚRA

**Tyrkneska líran er ágætlega hagstæð gagnvart krónunni þannig að nú er hægt að fá fína pakkaferð til Marmaris í Tyrklandi fyrir rúmlega 100 þúsund kall.**

Tyrkneski gjaldmiðillinn líra er ágætlega hagstæður gagnvart krónunni og því er hægt að fá ágætis pakkaferðir til Tyrklands fyrir rúmlega 100 þúsund kall. Í slíkum pakka er allt innifalið; flug, gisting, matur, innlendir drykkir og skemmtidagskrá. Tyrkir eru gestrisnir og taka öllum vel. Börn eru í miklum metum og alls staðar velkomin.

Tyrkland hefur slegið í gegn hjá Íslendingum og lætur engan ósnortinn enda er þetta yndislega og fallega land fínt heim að sækja. Í Marmaris glitrar túrkisblár flóinn í sólskininu, gestrisni heimamanna er rómuð og maturinn góður. „Áfangastaðirnir Marmaris og nágrannabærinn Içmeler eru meðal þeirra allra bestu í Tyrklandi. Strendurnar eru fallegar og hreinar, gististaðir góðir og öll þjónusta við ferðamenn til fyrirmyndar. Upp af ströndinni rísa skógi vaxin fjöll, því þrátt fyrir að sjaldan falli dropi úr lofti yfir sumartímann er nóg af vatni allt árið og heimamenn eru snillingar í að nota djúpgræna gróðurþekjuna til að mynda skuggsæl afdrep í hádegishitanum,“ segir á vef Úrvals Útsýnar.

„Landið er heillandi, hvort sem áhuginn beinist að menningarsögu, náttúru, mannlífi, afslöppun eða vatnasporti. Margir blanda þessu öllu saman og skoða vöggu vestrænnar menningar í Efesus, skjótast um krókótta fjallastíga á vespum, elta skjaldbökur í Dalyan, fara í tyrkneskt bað og nudd, sóla sig og sigla á flóanum. Tyrkland er staður til að leika sér.“

Verðlag er hagstætt fyrir Íslendinga. „Tyrkneska líran er enn í notkun og hægt að gera góð kaup á Basarnum í Marmaris og hjá teppakaupmönnum sem bjóða upp á te og handofin meistaraverk úr fjallahéruðunum. Fatnaður og annar varningur úr leðri og skinnum er vandaður og fallegur og gull og silfur er í miklu úrvali á hagstæðu verði. Prútt er alsiða nema í stærri verslanamiðstöðvum og gaman að reyna sig í samningum við þessa þaulvönu verslunarmenn,“ segir á heimasíðu Úrvals-Útsýnar.



**Heillandi og exótískt sumarfrí** Nánari upplýsingar eru á http://www.urvalutsyn.is/Sol/tyrklandmarmaris/.




**Yoga sumarbúðir fyrir börn 9-12 ára í Holti í Önundarfirði**

gleði - virðing - vinátta - samkennd

**19.-26. júní 2009**

- Daglegir yogatímar
- Útivist og íþróttir
- Sköpun
- Heilnæmur matur
- Jákvæð samskipti og gleði
- Siglt með víkingaskipi og önnur ævintýri
- Tölvu-, sjónvarps- og farsímalaus vika

**Verð: 36.000**

**Skráning og frekari upplýsingar í síma 863-8125. Einnig er hægt að senda póst á mernstsdottir@hotmail.com og skoða vefinn www.ljosyoga.is.**


# Úr hafróti í heita laug

**Benedikt Lafleur segir frá stöðum þar sem sjósundsgarpar geta tekið land og arkað síðan í heita laug.**

Sjósundið þótti í hæsta lagi frumlegt áhugamál hér á landi fyrir aðeins nokkrum árum. Í ár hafa vinsældir þessarar íþróttar hins vegar aukist gríðarlega og hefur Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur mætt þessu með því að bæta við dögum og stundum þar sem hægt er að nýta aðstöðuna á Ylströndinni til að anna eftirspurninni.

En til eru aðrir staðir þar sem hentugt getur verið að bregða sér í sjó þó fólk sé fjarri Nauthólsvíkinni. „Já, það eru víða hentugir staðir, þar sem laugar eða heitir pottar eru nálægt fjöru,“ segir Benedikt Sigurðsson, jafnan nefndur Benedikt Lafleur. „Það er náttúrlega ekki amalegt að bregða sér í sjóinn við Reykjaströnd í Skagafirði og ylja sér síðan á eftir í Grettislaug,“ segir hann. Það ætti reyndar að teljast með hátíðlegri stöðum sjósundgarpa en Grettir á eitt alfrægasta sjósundsafrek fornra Íslendinga þegar hann synti úr Drangey til lands í Skagafirði. Mátti hann þola stríðni kvenna á eftir sem sáu til hans eftir sundið og höfðu orð á að hann væri „lítill um sig miðjan“ en það er annað mál.

Svo er hægt að synda á slóðum annarrar sjósundhetju en Gísli Súrsson varð að bregða sér til sunds á flótta undan óvinum á Vestfjörðum. „Það er í raun hálfgert leyndarmál en það er afar góð og náttúruleg laug við fjöruna hjá Flókalundi í Vatnsfirði við Barðaströnd,“ segir Benedikt. „Það er heldur ekki amalegt að synda þar.“ Hann hvetur þó fólk til að gæta hófs og hafa aðgát í hvívetna var sem synt er.



**Í Grettislaug** Þarna er Benedikt í lauginni eftir góðan sjósundsprett.

# FERÐALÖG, FRÍSTUNDIR OG GOLF Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Kynntu þér ferðamöguleika sumarsins.

Sýningin Ferðalög og frístundir verður haldin í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal dagana 8.-10. maí nk. Þar sameinast á einum stað allt sem viðkemur ferðalögum, frístundum og afþreyingu, innanlands og utan. Á Matartorginu verða svo þrjár matreiðslukeppnir á vegum Klúbbs matreiðslumeistara, ásamt því að fyrirtæki í matvæla- og veitingageiranum kynna starfsemi sína. Þá fer fram á sýningunni úrslitaviðureign í keppninni Delicato vínþjónn Íslands 2009, sem haldin er af Vínþjónasamtökum Íslands. „Fjölmargir sýnendur úr öllum landshlutum hafa nú þegar skráð sig til leiks,“ segir Margrét Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri sýningarinnar. Hún segir sérstaklega ánægjulegt að sjá ferðaþjónustufyrirtæki í ákveðnum landshlutum taka sig saman og kynna starfsemi sína undir sameiginlegum merkjum.

Á sýningunni verða kynntir þeir fjölbreyttu möguleikar sem í boði eru og bent á nýjar og spennandi leiðir til að upplifa og kynnast landinu; auk þess sem framboð á ferðum til útlanda verður kynnt. Enn fremur verða kynntir möguleikar golfíþróttarinnar hérlendis sem erlendis í tengslum við ferðalög, og fjölbreytt framboð frístunda-, afþreyingar- og íþróttastarfs fyrir börn, unglinga og fullorðna í sumar.

www.ferdalogogfristundir.is.

EKKI MISSA AF ÞESSU



**Hvað er í boði í sumar?** Sýningin í Laugardalshöllinni er frábær til að afla sér upplýsinga um spennandi frímöguleika.


**Reiðnámskeið í Hestheimum fyrir 8-12 ára krakka í júní og ágúst 2009!**



Hestheimar, Ásahreppi (við Hellu) eru í aðeins 50 mínútna keyrslu frá Reykjavík. Frábær aðstaða fyrir hesta og menn í sveitasælunni.

- Vikunámskeið: 22. – 26. júní og 17. – 21. ágúst 2009
- Innifalið: hestar, reiðkennsla, gisting, fæði, afþreying, o.fl.
- Verð kr. 50.000,- fyrir hvern nemanda ( sama verð og í fyrra)
- Reiðkennsla, reiðtúrar, sundferðir, ratleikir, blak, fótbolti og kvöldvökur!
- Aðeins 20 nemendur komast að í einu !

Tekið er við skráningu og nánari upplýsingar fúslega veittar í : **487-6666 og hestheimar@hestheimar.is**

*Bestu kveður úr sveitinni !*

*Lea Helga og Marteinn*





## ROKK Í BRETLANDI Í SUMAR

### READING

Fræg tónlistarhátíð sem í þetta sinn skartar Radiohead, Kings of Leon, Arctic Monkeys, Yeah Yeah Yeahs og Kaiser Chiefs.

28.-30. ágúst.

### BIG CHILL

Þessi tónlistarhátíð á sér stað í fallegu skóglendi og í sumar spila þar David Byrbe, Spiritualised, Slam og Mr Scruff. Sérstakt svið er fyrir grín og glens og þar kemur meðal annars hinn fyndni Noel Fielding úr Migthy Boosh fram.

20. júlí.

### T IN THE PARK

Skoska útgáfan af Glastonbury er gífurlega hress. Hér getur þú horft á Kings of Leon, Snow Patrol, Killers, Blur og Pet Shop Boys.

18. júní.

### GLASTONBURY



Frægasta rokkhátíð Bretlands. Sviti, drulla og dúndrandi tónlist. Í sumar spila þar Bruce Springsteen, Neil Young, Fleet Foxes og hin íslenska Emiliana Torrini.

24.-28. júní.

### ROCK NESS

Þessi sniðuga tónlistarhátíð þykir jafnframt sú best staðsetta en hún er við bakka Loch Ness í Skotlandi. Í júní geturðu horft á Prodigy, The Flaming Lips, Placebo, Orbital og Super Furry Animals.

Fjögurra vikna lúxusnámskeið
fyrir konur og karla

Sjöfn Sigþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og María Kristjánsdóttir lögmaður



Námskeiðið er frábær leið til að auka styrk, úthald og hreyfigetu. Við erum betur í stakk búnar að takast á við krefjandi verkefni

Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur



Ég breytti um LÍFSSTÍL og þú getur það líka. Búinn að missa yfir 20 kíló á tveimur og hálfum mánuði og er enn að léttast



Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30 fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefjast 4. maí
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

512 Auglýsingasími 50 50



– Mest lesið



**Fredriksberg Have**
Þetta er rosalega stór og fallegur grænn garður með risastórum trjám. Við förum oft þangað til að leika okkur og slappa af í sólinni. Inní garðinum er líka dýragarðurinn í Frederiksberg, Zoologisk Have. Þangað förum við líka því mér finnst mjög skemmtilegt að skoða dýrin og leika mér.

**Amager strandpark**
Aðalströndin í Kaupmannahöfn. Hún er mjög löng með hvítum sandi. Þar er hægt að byggja sandkastala, tína skeljar og líka synda og busla í sjónum. Ég hef ekki séð neinn hákarl þar en ég hef veitt nokkra krabba með háfi.

**Valby park**
Stór garður þar sem er hægt að gera rosalega margt. Mikið er af þrautum, leikföngum, klifurgrindum og rennibrautum sem hægt er að leika sér í. Þar hef ég líka náð að veiða mjög falleg fiðrildi í rannsóknarbúrið mitt.

**Naturpark**
Þetta er garður í Vestamager sem er mjög skemmtilegt útivistarsvæði og hægt að taka með nesti. Þar eru líka útigrill út um allt og þar höfum við grillað sykurpúða. Þar er hægt að taka með sér háfa og veiða síli, fara í gegnum Tarzanskóginn og einnig er hægt að leigja hjól og skoða allt svæðið.

## Tivolí og töfrateppi
## Klessubílar og klifurgrindur
## Sandkastalar og sykurpúðar

**DGI BYEN**
Þarna er skemmtilegasta sundlaugin. Þar er mjög skrýtin sundlaug sem hægt er að synda í hringi, nokkrir litlir barnapottar og svo er líka hægt að hoppa af mismunandi háum stökkpöllum í mjög djúpa sundlaug. Mjög hressandi. Í Frederiksberg svømmehal er svo rosaskemmtileg rennibraut.

**Dyrehavsbakken**
Dyrehavsbakken í Klampenborg er alveg frábær og alveg endalaust mikið af skemmtilegum tækjum. Þar er alltaf mikið líf og fjör. Mér og Bjarka bróður mínum finnst skemmtilegast í klessubílunum og í bátabrautinni.

**Tívolí**
Mér finnst alltaf skemmtilegt í Tívolí í Kaupmannahöfn og ég fer margar ferðir í rússíbanann og töfrateppið. Það er líka alveg nauðsynlegt að fara í „Build a Bear“ búðina.





# MÍN KÖBEN

*Elsa Eir Gunnarsdóttir*
*9 ára*



**Ég er níu ára og fluttist með fjölskyldunni minni til Frederiksberg í Kaupmannahöfn í júní 2008. Veðrið hér er rosalega gott og það er margt skemmtilegt hægt að gera. Við hjólum rosalega mikið og svo er líka mjög einfalt að nota lestirnar.**

## Veitingastaðir

**VESUVIO**
Mér finnst gott að borða á Vesuvio sem er rétt hjá Ráðhústorginu því þar eru góðar pizzur og fyndinn þjónn sem talar smá íslensku.

**JENSENS BØFHUS**
Mér finnst gott að fara á Jensens Bøfhus því þar er fínn krakkamatseðill og dót.

**HARD ROCK CAFÉ**
Þegar ég fer í Tívolí finnst mér gaman að fá að borða eitthvað gott á Hard Rock Café.

**WAGAMAMA**
Þetta finnst mér fínn núðlustaður. Hann er alveg við Tívolí, við götu sem heitir Tietgensgade og það er hægt að fara inn á staðinn af götunni eða koma inn í hann frá Tívolí eða fara beint inn í Tívolí þegar maður er búinn að fá sér núðlur.



**VALHAL**
Þetta er annar veitingastaður í Tívolí þar sem mér finnst skemmtilegt að borða. Maturinn á að minna mann á víkingana sem fundu Ameríku einu sinni og staðurinn að innan á líka að minna mann á víkinga.

**PIRATERIET**
Þetta er veitingastaður í Tívolí sem er eins og risastórt sjóræningjaskip. Hann er við vatnið í Tívolí, í skipi sem heitir Fregatten Sct. Georg III.

## Risastórt sjóræningjaskip
## Fyndinn þjónn

# Flugfélag barnanna

## Börnin eru í sjöunda himni með Icelandair



Hjá Icelandair höfum við lagt metnað okkar í að gera vel við börn og sjá til þess að þau geti stytt sér stundir á leiðinni og notið flugsins. Þetta birtist bæði í þjónustu, sem við hugsum okkur sérstaklega fyrir börnin, og í því að við reynum eftir fremsta megni að veita forráðamönnum barna aðstoð og hjálp, allt frá því að gengið er um borð og þar til flugferðinni er lokið.

Nýjungin, sem börnin hafa kunnað best að meta, er að sjálfsögðu nýja afþreyingarkerfið. Barnið hefur aðgang að sínum eigin skjá í sætisbakinu fyrir framan sig og fær heyrnartól án endurgjalds. Í nýja afþreyingarkerfinu er margt í boði fyrir börnin:

**Úrval kvikmynda fyrir börn með talsetningu á íslensku og ensku**



**Sjónvarpsþættir fyrir börn með talsetningu á íslensku og ensku**



**Tölvuleikir**
(fjarstýringar til sölu um borð)

Auk þess fá börnin

**Nælu til að taka með sér heim til minningar um flugið**

**Barnabox með léttum kosti**




**Póstkort til að skrifa á eða lita þar sem geta sent kveðju til vina og fjölskyldu og sagt þeim frá ferðinni**

**Teppi og kodda sér að kostnaðarlausu ef þau vilja hvíla sig eða láta fara vel um sig**



**Öll þjónusta um borð fyrir börn er án endurgjalds**

# BORGARLITAKEPPNI

## VINNINGUR: FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í EVRÓPU

Litaðu myndina hérna fyrir neðan eins vel og þú getur. Klipptu hana síðan út úr blaðinu, settu myndina í umslag og láttu fylgja með miða með nafni þínu, heimilisfangi og símanúmeri, og sendu umslagið til okkar, merkt:

**Icelandair – Mín borg/litakeppni**
**Reykjavíkurflugvelli**
**101 Reykjavík**

**Skilafrestur er til og með 4. maí**
Við hringjum í vinningshafann miðvikudaginn 6. maí og nafn vinningshafans verður birt í sérstakri auglýsingu í Fréttablaðinu fimmtudaginn 7. maí.



**Okkur er sérstök ánægja að segja frá því að þjónusta okkar við börn hefur mælst mjög vel fyrir bæði á meðal íslenskra og erlendra farþega. Sem dæmi um það er eftirfarandi bréf sem okkur barst nú í apríl frá Sanna Suvanto-Harsaae í Skaadsborg í Danmörku:**

*Kæra Icelandair.*

*Ég er nýkomin heim úr helgarferð til Íslands. Ég var ein með þremur börnum mínum.*

*Ég þarf oft að ferðast, í viðskiptaerindum í hverri viku og með börnunum mínum þegar ég á frí. Ég verð að viðurkenna að allt of sjaldan upplifi ég eitthvað nýtt eða hrósvert um borð í flugvélum og það gerist enn sjaldnar að mér finnist ástæða til (eða gefi mér tíma til) að senda flugfélagi skilaboð til þess að láta vita að mér hafi líkað eitthvað vel. En flugferðin til Íslands og heim aftur hefur nú orðið mér tilefni til að senda ykkur hjá Icelandair þúsund þakkir fyrir það hvernig þið hugsið fyrir þörfum þeirra, sem ferðast með börnum, jafnvel þegar þeir ferðast á almennu farrými.*

*Í fyrsta lagi er afþreyingarkerfið hjá ykkur, á skjánum fyrir framan hvert sæti, hreinasta galdraþing þegar maður flýgur með börnunum sínum. Börnin mín þrjú, á aldrinum 8 til 12 ára, kveiktu strax á kerfinu og settu upp heyrnartólin og ég heyrði ekkert meira frá þeim fyrr en við lentum. Frábært!*

*Það sem var best, samt sem áður, og mig langar til að senda ykkur rósabúnt fyrir, lét í sjálfu sér ekki mikið fyrir sér fara en er alveg framúrskarandi hjá Icelandair. Það er ókeypis máltíð fyrir börnin, jafnvel á almennu farrými, sem er borin fram í skemmtilegum boxum rétt eftir flugtak. Hreint út sagt stórkostlegt! Ég veit ekki hversu oft ég hef orðið pirruð út í börn (mín eigin eða annarra) um borð í flugvélum, börn sem eru nöldrandi (og jafnvel grátandi þegar verst lætur) af því að þau eru svöng og þreytt þegar þau koma um borð.*

*Þetta vandamál leysist á stundinni þegar þið berið fram mat handa börnunum fljótlega eftir að vélin er komin á loft. Matur og nóg af skemmtiefni þýddi í stuttu máli að engin sífrandi eða jafnvel grátandi börn voru í vélinni, hvorki í fluginu út eða heim aftur (og voru samt allmargir krakkar um borð í bæði skiptin.) Það verður til þess að allir njóta ferðarinnar betur (og eflaust líka starfsfólkið í áhöfninni).*

*Þakka ykkur fyrir þessa bráðsnjöllu hugmynd, að bjóða börnum ókeypis máltíð. Mikið vildi ég óska að önnur flugfélög færu að herma eftir ykkur hjá Icelandair.*

*Í öllum lifandis bænum, látið það ekki bitna á þjónustu ykkar við börnin ef þið þurfið að hagræða meira.*

*Með kærri kveðju.*

*Sanna Suvanto-Harsaae*


HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ
KÖBEN
Frá kr. 14.500*
+ Bókaðu flug á www.icelandair.is
Þeir sem elska smurt brauð í sólskini, listasafn og „bröns“ á laugardagsmorgni, hjóla-túra eða Tívolí ættu að fara til Kaupmannahafnar.
Farðu í borgarferð til Kaupmannahafnar. Taktu fjölskylduna með og dönsku málfræðina úr tíunda bekk. Værsågod! Þú átt skilið að hafa það „hyggeligt“. Drífðu bara í því að panta far!
ICELANDAIR
*Flug aðra leiðina með sköttum.



## TIL HAMINGJU
## MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Erla Hólmsteins var vinningshafi í Borgarlukkuleiknum í Mín borg um síðustu helgi. Hún fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. María býr á Akureyri og er nýlega hætt að vinna. Hana hefur lengi langað til að skreppa til Barcelona og nú segist hún vonandi láta þann draum rætast.



## Styðjum veik börn
*og fjölskyldur þeirra*

**Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður.**

Þú getur lagt þitt af mörkum til Vildarbarna með því að:

- Gefa afgangsmynt áður en þú ferð frá borði að lokinni flugferð með Icelandair.
- Setja peninga í söfnunarbaukinn í höfuðstöðvum félagsins við Reykjavíkurflugvöll.
- Gefa árlega ákveðinn fjölda ferðapunkta, sem þú safnar sem félagi í Vildarklúbbi Icelandair, til Vildarbarna.

# ÆVINTÝRA TILBOÐ

## 55% BARNAAFSLÁTTUR
## FRÁ ÍSLANDI TIL ALLRA ÁFANGASTAÐA
## ICELANDAIR Í EVRÓPU

**FERÐATÍMABIL:** 25. maí til og með 25. júní
**SÖLUTÍMABIL:** Frá og með laugardeginum 25. apríl til og með þriðjudeginum 28. apríl



VERTU ÞINN EIGIN **FLUGMAÐUR**
EÐA **FLUGFREYJA**

Langerma gæðabolir úr 100% bómull með áprentaðri hönnun nýjustu flugmanna og flugfreyjubúninga Icelandair. Fáanlegt í tveimur stærðum, 2–4 ára og 5–7 ára.

Saga Shop




*Flug aðra leiðina með sköttum.

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á flugáætlun og verði. Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45947 04/09





FRÉTTABLAÐIÐ/365/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**SIGURÐUR LÍNDAL KÝS** Árið 1974 stóð Sigurður Líndal lagaprófessor við þennan kjörkassa hinn 30. júní og greiddi atkvæði sitt. Úrslit þeirra kosninga voru að Sjálfstæðisflokkur fékk rúm 48 prósent atkvæða og við tók ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks með Geir Hallgrímsson sem forsætisráðherra.




**COBRA-SÍMAR OG RISATÖLVUR** Árið er 1978 og fremst til vinstri má sjá Ómar Ragnarsson fréttamann. Í aftari röð sitja menn við einhvers konar tölvur og á borðum eru að sjálfsögðu Cobra-símar.





maður kjörstjórnar í Hafnarfirði hellir atkvæðum





**KONUR Á GANGI** Þrjár konur ganga hér um Meymaneh-borg. Algengt er að sjá tvær eða þrjár konur ganga saman, enda ekki talið við hæfi að kona gangi ein um bæinn. MYND/HRAFNHILDUR



**VIÐ NÝREISTAN FLÓÐGARÐINN** Tólf karlmenn úr þorpinu Baiha tóku þátt í að hlaða flóðgarðinn á tíu dögum undir leiðsögn sérfræðinga. MYND/ HRAFNHILDUR



**HRAFNHILDUR OG NAJIBULLAH** Najibullah starfar við útibú kvennamálaráðuneytisins í Faryab-héraði. Ísland styrkti hátíðarhöldin á kvennadaginn.

# Mikil þörf á að styðja við konur

**Hrafnhildur Sverrisdóttir** er þróunarfulltrúi íslensku friðargæslunnar í norðausturhluta Afganistans. Í viðtali við *Svanborgu Sigmarsdóttur* útskýrir Hrafnhildur af hverju það er mikilvægt að reisa flóðgarða á þurrkasvæðum, hversu langt sé í jafnrétti kynjanna og af hverju hún þurfi að ganga í skotheldu vesti, þó svo átökin séu ekki svo mikil í héraðinu þar sem hún starfar.

Aðstæður geta vart verið ólíkari en í Faryab-héraði í Afganistan og á Íslandi. Í sveitahéraði í norðausturhluta Afganistans er ekki hægt að reiða sig á að fá vatn úr krana, eða telja það til sjálfsagðra hluta að skreppa í bæjarferð. Þar hefur Hrafnhildur Sverrisdóttir starfað sem þróunarfulltrúi í uppbyggingar- og eftirlitsteymi á vegum friðargæslunnar síðan í júní á síðasta ári.

Hrafnhildur segir að öryggi og átök í Afganistan séu mjög svæðaskipt. Sérstaklega séu mikil átök í suður- og austurhluta landsins, við landamæri Pakistans. „Það eru mestu átakasvæðin. Faryab-hérað er tiltölulega rólegt. Því höfum við ágætis svigrúm til að vinna að þróunarverkefnum, sem er erfiðara þar sem átök eru í gangi. Reyndar þarf ég, ef ég fer á fundi hér úti í bæ, að klæðast skotheldu vesti. En það eru reglur sem búið er að setja okkur og ég þarf að fylgja.“

## Gengið á markaðinn

Ekki er vitað með vissu hve margir búa í Faryab-héraði, þar sem manntal hefur ekki farið fram í Afganistan síðan á áttunda áratugnum. „Því eru áreiðanlegar tölur ekki til, en það er talið að það búi ein til ein og hálf milljón í Faryab. Yfirvöld reyna stundum að blása þetta upp og segja að hér búi tvær milljónir. Kannski er það gert til að kalla á meiri athygli og aðstoð, en hver myndi ekki gera það, þar sem neyðin er mikil?“ spyr Hrafnhildur.

Hún segir að þegar farið er inn í lítil þorp, sjái hún aðallega karlmenn á ferli. „Við sjáum ekki margar konur, því þær eru aðallega innandyra. Það á sérstaklega við um ungar stúlkur því þeim er meira og minna haldið heima þangað til þær eru komnar á giftingaraldur. “

Hrafnhildur segir að þorpslífið sé yfirleitt frekar rólegt. Fólk starfi aðallega að landbúnaði. „Hér er ofboðslega mikil fátækt. Fólk hefur ekki rennandi vatn inni í húsunum, heldur eru sameiginlegir brunnar eða vatnspumpur og vatnið er borið heim í brúsum. Hér eru haldnir markaðsdagar og fer fólk á markaðinn einu sinni í viku. Þeir markaðir eru ekkert endilega nálægt þorpunum, heldur gengur fólk 30 til 40 kílómetra til að komast á markaðinn. Lífið er, alla vega á okkar mælikvarða, erfitt fyrir marga Afgana. En á sama tíma er þetta þeirra líf. Fólk þekkir ekkert annað og sættir sig við það.“

## Staða kvenna á landsbyggðinni

Fyrir um mánuði síðan var alþjóðlegi kvennadagurinn haldinn hátíðlegur í Afganistan, þar sem um 600 konur og karlar komu saman í Meymaneh, stærstu borg Faryab. „Það voru haldnar ræður um stöðu og framtíð kvenna. Farið var með ljóð tileinkuð konum eftir afgönsk nútímaljóðskáld. Þá voru sjö ungar skólastúlkur heiðraðar af héraðsyfirvöldum fyrir framúrskarandi námsárangur, til að hvetja stúlkur til skólagöngu í framtíðinni.“

Hrafnhildur segir það hafa verið áberandi að margar konur kusu að mæta til hátíðarhaldanna með bláar höfuðslæður, til að minna á búrkurnar, sem flestar þeirra þurfa að ganga með úti á götu í dag. Sérstaklega sé slíkt áberandi úti á landsbyggðinni.

„Það sem mér finnst áhugavert, er að þó að konur geti komið saman í dag og rætt sé um rétt og framtíð kvenna, þá er þetta ekki raunveruleikinn í Afganistan. Til dæmis er talið að 87 prósent afganskra kvenna búi í dag við heimilisofbeldi, samkvæmt tölum frá UNIFEM. Jafnrétti karla og kvenna er ritað í stjórnarskrána, en raunveruleikinn er bara ekki sá sami fyrir bæði kynin. Stúlkur eru margar hverjar giftar mjög ungar, allt niður í 9 til 10 ára aldur. Það á sérstaklega við í sveitaþorpunum og hver er þá framtíð þeirra kvenna? Þær hafa þá ekki aðgang að menntun, og enda sem húsmæður úti í sveit sem fara aldrei út fyrir þorpið sitt. Í stærri borgum hafa konur betri aðgang að menntun. En þar sem yfir 80 prósent landsmanna búa úti á landsbyggðinni hefur hin almenna afganska kona sem býr úti í sveit ekki aðgang að menntun þó hún sé opin konum í dag.“

## Óttast endurkomu lífsstíls talibana

Nokkur umræða hefur verið um ný lög í Afganistan, sem enn hafa ekki verið samþykkt, sem þrengja að stöðu kvenna í landinu. Samkvæmt frumvarpinu mega konur ekki neita eiginmönnum sínum um kynlíf og ekki fara út úr húsi án leyfis eiginmanns síns. Einnig missa þær allan erfðarétt ef eiginmaður þeirra fellur frá „Lögin sem ekki hafa verið samþykkt enn þá eiga við um sjíta, en sjítar eru innan við 20 prósent af afgönsku þjóðinni.“

Hrafnhildur segir mikla andstöðu við lögin. Margir hræðist að verði þau samþykkt bjóði það upp á endurkomu þess lífsstíls sem var við lýði á dögum talibana. „Það sem mér finnst reyndar merkilegt er að yfir 300 afganskar konur – og margar þeirra sjítakonur

> Jafnrétti karla og kvenna er ritað í stjórnarskrána, en raunveruleikinn er bara ekki sá sami fyrir bæði kynin. Stúlkur eru margar hverjar giftar mjög ungar, allt niður í 9 til 10 ára aldur.

– gengu saman í gegnum Kabúl í vikunni til að mótmæla lögunum. Þetta gerðu þær undir grjótkasti, spýtingum og ókvæðisorðum frá hópi karla og kvenna. Mér þykir mjög ólíklegt að slík mótmæli af hálfu afganskra kvenna hefðu getað átt sér stað hér í landi fyrir nokkrum árum. “

Heilsa kvenna og barna í Afganistan er eins og verst gerist í heiminum í dag. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir að afgönsk kona deyi á 27 mínútna fresti vegna vandamála sem tengjast barnsburði. „Þetta er aðallega tengt við þá lágu stöðu sem konur hafa í afgönsku samfélagi, vatnsskorti, skorti á hreinlæti, lélegum samgöngum og ónógri heilsugæslu. Þá eru heimafæðingar algengastar.“

Hrafnhildur segir að mörg samtök bjóði upp á námskeið fyrir konur, varðandi heilsu, hreinlæti og fæðingar. „Vonandi getum við í íslensku friðargæslunni stutt málefni kvenna í Afganistan enn frekar. Ég vil leggja mikla áherslu á það, því það er óumræðileg þörf á stuðningi til handa konum.“

## Flóðgarðar í þurrkaverkefni

„Ísland er að styrkja þróunarverkefni hér í Faryab. Mitt starf er að koma þeim af stað og fylgja þeim eftir,“ segir Hrafnhildur. Hún segir það ekki sitt hlutverk að starfa sjálf að þróunarverkefnunum, heldur gerir hún samninga við frjáls félagasamtök sem þegar starfa í héraðinu.

Verkefnið sem íslenska friðargæslan er nú að styðja í Faryab kemur til vegna mikilla þurrka í Afganistan á síðasta ári. „Í fyrra rigndi mjög lítið og það kom mjög illa niður á fólki hér, sérstaklega í norðrinu þar sem er mjög heitt. Því ákváðum við að styrkja verkefni sem er framkvæmt af samtökunum The International Assistance Mission. Fyrsti hluti verkefnisins var bein mataraðstoð í desember til rúmlega 220 fjölskyldna sem urðu verst úti vegna þurrkanna. Þar var áhersla lögð á einstæðar mæður. Í öðru lagi tókum við þátt í að fjármagna dreifingu á rúmlega 20 tonnum af endurbættum hveitifræjum, sem henta á þurrum svæðum, til ríflega hundrað bænda. Þá var einnig séð til þess að bændurnir fengju námskeið, þar sem þeim var kennt að endurvinna fræin til sáningar, til að þurfa ekki að kaupa ný fræ á hverju ári.“

Þriðji þátturinn í þessu þurrkaverkefni, segir Hrafnhildur, er kaup og uppsetning á rúmlega 700 flóðgörðum í um tuttugu þorpum. „Það er náttúrulega svolítið skrítið að tala um flóðgarða í þurrkaverkefni,“ segir Hrafnhildur. „En málið er að þó að hafi verið miklir þurrkar og eyðimörk hér allt í kring, þá koma mikil flóð á nokkurra ára fresti. Það flæddi einmitt núna í mars en þá var búið að setja upp töluvert af flóðgörðum sem komu sér afar vel. Í flóðum nær áin að éta upp af þorpsgrunninum. Því eru sum húsin komin fram á brún og eiga á hættu að hverfa í næsta flóði. Þess vegna voru flóðgarðarnir settir upp, til að verja húsin en fyrir marga þorpsbúa var þetta forgangsverkefni.“

Hrafnhildur segir mikilvægt að heimamenn komi að þeim þróunarverkefnum sem unnin eru, og taki sem mestan þátt í þeim, þannig verði verkefnin þeirra. „Ef lögð er áhersla á verkefni sem fólkið vill ekki er mjög líklegt að þau mistakist. Í flóðgarðaverkefninu fengu þorpsbúar greitt fyrir vinnu sína við byggingu flóðgarðanna. Með svona mikilli þátttöku þorpsbúa og með því að efla þá til að taka þátt í verkefnunum, skapast afganskt eignarhald á þeim. Þá líta heimamenn meira á verkefnin sem sín og eru viljugri til að sjá um viðhald og viðgerðir í framtíðinni.“

## Hlé frá mannúðarmálum

Þetta er fyrsta þróunarverkefnið sem Hrafnhildur starfar við, en hún er þó ekki ókunnug því að starfa við erfiðar aðstæður á erlendri grundu. „Áður en ég kom hingað var ég að vinna fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins í Afríku. Ég var búin að vera á Fílabeinsströndinni í rúmt ár og í Búrúndi, einnig í rúmt ár. Þar var ég aðallega í fangelsisheimsóknum, þar sem við vorum að kanna aðstæður fanga. Fyrir nokkrum árum var ég líka í Kósóvó og Makedóníu. Í Kósóvó var ég að vinna að málum fyrir minnihlutahópa í starfi fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

Í Makedóníu var ég svo að vinna hjá Öryggis- og Samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Þetta er í fyrsta skipti sem ég starfa fyrir friðargæsluna og vinn við þróunarverkefni sem slík.“ Í sumar verður stefnan svo tekin heim til Íslands, en hún hefur ekki enn ákveðið hvað hún tekur sér fyrir hendur hér á landi. „Get ég ekki bara auglýst eftir vinnu í Fréttablaðinu,“ segir Hrafnhildur og hlær. „Jú, ég kem heim í atvinnuleysið. Stefnan er að taka pásu frá þróunar- og mannúðarmálum. Koma mér aðeins betur fyrir á Íslandi og jafnvel starfa þar um einhvern tíma. En svo getur allt breyst.“

# Millilríkjasamband



Míla sér um að halda góðu sambandi við útlönd með tveimur öflugum sæstrengjum. Hvort sem utanríkisráðuneytið á símafund með erlendum ráðamönnum eða þú sendir tölvupóst með broskalli til gömlu skiptinema-fjölskyldunnar, sér Míla um að boðin berist hratt og örugglega.

míla
Lífæð samskipta

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM37617


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BETRA VERÐ Í BÓNUS Í 20 ÁR
98
1 LTR.
459
HEILL FROSINN ÍSLANDSFUGLS-
KJÚKLINGUR 459 kr./kg.
98
1 LTR.
COKE LIGHT 1 LTR. 98 kr.
COKE 1 LTR. 98 kr.
FERSKUR KJÚKLINGUR
BÓNUS
KJARNABRAU
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500GR
159 kr.
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1398
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 kr./kg.
BÓNUS
Kjúklingur
Læri, leggir
vængir
298
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
298 kr./kg.
489
BÓNUS PYLSUR
30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 698 KR./KG.
PYLSAN CA. 25 KR. 489 kr./kg.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.
PYLSUBRAUÐ
260g
5stk.
98
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.
1998
1298
129
GARÐVEGSBÆTIR 5 kg 1298 kr 10 kg 1998 kr.
ES HVÍTLAUSKBRAUÐ 2 STK AÐEINS 129 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
1079
KS FROSIÐ LAMBALÆRI
1079 kr./kg.
LAMBAKJÖT FERSKT OG FROSIÐ
1798
KS FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
1359
KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1359
KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
698
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 698 kr./kg.
KJARNAFÆÐI
1398
KF LAMBAHRYGGUR KRYDDAÐUR 1398 kr./kg.
X-Large
HAMBORGARA BRAUÐ
98
BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ 4 STK 98 kr.
459
ES FROSIN JARÐARBER
1 KG 459 kr.
INNIHALD NAUTA/GRÍSAKJÖT
TILBOÐ
398
GRILLBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 398 kr.
50%
BÓNUS meir
198
50%
AFSLÁTTUR
SÆLGLÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR
Alla daga 80 kr.pr. 100 gr poki.
1169
BÓNUS FROSNAR LAMBAKÓTILETTUR
Í RASPI 1169 kr./kg.
298
BÓNUS KOFAREYKT SVEITABJÚGU
298 kr./kg.
HAFRAKEX
98
BÓNUS
MJÓLKURKEX
600g 198 kr.
BÓNUS
HAFRAKEX 200g
98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00



**PÍFUR** Plómulitaður kjóll með breiðum öxlum eftir Maríu Björgu Sigurðardóttur.



**KÖFLÓTT** Fallegur aðsniðinn jakki með belti við fölbleikar stuttbuxur eftir Borghildi Gunnardóttur.



**STELPULEG** Falleg stutt heiðgul kápa með blómafestingum eftir Maríu Björgu Sigurðardóttur.



**GAMALDAGS** Gotnesk áhrif í þessum síða kjól eftir Herdísi Jónu Björnsdóttur.



**„EIGHTIES" JAKKI** Skemmtilegur svartur jakki með flegnu hálsmáli og hvössum öxlum eftir Hildi Sigrúnu Valsdóttur.

# Kvenleg form og gamaldags glamúr

Síðasta vetrardag sýndu nemendur á lokaári í fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands afrakstur náms síns á glæsilegri tískusýningu í Hafnarhúsinu. Glæsileiki horfinna áratuga skein í gegn í hönnun nemanna en þar mátti sjá kvenlegar dragtir, pífur, blúndur og blóm. Hér gefur að líta sýnishorn af því sem framtíðarhönnuðir Íslands eru að skapa í dag.

- amb



**HERÐABREITT** Flottur drapplitaður jakki við leggings eftir Kolbrúnu Amöndu Hassan.


Straumur

## Greiðslustöðvunartilkynning

Hinn 19. mars 2009 veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf., Borgartúni 25, Reykjavík, heimild til greiðslustöðvunar sem gildir til 11. júní 2009.

Að mati bankans var talið nauðsynlegt að stíga það skref að sækja um heimild til greiðslustöðvunar, einkum til að freista þess að koma nýrri skipan á fjármál félagsins og til tryggja jafnræði kröfuhafa í samræmi við íslensk lög og tilskipanir ESB.

Bankinn nýtur nauðsynlegrar verndar gegn fullnustugerðum á tímabili greiðslustöðvunar og mun á sama tíma halda starfsleyfi sínu. Greiðslustöðvunin veitir bankanum jafnframt svigrúm til áframhaldandi viðræðna við kröfuhafa með það að markmiði að hámarka verðmæti eigna fyrir alla þá sem þar eiga hagsmuna að gæta. Á meðan greiðslustöðvun varir er ráðstöfun eigna bankans almennt óheimil nema nauðsyn krefji vegna daglegrar starfsemi bankans eða vegna endurskipulagningar á fjármálum hans.

Hörður Felix Harðarson, hrl., hefur tekið að sér að vera aðstoðarmaður félagsins á greiðslustöðvunartíma. Hann mun starfa með skilanefnd bankans, sem skipuð var af Fjármálaeftirlitinu, og einnig með framkvæmdastjórn bankans.

Upplýsingar um Straum-Burðarás fjárfestingabanka hf. er að finna á vefsíðu bankans, www.straumur.com. Sé frekari upplýsinga óskað, er unnt að beina fyrirspurnum til bankans með því að senda tölvupóst á netfangið: straumur@straumur.com.


LAUGARDAGAR
eru
vængjadagar á
KFC
25
Hot Wings™ á
2000
KR.
Vertu með
VÆNGJASLÁTT
á laugardögum
Hot Wings
KFC
www.kfc.is
HOT Sauce
0 GRÖMM TRANS-FITA
Reykjavík • Hafnarfirði • Kópavogi • Selfossi
Reykjanesbæ • Mosfellsbæ • Fossvogi


KRAKKADAGAR
Í SMÁRALIND
GLEÐILEGT SUMAR
Við bjóðum alla fjölskylduna velkomna í Smáralind þar sem við fögnum sumarkomunni og skemmtum okkur saman.
Dagskrá kl. 14 -15
Lalli Töframaður
Sönglist
Tískusýning
Stúlknasveitin Kári
Kynnir: Árni Beinteinn
SÖNGLIST
Söng- og leiklistarskóli

## VERÖLDIN OKKAR

ÞÚ BORGAR FYRIR EINN KLUKKUTÍMA OG FÆRÐ ANNAN FRÍTT.

Allir sem koma í Veröldina okkar fá gefins Svala á Krakkadögum.

Svali® ÆVINTÝRADRYKKUR

---

ÚTILÍF

Bladerunner Twist 09
Stækkanlegir barnaskautar
Tveir litir. Verð 10.990 kr.
Krakkatilboð 8.792

Jamis Lady Bug
og Jamis Hot Rod
12", 2-5 ára
Verð 19.990 kr.
Krakkatilboð 15.992 kr.

**20%** afsláttur af öllum barnahjólum og barnalínuskautum

---

*Ís fyrir börnin*

PIZZA HUT HUGSAR UM BÖRNIN Á KRAKKADÖGUM

Ókeypis ís fyrir börnin fylgir máltíðum á Pizza Hut á Krakkadögum Smáralindar.

Pizza Hut

---

Allir krakkar fá Name it blöðru.

1.090 kr.
Bolir - Ný sending

name it

---

1.490 kr.
Leggings

2.490 kr.
Ný sending - VERY gallabuxur

name it

---

**50%** afsláttur af öllum leikföngum og grímubúningum

DEBENHAMS

---

**2 fyrir 1** af öllum stuttermabolum í barnadeild. Borgað fyrir þann dýrari*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

DEBENHAMS

---

**20%** afsláttur af öllum stuttermabolum

POLARN O. PYRET

---

NÝ SENDING AF SKECHERS BARNASKÓM

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

---

VINDGALLAR
ST. 80-152

3.995 kr.
Verð áður 5.990 kr.

adams kids

---

ALADDIN-BUXUR

NÝIR LITIR

2.995 kr.

Zink

---

## ÓDÝRAR SUMARGJAFIR Í ÚRVALI

VÖNDUÐ ÚTILEIKFÖNG

WADER QUALITY TOYS

Sandsett, 5 hlutir
899 kr.

Skóflur - verð frá
99 kr.

Vörubíll með sandsetti
2.999 kr.

Ferja með bílum
2.199 kr.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

---

UNITED COLORS OF BENETTON.

**15%** afsláttur af öllu í barnadeild

---

KLEINUHRINGUR OG SVALI Á KRAKKATILBOÐI

300 kr.

CAFÉ ADESSO

---

## KRAKKADAGATILBOÐ

300 KR. Í BÍÓ Á FRANKLÍN OG FJÁRSJÓÐURINN OG BLÁI FÍLLINN

2 FYRIR EINN Á MALL COP OG 17 AGAIN KLUKKAN 13.00 OG 15.00 Í DAG

SMÁRABÍÓ

---

# OPIÐ Í DAG 11-18

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-19 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

# MÆLISTIKAN



### ■ Á uppleið

**Grill** Það er engin ástæða til að skammast sín fyrir ofurgrillið á raðgreiðslunum þótt góðærið sé búið. Kannski samt meira í takt við tímann að hvíla humarinn og grilla pylsur.



**Fíflar** Þeir eru aaaaalveg að fara að birtast. Ókeypis fíflablómvendir í öll mál og matarboð. Líka í hárið og brjóstvasann.



**Dragtir** Þið heyrið rétt. Hér með er gefið út vottað leyfi til að kaupa sér dragt þótt þú sért ekki orðin fertug. Ekkert kelló eða halló við það í sumar. Ef hún er þröng og sexý það er að segja.



### ■ Á niðurleið.

**Víð pokaföt** Hvernig má það vera að íslenskir fatahönnuðir eru upp til hópa að hanna víð pokaföt með appelsínugulum abstraktskellum? Sem gera nákvæmlega ekkert fyrir kvenleikann.



**Hikorð** Eh, já, u.... Kosningasjónvarpinu er sem betur fer lokið. Nú þarf enginn lengur að tafsa og hika í mæltu máli í sjónvarpinu. Og betra verður á að hlýða.

**Myspace** Með tilkomu Fésbókar virðist Myspace vera deyjandi heimur nema þá kannski meðal tónlistarmanna. Farvel.


Miele

Þú sparar kr. 9.210



vilborga@centrum.is

Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvær, létt, kraftmikil og með stórum poka. Hún fæst í rauðu og bláu. Parketbursti að andvirði kr. 9.210 fylgir frítt með.

TILBOÐ Kr. 22.994*

Opið í dag laugardag frá kl. 11:00-15:00

*tilboð gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




**STELUM FÖTUM FRÁ VINKONUM OKKAR** Gítarleikarinn Mike, trommarinn Nima og söngvarinn Duncan segjast vera innblásnir af Oscar Wilde og Lord Byron.

# Rokk og ról byrjaði ekki með Elvis

Bandaríska rokkhljómsveitin The Virgin Tongues hefur skapað sér stórt nafn í Berlín en að sögn **Duncans McKnight**, **Michael Giddens** og **Nima Ashe** þyrstir borgarbúa í annað en teknó. *Anna Margrét Björnsson* fékk þá í stutt spjall áður en þeir fljúga til Íslands en þeir spila á Sódómu Reykjavík um næstu helgi.

The Virgin Tongues eru þrír ungir menn, tveir gítarar og eitt trommusett og spila „psychedelic“ rokktónlist sem sækir áhrif sín til sjöunda áratugarins og hljómsveita eins og The Velvet Underground og The Jesus and Mary Chain. Allir þrír búa í suðupotti menningarinnar, Berlín, en hafa mjög ólíkan bakgrunn.

**Duncan:** Ég ólst upp í eyðimörkinni í Kaliforníu og ferðaðist um í hjólhýsi með fjölskyldu minni.

**Micky:** Pabbi minn er breskur og mamma mín grísk, og ég ólst upp í Þýskalandi og Bretlandi.

**Nima:** Ég er hálf persneskur og foreldrar mínir voru hálfgert flökkufólk. Ég hef búið á ótal stöðum í Bandaríkjunum.

*Hvernig lágu leiðir ykkar saman?*

**Duncan:** Ég og Nima hittumst í partíi í eyðimörkinni fyrir þremur árum og urðum vinir. Okkur fór að leiðast í Kaliforníu og áttum áhugaverðan fund með stjörnuspekingi. Hann sagði okkur að flytja til Berlínar sem við gerðum. Við hittum Micky á bar og fannst hann svalur og þar með varð bandið til.

*Hvernig mynduð þið lýsa tónlistinni ykkar?*

**Duncan:** Aðallega stórsmellir !

*En hvaðan sækið þið innblástur og hvað hlustið þið á?*

**Nima:** Við sækjum innblástur frá himintunglunum.

**Mickey:** Við semjum lög um það sem er að gerast í lífi okkar. Þetta er bara tónlistin okkar. Við sækjum ekki endilega fyrirmyndir okkar til rokks og róls á tuttugustu öldinni heldur erum innblásnir af fólki eins og Oscar Wilde og Lord Byron. Rokk og ról byrjaði ekki með Elvis.

*Hver semur tónlistina í bandinu?*

**Duncan:** Við semjum hana allir saman.

*Þið eruð með nokkuð sérstakan og „psychedelic“ fatastíl. Mynstraðar skyrtur, pelsar og síðir treflar. Hverjar eru tískufyrirmyndir ykkar?*

**Nima:** Engar sérstakar. Við bara stelum fötum frá vinkonum okkar.

*Hverjir voru skemmtilegustu tónleikar sem þið hafið spilað á?*

**Mickey:** Það var frábært að hita upp fyrir The Kills hér í Berlín.

*Lifir rokkið góðu lífi í Berlín?*

**Mickey;** Tónlistarsenan í Berlín er búin að snúast mikið um raf- og teknótónlist undanfarin ár. Við finnum sterkt fyrir því að borgarbúa þyrstir í hrátt og kraftmikið rokk og ról. Vonandi getum við skotið smá rokki aftur inn í senuna.

**Nima:** Og glamúr líka.

*Hvernig kom það til að þið eruð að fara að spila í Reykjavík?*

**Duncan:** Við höfum alltaf haft gríðarlegan áhuga á Íslandi. Við elskum íslenskar hljómsveitir eins og Singapore Sling og okkur langaði að koma og spila með þeim.

*Hvað vitið þið um Ísland?*

**Duncan:** Við erum ótrúlega spenntir fyrir ferðinni. Við vitum ekki mjög mikið um landið en við höfum kynnst svo mörgum frábærum Íslendingum hér í Berlín. Þetta hlýtur að vera frábært land.

*Hvað er svo á dagskrá hjá ykkur í sumar?*

**Mickey:** Við erum að ganga frá stórum plötusamningi og höldum svo áfram að túra.

*Eigið þið allir kærustur eða er enn von fyrir íslenskar stúlkur?*

**Duncan:** Það má alltaf halda í vonina.

The Virgin Tongues halda tónleika næstkomandi laugardag þann 2. maí á Sódómu Reykjavík. www.myspace.com/thevirgintongues










Ef ég væri söngvari
Geisladiskur og bók
**3.490 kr.**

Kuggur · 9 - Blómkál
Sigrún Eldjárn
**1.290 kr.**

Kuggur · 10 - Útilega
Sigrún Eldjárn
**1.290 kr.**

# Sumargjöf fyrir lestrarhesta







## Mundu eftir þjóðargjöfinni!

**Ávísunin veitir þér 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.000 kr. að lágmarki. Gildir til 4. maí 2009.**




Stjörnubækur
Ferðabók 1 & 2
Lærum að lesa
**990 kr.**
**990 kr.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# X - Hagkaup

X- HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

- ☒ Mesta vöruval landsins
- ☒ Allt í einni ferð
- ☒ Fatnaður á alla fjölskylduna
- ☒ Landsins mesta úrval snyrtivöru
- ☒ Glæsilegt kjötúrval
- ☒ Frábært úrval af grænmeti & ávöxtum
- ☒ Stærsti salatbarinn
- ☒ Stærsta nammilandið
- ☒ Bakarí
- ☒ Kælt gos
- ☒ Mikið úrval lífrænna vara
- ☒ Margir ódýrir valkostir (EURO SHOPPER)
- ☒ Opið allan sólarhringinn
- ☒ Skemmtilegast að versla
- ☒ Gott aðgengi, næg bílastæði
- ☒ Jói Fel vörur í miklu úrvali
- ☒ Ítalía, ítalskar vörur í hæsta gæðaflokki
- ☒ Latabæjarvörur
- ☒ Leikföng & gjafavara
- ☒ Landslið matreiðslumeistara



1.574 kr/kg.
Merkt verð 2.098.-

**Nautakótilettur**
að argentískum hætti



2.799 kr/pk.
Merkt verð 3.498.-

**Kálfakjötssteikur**
frosnar 6 x 170g steikur

*ferskar kryddjurtir frá Frakklandi*



Rósmarín · Mynta · Salvía · Garðablóðberg · Basilika

JARÐARBER 500 gr.
399 kr/pk.



FOLALDAVÖÐVAR MARINERAÐIR Í CAJP'S
1.491 kr/kg.
Merkt verð 1.988.-



VÍNBER GRÆN & RAUÐ
399 kr/kg.



GRILLBORGARAR 4 STK. M/BRAUÐI
499 kr/pk.



GUACAMOLE 2 TEG.
399 kr/pk.



SS GRILLSALAT
299 kr/stk.



24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. apríl á meðan birgðir endast.

# X - Hagkaup



4.199 kr/pk.
Merkt verð 4.989.-

**Kálfakjöts T-bone steikur**
frosnar 4 x 300g steikur



1.739 kr/kg.
Merkt verð 2.899.-

**Kjúklingalundir**
ferskar




1.649 kr/kg.
Merkt verð 2.199.-

**Grilllambalæri Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara




Sætar kartöflur m/timjan




Balsamikmarinerað grænmeti




Beikonfylltar kartöflur




Berjabomba m/kókosbollum

*Tilbúið á grillið!*




JÓI FEL GRILLSÓSUR
399 kr/stk.




DORITOS SNAKK
269 kr/pk.




NÓA KROPP
289 kr/pk.



GRASKERS BRAUÐ
199 kr/stk.
Verð áður 369.-



GILDIR AÐEINS Í DAG
NAMMILANDIÐ
50%
afsláttur v/kassa



COKE 4PK
COKE, LIGHT, ZERO
599 kr/pk.
Verð áður 899.-



BANANA SPRENGJUR
149 kr/pk.




LA BAGUETTE SNITTUBRAUÐ
399 kr/pk.
Verð áður 570.-




HNETUBARINN
40%
afsláttur v/kassa




ORKUDRYKKUR 250 ml
108 kr/stk.

LAKKRÍS KONFEKT
299 kr/pk.






SÚKKULAÐI RÚSÍNUR
399 kr/pk.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

JÓN J. AÐILS PRÓFESSOR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1869.

*„Fortíðarreynslan er óhjákvæmilegur grundvöllur framtíðarlífsins.“*

***Jón J. Aðils var prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og alþingismaður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. APRÍL 1987

## *Borgaraflokkurinn vinnur stórsigur*

Kosið var til Alþingis þennan dag árið 1987. Þá var þingmönnum fjölgað úr 60 í 63.

Það sem mestum tíðindum þótti sæta í sambandi við þingkosningarnar var sigur Borgaraflokksins sem Albert Guðmundsson stofnaði á síðustu metrunum fyrir kosningar og bauð fram í öllum kjördæmum. Hann fékk tæp 11% atkvæða og kom sjö mönnum á þing. Ekkert nýtt framboð hafði hlotið svo mikið fylgi í manna minnum og var Helenu dóttur hans meðal annars þakkað það, en hún var öflugur kosningastjóri.



**ALBERT GUÐMUNDSSON** fagnar með dóttur sinni Helenu á kosninganótt.

Albert naut líka mikils persónufylgis, meðal annars innan íþróttahreyfingarinnar. Einnig laðaði hann til sín ýmsa forystumenn verkalýðsins því hann kom einatt fram sem „vinur litla mannsins“ þó hann væri heildsali og reykti dýra vindla.

Ekki komst Borgaraflokkurinn í stjórn eftir þessar kosningar þó vel gengi. Stjórnarmyndun tók margar vikur en á endanum var stofnuð stjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar.

**MERKISATBURÐIR**

- **1915** Tíu hús í Reykjavík brenna til kaldra kola, þar á meðal Hótel Ísland.
- **1944** Fyrsta íslenska óperettan, Í álögum, er frumsýnd í Iðnó.
- **1952** Bygging áburðarverksmiðju í Gufunesi hefst formlega.
- **1977** Þyrla brotlendir við Mælifell norðan Mýrdalsjökuls. Tveir menn sem í henni eru komast lífs af en verða úti.
- **1978** Jökull Jakobsson rithöfundur andast í Reykjavík, 44 ára að aldri.
- **1998** Fjórar íslenskar konur hefja göngu yfir Grænlandsjökul.



## 100 ára afmæli

### Edda og Albert

100 ára. Kæru vinir og ættingjar. Í tilefni af 100 ára sameiginlegu afmæli okkar blásum við til veislu þann 1. maí í sal FÍH, Rauðagerði, frá klukkan 19-23:30. Allar gjafir afþakkaðar en söfnunarbaukur verður á staðnum og verður innihald hans gefið til góðgerða innanlands. Ef þið sjáið ykkur fært að mæta, látið vita fyrir 28. apríl á netfangið sagaklass@sagaklass.is




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


KOLAPORTIÐ: Á TUTTUGU ÁRA SÖGU AÐ BAKI

# Stemning sem fólk sækir í

Tuttugu ár eru frá því Kolaportið hóf göngu sína í bílastæðahúsi undir Arnarhóli. Það sló strax í gegn og er enn ákveðinn viðkomustaður fólks um helgar sem fer þangað að skoða varninginn og hitta mann og annan. Síðustu fimmtán ár hefur Kolaportið átt lögheimili við Tryggvagötuna og þar er Gunnar Hákonarson framkvæmdastjóri.

„Margir höfðu verið að selja notaðar vörur áður en Kolaportið kom til sögunnar en það hafði aldrei verið neinn markaður hér á landi af þessari stærðargráðu. Þeir höfðu hins vegar verið starfræktir um aldir í Evrópu og notið mikilla vinsælda. Það er sérstök stemning þar sem fólk sækir í að upplifa. Þetta mannlega umhverfi,“ segir hann.

Gunnar kveðst hafa byrjað að vinna í Kolaportinu í júní 1994 þegar það flutti í núverandi húsnæði. „Ég sótti bara um eftir auglýsingu í Mogganum. Byrjaði bara á kústinum og vann mig svo upp,“ segir hann brosandi.

Spurður hvort einhverjir seljendurnir séu þeir sömu og þegar hann byrjaði svarar hann. „Já, það er ákveðinn kjarni sem hefur fylgt okkur lengi. Til dæmis held ég að Antikbúðin sé búin að vera frá upphafi. En svo eru alltaf einhverjar breytingar og það er það sem heldur markaðinum lifandi. Fólk veit aldrei þegar það mætir hvað verður í boði þann daginn. Hverjir verða með vörur og hvaða tilboð eru í gangi.“

Í byrjun þurftu seljendur að taka saman vörurnar eftir hverja helgi þar sem húsnæðið var notað í annað í miðri viku en nú hefur því verið hætt í flestum tilfellum og látið duga að breiða yfir þær að sögn Gunnars. En er mikið verk að halda utan um svona markað? „Nei,“ svarar hann. „Það er ekki full vinna enda er ég í meistaranámi í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Ég er búinn að vera lengi í Kolaportinu og á gott samstarf við fólkið sem er þar. Þess vegna gengur þetta vel og flestir nýir seljendur panta gegnum netið á www.kolaportid.is.“

Til stendur halda upp á tvítugsafmælið á hvítasunnudag. „Við eigum sama afmælisdag og Bónus og vildum leyfa honum halda upp á það í friði. Hann var opnaður sama dag og Kolaportið. 8. apríl 1989. Hvort tveggja stærri atburðir í íslenskri verslunarsögu en flestir bjuggust við þá.“

Gunnar segir sveiflur í vinsældum Kolaportsins eins og öðru. „Þegar Kolaportið byrjaði voru engar verslanir opnar í borginni um helgar. Við nutum góðs af því. Samkeppnin um fólkið hefur aukist mikið. En við höfum alltaf haldið í okkar sérstöðu að bjóða upp á alvöru markaðsstemningu. Það hefur dugað og sjaldan hafa vinsældirnar verið meiri en nú. Það er góð afmælisgjöf, þó auðvitað gleðjist enginn yfir ástandinu. Það góða við ástandið er þó að fólk er kannski farið að hugsa betur um fjármuni sína.“

**gun@frettabladid.is**



**Í KOLAPORTINU** Gunnar Hákonarson er framkvæmdastjóri Kolaportsins sem er tuttugu ára um þessar mundir. Haldið verður upp á afmælið á hvítasunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## Erfidrykkjur af alúð

*Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og alúð. Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.*

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK





**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511






†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Oddnýjar Kristjánsdóttur**

Rauðanesi 2, Borgarhreppi.

Guð blessi ykkur öll.

**Guðjón Viggósson**
**Guðbjörg Guðjónsdóttir** **Unnsteinn Þorsteinsson**
**Kristján Viggó Guðjónsson**
**Inga Lóa Guðjónsdóttir**
**Fjóla Veronika Guðjónsdóttir** **Francois Claes**
**Ómar Hafberg Guðjónsson** **Árný Sigtryggsdóttir**
**og ömmubörn.**



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er veittu okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Geirþrúðar Brynjólfsdóttur**

Austurbyggð 17, Akureyri, áður til heimilis að Tjarnarlundi 1, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Reynihlíðar, dvalarheimilinu Hlíð, fyrir góða umönnun.

**Árdís Björnsdóttir** **Ingvar Þorvaldsson**
**Anna Björnsdóttir**
**Birna Björnsdóttir** **Hólmgeir Valdimarsson**
**Smári Björnsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnfríður Kristrún Sveinsdóttir**

Hrísmóum 1, Garðabæ.

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð laugardaginn 18. apríl. Verður jarðsungin frá Garðakirkju miðvikudaginn 29. apríl klukkan 15.00.

**Sigurlaug Stefánsdóttir** **Jóhannes Hjaltested**
**Sveinn Viðar Stefánsson** **Sigríður Brynjólfsdóttir**
**Heiða Sólrún Stefánsdóttir** **Jón Sigfússon**
**Guðmundur Stefánsson** **Unnur Jóhannsdóttir**
**Guðný S. Stefánsdóttir** **Hörður S. Hrafndal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**









## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Þórður Snæbjörnsson

Dvalarheimilinu Hlíð,
áður til heimilis að Stafholti 14, Akureyri,

er lést 12. apríl, verður jarðsunginn 27. apríl kl. 13.30 að Akureyrarkirkju. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Hjartavernd Norðurlands.

**Snæbjörn Þórðarson** — **Liv Gunnhildur Stefánsdóttir**
**Helga Kristrún Þórðardóttir** — **Karl Jónsson**
**Haukur Þórðarson** — **Kristbjörg Jónsdóttir**
**Örn Þórðarson** — **Ingibjörg Eyjólfsdóttir**
**Hrafn Þórðarson** — **Ragnheiður Sveinsdóttir**
**Karl Birgir Þórðarson** — **Eygló Anna Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og jarðarför eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Valdimars Þórðarsonar

Heiðarvegi 4, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og starfsfólks Fossheima á Selfossi fyrir kærleiksríka umönnun.

**Helga Jóhannesdóttir**
**Jónína Valdimarsdóttir** — **Guðmundur Baldursson**
**Björgvin Þ. Valdimarsson** — **Sigríður Magnea Njálsdóttir**
**Guðrún Valdimarsdóttir** — **Sigurður Bragason**
**Magnea Kristín Valdimarsdóttir** — **Sigurður Rúnar Sigurðsson**
**Björk Valdimarsdóttir**
**Oddný Magnúsdóttir** — **Emil Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Geirs Valdimarssonar

Sandabraut 10, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks A-deildar og heimahjúkrunar Sjúkrahúss Akraness fyrir hlýhug í hans garð.

**Lóa Guðrún Gísladóttir**
**Elín Þóra Geirsdóttir** — **Valur Jónsson**
**Guðný Elín Geirsdóttir** — **Hörður Jónsson**
**Valdimar Eyjólfs Geirsson** — **Sigríður Ellen Blumenstein**
**Hrafnhildur Geirsdóttir** — **Ólafur Rúnar Guðjónsson**
**Anna Lóa Geirsdóttir** — **Engilbert Þorsteinsson**
**Erla Geirsdóttir** — **Ársæll Alfreðsson**
**Gísli Geirsson** — **Margrét Berglind Ólafsdóttir**
**og afabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

## Marteinn Hafþór Hreinsson

vélfræðingur, Skeljatanga 42, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 19. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Ásgerður Pálsdóttir**
**Páll Þórólfsson** — **Katrín Rós Gunnarsdóttir**
**Elísabet Inga Marteinsdóttir** — **Vilhjálmur R. Vilhjálmsson**
**Margrét Vala Marteinsdóttir** — **Hjalti Rafn Gunnarsson**
**Þórhildur Dana Marteinsdóttir**
**Aron Dagur Pálsson**
**Gunnar Hrafn Pálsson**
**Gyða Stefanía Halldórsdóttir.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---



*Hjartans þakkir fyrir sýnda samúð við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Kjartans Sveinssonar

frá Vík í Mýrdal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Þórir Kjartansson** — **Friðbjört Elísabet Jensdóttir**
**Sveinn Kjartansson** — **Hólmfríður Böðvarsdóttir**
**Bertha Pálsdóttir**
**Eyrún Kjartansdóttir** — **Haukur Helgason**
**Sigrún Kjartansdóttir** — **Þorbjörn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar ástkæra*

## Ólafs Snæbjarnar Bjarnasonar

frá Blöndudalshólum.

Sérstakar þakkir til þeirra fjölmörgu umönnunarstarfsmanna á Akureyri sem af frábærri fagmennsku tryggðu honum hamingjuríkt skjól í rúm þrjátíu ár.

**Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Elín Bjarnadóttir**
**Jónas Bjarnason**
**Kolfinna Bjarnadóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

## Ólafs Jens Péturssonar

Álfhólsvegi 68, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahlynningar, blóðlækningadeildar Landspítalans og göngudeildar krabbameina fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Áslaug Gunnsteinsdóttir**
**Gunnsteinn Ólafsson** — **Eygló Ingadóttir**
**Pétur Már Ólafsson** — **Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir**
**Jakob Fjólar, Sindri og Áslaug Elísabet Gunnsteinsbörn**
**Ólafur Jens, Sigurður Karl og Þór Péturssynir.**

---



*Ástkær eiginmaður minn og bróðir,*

## Halldór Hermannsson

Grasparsvgran 8, Klagerup, Svíþjóð,

sem varð bráðkvaddur föstudaginn 3. apríl, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju mánudaginn 27. apríl kl. 13.00.

**Ingveldur Höskuldsdóttir**
**og fjölskylda**
**Guðlaug Hermannsdóttir** — **Brynja Skarphéðinsdóttir**
**og börn.**

---



*Elskulegur sonur minn, stjúpsonur og bróðir,*

## Friðrik Ágústsson

lést á sumardaginn fyrsta að heimili sínu Norðurási, Bröttuhlíð 16, Hveragerði. Útför hans fer fram í kyrrþey.

**Sigrún Friðriksdóttir**
**Eggert Haraldsson**
**Haraldur Eggertsson**
**Karl Eggertsson**
**Eggert Eggertsson**
**Sigríður Fanney Eggertsdóttir.**

---



*Okkar kæri*

## Þórður Pálmi Jónsson

lést að heimili sínu í Danmörku þann 4. apríl sl. Útför hans hefur farið fram frá Hoven-kirkju á Jótlandi. Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og kærleik.

**Alexander Pálmi, Jón Pálmi, Tristan Pálmi og Eva María Þórðarbörn,**
**Bergey Jóhanna Júlíusdóttir**
**Jón Pálmi Þórðarson** — **Hrafnhildur Jóhannsdóttir**
**Jóhann Ingi Stefánsson** — **Sigurbjörg Jónsdóttir**
**Tracie Stefánsson** — **Sascha Gabaj Knudsen**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru eiginkonu, dóttur, móður, tengdamóður og ömmu,*

## Jóhönnu Katrínar Björnsdóttur

Hlynsölum 5, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 4. hæðar í Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12 og MS dagvistar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Oddur Jónas Eggertsson**
**Steinunn Lilja Jónasdóttir**
**Geirlaug Dröfn Oddsdóttir** — **Helgi Magnússon**
**Jónas Þór Oddsson** — **Lilja Guðríður Karlsdóttir**
**Atli Már Oddsson** — **Maila Oen Hellesöy**
**Ari Freyr Oddsson** — **Ástrós Eiðsdóttir**
**Arna Dögg, Helena Ýr, Magni Snær og Sunna Katrín.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýju og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

## Ingibjargar Jónsdóttur

Dvalarheimilinu Grund, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild A-2 fyrir kærleiksríka umönnun.

**Guðmann Sigurbjörnsson** — **Kristín Aradóttir**
**Rósa Jónsdóttir** — **Sigursveinn Sigurðsson**
**Hólmfríður Jónsdóttir**
**Guðjón Rögnvaldsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---



*Elskulegur bróðir okkar og frændi,*

## Baldur Jónsson

frá Fjósatungu, búsettur á Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 16. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 28. apríl kl. 13.30.

**Systkini hins látna og fjölskyldur.**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

## Sævars Frímannssonar

Frostafold 187, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Eirar, deild 2N, fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Hildur Björk Sigurgeirsdóttir**
**Jóhann Gunnar Sævarsson** — **Sólveig Guðmundsdóttir**
**Gerður Guðrún Sævarsdóttir**
**Edda Björk Sævarsdóttir** — **Indriði Björnsson**
**barnabörn og langafabarn.**

# List án landamæra

## í Norræna húsinu í dag kl.15:00




Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir

Kynnið ykkur dagskrána á listanlandamaera.blog.is






í samstarfi við Ímagyn

Miðasala er í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið



# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



### Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 25/4 kl. 14:00 | U | Sun 10/5 kl. 17:00 | U | Lau 30/5 kl. 14:00 | U |
| Lau 25/4 kl. 17:00 | U | Lau 16/5 kl. 14:00 | U | Lau 30/5 kl. 17:00 | U |
| Sun 26/4 kl. 14:00 | U | Lau 16/5 kl. 17:00 | U | Fim 4/6 kl. 18:00 | Ö |
| Sun 26/4 kl. 17:00 | U | Sun 17/5 kl. 14:00 | U | Fös 5/6 kl. 18:00 | U |
| Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. | U | Sun 17/5 kl. 17:00 | U | Lau 6/6 kl. 14:00 | U |
| Sun 3/5 kl. 14:00 | U | Sun 24/5 kl. 14:00 | U | Lau 6/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 3/5 kl. 17:00 | U | Þri 26/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 14:00 | U |
| Þri 5/5 kl. 18:00 | U | Mið 27/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 10/5 kl. 14:00 | U | Fös 29/5 kl. 18:00 | U | Lau 13/6 kl. 14:00 | Ö |

Sýningar haustsins komnar í sölu

### Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 2/5 kl. 20:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 20:00 | Ö |
| Fös 8/5 kl. 20:00 | Ö | Fös 15/5 kl. 20:00 | Ö |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

### Sædýrasafnið (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Lau 25/4 kl. 21:00 | Sun 3/5 kl. 21:00 |

Ath. snarpt sýningatímabil

### Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 25/4 kl. 13:00 | Ö | Lau 2/5 kl. 13:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 13:00 | Ö |
| Lau 25/4 kl. 14:30 | Ö | Lau 2/5 kl. 14:30 | Ö | Lau 9/5 kl. 14:30 | |

Bestu vinkonur barnanna í líflegri sýningu fyrir þau allra yngstu

### Eterinn (Smíðaverkstæðið)

| |
|---|
| Fim 30/4 kl. 21:00 síðasta sýn. |

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Sýningum að ljúka.

### Creature - gestasýning (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 | U | Lau 16/5 kl. 20:00 |
| Fös 15/5 kl. 20:00 | Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 |

Þjóðleikur - leiklistarhátíð á Egilstöðum 24.–26. apríl



Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið




NOKKUR ORÐ

Ragnheiður Tryggvadóttir

# *Háleit markmið hlaupvembils*

Með vorinu vilja margir hrista af sér aukakíló vetrarins. Þvottadrengurinn er í þeim hópi. Strax eftir páska fór hann að tala um að nú yrði tekið á því eftir öll páskaeggin og nammið og hlaupvemblinum umbreytt í grjóthart þvottabretti. Mér leist auðvitað bara vel á þessi áform þó hlaupvembillinn fari síður en svo í taugarnar á mér. Finnst hann bara mjúkur og fínn. Hef reyndar heyrt drenginn áforma svona lagað áður, með misjöfnum efndum, svo ég hugsaði ekkert meira um þetta tal.

Þegar hann fór svo að bera inn í hús handlóð ýmiss konar og vogarstangir sýndist mér þó að kannski lægi meira á bak við yfirlýsingarnar nú en áður. Ýmislegt fleira gaf til kynna að mikið stæði til hjá drengnum en Muscle and Fitness tímaritið hans frá árinu 1989 lá nú alltaf opið inni á baðherbergi. Steininn tók þó úr þegar drengurinn kom heim einn daginn með öndina í hálsinum, eftir að hafa séð vaxtarræktarkappann Magnús Bess á fjólublárri lendaskýlu í búningsklefa, helmassaðan og tanaðan í drasl.

Nú hlóðust enn fleiri lóð á stigapallinn og drengurinn talaði hátt um að smíða einhvers konar bekk inni í stofu til að pumpa á. Ég var alls ekkert hrifin af því en ákvað að bíða og sjá hvort einhverjar yrðu efndirnar. Drengurinn var nefnilega ekki enn farinn að lyfta neitt, raðaði bara þessum tólum um alla íbúð og hækkaði í rapptónlistinni. Mér hætti þó að lítast á blikuna þegar við hjónin vorum í bíltúr á bóndanum einn daginn og hann spyr mig upp úr þurru, hvort það sé einhver kúnst að bera á sig brúnkukrem!



# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




25
milljónir
KJÓSTU
LOTTÓ!
Nú er Lottópotturinn fjórfaldur og stefnir fyrsti vinningur í **25 milljónir.**
Er þinn tími kominn?
Lottó
FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

### > KATE MOSS OG JUSTIN TIMBERLAKE Í VOGUE

Á forsíðu nýjasta heftis bandaríska Vogue eru engar smástjörnur: fyrirsætan **Kate Moss** ásamt söngvaranum **Justin Timberlake** og hönnuðinum Marc Jacobs. Það var ljósmyndarinn **Annie Liebovitz** sem festi þau á filmu og það er umtalað vestra að flottari forsíða á þessari biblíu tískunnar hafi ekki sést lengi.

# stíll

utlit@frettabladid.is



Fjárfestum í geggjuðum pels fyrir næsta haust… og kvöldin eru enn köld! Fæst í Gyllta kettinum, Austurstræti.

## OKKUR LANGAR Í …



Undurfagran og ævintýralegan hring frá versluninni Systur, Laugavegi.



Nýju litapallettuna frá Bobbi Brown. Skærir, glaðlegir litir fyrir sumarið!



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# Rokkarar og séntilmenn

Frá því að ég man eftir mér sem lítil stelpa var pabbi minn alltaf óaðfinnanlega klæddur. Hann var og er mikill smekkmaður, en íhaldssamur og hefur sennilega keypt skyrtur, peysur, jakkaföt og skó í sömu verslunum alla ævi. Ég kunni ekki að meta þessa fastheldni hans þegar ég var unglingur og skildi ekki hvernig pabbi leit alltaf eins út í öllum myndaalbúmum, í gegnum bítnik-árin, hippatímabilið og „eighties"-hroðann. Þarna var hann alltaf í aðsniðnum buxum og jakka með sömu klippinguna og hálsklútinn. Manni þykir það kannski ekkert voðalega töff þegar maður er sextán ára. Ég vildi eiga „gæjalegri" pabba. En eins og allir vita eru sextán ára börn með skelfilega vonda dómgreind og enn verri smekk. Ég man ekki hvort ég óskaði þess að pabbi klæddi sig eins og Robert Smith úr Cure eða bara poppaði upp jakkafötin með stærri axlapúðum og fríkaðra litavali. Það hefur ekki verið fyrr en á síðari árum að ég uppgötvaði að hann faðir minn skildi nákvæmlega hvað skipti máli hvað varðar tísku: að vera alltaf samkvæmur sjálfum sér og að klassík klikkar ekki. Mikið hlýtur hann að vera feginn að vera ekki með hryllilegar myndir af sér með sítt að aftan eða í útvíðum hippabuxum. Þessi fataáhugi föður míns vakti í mér áhuga á karlmannsfötum yfirleitt og ég hef ætíð kunnað að meta þegar karlmenn hafa sinn eigin flotta stíl og ganga í fallegum fötum. Það er þó allt annað að hafa flottan stíl en að hafa of mikinn áhuga á fötum. Kallið það kvenrembu en mér finnst bara eitthvað mjög einkennilegt við mann sem eyðir meira en fimm mínútum í að klæða sig, rakar af sér líkamshár eða á fullan skáp af andlitskremum og hárgeli. Nema auðvitað ef hann skyldi vera samkynhneigður. Eins skil ég ekki karlmenn sem skipta um stíl á degi hverjum, svona eins og þeir séu að bregða sér í hlutverkaleik. Einn daginn fíla þeir sig sem rokkarar og þann næsta sem Bjögga Thor, þann þriðja eru þeir hnakkar og þann fjórða festast þeir í fótboltatreyjunni. Að vera samkvæmur sjálfur sér er nefnilega alltaf málið, og þá er væntanlega nóg að eiga bara þennan eina flotta jakka, vel sniðnu jakkaföt, snjáðu strigaskó eða hvað það nú er sem gerir þá að sjálfum sér. Hvort sem strákar eru þá búnir að taka upp stílinn sem rokkarinn eða breski séntilmaðurinn er klárt mál að ef þeir halda sig við sama flotta og klassíska stílinn í áraraðir þá bara getur ekkert klikkað.





**LEÐUR** Flottur „eighties"-legur kjóll með gaddabelti.



**GADDAR** Æðislegur stuttur kjóll alsettur pönkaralegum göddum.



VINSÆLASTA TÍSKUHÚSIÐ Í PARÍS

# BALMAIN ROKKAR FEITT

Franski hönnuðurinn Christophe Decarnin hefur meira en tvöfaldað sölu hjá rótgróna tískuhúsinu Balmain undanfarin fjögur ár. Fatnaður hans hefur notið ómældra vinsælda meðal stjarnanna sem elska blönduna hans af kynþokka og rokki. Lína hans fyrir haust og vetur 2009 sló algerlega í gegn á síðustu tískuviku í París en þar gaf að líta snjóþvegnar þröngar gallabuxur, níðþröngar og kynþokkafulla kjóla og himinháa hælaskó með göddum. - amb

Færeyskir tónleikar í Norræna húsinu

NORRÆNA HÚSIÐ

ORKA ásamt Eivør Pálsdóttur spila í Norræna húsinu kl. 21:00 fimmtudaginn 30.4.09. Húsið opnar kl: 20:00
Ólöf Arnalds opnar tónleikana



Færeyska hljómsveitin ORKA er án efa eitt athyglisverðasta band Norðurlanda í dag og ekki að ástæðulausu þar sem sveitin spilar melódískt rokk á hljóðfæri eins og steypuhrærivél, loftpressu og slípirokk.

Miðasala á midi.is



**PALLÍETTUR** Svartur stuttur kjóll með einni ermi.

**SEXÝ** Stuttur og fleginn svartur kjóll.

Ótrúlegasti maskari heims

# Estée Lauder sendir frá sér titrandi maskara

Bandaríski snyrtivörurisinn Estée Lauder hefur fundið upp undraverða nýjung: maskara sem titrar, þökk sé litlu batteríi. Samkvæmt fyrirtækinu eru áhrifin einstök, augnhárin þekjast jafnt með maskaranum og verða lengri og þykkari en nokkur hefði talið mögulegt. Maskarinn virkar þannig að um leið og maður skrúfar burstann af þá byrjar hann að titra mjúklega, ekki ósvipað og rafmagnsbursti sem gerir það að verkum að það er einstaklega einfalt að setja hann á sig. Hárin klessast hvorki saman né klístrast og hvert einasta hár, meira að segja þau minnstu, verða þakin lit. Það er hægt að setja margar umferðir af maskara á augun þar sem engin hætta er á klessum. Sjálf formúlan er búin til úr geli, ólívuolíu og parafín-vaxi ásamt sérstökum kaolinleir sem styrkir augnhárin og fer vel í viðkvæm augu.

**- amb**





Er HREINT hjá þér?
Sparaðu með faglegri ræstingu!
Hreint
RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is



**FLAUEL** Svartur flauelsjakki með stórum öxlum og doppóttri skyrtu undir.



**STÍGVÉL** Himinhá „stiletto"-stígvél með göddum.



2007-2013
Kynningarfundur á vegum Rannís
Þriðjudaginn 28. apríl
Grand Hótel Reykjavík 9:00-11:00

Matvæli, landbúnaður, sjávarútvegur og líftækni

Styrkir til rannsókna í 7. Rannsóknaáætlun ESB

Markmið áætlunarinnar er styrkja rannsóknaverkefni á sviðum matvælaiðnaðar, fóðurframleiðslu, skógræktar, sjávarútvegs, landbúnaðar, fiskeldis og lífefnaiðnaðar.

Dagskrá:

**Matvæli, landbúnaður, sjávarútvegur og líftækni í 7. Rannsóknaáætlun ESB**
Dr. Alfredo Aguilar, *fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB.*
**Reynsla af þátttöku í verkefni á vegum áætlunarinnar**
Prófessor Guðrún Marteinsdóttir, *Líffræðistofnun Háskóla Íslands*
**Aðstoð við umsækjendur**
Þorsteinn B. Björnsson, *Rannís*
**Fyrirspurnir**

**Fundarstjóri**
Oddur Már Gunnarsson, *Matís*

**Vinsamlegast sendið tilkynningu um þátttöku á netfangið rannis@rannis.is**

Boðið verður upp á stutta einstaklingsfundi með Alfredo Aguilar eftir hádegi.
Áhugasamir geta pantað tíma hjá Rannís í síma 515 5800, eða á rannis@rannis.is.

SEVENTH FRAMEWORK PROGRAMME

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

**Andláts tilkynning**

Laugardaginn 25. apríl 2009 lést gamli spillti fjórflokkurinn að heimili sínu við Austurvöll eftir langvarandi veikindi, spillingu og mútuþægni. Það er mat nánustu aðstandanda að nú sé nóg komið.

Þeir sem vilja minnast þeirra er bent á að skila auðu í komandi kosningum sem kröfu um þjóðstjórn hæfra manna, sem hafa getu og vilja til að hjálpa þjóðinni út úr þeim hamförum sem fjórflokkarnir hafa leitt yfir okkur.

**Jarðaförin verður auglýst síðar.**

**Fyrir hönd aðstandanda**
**Kristinn Ingi Jónsson**



Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



17. júní í Reykjavík



Frá sýningu götuleikhússins 2007

Dagskráratriði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum. Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vef þjóðhátíðarnefndar **www.17juni.is**. Umsóknum er einnig hægt að skila í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást. Umsóknarfrestur rennur út þann 7. maí n.k.

Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is www.17juni.is



Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki


# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Það er kominn tími til að taka þetta alvarlega. Ég er svo stressaður yfir því að vera ber að ofan í tökum.“*

**ASHTON KUTCHER**
**um líkamsræktarátak sitt fyrir hlutverk í væntanlegri kvikmynd.**



*„Ég dýrka að mála fólk, svipbrigði og andlit. Ég hef alltaf málað án þess að margir viti það.“*

**EMMA WATSON**
**segir frá áhuga sínum á listmálun í viðtali við bandaríska tímaritið Interview.**



*„Nokkuð margar af mínum fyrrverandi kærustum eru enn hluti af lífi mínu. Þær eru enn vinkonur mínar og eru nú orðnar vinkonur Camilu líka.“*

**MATTHEW MCCONAUGHEY**
**um að núverandi kærasta sín, Camila Alves, eigi ekki í neinum erfiðleikum með að umgangast fyrrverandi kærustur hans.**









FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FRÁBÆR ÁRSHÁTÍÐ KVIKMYNDAGERÐARMANNA**

**Túna, Helga** og **David Oldfield** (að ofan) voru meðal gesta á fyrstu árshátíð Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna á Loftleiðum. Til vinstri og niður: **Goði** og **Hinrik** skemmtu sér vel þetta kvöld og hlaut Goði meðal annars Friðrikinn. **Bjarni Grímsson** og **Bergur Hinriksson** skáluðu í fordrykknum. **Búi, Hreinn Beck og Jónsi** voru prúðbúnir.

# FRIÐRIK ÞÓR PLATAÐUR

**Fyrsta árshátíð Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna var haldin á Hótel Loftleiðum á miðvikudagskvöld. Um 120 mann létu sjá sig og þótti hátíðin vel heppnuð í alla staði.**

Á árshátíð kvikmyndagerðarmanna voru í fyrsta skipti veitt ný verðlaun, Friðrikinn. Er stefnt að því að verðlaunin verði afhent á hverju ári hér eftir. Meðal þeirra sem fengu verðlaun voru Gagga Jónsdóttir, sem kjörin var vinsælasta stúlkan, og Goði Már Guðbjörnsson aðstoðartökumaður sem verðlaunaður var sem North Face-andlitið.

Aðalskemmtiatriðið var þó grín sem Andrea Brabin hjá Eskimo stóð fyrir. Nokkur þekkt andlit úr bransanum voru plötuð í prufur fyrir auglýsingu erlends stórfyrirtækis. Þar voru þau látin fara með línur úr handriti og vonuðust væntanlega eftir því að fá háar fjárhæðir greiddar ef þau fengju hlutverkið. Í raun var þetta allt saman plat og afraksturinn var sýndur á árshátíðinni.

Meðal þeirra sem létu gabbast voru leikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson, Aron Bergmann, Ómar Jabali og Finnur Jóhannsson. Þótti þetta grín afar vel heppnað.

**hdm@frettabladid.is**

# Ætlar að syngja Eyjamenn edrú

„Þetta er gamall draumur. Og mikill heiður. Ég er þakklátur fyrir þetta tækifæri og mun leggja mig allan fram um að skemmta gestum,“ segir Geir Ólafsson söngvari sem hefur verið ráðinn til að skemmta á Þjóðhátíð.

Undirbúningur Þjóðhátíðar í Eyjum stendur nú yfir þó enn séu þrír mánuðir í verslunarmannahelgi. Eyjamenn búast við metþátttöku. Og hafa það fyrir sér í því að aldrei hafa fleiri skráð sig með Herjólfi og með flugi til Eyja dagana sem hátíðin stendur yfir. Að sögn Birgis Guðjónssonar, formanns Þjóðhátíðarnefndar, mættu ríflega tíu þúsund manns í fyrra. Ekki liggur fyrir hvert metið er en það er í kringum tíu til tólf þúsund manns. Menn eru nú að stækka tjaldsvæðin í Herjólfsdal því það stefnir í metþátttöku.

Geir Ólafs segir aðspurður ekki búið að ganga frá kaupi og kjörum en lætur það liggja á milli hluta. „Þeir höfðu samband. Ég hafði boðið fram krafta mína áður og þeir telja minn tíma kominn núna. Ég er þakklátur fyrir það. Ég verð með undirleikinn á diski og er að bæta við dagskrá mína. Nei, ég er ekki í tónlist peninganna vegna heldur fyrst og fremst til að gleðja aðra og auðga styrk hjartans,“ segir Geir. Söngvarinn er bláedrú og aðspurður hvernig honum lítist á að vera innan um þúsundir manna sem spara hvergi söngvatnið við þetta tækifæri segist hann alvanur því að vera innan um drukkið fólk. Og kemur svo á óvart með djarfri yfirlýsingu: „Svo geri ég liðið edrú með góðum söng.“

Þegar þessi orð Geirs eru borin undir formann Þjóðhátíðarnefndar setur hann nánast hljóðan. „Já, þú meinar það? Þetta kemur á óvart. Margir hafa reynt þetta en ekki tekist. En ég veit ekki hvað hann er magnaður maðurinn. Söngvatnið fræga flýtur og það er ekki leiðinlegt. Og erfitt að breyta 130 ára gamalli hefð. Ég held að Geir sé eitthvað að skjóta út í loftið,“ segir Birgir.

Auk Geirs hefur verið gengið frá því að Sálin hans Jóns míns og Skítamórall koma fram á Þjóðhátíð í Eyjum.

**-jbg**



**GEIR ÓLAFSSON**
Formaður Þjóðhátíðarnefndar er þeirrar skoðunar að Geir ætli sér um of þegar hann segist ætla að „gera liðið edrú með góðum söng“.

OPNUNAR-
TILBOÐ

Allar vörur á 20% afslætti



RIVIERA MAISON | SIA | SÖDAHL | UMBRA | SEMPRE | ETHNICRAFT | BECARA | IITTALA | BRÖSTE | AUÐUR SKÚLADÓTTIR

# OPNUM GLÆSILEGA VERSLUN Í KRINGLUNNI Í DAG

Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

Tekk Company - Kringlunni og Bæjarlind 14-16, Kópavogi - Sími 564 4400 - www.tekk.is

# Hleypur í þágu daufblindra

„Mig hefur lengi langað til þess að hlaupa heilt maraþon, en aldrei tekið mig til og látið verða af því,“ segir Ólafur Haukur Johnson, 25 ára, sem mun hlaupa London-maraþonið á morgun. Ólafur safnaði áheitum í gegnum heimasíðuna justgiving.com og hefur nú safnað 1.000 pundum af 1.500 sem munu öll renna til samtakanna Sense sem styðja við daufblint fólk og fjölskyldur þeirra.



**STYÐUR DAUFBLINT FÓLK** Ólafur hleypur London-maraþonið á morgun.

„Eitt af áramótaheitunum mínum 2007-2008 var að skrá mig í London-maraþonið og finna gott góðgerðarstarf til að styrkja. Ég hef lengi hlaupið reglulega, en æfingar hófust af alvöru í byrjun janúar á þessu ári. Síðan þá hef ég hlaupið tæplega 450 kílómetra ásamt James Hay félaga mínum og við höfum haft það að markmiði að hlaupa fimm til sex sinnum í viku. James tekur líka þátt í hlaupinu en er ekki að hlaupa fyrir góðgerðarmál heldur til að snúa við fimm árum af Londonlífsstíl,“ segir Ólafur sem starfar nú hjá ráðgjafafyrirtæki í London, en heldur til Bandaríkjanna í haust þar sem hann fer í MBA-nám við Harvard Business School í Boston. Aðspurður segist hann hafa velt fyrir sér ýmsum góðgerðarsamtökum.

„En eftir að ég átti gott spjall við Micol hjá Sense hljóp ég í tveim hlaupum fyrir þau á seinasta ári, meðal annars í jólasveinabúningi. Þá sá ég hversu gríðarlega gott og óeigingjarnt starf fer fram hjá Sense, en markmið þeirra er að búa til samfélög fyrir daufblinda þar sem þeir geta lifað, unnið og skemmt sér.“ Áheitasíða Ólafs Hauks er á justgiving.com/olijohnson.“ **- ag**

# FRÆGIR TAPA MILLJÖRÐUM

**Árlegur listi Sunday Times yfir ríkasta fólkið í afþreyingarbransanum er nokkuð merkilegur. Ekki síst fyrir þær sakir að eignir og fjármunir þeirra hafa rýrnað umtalsvert.**



## EIGA FYRIR SALT Í GRAUTINN

Þrátt fyrir að **Paul McCartney** og **Elton John** hafi tapað stjarnfræðilega háum upphæðum á efnahagshruninu og fjármálakreppunni eiga þeir enn fyrir salti í grautinn. **Simon Cowell** er einn fárra sem tókst að græða á árinu 2007 á meðan Robbie Williams er smám saman að hverfa úr litríkri stjörnuflóru Bretlands.

Samkvæmt Ian Coxon, blaðamanni Sunday Times, hafa tónlistarmenn og áhrifafólk í afþreyingarbransanum tapað að meðaltali tíu prósentum af verðmætum sínum. Munar þar mestu um ört lækkandi fasteignaverð og svo hlutabréfahrunið beggja vegna Atlantshafsins. Þannig telst Sunday Times til að Elton John hafi glatað rúmlega fjórðungi af veldi sínu en hann á þó enn fyrir salti í grautinn; eignir hans eru metnar á 175 milljónir punda eða 33 milljarða íslenskra króna.

Heimskreppan beygði ekki fram hjá Sir Paul McCartney sem tapaði sextíu milljónum punda eða ellefu milljörðum íslenskra króna. Jafnvel ungar stjörnur á borð við Amy Winehouse og Katie Melua lentu illa í því þegar bankar og fjármálafyrirtæki fóru á hausinn, eitt af öðru, því nánast helmingur auðæfa þeirra þurrkaðist út. Coxon vekur hins vegar sérstaka athygli á Robbie Williams sem er sagður hafa tapað 25 milljónum punda eða fjórum milljörðum. Tapið hjó nokkuð nærri Robbie.

Hins vegar voru nokkrir sem græddu á árinu. Þeirra á meðal var hinn kjaftfori Simon Cowell sem sá veldi sitt vaxa um sjö prósent og svo er það Judy Craymer sem framleiddi ofursmellinn Mamma Mia! Auður hennar jókst um þriðjung.

## RÍKASTA LIÐIÐ

Clive Calder - plötuútgefandi
Andrew Lloyd Webber - tónskáld
Paul McCartney - tónlistarmaður
Cameron Mackintosh - leikhúsframleiðandi
Simon Fuller - sjónvarpsframleiðandi
Mick Jagger - tónlistarmaður
Sting - tónlistarmaður
Elton John - tónlistarmaður


NÝTT Í BÍÓ!






HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 25. APRÍL | | |
| TWO LOVERS | kl. 3.30 ísl. texti | 12 |
| BIGGER STRONGER FASTER | kl. 4 ísl. texti | 12 |
| FROZEN RIVER | kl. 4 ísl. texti | 12 |
| FLASH OF GENIUS | kl. 5.40 ísl. texti | L |
| ME AND BOBBY FISHER | kl. 6 ísl. texti | L |
| SLACKER UPRISING | kl. 6 ísl. texti | L |
| YOUNG AT HEART | kl. 8 ótextuð | L |
| GOMORRA | kl. 8 ísl. texti | 16 |
| SUNSHINE CLEANING | kl. 10 ísl. texti | 12 |
| COCAINE COWBOYS 2 | kl. 10.30 ísl. texti | 14 |
| BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 26. APRÍL | | |
| COCAINE COWBOYS 2 | kl. 3.30 ísl. texti | 14 |
| YOUNG AT HEART | kl. 4 ótextuð | L |
| BOY A | kl. 4 ísl. texti | L |
| GOMORRA | kl. 5.30 ísl. texti | 16 |
| FROZEN RIVER | kl. 6 ísl. texti | 12 |
| SUNSHINE CLEANING | kl. 6 ísl. texti | 12 |
| ME AND BOBBY FISHER | kl. 8 ísl. texti | L |
| MAN ON A WIRE | kl. 10 enskur texti | 12 |
| DIE WELLE | kl. 8 enskur texti | 12 |
| FLASH OF GENIUS | kl. 10 ísl. texti | L |

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| 17 AGAIN | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10.10 | L |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 - 8 | L |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 1 - 3 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 10 | L |
| MALL COP | kl. 1 - 3 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 1 - 3 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MALL COP | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| DRAGONBALL | kl. 4 - 6 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| | | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 4 - 5.50 - 8 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 10 | 12 |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 4 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 6, 8 og 10 - POWER | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FRANKLÍN - Ísl. tal | kl. 2(500kr.) og 4 | L |
| MONSTERS VS. ALIENS | kl. 2(500kr.) og 4 | L |
| MONSTERS VS. ALIENS 3D | kl. 2(850kr.) og 4 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ(500kr.) | kl. 5.50, 8 og 10.15 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6 - 8D - 10:10D | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 2 - 4 - 8 - 10:10 | VIP |
| THE UNBORN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| THE UNBORN | kl. 6 | VIP |
| 17 AGAIN | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PUSH | kl. 5:50 | 12 |
| MON.VS.. m/ísl. tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| KNOWING | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE UNBORN | kl. 6:10 - 8:20 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6:10D - 8:20D - 10:20D | 16 |
| MONSTERS m/ísl. tali | kl. 2- 4(3D) - 6:10(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 1:30 | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 3:30 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 4 - 8 - 10:20 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BOY IN THE STIPED PYJAMAS | kl. 6 | 12 |
| MALL COP | kl. 6 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 2 - 4 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX m/ísl. tali | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OBSERVE AND REPORT | kl. 4 - 8 - 10:20 | 16 |
| PUSH | kl. 6 | 12 |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5:50 - 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| FRANKLIN OG FJÁRSJÓÐURINN | kl. 2 - 4 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU
SparBíó 850kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU









## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 25. apríl 2009**

### → Djass

**Djasshátíð Garðabæjar** 23.-25. apríl. Ókeypis á alla tónleika hátíðarinnar. Dagskrá og nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.



**16.00 Ellen Kristjánsdóttir** og **Eyþór Gunnarsson** verða með sálmatónleika í Vídalínskirkju við Kirkjulund.

### → Tónleikar

**14.00 Sönghópurinn Norðurljós** heldur vortónleika í Breiðholtskirkju við Þangbakka. Á efnisskránni verða íslensk lög í léttari kantinum í bland við erlend.

**15.00 Mánakórinn** heldur vortónleika í Árbæjarkirkju við Rofabæ þar sem flutt verða íslensk þjóðlög í bland við önnur íslensk lög. **Kórinn Söngfuglar** verður gestur á tónleikunum. Aðgangur ókeypis.

**16.00 Kvennakórinn Léttsveitin** heldur söngskemmtun í Reykholtskirkju þar sem flutt verða sjómannalög og önnur lög úr gullkistu kórsins.

**16.00 Breiðfirðingakórinn** verður með vortónleika í Fella- og Hólakirkju við Hólaberg. Á efnisskránni verða m.a. lög eftir **Bubba Morthens**, **Bítlana** ásamt lögum úr söngleikjum og íslenskar söngperlur.

**17.00 Dalton Baldwin** píanóleikari og **Julie Boulianne** mezzosópran verða með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir **Hahn, Ravel** og **Rossini**.

**22.00 Polardust** og **Eskimono** verða með tónleika á Kaffi Rót við Hafnarstræti. Aðgangur ókeypis.

### → Opinn dagur

Opinn dagur verður hjá **Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs** í Reykjanesbæ, milli kl. 12-17. Kennarar, nemendur og starfsmenn kynna námsbrautir sem í boði verða næsta haust. Nánari upplýsingar www.keilir.net.

### → Síðustu forvöð

**Átján myndlistarmenn** í Garðabæ eru með sýningu á Garðatorgi sem lýkur á sunnudag. Opið lau. kl. 10-18 og sun. kl. 10-16.

**Fyrirgefðustytturnar**, sýning **Guðjóns Ketilsson** í Artóteki á 1. hæð Borgargókasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu, lýkur á sunnudag. Opið lau. og sun. kl. 13-17.

### → Námskeið



**15.00** Trommuleikarinn **Pétur Östlund** heldur námskeið í Hljóðfærahúsinu við Síðumúla 20. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

### → Dansleikir

**Ingó og Veðurguðirnir** verða á Players við Bæjarlid í Kópavogi.

### → Dagskrá

**Handverks- og frístundahátíð** verður haldin í Reykjanesbæ milli kl. 12 og 18 í dag. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.reykjanesbaer.is.

### → Sýningar

**Anna Hinriksdóttir** hefur opnað sýningu í tengslum við bók sína **„Ástin á tímum ömmu og afa“**, í sýningarsal Málarans að Fornubúðum 8 við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði. Sýningin er opin alla daga kl. 14-18.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 26. apríl 2009**

### → Tónleikar

**15.15 Duo Harpverk**, skipað þeim **Katie Buckley** hörpuleikara og **Frank Aarnink** slagverksleikara, verður með tónleika ásamt **Áshildi Haraldsdóttur** flautuleikara í Norræna húsinu við Sturlugötu.

**21.00** Hljómsveitirnar **Árstíðir** og **Tenderfoot** verða með tónleika á Café Rósenberg við Klapparstíg.

**15.00 Sigurður Flosason** og hljómsveit verða í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### → Dansleikir

**20.00** Dansleikur **Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4. Borgartríó leikur fyrir dansi.

### → Leiðsögn

**15.00 Jeannette Castioni** og **Ólafur Gíslason** verða með leiðsögn um sýninguna **„Hver er hræddur við hvern“** í D-sal Listasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu.

# Rossdale var hommi

Breska poppstjarnan Marilyn hefur ákveðið að svipta hulunni af fimm ára ástarsambandi sem hann og Gavin Rossdale áttu fyrir allmörgum árum. Eins og flestum ætti að vera kunnugt um er Rossdale nú eiginmaður No Doubt-söngkonunnar Gwen Stefani. Orðrómur um náin kynni Marilyns og Rossdales hefur verið á kreiki síðan Boy George nefndi það fyrst í ævisögu sinni Take it Like a Man. Rossdale vísaði því alfarið á bug þá og Marilyn sömuleiðis, þeir sögðust báðir hafa bara verið bestu vinir.

En nú hefur Marilyn sem sagt breytt framburði sínum og segir söngvara Bush hafa verið stóru ástina í lífi sínu. „Við vorum saman í fimm ár en mér leið eins og það hefðu verið fjörutíu,“ segir Marilyn. „Honum gekk mjög vel og ég ákvað að ljúga þrátt fyrir að hver taug í líkama mínum segði mér að það væri ekki það rétta í stöðunni.“



**KVÆNTUR MAÐUR** Gavin Rossdale er sagður hafa átt í ástarsambandi við karlkyns poppstjörnuna Marilyn.

# Rodriguez endurgerir Predator

Leikstjóri Sin City-myndarinnar, Robert Rodriguez, hyggst endurlífga kvikmyndirnar um Predator. Hann hyggst meira að segja láta þessa morðóðu geimveru fá nokkra samstarfsfélaga og þá er ljóst að mannkynið þarf á byssuglaðri hetju að halda til að stöðva þetta óargadýr. Predator birtist fyrst á hvíta tjaldinu árið 1987 og sló umsvifalaust í gegn. Framhaldið þótti hins vegar ekki merkilegur pappír og því lognaðist serían eiginlega út af. Ekki er komin nákvæm tímasetning en næsta verkefni Rodriguez er kvikmyndin Machete sem er byggð á stiklu úr tvíleik leikstjórans og Quentins Tarantino, Grindhouse. Machete fjallar um leigumorðingja sem er svikinn af umbjóðendum sínum og ákveður að halda í blóðuga hefndarför.



**ROBERT RODRIGUEZ**




# Opið hús

Næsta þriðjudag, 28. apríl, verður opið hús
í Menntaskólanum Hraðbraut
frá kl. 8.30 - 16.30.

Allir sem vilja kynna sér skólann
eru velkomnir.

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT | TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafeni 10 · 108 Reykjavík · Sími: 517-5040 · www.hradbraut.is

## > Dómarar þreyttu þolpróf í Laugardalnum

Þrír úrvalsdeildardómarar í knattspyrnu eiga eftir að standast þolpróf. Það eru þeir Garðar Örn Hinriksson, Magnús Þórisson og Þóroddur Hjaltalín. Garðar er meiddur, Þóroddur veikur og Magnús gat ekki mætt vegna anna í vinnu þegar knattspyrnudómarar þreyttu þolpróf sitt í Laugardalnum í gær. Þremenningarnir munu taka sjúkrapróf eftir viku. Þrjátíu dómarar stóðust prófið í gær en 11 féllu. Voru þar á ferðinni dómarar í neðri deildunum ásamt Garðari og Þóroddi sem reyndu í gær en gátu ekki staðist prófið af fyrrnefndum ástæðum.



sport

sport@fretta-

ÚRSLITAKEPPNI N1-DEILDAR KVENNA: ÞAÐ VERÐA FRAM OG STJARNAN SEM MÆTAST Í ÚRSLITUM

# *Stjörnusigur þó svo Florentina hafi séð rautt*

Íslands- og bikarmeistarar Stjörnunnar mæta Fram í úrslitum N1 deildar kvenna eftir sigur á Val, 30-28, í framlengdum leik. Liðin skiptust á að leiða þar til Stjarnan náði fjögurra marka forystu, 17-13, þegar stutt var til hálfleiks. Valur skoraði þrjú síðustu mörk hálfleiksins á rétt rúmlega mínútu og því fór Stjarnan aðeins með eins marks forystu í hálfleikinn, 17-16.

Jafnt var á öllum tölum en þegar þrjár mínútur voru til leiksloka og staðan, 25-24, fyrir heimamenn fékk Florentina Stanciu rautt spjald. Valur fékk vítakast og jafnaði metin, 25-25, og þar við sat. Því þurfti að framlengja. Staðan að loknum fyrri hálfleik framlengingarinnar var 26-27 Val í vil en Stjarnan var mikið sterkari í síðari hálfleik framlengingarinnar og tryggði sér sæti í úrslitum. Alina Petrache var atkvæðamest Stjörnustúlkna með 9 mörk og Þorgerður Atladóttir skoraði 6. Hrafnhildur Skúladóttir skoraði 10 mörk fyrir Val.

„Ég verð að taka hattinn ofan fyrir þessu liði sem við erum með. Það skiptir ekki máli hver kemur inn á það eru allir tilbúnir. Það býr einhver kraftur í þessu liði," sagði glaðbeitt Kristín Clausen í leikslok.



„Við höfum spilað á nánast sama liðinu alla úrslitakeppnina og allt árið á meðan þær geta skipt mikið og eru óþreyttar í lokin. Samt klárum við þetta á einhvern ótrúlegan hátt. Maður vissi aldrei hvoru megin þetta myndi lenda en við sýndum meiri karakter í framlengingunni."

Kristín mætir sambýlismanni sínum, Einari Jónssyni þjálfara Fram, í úrslitum en Kristín þekkir varla að tapa fyrir honum. „Ég er vön að sigra gegn honum og ætla ekki að breyta því. Þegar ég mæti í leikina þá er hann bara þjálfarinn hjá Fram og ég er leikmaður hjá Stjörnunni. Þetta eina skipti sem við töpuðum fyrir Fram þá var ekkert gaman að koma heim þó ég hafi ekki verið að spila."

„Við verðum að vinna saman. Hann fær að sofa á nóttinni og ég verð heima á daginn. Það er auðvitað ekkert eðlilegt að þjálfari og leikmaður hvort úr sínu liðinu búi saman en svona er þetta á litlu landi," sagði Kristín að lokum. - gmi

Markvörðurinn Lasse Jörgensen til Keflavíkur:

# Dani í markið hjá Keflavík

**FÓTBOLTI** Keflavík hefur gengið frá samningum við danska markvörðinn Lasse Jörgensen og leikur hann með liðinu út leiktíðina. Hann kemur frá Silkeborg í Danmörku.

„Hann hefur alla tíð verið hjá Silkeborg og kom upp í gegnum unglingastarfið þar," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur. „Hann stóð sig vel í æfingaferðinni okkar til Portúgals og því var ákveðið að semja við hann." - esá


€UROBOXX



Færanlegur myntbakki með átta hólfum sem heldur allt að €233.90. Svampur í loki heldur €vrunum föstum við flutning.

Skýrar merkingar og víxlraðað mynthólf auðvelda talningu og samantekt á €vrunum. Merkingar auðvelda samantekt mynthólka.

Færanlegur €vrubakki með fjórum hólfum auðveldar samantekt seðla.

Fyrirtækja þjónusta

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Office1





Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000

Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Hrein fjárfesting ehf

Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is

Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337


# Hörkuleikur gegn Hollandi

**Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari á von á erfiðum leik gegn Hollandi í Kórnum í dag þó svo að um æfingaleik sé að ræða. Bæði lið taka þátt í EM í Finnlandi nú í sumar og er leikurinn því mikilvægur liður í undirbúningum.**

**FÓTBOLTI** Ísland og Holland mætast í vináttulandsleik í Kórnum í Kópavogi í dag klukkan 16. Bæði þessi lið taka þátt í úrslitakeppni Evrópumeistaramótsins í Finnlandi í sumar og því um mikilvægan lið í undirbúningi beggja liða að ræða.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur valið átján leikmenn í landsliðshópinn og ætlar fyrst og fremst að einbeita sér að sínu liði í leiknum.

„Ég er orðinn spenntur fyrir þessum leik enda eigum við ekki marga heimaleiki fram undan á árinu," sagði Sigurður Ragnar. „En það er ljóst að ég mun nota þennan leik til að prófa mig áfram með ýmislegt, bæði leikmenn og leikkerfi. Leikmenn gætu fengið að spreyta sig í nýjum stöðum á vellinum og aðrir sem minna hafa fengið að spila gætu fengið tækifæri nú."

Nokkrir leikmenn eru nú fjarverandi vegna meiðsla og segir Sigurður Ragnar það ekki óeðlilegt. „Það má alveg búast við því að einhverjir leikmenn verði meiddir í sumar og geti ekki farið til Finnlands. Það er því mikilvægt að sem flestir verði á tánum og tilbúnir að koma inn í landsliðið," bætti hann við en 22 leikmenn munu skipa íslenska landsliðshópinn sem fer til Finnlands í sumar, þar af þrír markverðir.

Hollenska liðinu hefur aukist ásmegin á undanförnum árum og á Sigurður því von á erfiðum leik.

„Hollenska landsliðið hefur bætt sig mikið á síðustu árum og hefur náð góðum úrslitum að undanförnu. Þær lögðu Spánverja bæði heima og utan í umspili um laust sæti í Finnlandi og unnu nýlega 2-0 sigur á Frökkum á æfingaleik í Frakklandi. Þetta er því hörkulið og við þurfum að vera með fulla einbeitingu í leiknum."



**ATVINNUMENNIRNIR** Aldrei hafa fleiri atvinnumenn verið í A-landsliði kvenna en þær eru allis tíu nú. Efri röð frá vinstri: Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, Þóra B. Helgadóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir og Edda Garðarsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Rakel Hönnudóttir, Ásta Árnadóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Erla Steina Arnardóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikurinn fer fram á sama degi og kosið er til Alþingis en Sigurður Ragnar vonast engu að síður til þess að áhorfendur fjölmenni á leikinn og styðji íslenska liðið. „Við höfum hingað til fengið góða aðsókn og mikla stemningu á leikjum okkar. Ég vona að það breytist ekki nú." eirikur@frettabladid.is

Jón Arnór Stefánsson á leið til Benetton Treviso:

# Reynir við NBA í sumar

**KÖRFUBOLTI** „Ég var orðinn skítblankur eftir veturinn enda bara fengið Subway fyrir að spila," sagði Jón Arnór Stefánsson á gamansömum nótum um ástæðu þess að hann ákvað að stökkva á mánaðartilboð stórliðsins Benetton Treviso.

„Að öllu gamni slepptu þá bara langaði mig svakalega til að fara út. Það kom upp spennandi tilboð frá toppliði á Spáni. Það kveikti neistann. Það datt upp fyrir en þá var Benetton komið í myndina. Ég ákvað að stökkva til og hlakka mikið til að fara út," sagði Jón Arnór, sem fer utan á mánudag. Hann nær síðustu tveim umferðum tímabilsins og svo beint í úrslitakeppnina.



Jón kom heim á sínum tíma til þess að finna gleðina og hungrið á nýjan leik. Hann segist vera búinn að finna bæði aftur og það sé góð tilfinning. Í sumar ætlar hann sér síðan stóra hluti þegar hann fer til Bandaríkjanna og gerir atlögu að því að komast í NBA-deildina.

„Ég fer aðeins seinna en ég ætlaði mér. Fer fyrst til Los Angeles í mánuð í æfingar og svo byrjar NBA-sumardeildin í júlí. Það eru þrjár sumardeildir en sú sterkasta í Las Vegas. Ég ætla að fara þangað. Menn komast inn í NBA-deildina í gegnum þessa deild. Þarna koma lið frá Evrópu og svo spila strákar sem eru kannski með NBA-samning og eru að ná sér í aukaæfingu og reynslu," sagði Jón Arnór.

„Þetta er allt í gegnum umboðsskrifstofuna mína en í Los Angeles hitti ég lyftinga- og körfuboltaþjálfara þannig að ég komi sem best tilbúinn í sumardeildina. Ég er alveg ákveðinn í að reyna þetta núna. Þetta verður svakalega gaman," sagði Jón Arnór Stefánsson. - hbg



**ÖFLUGUR** Eyjólfur heldur áfram að gera það gott. MYND/ÖRN KARLSSON

Meistaradeild VÍS:

# Eyjólfur enn sigursæll

**HESTAR** Um 1.000 manns lögðu leið sína að Ármóti þar sem keppt var í 150 metra skeiði og gæðingaskeiði í Meistaradeild VÍS.

Eyjólfur Þorsteinsson vann 150 metra skeiðið á Storð frá Ytra-Dalsgerði. Annar varð Hinrik Bragason á Tuma frá Borgarhóli.

Í gæðingaskeiðinu varð Sigurbjörn Bárðarson á Flosa frá Keldudal hlutskarpastur. Valdimar Bergstað og Orion frá Lækjarbotnum urðu í öðru sæti. Eyjólfur er sem fyrr efstur í einstaklingskeppninni. Nú með 56 stig. Sigurbjörn Bárðarson er farinn að gera sig líklegan til að þjarma að Eyjólfi og er annar með 47 stig. - hbg


25% afsláttur ef þú sækir!*
Ruby Tuesday í kosningaskapi
Ruby Tuesday ætlar að elda ómótstæðilegan mat að hætti hússins.
Kíktu á matseðilinn á www.rubytuesday.is, hringdu og pantaðu mat fyrir þig og þína.
Pöntunarsímar
Skipholti 19 - 552 2211
Höfðabakka 11 - 517 3990
* Tilboðið gildir aðeins í dag, 25.apríl 2009 - gildir ekki með öðrum tilboðum
RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN
Höfðabakka 9 & Skipholti 19
PIPAR • SÍA • 90688



> **Timothy Hutton**

„Ég er ánægður með þróunina sem hefur orðið í sjónvarpsþáttagerð síðustu árin. Það er ekki eingöngu verið að búa til afþreyingu heldur er einnig verið að framleiða áhugaverða þætti um efni sem er umhugsunarvert.“ Hutton fer með aðalhlutverkið í þættinum Leverage sem Skjár einn sýnir í kvöld.

# dagskrá sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.45**

### Sjálfstætt fólk



Hvað segja þeir stjórnmálaleiðtogar sem dregið hafa vagninn á undanförnum áratugum og eru nú að hætta eða eru hættir? Jón Ársæll ræðir við þingmenn og stjórnmálaskörunga sem sett hafa svip á samtímann. Ráðherrar og þingmenn fullir af sögum og reynslu, eins og Steingrímur Hermannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Svavar Gestsson, Sighvatur Björgvinsson, Björn Bjarnason, mæta og svæðið og svo fá aðrir spámenn að fljóta með: Ármann Kr. Ólafsson, Lúðvík Bergvinsson og Ellert B. Schram. Þetta er stórskemmtilegur þáttur þar sem foringjar fortíðarinnar kveðja áður en Nýja Ísland tekur við. „Svanasöngur“ í Sjálfstæðu fólki er ómissandi innlegg í skemmtilega kosningahelgi.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Psych**

### Skjár einn kl. 20.10

Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu. Shawn og Gus eru í hátíðarskapi en góðverk þeirra gæti komið í bakið á þeim. Þeir kljást við óforskammaða svikahrappa og ekki batnar ástandið þegar systir Gus mætir á staðinn og reynir að endurvekja gamlar ástir.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Geirharður Bojng Bojng, Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans og Frumskógar Goggi.
**10.15 Landið mitt** (2:26)
**10.30 Feðgar í eldhúsinu** (4:6) (e)
**11.00 Hrúturinn Hreinn**
**11.10 Alla leið** (2:4) (e)
**12.00 Kosningavaka - Úrslit** Egill Helgason spáir í niðurstöður kosninganna.
**13.55 Konur í Zanskar** (e)
**14.55 Ísknattleiksmótið** (e)
**16.40 Hljómar í 40 ár** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Bréfið**
**17.45 Sögurnar hennar Sölku** (e)
**17.55 Stundin okkar**
**18.25 Kínverskar krásir** (4:6) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Leiðtogaumræður** Leiðtogar flokkanna fara yfir úrslit kosninganna.
**20.40 Anna Pihl** (Anna Pihl) (1:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni.
**21.25 Blindsýn** (Blindsight) Bresk heimildamynd frá 2006 um sex blinda unglinga frá Tíbet sem klífa Lhakpa Ri norður af Everest í Himalajafjöllum.
**23.10 Kosningavaka - Úrslit** (e)
**01.00 Leiðtogaumræður** (e)
**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.00** EastEnders **10.30** EastEnders **11.00** After You‘ve Gone **11.30** My Hero **12.00** Blackadder the Third **12.30** The Weakest Link **13.15** The Chase **14.05** Dalziel and Pascoe **14.55** Dalziel and Pascoe **15.45** My Hero **16.15** My Hero **16.45** My Hero **17.15** Doctor Who **18.00** Doctor Who **18.45** Rob Brydon‘s Annually Retentive **19.15** Lead Balloon **19.45** Extras **20.15** Doctor Who **21.00** Doctor Who **21.50** Holby Blue **22.40** Hustle **23.30** The Chase

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Refurinn Pablo, Krakkarnir í næsta húsi, Þorlákur, Lalli og Gulla og grænjaxlarnir.
**08.00 Algjör Sveppi** Kalli og Lóa, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram! og Könnuðurinn Dóra.
**09.50 Stóra teiknimyndastundin**
**10.15 Íkornastrákurinn**
**10.40 Inspector Gadget**
**12.00 Fréttir Stöðvar 2**
**12.35 Nágrannar**
**13.35 Nágrannar**
**14.00 American Idol** (29:40)
**14.45 American Idol** (30:40)
**15.35 Hell's Kitchen**
**16.25 Two and a Half Men** (8:19)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.05 Veður**
**19.15 Jamie At Home** (2:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima og notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum.
**19.45 Sjálfstætt fólk** (32:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum.
**20.20 Cold Case** (15:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál.
**21.05 Damages** (8:13) Patty Hewes er virtur lögfræðingur sem lætur ekkert stöðva sig. .
**21.50 Fringe** (14:21) Olivia Dunham alríkisfulltrúi og feðgarnir Walter og Peter Bishop hafa komist að því að mál sem þau fengu inn á borð til sín er nátengt, og hluti af, heljarstóru samsæri.
**22.40 The Sopranos** (12:13)
**23.30 60 mínútur**
**00.15 Twenty Four** (13:24)
**01.00 Longford**
**02.30 Final Approach**
**05.15 Two and a Half Men** (8:19)
**05.35 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.50 Gillette World Sport**
**09.20 Inside the PGA Tour 2009**
**09.45 Valencia - Barcelona** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**11.30 F1. Barein / Kappakstur-inn** Bein útsending frá Formúlu 1-kappakstrinum í Barein.
**14.15 F1. Við endamarkið** Keppni helgarinnar krufin til mergjar.
**14.45 PGA Tour 2009** Útsending frá Arnold Palmer Invitational-mótinu í golfi.
**16.55 Sevilla - Real Madrid** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**19.00 NBA tilþrif**
**19.25 Detroit - Cleveland** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
**22.25 F1. Við endamarkið**
**22.55 Sevilla - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**00.35 Detroit - Cleveland** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA-körfuboltans.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 West Ham - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**10.40 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**11.10 4 4 2**
**12.20 Arsenal - Middlesbrough** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.20 PL Classic Matches** Arsenal - Blackburn, 2001.
**14.50 Blackburn - Wigan** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.00 Hull - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Man. Utd. - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 4 4 2**
**21.30 Everton - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.10 Bolton - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (171:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.25 Hollyoaks** (172:260)
**16.50 Hollyoaks** (173:260)
**17.15 Hollyoaks** (174:260)
**17.40 Hollyoaks** (175:260)
**18.05 Seinfeld** (16:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
**18.30 Seinfeld** (17:22)
**19.00 Seinfeld** (7:22)
**19.30 Seinfeld** (8:22)
**20.00 Idol-stjörnuleit** (10:14) Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni og það er á valdi áhorfenda að skera úr um með símakosningu hverjir komast áfram.
**21.30 ET Weekend** Einn fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**22.15 Big Day** (1:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegu hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**22.45 Seinfeld** (16:22)
**00.00 Seinfeld** (8:22)
**00.25 Sjáðu**
**00.50 Idol**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**19.00 HH** Edda Sigfúsdóttir og Sindri Rafn Þrastarsson.
**19.30 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson.
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Maturinn og lífið** Fritz Már Jörgensen.
**21.30 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**22.00 Hrafnaþing**
**23.30 Hrafnaþing**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**09.30 The Game** (19:22) (e)
**09.55 The Game** (20:22) (e)
**13.20 Rachael Ray** (e)
**14.05 Rachael Ray** (e)
**14.50 Rachael Ray** (e)
**15.35 All of Us** (2:22) (e)
**16.05 Spjallið með Sölva** (10:12) (e)
**17.05 90210** (16:24) (e)
**17.55 America's Next Top Model** (5:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. (e)
**18.45 The Biggest Loser** (13:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. (e)
**19.35 Ljósmyndaleikur Iceland Express** (4:5) (e)
**19.40 Fyndnar fjölskyldumyndir** (10:12) Þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd, bæði innlend og erlend, sem kitla hláturtaugarnar. (e)
**20.10 Psych** (9:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**21.00 Leverage** (2:13) Núna hjálpar hópurinn fyrrum hermanni sem slasaðist í Írak en fær engar bætur. Við nánari skoðun komast þau á slóð verktaka sem starfrækja einkaher og eru með spillta stjórnmálamenn á sínum snærum.
**21.50 Californication** (12:12) Bandarísk þáttaröð um rithöfundinn Hank Moody sem er hinn mesti syndaselur. Það er komið að lokaþættinum að sinni og Hank er að leggja lokahönd á ævisögu Ashbys. Charlie finnur ekki vinnu við hæfi, Sonja eignast barn og Hank og Becca þurfa að taka erfiða ákvörðun eftir að Karen fær atvinnutilboð sem hún getur ekki hafnað.
**22.25 Boston Legal** (8:13) (e)
**23.15 Top Chef** (7:13) (e)
**00.05 Óstöðvandi tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**06.20 Pirates of the Caribbean. At Worlds End**
**09.05 Buena Vista Social Club**
**10.50 Johnny Dangerously**
**12.20 Shrek**
**14.00 Buena Vista Social Club**
**16.00 Johnny Dangerously**
**18.00 Shrek**
**20.00 Pirates of the Caribbean. At Worlds End**
**22.45 Charlie's Angels**
**00.20 I's a Boy Girl Thing**
**02.00 Prey for Rock and Roll**
**04.00 Charlie's Angels**
**06.00 National Treasure. Book of Secrets**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Family Guy **10.55** Spam **11.15** Chapper & Pharfar **11.30** Pigerne Mod Drengene **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Fantastiske mrs. Pritchard **13.45** HåndboldSøndag **15.30** Bamses Billedbog **16.00** SFs landsmøde **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** The Sketch Show **17.10** Høvdingebold **18.00** Hjerteslag **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt med SAS liga **19.55** Små og store sager. Gensyn med Louise **21.35** Dødens Detektiver **21.55** Ud af tavsheden

## NRK 1

**11.25** Dukkenes læremester **12.20** Kunsten å bli kunstner **12.50** Nigel Kennedy i Polen **14.20** Jorda rundt i 80 hager **15.20** VM-rally **15.30** Åpen himmel **16.00** Ole Aleksander Filibom-bom-bom **16.20** Sola er en gul sjiraff **16.25** Leon **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Norsk polarhistorie **19.00** Miss Marple **20.35** Vendepunkt **21.05** Kveldsnytt **21.25** I bobla - da den sprakk **22.20** Den store klassefesten **23.20** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.50** Grillad **11.35** Bronx Princess **12.15** Debatt **13.00** Babben & co **14.00** Slutspel. Handboll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Inför sametingsvalet **16.45** Minnenas television **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Mäklarna **18.30** Sportspegeln **19.15** Nip/Tuck **19.55** Språkresan **20.25** Rädslans ansikte **20.55** Andra Avenyn **21.40** Var fan är min revy! **22.10** Sändningar från SVT24


# Láttu ekki sjónvarpsdagskrána svekkja þig!

## KOMDU Í FERÐALAG Í FRÁBÆRRI KILJU!

VÖNDUÐ BÓK KVEIKIR MAGNAÐAR MYNDIR

BÆKUR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI




FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

er Í fullum gangi í
**Norðlingaholtinu**
gamla Mest húsinu

**AÐEINS ÖRFÁIR DAGAR EFTIR**




Opið alla daga
**frá 12 - 18**
Opið alla helgina

**Höfum bætt við nýjum vörum**

Útsöluvörur frá

Kaupfélagið · skór.is · STEINAR WAAGE · ecco · BLEND · CRUSER
PUMA · NIKE · adidas · VAGABOND · SKECHERS · Rbk



> **Scarlett Johansson**

„Þetta er erfiður bransi og ég veit að einn daginn fæ ég ekki fleiri hlutverk. Þess vegna hef ég það hugfast, í hvert sinn sem ég leik í kvikmynd, að þetta gæti verið mitt síðasta hlutverk." Johansson leikur í myndinni Match Point sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON ÞARF AÐ VELJA Á MILLI BOGA OG LOGA

# *Þegar andlegt þrek Boga þverr í beinni*



Það eina sem er upplífgandi við kosningar er tölfræðirýni í kosningasjónvarpi. Það er staðreynd. Slíkt sjónvarpsefni á sér enga hliðstæðu, nema ef vera skyldi stigagjöfina í Júróvisjón, sem er einmitt langskemmtilegasti liður þeirrar dagskrár eins og allir geta verið sammála um sem ganga sæmilega heilir til skógar.

Ókrýndir konungar kosningatölfræðinnar undanfarin ár hafa verið Sigmundur Ernir Rúnarsson og Bogi Ágústsson. Og það helgast ekki bara af því að þeir hafi einir manna sinnt því ósérhlífna starfi, heldur af því að þeir hafa gert það af krafti og sannfæringu. Sigmundur er nú því miður kominn hinum megin við borðið – hættur að greina tölfræði og farinn að láta tölfræði skilgreina sig. Sigmundarlaus Stöð 2 sá sér ekki fært að rýna í tölur í kvöld og býður þess í stað upp á skemmtiþátt með Loga Bergmanni, þar sem Sveppi og Auddi munu eflaust vefja einhverjum vesalings frambjóðanda inn í sellófan, prumpa síðan á hann og gefa honum rafstuð sem hann liggur í óvígur í ólyktinni.

Þeir sem ekki heillast af þeirri tilhugsun verða að halla sér að Boga. Og það er ekki slæmur kostur. Gera má ráð fyrir að Bogi mæti þræleinbeittur og þokkafullur til leiks í upphafi kvölds, fagurlega púðraður og slái jafnvel gírugur á léttan streng eða tvo.

Nú, ef einhver er meira fyrir fölan og úfinn, stjarfeygan og þvoglumæltan Boga Ágústsson, aðframkominn af syfju, með sinadrátt í kálfunum, harðsperrur í kjálkunum og alveg að pissa í buxurnar, þá skal þeim bent á að kveikja á kosningasjónvarpi RÚV á milli fimm og sex þegar hann hefur staðið fyrir framan grínskrínið (það heitir það vel að merkja ekki af því að það er svo skemmtilegt) og þulið tölur í á tíundu klukkustund. Boga má treysta til að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi. Gleðilegan kjördag.

## LAUGARDAGUR



▶ **16.15 Man. Utd. – Tottenham, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.20 Næturvaktin** STÖÐ 2



▶ **19.25 Fyndnar fjölskyldumyndir** SKJÁREINN




▶ **19.35 Alla leið** SJÓNVARPIÐ




▶ **20.00 Idol-stjörnuleit** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pósturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Snillingarnir, Húrra fyrir Kela!, Hænsnakofinn, Elías knái,Hrúturinn Hreinn, Fræknir ferðalangar, Skúli skelfir og Þessir grallaraspóar.
**10.30 Leiðarljós** (e)
**11.55 Hvað veistu? - Umferðarhnútar** (Videm om - Trafikpropper)
**12.30 Kiljan** (e)
**13.15 Ístölt - Þeir allra sterkustu** (e)
**13.40 Um hvað er kosið?** Fréttaskýringar Ríkisútvarpsins um efnahagsástandið í landinu í aðdraganda Alþingiskosninganna.
**15.15 Eva María og Ásthildur** Eva María Jónsdóttir ræðir við Ásthildi Helgadóttur verkfræðing og fótboltakonu. (e)
**15.50 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Holland) Bein útsending frá vináttuleik kvennalandsliða Íslands og Hollands.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Hrúturinn Hreinn** (6:9)
**18.10 Hrúturinn Hreinn** (7:9)
**18.20 Talið í söngvakeppni** (1:3) (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
▶**19.35 Alla leið** Páll Óskar Hjálmtýsson og þau dr. Gunni, Guðrún Gunnarsdóttir og Reynir Þór Eggertsson spá í lögin sem keppa í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ár.
**20.30 Spaugstofan - Úrval** Sýnd verða valin atriði úr Spaugstofuþáttum vetrarins.
**21.00 Kosningavaka Sjónvarpsins** Fréttamenn Sjónvarpsins greina frá nýjustu tölum úr kjördæmunum eftir því sem þær berast og spá í stöðuna.

## BÍÓ

**08.00 The Weather Man**
**10.00 P.S.**
**12.00 Cars**
**14.00 The Weather Man**
**16.00 P.S.**
**18.00 Cars**
**20.00 Match Point** Mynd frá Woody Allen með Jonathan Rhys-Meyers og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum.
**22.00 Happy Endings**
**00.10 Hot Fuzz**
**02.10 Jarhead**
**04.10 Happy Endings**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli á þakinu, Flintstone krakkarnir og Hlaupin.
**08.00 Algjör Sveppi** Dynkur smáeðla, Blær, Lalli, Þorlákur, Refurinn Pablo, Boowa and Kwala, Sumardalsmyllan, Elías, Hvellur keppnisbíll, Svampur Sveinsson og Könnuðurinn Dóra.
**10.25 Kalli litli Kanína og vinir**
**10.45 Ævintýri Juniper Lee**
**11.10 Nornafélagið**
**11.35 Njósnaskólinn**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.25 Idol stjörnuleit** (10:14)
**14.45 Idol stjörnuleit**
**15.10 Gossip Girl** (12:25)
**15.55 How I Met Your Mother** (6:20)
**16.15 The Big Bang Theory** (17:17)
**16.40 Sjálfstætt fólk** (31:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.
**17.15 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Íþróttir**
**19.07 Lottó**
**19.15 Veður**
▶**19.20 Næturvaktin** (9:13) Sérstakur þáttur af Næturvaktinni sem inniheldur brot af því besta úr þáttaröðinni.
**20.10 Dagvaktin** (12:12) Sérstakur þáttur þar sem rifjað er upp brot af því besta úr Dagvaktinni.
**21.00 Kosninga-Logi í beinni** Sérstakur þriggja klukkustunda langur þáttur af Loga í beinni þar sem Alþingiskosningar 2009 verða í hávegum hafðar.
**22.00 Fréttir Stöðvar 2**
**22.20 Kosninga-Logi í beinni**
**00.00 Fréttir Stöðvar 2**
**00.45 Primal Fear**
**02.50 Stay**
**04.25 The Big Bang Theory** (17:17)
**04.45 How I Met Your Mother** (6:20)
**05.10 Dagvaktin** (12:12)
**05.55 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.55 F1: Barein / Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.
**09.00 Inside the PGA Tour 2009**
**09.25 HSBC Asian Golf Boom**
**09.50 Veitt með vinum 4**
**10.15 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir komandi keppni.
**10.45 F1. Barein / Tímataka** Bein útsending frá tímatöku.
**12.50 Philadelphia - Orlando** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.
**14.50 PGA Tour 2009 - Hápunktar**
**15.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**16.15 World Supercross GP**
**17.10 King of Clubs: Real Madrid**
**17.40 Fréttaþáttur spænska boltans**
**18.10 Barcelona - Atl. Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**19.50 Valencia - Barcelona** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**21.50 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**22.35 UFC Unleashed**
**23.20 Bardaginn mikli** Sugar Ray Robinson - Jake LaMotta

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.55 Liverpool - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni
**10.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**11.05 Man. Utd. - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**12.50 PL Classic Matches** Tottenham - Man. Utd., 2001.
**13.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
**13.50 Hull - Liverpool** Bein útsending frá leik l í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. West Ham - Chelsea Sport 4. Everton - Man. City Sport 5. Bolton - Aston Villa Sport 6. Fulham - Stoke
▶**16.15 Man. Utd. - Tottenham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
**21.20 4 4 2**
**22.30 4 4 2**
**23.40 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**10.25 The Game** (16:22) (e)
**11.15 The Game** (18:22) (e)
**13.35 Rachael Ray** (e)
**14.20 Rachael Ray** (e)
**15.05 Málefnið** (5:6) (e)
**16.35 Top Chef** (7:13) (e)
**17.25 Survivor** (9:16) (e)
**18.15 The Office** (15:19) (e)
**18.45 Game Tíví** (12:15) (e)
▶**19.25 Fyndnar fjölskyldumyndir** (10:12) Skemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd, bæði innlend og erlend, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap.
**19.55 Ljósmyndaleikur Iceland Express** (4:5)
**20.00 Spjallið með Sölva** (10:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. Lífið, tilveran og þjóðmálin, Sölva er ekkert óviðkomandi. (e)
**21.00 Nýtt útlit** (6:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. (e)
**21.50 Káta maskínan** (11:13) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífsins.(e)
**22.20 Californication** (11:12) (e)
**22.55 Battlestar Galactica** (10:20) (e)
**23.45 Painkiller Jane** (11:22) (e)
**00.35 Jay Leno** (e)
**02.15 Óstöðvandi tónlist**
**02.40 The Game** (19:22) (e)

## INN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**21.00 Frumkvöðlar** Elinóra Sigurðardóttir
**21.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir
**22.00 Lífsblómið** Steinunn Anna
**23.00 HH** Edda Sigfúsdóttir og Sindri Rafn
**23.30 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Að gefnu tilefni

Fjöldi málsmetandi einstaklinga hefur lýst yfir stuðningi við aðild að Evrópusambandinu, en ætla samt að kjósa gamla flokkinn sinn, þótt hann berjist gegn slíkri aðild.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur aðild að ESB á stefnuskrá sinni.

ESB leið út úr einangrun

Vertu sjálfum þér samkvæmur og greiddu Samfylkingunni atkvæði þitt

*Stuðningsmenn aðildar að ESB*

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00

### X-Logi í beinni



Þriggja klukkustunda þáttur af Loga í beinni þar sem alþingiskosningar 2009 verða í brennidepli. Logi Bergmann mun taka á móti góðum gestum í sjónvarpssal, bjóða upp á vel valin grínatriði og tónlistin verður aldrei langt undan. Hér er á ferð kosningasjónvarp með nýstárlegu sniði, rífandi skemmtilegur þáttur þar sem kosningatölurnar verða samviskusamlega birtar um leið og þær liggja fyrir og frambjóðendur fá tækifæri til að varpa öndinni léttar að lokinni erfiðri kosningatörn. Þá verður púlsinn að sjálfsögðu tekinn á stemningunni á kosningavökum stjórnmálaflokkanna. X-Logi í beinni verður í beinni útsendingu og í opinni dagskrá.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Sjáðu

### Stöð 2 kl. 18.00



Kvikmyndaþátturinn Sjáðu verður í opinni dagskrá frá og með deginum í dag. Í þættinum í kvöld mun Ásgeir Kolbeins kynna hryllingsmyndina The Unborn og fjalla um nýjustu mynd Seths Rogen, Observe and Report. Þá verður einnig litið á nýjustu kvikmynd Quentins Tarantino, Inglourious Basterds sem fjallar um aftökusveit í seinni heimsstyrjöldinni sem hefur það eitt að markmiði að drepa nasista. Ómissandi þáttur fyrir kvikmyndaáhugamenn í kvöld á Stöð 2 í opinni dagskrá.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Hringsól
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Hraustir menn
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Stefnumót
**21.45** Kosningavaka Útvarpsins 2009
**03.00** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**17.45 Nágrannar**
**18.05 Nágrannar**
**18.25 Nágrannar**
**18.45 Nágrannar**
**19.15 ER** (8:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶**20.00 Idol-stjörnuleit** (10:14) Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni og það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir komast áfram með símakosningu.
**20.50 American Idol** (29:40) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins þeir bestu eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.
**21.35 American Idol** (30:40) Nú kemur í ljós hvaða sex keppendur halda áfram í American Idol og eiga enn von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**22.20 Skins** (9:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**23.05 X-Files** (8:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**23.50 ER** (8:22)
**00.35 The Osbournes** (10:10)
**01.00 American Idol** (29:40)
**01.45 American Idol** (30:40)
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.25** The Inspector Lynley Mysteries **11.15** EastEnders **11.45** EastEnders **12.15** EastEnders **12.45** EastEnders **13.15** The Weakest Link **14.00** The Inspector Lynley Mysteries **14.45** The Inspector Lynley Mysteries **15.35** The Black Adder **16.05** The Black Adder **16.35** Strictly Come Dancing **18.00** Rob Brydon's Annually Retentive **18.30** Lead Balloon **19.00** Extras **19.30** Holby Blue **20.20** Hustle **21.10** The Chase **22.00** Rob Brydon's Annually Retentive **22.30** Lead Balloon **23.00** Extras **23.30** Holby Blue

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** S, P eller K **10.37** Boogie Update **11.07** S, P eller K **11.15** Høvdingebold **12.00** Ørkenens Sønner - En sang fra de varme lande **13.00** Ønskehaven **13.25** Min italienske drøm **14.25** Landsbyhospitalet **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Vildmarkens Stjerne **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** DM i tegning 2009 **18.00** Jydekompagniet **19.30** Kriminalkommissær Barnaby **21.05** Det beskidte dusin **23.30** Boogie Listen

## NRK 1

**10.10** Ut i naturen **10.35** Min misunnelige frisør **11.50** Showbiz **12.50** Adresse Moskva **13.35** VM-rally **13.45** 4-4-2.Tippekampen **16.00** Pippi Langstrømpe **16.30** Habib **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Den store klassefesten **18.55** 20 spørsmål **19.20** Sjukehuset i Aidensfield **20.05** Da Castro inntok Hilton **21.00** Kveldsnytt **21.15** Imaginary Heroes **23.00** Norsk småkonge i India **23.25** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.15** Draknästet **11.15** Anslagstavlan **12.00** Inför Eurovision Song Contest 2009 **13.00** Så ska det låta **14.00** Slutspel. Handboll **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** Bobster. Vi i femman **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Babben & co **19.00** Var fan är min revy! **19.30** Brottet och straffet **20.40** Motor. VM i speedway **21.25** Den lugna staden **23.35** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Margrét M. Norðdahl*

**Búseta:** Skólavörðustígur.
**Hjúskaparstaða:** Í sambúð.
**Börn:** Eitt.
**Stjörnumerki:** Naut.

Margrét er framkvæmdastýra listahátíðarinnar Listar án landamæra sem nú stendur yfir.



**LÁRÉTT 2.** gösla, **6.** samþykki, **8.** útgerðarstaður, **9.** keyra, **11.** tveir, **12.** vörubyrgðir, **14.** vega, **16.** grískur bókstafur, **17.** útdeildi, **18.** erlendis, **20.** kringum, **21.** lima sundur.
**LÓÐRÉTT 1.** skraf, **3.** átt, **4.** borðbúnaður, **5.** kk nafn, **7.** brennivínstegund, **10.** regla, **13.** skörp brún, **15.** þurrka út, **16.** erfiði, **19.** stöðug hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ösla, **6.** já, **8.** ver, **9.** aka, **11.** ii, **12.** lager, **14.** vigta, **16.** pí, **17.** gaf, **18.** úti, **20.** um, **21.** liða. **LÓÐRÉTT: 1.** hjal, **3.** sv, **4.** leirtau, **5.** ari, **7.** ákavíti, **10.** agi, **13.** egg, **15.** afmá, **16.** púl, **19.** ið.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1 Valur og Haukar.
2 Elliðaár.
3 Megas.






# Vox meðal bestu sjávarréttastaða heims

„Glæsilegt, en gaman að heyra af þessu. Við erum auðvitað með einkar mikið af erlendum gestum og blaðamönnum þessa dagana hjá okkur,“ segir Stefán Viðarsson yfirkokkur á veitingastaðnum Vox á Hilton Reykjavík Nordica. Veitingastaðurinn var valinn einn af tíu bestu sjávarréttastöðum í heimi af skríbent bandaríska netfjölmiðilsins www.examiner.com. Vefurinn er fjölþættur fréttavefur og hefur á sínum snærum blaðamenn sem skrifa um ferðalög, listir, fréttir og ýmislegt annað en blaðakonan Kelly Shannon skrifar grein og velur þar Vox á listann og greinir þar fiskmetið sem hún fékk í þaula. Vox hefur fengið töluverða athygli erlendis frá upp á síðkastið og skemmst er að minnast greinar sem birtist Guardian í nóvember á síðasta ári þar sem blaðamaður lofsamaði matreiðsluna og nú í febrúar fór einn frægasti matarrýnir heims, Raymond Sokolov, fögrum orðum um staðinn. „Ég held að þó að erlend blöð hafi veitt okkur athygli áður og skrifað vel um okkur höfum við ekki áður lent á sérstökum vinsældalistum. Ég segi auðvitað sjálfur að þetta kemur mér samt ekki á óvart.“ Matarrýnir Examiner gæddi sér þó ekki aðeins á laxi og öðru fiskmeti heldur fékk hann sér einnig hefðbundna kjötsúpu. **- jma**



**ELDAÐ Á VOX** Matarrýnir Examiner.com gefur staðnum góða einkunn.



**ÁNÆGÐUR MEÐ LOFIÐ** Stefán Viðarsson, yfirkokkur á veitingastaðnum Vox, segir að þótt áður hefði verið vel skrifað um Vox í erlendum fjölmiðlum hefðu þeir ekki lent á „Topp 10-lista“ fyrr.



**AMIINA** Er á leið til London og spilar þar á tónleikum með Valgeiri Sigurðssyni og vonandi með Hohner-nikkuna í farteskinu.

**MARÍA HULD SIGFÚSDÓTTIR:** RAFMAGNSFIÐLAN FANNST Í BLÓMABEÐI

# Tónelskur þjófur stal harmonikku af Amiinu

„Við vorum búin að færa allar okkar græjur yfir á Grundarstíginn og vorum að æfa okkur fyrir tónleikaferð til London. Svo var bara brotist inn í húsnæðið um páskahelgina og rauðri harmónikku og rafmagnsfiðlu stolið,“ segir María Huld Sigfúsdóttir, ein af liðsmönnum Amiinu. Hljómsveitin varð fyrir áfalli þegar tónelskur þjófur fór á kreik og lét greipar sópa í æfingahúsnæði sveitarinnar. María viðurkennir að gössið sem ræninginn hafði með sér á brott hafi ekki alveg verið í takt við það sem hún bjóst við, því allt í kringum hljóðfærin voru græjur sem auðveldlega hefði verið hægt að koma í verð.

María upplýsir að fiðlan hafi komið fljótlega í leitirnar því glöggur vegfarandi kom auga á hana í blómabeði við Bergstaðastræti. María vonar því heitt og innilega að þjófurinn hafi fljótlega uppgötvað að hann hefði lítil not fyrir harmónikkuna og skilið hana eftir á svipuðum stað. „Mig langar því bara að biðja fólk sem nú er að fara í vorhreingerningar í görðunum sínum að hafa augun hjá sér og láta okkur vita ef það rekst á meðalstóra, sjötíubassa harmónikku.“ Þess ber að geta að fiðlunni varð ekki meint af blómabeðsblundinum sínum og María telur víst að harmónikkan ætti að geta komist klakklaust frá slíkri dvöl finnist hún fljótlega.

Atvikið var tilkynnt strax til lögreglunnar sem nú fer með rannsókn málsins. María er þess þó fullviss að tónelski þjófurinn sjái að sér og skili hljóðfærinu. „Við erum alveg reiðubúnar til að greiða smá lausnargjald,“ segir María en Hohner-harmónikkan er síður en svo ódýr þótt tónlistarkonan vilji ekki gefa upp hvað hún kosti ný út úr búð. „Maður fer allavega ekki og kaupir sér nýja upp úr þurru,“ útskýrir María.

Þær Amiinu-stelpur eru á fullu við að undirbúa tónleikaferðalag til London þar sem þær spila ásamt Valgeiri Sigurðssyni og Shlomo. Þær koma síðan fram á stofutónleikum á vegum Listahátíðar í Reykjavík en þeir tónleikar fara einmitt fram í æfingarhúsnæðinu við Grundarstíg þar sem músíkalski ræninginn stóðst ekki freistinguna.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Mikið hefur verið skrifað um skeggvöxt þriggja þjóðþekktra karlmanna. Þetta eru þeir Haukur Holm, **Björn Hlynur Haraldsson** og Sigurður G. Guðjónsson. Þeir hafa allir skartað myndarlegu alskeggi, nú síðast Haukur á forsíðu blaðsins Séð og heyrt. Hvort sú mynd hafi haft áhrif á þá ákvörðun Hauks að skerða skeggið umtalsvert skal ósagt látið en það er engu að síður fokið og skartar Haukur nú myndarlegu yfirvaraskeggi. Björn Hlynur ræður hins vegar engu um sitt skegg því það er hluti af leikmyndinni í leikritinu Sædýrasafnið. Skegg Sigurðar hverfur hins vegar í lok næstu viku.



Breski viðskiptablaðamaðurinn Faisal Islam var nýverið útnefndur besti viðskiptablaðamaður Bretlands. Sem þætti kannski ekki í frásögur færandi ef ekki væri fyrir þá staðreynd að það var umfjöllun hans um veika stöðu íslenskra banka sem aflaði honum þessarar viðurkenningar. Islam gerði ítarlega frétt um íslenska efnahagshrunið á Channel 4 löngu áður en íslensku bankarnir tóku að hrynja einn af öðrum. Meðal viðmælanda í verðlaunafrétt Islam sem fór í loftið í mars 2008 var fyrrverandi seðlabankastjórinn **Davíð Oddsson** en hann sagði þá stöðu íslensku bankanna sterka.

Eins og Fréttablaðið greindi frá þá stendur til að finna aðalleikara í kvikmyndina Gauragang í leikstjórn **Gunnars Björns Guðmundssonar** með leikprufum um allt land. Nú er komnar dagsetningar á þær prufur. Miðvikudaginn 6. maí verða þær á Kaffi Amor á Akureyri, fimmtudaginn 7. maí verður leitarhópurinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, daginn eftir verður hersingin á Egilsstöðum með prufur í Sláturhúsinu og sunnudaginn 10. maí verða síðan prufur fyrir borgarbörnin á Kaffi Oliver. **- fgg**








# Reynsluboltar í kjörstjórn

„Ég veit nú ekki af hverju við erum yfirleitt í fyrra fallinu. Ætli það sé ekki sennilega bara afburðagott starfsfólk. Talningastjórinn Guðlaugur Atlason bókbandsmeistari er til dæmis búinn að stýra talningunni síðan árið 1964,“ segir Jónas Þór Guðmundsson, formaður yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis en það vekur gjarnan athygli hve snögg kjörstjórn kjördæmisins er að telja atkvæði sín og skilar yfirleitt tölum fyrst í hús. Og það þrátt fyrir að vera fjölmennasta kjördæmið með tólf sæti á Alþingi. Suðvesturkjördæmi er kjördæmið sem oft er kallað „Kraginn“ vegna legu sinnar en í því eru öll sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins nema Reykjavík sjálf. „Það eru með mér í kjörstjórninni afar færir menn og konur sem hafa starfað innan hennar oftar en einu sinni,“ segir Jónas.

Að allt gangi hratt fyrir sig á kjördag grundvallast þó fyrst og fremst, að sögn Jónasar, á góðri undirbúningsvinnu síðustu vikurnar. „Jú, það má segja að við leggjum nótt við dag síðustu vikurnar og verið að hnýta lausa enda í dag. Ég er svona sæmilega afslappaður. Lykillinn á morgun er að vera vel hvíldur.“ Skipulagsvinnunni sjálfri lauk í gær, föstudag, en í dag er aðalatriðið og mikilvægast af öllu að tryggja að öll meðferð kjörgagna sé með öruggum hætti og í samræmi við lög. „Það er það sem skiptir höfuðmáli á kosningadag og við njótum þar aðstoðar lögreglu við ýmis öryggisatriði. Auðvitað veit maður aldrei hvort eitthvað fer úrskeiðis en við reynum að tryggja að allir okkar verkferlar séu í lagi.“ **- jma**



**REYNT AÐ LÁTA ALLT GANGA VEL** Kjörstjórn Suðvesturkjördæmis er þekkt fyrir að skila atkvæðunum hratt og vel í hús. Jónas Þór Guðmundsson er formaður yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis og hann þakkar góðu starfsfólki í gegnum árin verkið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lagersala í Askalind 2A, Kópavogi

โกดังสินค้าเลหลัง | Wyprzedaż zapasów magazynowych | sales outlet

# 30-70% afsláttur






Vorum að bæta við vörum

**Opið laugardag kl. 12-17,
sunnudag kl. 13-17.
Askalind 2a, Kópavogi**

HEIMA HÚSIÐ
heima Öndvegi


---


heima

# 25% afsláttur af öllum vörum í verslun okkar í Síðumúla 30











HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









BAKÞANKAR

Davíðs Þórs Jónssonar

## *Predikað yfir kórnum*

Þeir sem ætluðu að skemmta sér yfir örvæntingu Sjálfstæðisflokksins fyrir þessar kosningar hljóta að hafa orðið fyrir sömu vonbrigðum og ég. Þar er enga örvæntingu að finna, aðeins afneitun. Kjósendum er boðið upp á sömu frasana og í síðustu kosningum, rétt eins og ekkert markvert hafi gerst í pólitíkinni síðan þá. Enda eru þeir einu, sem ekki finnst þessar auglýsingar hjákátlega aumkvunarvert mjálm, fólk sem er svo þrúgað af inngróinni félagshyggjufælni að það kysi Sjálfstæðisflokkinn jafnvel þótt hann hefði orðið uppvís að enn gáleysislegri landráðum og víðtækari mútuþægni en komið hefur á daginn. Í guðfræði er þetta kallað að predika yfir kórnum, þ.e. að eyða púðri í að sannfæra hina sannfærðu.

**ÞANNIG** lofar Illugi Gunnarsson eðlilegu viðskiptaumhverfi, væntanlega vegna þess að 18 ára alvald yfir íslensku viðskiptaumhverfi var alls ekki nógur tími til að gera það eðlilegt. Þversögnin er síðan að þess á milli er núverandi ríkisstjórn fundið það til foráttu að hafa ekki tekist að gera brunarústir hagkerfisins sem Sjálfstæðisflokkurinn skildi eftir sig að dýrðarríki sósíalismans á 80 dögum. Frambjóðendur flokksins hafa skrifað greinar í Morgunblaðið þar sem klifað er á þeirri goðsögn að hægri mönnum einum sé treystandi fyrir peningum. Maður hlýtur að spyrja sig fyrir hvern þær greinar séu skrifaðar. Þeir sem trúa þessu enn hafa tæplega lesið blöðin í allan vetur. Nýbakaður formaður spyr hverjum kjósendur treysti best til að byggja upp hið nýja Ísland eins og hann trúi því raunverulega að eftir það sem á undan er gengið svari nokkur heilvita maður þeirri spurningu: „Þér.“

**EINI GALLINN** við hið ánægjulega og löngu tímabæra hrun Sjálfstæðisflokksins sem þjóðin verður vitni að í nótt er aftur á móti sá að enginn andstæðinga hans getur eignað sér heiðurinn að því. Enginn getur eignað sér vígið nema Sjálfstæðisflokkurinn sjálfur. Enskumælandi menn taka stundum þannig til orða að sé einhverjum gefið nóg reipi endi hann á því að hengja sig sjálfur. Sjálfstæðisflokkurinn hefur fengið að leika lausum hala nógu lengi til að í ljós kom að allt sem hann hefur að bjóða er feigðarflan. Þannig styttir hann sér einfaldlega aldur sjálfur sem pólitískt afl á Íslandi í dag.

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er laugardagurinn 25. apríl, 115. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.20 | 13.26 | 21.33 |
| Akureyri | 4.55 | 13.10 | 21.28 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


